# FRÉTTABLAÐIÐ

37. TÖLUBLAÐ 16. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — LAUGARDAGUR 13. FEBRÚAR 2016





## Bleikur skattur

Ein birtingarmynd kynjamisréttis er svokallaður bleikur skattur. Nýleg bandarísk rannsókn leiddi í ljós að konur borga að meðaltali 7% meira fyrir sambærilega vöru en karlar – allt frá leikföngum til fullorðinsbleyja. Á Íslandi er líka að finna dæmi um kynjaðan verðmun. →26

FRÉTTABLAÐIÐ/UNA



**Nærmynd** Birgitta Jónsdóttir →30



**Vont að breyta leikreglunum eftir á** →32




**Saga til næsta bæjar** →38

Stefán Pálsson skrifar um barnauppeldi, teiknarann Peyo og Strumpana

PLÚS 3 SÉRBLÖÐ ● ATVINNA ● FÓLK ● VINNULYFTUR, KRANAR OG PALLAR

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015










## Veður




Norðaustan 5-13 í dag en 13-18 allra syðst. Él á austanverðu landinu en bjartviðri á Vesturlandi. Frostlaust með suðurströndinni en annars allt að 12 stiga frost, kaldast inn til landsins. SJÁ SÍÐU 48



**Margir skólar hefa ekki fengið fjármagn til endurnýjunar búnaðar annars en tölva frá hruni.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Sérkennsla skert í skólum

**SKÓLAMÁL** Félag grunnskólakennara og Skólastjórafélag Íslands hafa lýst yfir þungum áhyggjum vegna fjárhagsstöðu grunnskóla Reykjavíkur.

Ljóst sé að stjórnendur þurfi víða að grípa til niðurskurðar í rekstri skólanna vegna óvæntrar hagræðingarkröfu undir lok síðasta árs, ófullnægjandi leiðréttingar vegna nýrra kjarasamninga og of lágs framlags til stoðþjónustu.

Kristinn Breiðfjörð, starfsmaður Skólastjórafélagsins, segir að skólastjórar hafi gert ráð fyrir að nýir kjarasamningar kennara yrðu bættir til skólanna en komið hafi í ljós seint á síðasta ári að þáttur sérkennslunnar yrði ekki bættur. „Það þýðir bara að skólinn þarf að skera niður sérkennslu og það þýðir skerta þjónustu. Það er grafalvarlegt að fá að vita um þetta undir lok árs, þá er ekki hægt að gera neinar ráðstafanir,“ segir Kristinn.

Róðurinn hefur verið þungur fyrir skólana frá hruni og hefur, ef eitthvað er, þyngst að mati Kristins. „Það hefur ekki verið bætt í rekstur grunnskólanna frá hruni en sífellt verið bætt í niðurskurðinn.“ **– ebg**

> **Það þýðir bara að skólinn þarf að skera niður sérkennslu og það þýðir skerta þjónustu.**
>
> Kristinn Breiðfjörð starfsmaður Skólastjórafélagsins

## Marshall-samningar undirritaðir



**Reykjavíkurborg og útgerðarfyrirtækið HB Grandi skrifuðu undir samninga um Marshall-húsið. Þar verður myndlistar- og menningarhús. Marshall húsið er að Grandagarði 20, byggt sem síldarverksmiðja, sem að hluta til var fjármögnuð með Marshall-aðstoð Bandaríkjanna.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Sanders upp að hlið Clinton í Nevada

**BANDARÍKIN** Bernie Sanders mælist nú með jafnmikið fylgi og Hillary Clinton í Nevada, þar sem næst verða haldnar forkosningar demókrata um það hver verður forsetaefni flokksins.

Í könnun Free Beacon, sem er fyrsta könnunin á fylgi frambjóðenda í ríkinu síðan í desember, mælast Sanders og Clinton með 45 prósenta fylgi hvort um sig. Í desember mæltist Clinton hins vegar með 50 prósent og Sanders 27 prósent í könnun Gravis.

Könnunin er birt eftir stórsigur Sanders í New Hampshire, þar sem hann hlaut 60 prósent atkvæða en Clinton 38 prósent, og kappræður sem fóru fram aðfaranótt gærdagsins. Kappræðurnar þóttu nokkuð jafnar og vakti gagnrýni Clinton á ummæli Sanders um að Barack Obama væri „veikur forseti“ mesta athygli. **— þea**




# Ljótar gulrætur seljast eins og heitar lummur

Grænmetisbóndinn Ragnhildur Þórarinsdóttir snýr vörn í sókn gegn matarsóun og selur annars flokks gulrætur á betra verði sem safagulrætur.

**NEYTENDUR** Matarsóun er eitt stærsta umhverfisvandamál heimsins í dag. Breskar rannsóknir sýna að þriðjungur þess matar sem komið er með inn á heimili fólks lendir í ruslinu. Dönsk rannsókn sýnir að sóun í matvælaframleiðslu sé gríðarleg og árlega fari 400 milljón tonn af grænmeti og ávöxtum til spillis. Það er ríflega þriðjungur heimsframleiðslunnar. Forrannsókn Landverndar á matarsóun í Reykjavík bendir til þess að 5.800 tonnum af mat og drykk sé hent á heimilum árlega. Heildarmatarsóun á hvern Reykvíking sé að minnsta kosti 48 kíló á ári.

Grænmetisbóndinn Ragnhildur Þórarinsdóttir, sem á fyrirtækið SR grænmeti á Flúðum, hefur snúið vörn í sókn í þessum efnum. Hún selur svokallaðar safagulrætur í 1,5 kílóa pokum undir vörumerkinu Frískandi. Gulræturnar eru gjarnan brotnar eða hafa komið margarma upp úr jörðu og mörgum neytendum kann að þykja þær svolítið ófríðar. Gulræturnar eru seldar á lægra verði en fyrsta flokks fallegar gulrætur.

„Við reynum að gera þetta eins snyrtilega og við getum. Við reynum að nýta allt sem til fellur,“ segir Ragnhildur.

„Ég þoli ekki að henda matvöru en geri allt of mikið af því. Það er svo mikið af öðrum flokki [grænmetis] sem nýtist illa.“

Gulræturnar eru tíndar úr hópi fyrsta flokks gulróta og snyrtar til. Alla jafna hefðu þær lent í ruslinu en svo virðist sem neytendur séu æstir í þær. Ragnhildur segir að gulræturnar mokseljist til dæmis hjá versluninni Frú Laugu. „Ég var byrjuð að senda litlar rófur en þær seljast ekki. Það er svo skrýtið að við virðumst ekki vilja of stórar rófur og heldur ekki litlar rófur þó þær séu á lægra verði. Við verðum að hafa þær í hálfu kílói eða aðeins meira, annars kaupir fólk þær ekki.“

Ragnhildur segist finna fyrir vakningu fyrir því að kaupa ódýrara grænmeti með einhver lýti. „Þetta eru mjög bragðgóðar gulrætur, ég hef verið mjög heppin með afbrigði.“ **snaeros@frettabladid.is**



**Ragnhildur Þórarinsdóttir grænmetisbóndi með safagulræturnar sem neytendur eru loksins að átta sig á að séu jafn bragðgóðar og fallegu fyrsta flokks gulræturnar.** MYND/AGNES BÖÐVARSDÓTTIR

> **Það er svo skrýtið að við virðumst ekki vilja of stórar rófur og heldur ekki litlar rófur þó þær séu á lægra verði. Við verðum að hafa þær í hálfu kílói eða aðeins meira, annars kaupir fólk þær ekki.**
>
> Ragnhildur Þórarinsdóttir grænmetisbóndi

HÚSASMIÐJAN

# Lækkum verð á byggingavörum



Við lækkum listaverð um allt að **20%** á helstu byggingavörum s.s. timbri, plötum, einangrun, stáli, skrúfum og festingum.
**Sjá nánar á husa.is**

**Byggjum á betra verði**



Electrolux 5 ÁRA ÁBYRGÐ 30 DAGA SKILARÉTTUR

**ÞÚ SPARAR: 12.000 kr**

**64.900 kr**
FULLT VERÐ: 76.900

**Þvottavél** FW30L7120
7 kg, 1200sn.
Orkunýting A+++
1805690



**28% afsláttur**

BLACK & DECKER

**9.995 kr**
FULLT VERÐ: 13.995

**Hleðsluborvél**
12V EPC12CAB, 2 rafhlöður
5245999



LAUFEN

**12.395 kr**
FULLT VERÐ: 16.745

**26% afsláttur**

**Salerni**
Laufen PRO-N, vegghengt.
Klósettseta seld sér
7920010



**20% afsláttur**

**3.895 kr**
FULLT VERÐ: 4.895

**Áltrappa**
3 þrepa, 150 kg
5078775



**5.999 kr**
FRÁBÆRT VERÐ

BEKA

**Panna**
Panna með loki, 28 cm með auka handfangi
2006404

**30% afsláttur** af ALLRI málningu um helgina





**23% afsláttur**

Russell Hobbs

**9.690 kr**
FULLT VERÐ: 12.637

**Kaffivél Chester**
Russell Hobbs 10 bollar
1840057



**24% afsláttur**

**7.990 kr**
FULLT VERÐ: 10.522

Russell Hobbs

**Brauðrist Chester**
Russell Hobbs
1840054



**30% afsláttur**

**3.490 kr**
FULLT VERÐ: 4.999

**Hitakanna**
1 ltr stál
2007254

Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verð misjafnt milli verslana.



blómaval

## Valentínusarhelgi í Blómavali

Kaupaukar fylgja öllum blómum um helgina

- Ilmvatnsprufa frá Dolce&Gabbana
- 2 fyrir 1 á kvikmyndina The Choice í Laugarásbíó
- Afsláttarmiði á Kol restaurant
- 2 fyrir 1 á Tapas barinn

Kaupaukar fylgja aðeins í Skútuvogi og Grafarholti




**Nýtt Húsasmiðjublað**
Fullt af vörum á betra verði

**TÖLUR VIKUNNAR** 06.02.2016 TIL 12.02.2016



**26**

sinnum tók lögreglan fjármuni eða flugmiða af útlendingum á árunum 2005 til 2014.

**14.000**



dýr eru í stofni hnúfubaka við Ísland en voru **2.000** í talningu 1987.



**100.000**

tonn af loðnu gefa um **12 milljarða** króna í útflutningsverðmæti.



**80%**

fatlaðra kvenna hafa orðið fyrir andlegu og líkamlegu ofbeldi, sýna rannsóknir.



**250 milljónir**

fékk Landspítalinn til bráðaviðhalds en það um **fimm sinnum meira.**

**1**

læknir starfar fyrir Útlendingastofnun og oft er löng bið eftir nauðsynlegri þjónustu.



**14,1 milljarður**

var **hagnaður** Icelandair Group árið 2015.



**40 milljónir**

af skattfé er svokallað **skúffufé ráðherra** – sem þeir deila út eftir eigin geðþótta.



## Þrjú í fréttum
## Pólitískar deilur og pítsuparti

**Árni Páll Árnason**
*formaður Samfylkingarinnar*



sagði í bréfi til flokksfélaga sinna að Samfylkingin hefði gert mörg mistök frá því að flokkurinn fór í ríkisstjórn með Sjálfstæðisflokknum árið 2007. Hann reifaði meðal annars stuðning við Icesave-samning sem ekki hefði varið hagsmuni þjóðarinnar og aðildarumsókn að Evrópusambandinu án umboðs frá þjóðinni.

**Karen Sæberg Guðmundsdóttir**
*sem er sjö ára*



var útnefnd skyndihjálparmaður ársins á 112-deginum. Karen bjargaði lífi móður sinnar sem fékk flogakast í heitum potti. Karen var ásamt móður sinni og Júlíusi vini sínum að leika sér í heita pottinum í garðinum þegar móðir hennar fékk flogakast. Karen hélt höfði móður sinnar upp úr og bað Júlíus vin sinn um að hlaupa inn eftir hjálp.

**Dagur B. Eggertsson**
*borgarstjóri*



sagði á Facebook-síðu sinni að það hefði fokið hressilega í hann við að lesa frétt um að 11 ára stúlka í Fellaskóla, sem ekki er í mataráskrift hjá Reykjavíkurborg, hefði ekki fengið að taka þátt í pítsuveislu í skólanum. Stúlkan fór með 500 krónur til að kaupa pítsusneið en var neitað um það í mötuneytinu og einnig hjá skólastjóra.

# Óværa sem skaðar menn og dýr

**Kattafló fannst á heimiliskettí í Garðabæ fyrir stuttu, en hún er ekki landlæg. Mikil áhersla er lögð á að uppræta óværuna enda veldur hún bæði dýrum og mönnum miklum óþægindum og jafnvel veikindum.**

**HEILBRIGÐI** Matvælastofnun (MAST) leggur þunga áherslu á að upplýsa uppruna og mögulega dreifingu kattaflóar sem greindist á ketti í Garðabæ fyrir skemmstu. Um heimilisköttur er að ræða og því enn ekkert vitað um uppruna smitsins.

Kattafló getur valdið bæði dýrum og mönnum miklum óþægindum og jafnvel veikindum. Matvælastofnun hvetur fólk til að vera á varðbergi gagnvart þessari óværu og leggur mikla áherslu á að reynt verði að uppræta hana.

Dýralæknar á Dýraspítalanum í Garðabæ fengu grun sinn um kattaflóna staðfestan á Tilraunastöð Háskóla Íslands að Keldum í síðustu viku og Matvælastofnun var tilkynnt um greininguna á mánudag.

Þóra J. Jónasdóttir, sérgreinalæknir hjá MAST, segir flóna lifa á hundum og köttum, en vissulega geti manneskja borið á milli flær í stuttan tíma í fatnaði. Flóin sé kvik og eigi auðvelt með að stökkva á milli hýsla. Sjaldgæft er að flóin beri bakteríur sem valda alvarlegum sjúkdómum í mönnum. Hins vegar eru dæmi þess og því mikilvægt að uppræta flóna strax eins og tekist hefur áður – á hundum á árunum 1980 og 1984 og á innfluttum dýrum í einangrun í Einangrunarstöðinni í Reykjanesbæ árin 2012 og 2013.

Þóra hvetur til þess að kattaeigendur og aðrir séu vakandi og skoði dýrin sín jafnvel sérstaklega núna. „Þetta er sníkjudýr sem við viljum alls ekki fá inn í landið, og full ástæða er til að fólk taki þetta tilvik alvarlega. Sérstaklega þar sem smitleiðirnar eru ekki enn þekktar,“ segir Þóra og vísar á upplýsingar á heimasíðu stofnunarinnar. Þar má finna upplýsingar sem geta hjálpað við greiningu, og það hjálpar að fuglaflóin er almennt ekki mikið á kreiki á þessum árstíma þannig að ef maður sér eitthvað kvikt í feldi er rétt að láta dýralækni skoða dýrið.

Þóra bendir á að þrátt fyrir að sníkjudýrameðhöndlunar gæludýra sé krafist áður en þau eru flutt inn til landsins þá hefur komið upp fjöldi tilfella þar sem bæði inn- og útvortis sníkjudýr hafa greinst hjá dýrum í Einangrunarstöðinni og þannig verið hægt að uppræta smitið strax. Sum þeirra sníkjudýra geta bæði smitað menn og dýr.

**svavar@frettabladid.is**

### Mikilvægar upplýsingar um kattaflær



- Vel sýnilegar með berum augum.
- Ef dýrin klóra sér, sleikja eða bíta í húðina meira en venjulega er rétt að skoða feldinn vel.
- Flærnar eru dökkbrúnar, um 1-3 millimetrar að stærð og eru því sýnilegar með berum augum.
- Stundum getur verið erfitt að koma auga á flærnar sjálfar og oft auðveldara að sjá flóaskítinn.
- Hafið samband við dýralækni ef grunur um flær vaknar.
- Dýrin þarf að meðhöndla og samhliða þarf að gera ráðstafanir á heimilinu til að uppræta flærnar.
- Egg flónna falla af dýrinu og klekjast út t.d. í teppum, húsgögnum og glufum í gólfi. Lirfurnar þrífast best við stofuhita og hátt rakastig.
- Lirfurnar púpa sig eftir nokkra daga og fullorðnar flær koma svo úr púpunum þegar aðstæður eru hentugar, s.s. þegar lifandi dýr eða manneskja er í hæfilegri nálægð.

*Heimild: Matvælastofnun*



**Mælt er með því að kattaeigendur skoði dýr sín vel til að ganga úr skugga um að kattafló sé þar ekki að finna.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN






# Bankastjórinn útilokar ekki málsókn

**VIÐSKIPTI** Steinþór Pálsson, bankastjóri Landsbankans, vill ekki útiloka að bankinn leiti réttar síns í Borgunarmálinu, þrátt fyrir svör stjórnenda Borgunar við fyrirspurn bankans. Landsbankinn hafi verið grandalaus varðandi mögulegar greiðslur til Borgunar vegna yfirtöku Vísa í Bandaríkjunum á Vísa í Evrópu.

Landsbankinn óskaði í síðustu viku eftir upplýsingum frá stjórnendum og kaupendum Borgunar um hvers vegna bankinn hefði ekki verið upplýstur um þessar greiðslur sem nema 6,4 milljörðum króna. Borgun svaraði bankanum á þriðjudag en þar segir meðal annars að stjórnendur hafi ekki búið yfir upplýsingum um hvort eða hvenær Vísa í Evrópu yrði selt né um mögulegar greiðslur og upphæð þeirra.

Í kvöldfréttum Stöðvar 2 benti Steinþór á að stjórnendur Borgunar hefðu lýst því yfir að þeir hefðu vitað að Borgun ætti tilkall til hlutdeildar í þessum valrétti ef einhver greiðsla kæmi til þar. „Við fengum ekki þær upplýsingar og vorum grandalausir um þessi verðmæti,“ sagði Steinþór.

Hið sama mætti segja um marga aðra sem hefðu verslað með bréf af þessu tagi á undanförnum árum. „Aðrir hafa líka verið grandalausir. Það hefði verið gott ef við hefðum verið upplýstir um þetta á sínum tíma, en við vorum það ekki.“

Steinþór segir ekki liggja fyrir á þessari stundu hvort tilefni sé til málsóknar vegna Borgunarmálsins. **- jhh / hks**




**„Við fengum ekki þær upplýsingar og vorum grandalausir um þessi verðmæti,“ segir Steinþór.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM




Kynntu þér **Toyota FLEX**
- nýja leið til að eignast Toyota bifreið

**Lág** innborgun

**Tryggt** framtíðarvirði

**Fastar** mánaðargreiðslur

Land Cruiser 150 Adventure fer á kostum hvert sem leið þín liggur. Þessi glæsilega sérútgáfa býðst enn um sinn hjá viðurkenndum söluaðilum Toyota á Íslandi. Sjáðu hvernig landið liggur með háþróuðu myndavélakerfi og Blind Spot Monitor. Leiðsögukerfið er hluti af ríkulegum staðalbúnaði og hestöflin ólmast viljug í nýrri og sparneytnari vél. Komdu við, reynsluaktu og láttu heillast.

**Láttu heillast hjá næsta söluaðila Toyota á Íslandi.**

**Fáðu nánari upplýsingar á www.toyota.is**

**VILDARPUNKTAR MEÐ ÖLLUM NÝJUM TOYOTUM***

**Toyota Kauptúni**
Kauptúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

**Toyota Akureyri**
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

**Toyota Reykjanesbæ**
Njarðarbraut 19
Reykjanesbæ
Sími: 420-6600

**Toyota Selfossi**
Fossnesi 14
Selfossi
Sími: 480-8000

*Viðkomandi þarf að vera meðlimur í Icelandair Saga Club.
Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega þann búnað sem tilgreindur er.
Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur. Nánari upplýsingar hjá söluráðgjöfum.






## Stendur keikur þrátt fyrir linnulausar loftárásir



**Íbúi í Sanaa, höfuðborg Jemens, stendur þarna með þjóðfána sinn í rústum skóla sem gerð var loftárás á. Sádi-Arabía og fleiri ríki hafa staðið fyrir linnulitlum loftárásum á Jemen mánuðum saman.** NORDICPHOTOS/AFP

# Hvert heimili verði með viðlagakassa

**Rauði krossinn verður með almenningsfræðslu á tuttugu og fimm stöðum og í öllum grunnskólum landsins um hvernig bregðast skuli við ef rof verður á innviðum. Vill að hvert einasta heimili verði með heimilisáætlun og viðlagakassa.**

**SAMFÉLAG** Það er von Rauða krossins að viðlagakassa með nauðsynjum til þriggja daga og heimilisáætlun muni finnast á hverju heimili landsins eftir að nýju verkefni þeirra, 3 dagar, hefur verið hrint af stað.

Um er að ræða forvarnarverkefni þar sem landsmenn eru hvattir til þess að koma sér upp viðlagakassa, með öllum þeim nauðsynjum sem þeir þurfa ef innviðir rofna, svo sem mat með löngu geymsluþoli, vatni á flöskum eða í brúsa, og vasaljósi, auk heimilisáætlunar til að fyrirbyggja tjón. Land Rover-verksmiðjan í Bretlandi styrkir Rauða krossinn í verkefninu með aðkomu BL á Íslandi.

„Þetta er okkar skylda hjá Rauða krossinum, við sinnum neyðarvörnum og erum með fjölda hjálparstöðva og sjálfboðaliða. Það sem hefur setið eftir síðustu ár með eflingu viðbragðsaðila vegna neyðartilvika er almenningsfræðsla. Hvernig eigi að bregðast við ef rof verður á innviðum, ef til dæmis verður rafmagnslaust, eða sambandlaust og/eða vatnsskortur vegna náttúruhamfara. Þess vegna fórum við af stað með þetta,“ segir Hjálmar Karlsson, verkefnastjóri hjá Rauða krossinum.



**Hjálmar Karlsson, verkefnastjóri hjá Rauða krossinum, segist vonast til þess að hvert heimili landsins verði búið viðlagakassa og heimilisáætlun.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Náttúruhamfarir gera ekki boð á undan sér og veðrabrigði eru mikil á Íslandi. Þannig að það er þá betra að vera undirbúinn og tilbúinn með einhvers konar heimilisáætlun og viðlagakassa. Það er lítið hægt að gera eftir að hamfarirnar skella á,“ segir Hjálmar. Rauði krossinn verður með fræðslu á tuttugu og fimm stöðum á næstu þremur árum til að kynna verkefnið. „Að sama skapi ætlum við að heimsækja alla grunnskóla á landinu og fá börnin í lið með okkur. Þau munu þá fá fjölskyldur sínar með sér í þetta,“ segir Hjálmar.

„Það er okkar von að það verði viðlagakassar á hverju heimili landsins eftir þetta. Þetta eru hlutir sem oft eru til nú þegar, það ætti ekki að vera sligandi kostnaður við að koma sér þessu upp. Það eru mörg dæmi um að innviðir séu rofnir á Íslandi. Þetta dregur úr því að viðbragðsaðilar, eins og björgunarsveitir, þurfi að fara í minni keyrslur aftur og aftur til þess að sinna einhverju sem hefði verið hægt að fyrirbyggja.“

**saeunn@frettabladid.is**

# FRÍHAFNARDAGAR



**TAX FREE**

**SNYRTIVÖRU DAGAR**

DAGANA 11.-15. FEBRÚAR
AFNEMUM VIÐ VIRÐISAUKASKATT*
AF ÖLLUM **SNYRTIVÖRUM**

*Að sjálfsögðu fær ríkissjóður 24% virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin 19,35% er alfarið á kostnað Hagkaups.

HAGKAUP
*Skemmtilegast að versla*

**HÚSNÆÐI fyrir FÓTAAÐGERÐASTOFU óskast til leigu**

Húsnæði - *miðsvæðis í Reykjavík* - óskast sem allra fyrst til leigu undir fótaaðgerðastofu. Æskileg stærð u.þ.b. 30-40 fm á götuhæð (ef ekki götuhæð, þá lyftuhús). Einnig kæmi til greina að deila húsnæði með t.d. öðrum starfsgreinum á heilbrigðissviði. Nauðsynlegt er að bílastæði séu til staðar.

Nánari uppl. í síma 693 2267

ÍSLENSK FERÐAÞJÓNUSTA

**Markaðssetning í breyttu umhverfi**

Hilton Reykjavík Nordica, 17. febrúar. | kl. 9.30-12.00



Íslandsstofa boðar til fundar um samstarf og markaðssetningu erlendis á árinu 2016. Á fundinum verður fjallað um áherslur og aðgerðir ársins og ný markaðsherferð fyrir Ísland – allt árið kynnt.

MARKAÐSSTARF ÍSLANDSSTOFU
Inga Hlín Pálsdóttir
Forstöðumaður ferðaþjónustu og skapandi greina hjá Íslandsstofu.

MARKAÐSGREINING
Daði Guðjónsson og Margrét Helga Jóhannsdóttir
Verkefnisstjórar ferðaþjónustu og skapandi greina hjá Íslandsstofu.

MARKHÓPAGREINING – HVAR ERUM VIÐ STÖDD?
Kristín Sóley Björnsdóttir
Forstöðumaður Rannsóknamiðstöðvar ferðamála.

MIKILVÆGI SAMSTARFS
Helga Árnadóttir
Framkvæmdastjóri SAF.

NÝ MARKAÐSHERFERÐ ÍSLAND – ALLT ÁRIÐ
Inga Hlín Pálsdóttir
Forstöðumaður ferðaþjónustu og skapandi greina hjá Íslandsstofu.

ÁVARP RÁÐHERRA
Ragnheiður Elín Árnadóttir
Iðnaðar- og viðskiptaráðherra.

Skráning á islandsstofa@islandsstofa.is

COME AND BE INSPIRED BY ICELAND

ÍSLANDSSTOFA PROMOTE ICELAND

# Á þátt í merkilegum uppgötvunum LIGO

**Íslenskur vísindamaður í Arizona sérhæfir sig í smíði nema sem greina þyngdarbylgjur. Hann starfaði við LIGO-verkefnið í Louisiana í fjölda ára og á því þátt í þeim tímamótum sem urðu þegar tókst að nema þyngdarbylgjur í fyrsta sinn.**

**VÍSINDI** Dr. Andri M. Gretarsson er prófessor við Embry-Riddle vísindaháskólann í Prescott í Arizona. Hann vann árum saman við LIGO-rannsóknarstöð í Bandaríkjunum sem nýverið nam þyngdarbylgjur frá samruna tveggja svarthola.

Þessi merku tímamót sem urðu í stjarnvísindum eru uppskera áratuga vinnu teymis vísindamanna hjá LIGO. Andri sérhæfir sig í smíði spegla sem hafa ákveðið hlutverk í nema sem nemur þyngdarbylgjur – greinir hvort örsmáar breytingar hafa orðið á ljósgeislum sem væru merki um áhrif frá þyngdarbylgjum.

LIGO-rannsóknarstöðvar sem sérhæfa sig í að greina þyngdarbylgjur eru á tveimur stöðum í Bandaríkjunum, í ríkjunum Washington og Louisiana. Þrjú þúsund kílómetrar eru á milli stöðvanna sem er nauðsynleg fjarlægð til að greina þyngdarbylgjur. Andri vann í stöðinni í Louisiana. Rannsóknir á þyngdarbylgjum hafa staðið yfir í rannsóknarstöðvunum frá sjöunda áratugnum og sífelld framþróun á tækjabúnaði hefur leitt til uppgötvunar sem varð á dögunum.

„Ég var fyrst að vinna við að þróa þessa spegla sem eru aðalatriðið í þessum nemum. Í kjölfarið fór ég að vinna í rannsóknarstöðinni í Louisiana við að gera nemann nógu næman. Það var fyrsta útgáfan af þessum nema sem ég vann að, hann hefur síðan þá verið settur saman aftur og verið í stöðugum endurbótum. Maður er búinn að bíða eftir þessu svo lengi, maður trúir þessu varla. Það eru mjög margir vísindamenn búnir að vera að vinna að þessu og lengur en ég, tveir vísindamenn hafa til dæmis starfað að verkefninu frá árinu 1967.“

Andri er hættur hjá LIGO og sinnir nú helsta hugðarefni sínu sem eru rannsóknir á útvarps- og hljóðbylgjum úr geimnum og eðlisfræðitilraunir og -rannsóknir. „Ég er búinn að vera að vinna við LIGO-verkefnið í tuttugu ár og hef líka verið að gera það hér í Embry-Riddle, en maður verður aðeins að prufa eitthvað nýtt svo manni leiðist ekki. Ég er farinn að byggja útvarpsnema sem nema útvarpsbylgjur utan úr geimnum. Það hafa orðið miklar framfarir í þessari tækni. Vísindamenn hafa verið að byggja svona útvarpsnema frá sirka 1930 en það hafa orðið mjög miklar tölvuframfarir. Tölvurnar geta nú tekið inn bylgjur hratt, þær geta gert miklu meira með gögnin. Í staðinn fyrir að nota stóra móttökudiska þá er núna hægt að fara aftur í retró tækni og nota mörg lítil loftnet,“ segir Andri og segir loftnet á litlum útvörpum næstum duga. „Það er hægt að vera með mörg hundruð lítil loftnet á víðavangi og taka gögnin frá þessum stöku loftnetum og setja þau inn í tölvuna. Tölvan getur sett þau saman á réttan hátt. Maður getur eiginlega stjórnað því hvert á himninum loftnetunum er beint, það er að segja, maður getur hlustað á einn tiltekinn stað, það finnst mér verulega heillandi.“

kristjanabjorg@frettabladid.is




Heimild: LIGO | Ljósmyndir: Associated Press | @ Graphic News



**Andri M Gretarsson, prófessor í Arizona, á heimili sínu, hann vann í fjölda ára við þróun á nemum sem voru notaðir til að nema þyngdarbylgjur við LIGO-rannsóknarstöð.**

> **Ég er farinn að byggja útvarpsnema sem nema útvarpsbylgjur utan úr geimnum. Það hafa orðið miklar framfarir í þessari tækni. Vísindamenn hafa verið að byggja svona útvarpsnema frá sirka 1930 en það hafa orðið mjög miklar tölvuframfarir. Tölvurnar geta nú tekið inn bylgjur hratt, þær geta gert miklu meira með gögnin.**
>
> Andri M. Gretarsson, prófessor við Embry-Riddle vísindaháskólann í Arizona




**AÐALFUNDUR**

**SFR STÉTTARFÉLAGS Í ALMANNAÞJÓNUSTU**

**miðvikudaginn 30. mars 2016 kl. 17 að Grettisgötu 89, 1. hæð**

**DAGSKRÁ**

- Skýrsla stjórnar.
- Reikningar félagsins.
- Lagabreytingar.
- Kosinn löggiltur endurskoðandi, 2 skoðunarmenn og 2 til vara.
- Ákvörðun um iðgjald félagsmanna og skipting milli sjóða.
- Fjárhagsáætlun.
- Ályktanir aðalfundar afgreiddar.
- Önnur mál.

Allir félagsmenn eru velkomnir, boðið verður upp á léttan kvöldverð.

SFR STÉTTARFÉLAG Í ALMANNAÞJÓNUSTU

# Smáhundakynning

## ALLT GÆLUDÝRAFÓÐUR OG VÖRUR 20 – 50 % AFSLÁTTUR



FRÁ 13:00 TIL 17:00 | LAUGARDAG OG SUNNUDAG

KOMIÐ OG KYNNIST UM 20 TEGUNDUM SMÁHUNDA, S.S. GRIFFON, POODLE, FRÖNSKUM BULLDOG, MINI SCHNAUZER OFL. ★ FULLT AF SPENNANDI DÝRAVÖRUKYNNINGUM ★ LUKKUPOTTAR HUNDAÞJÁLFUNARRÁÐGJÖF ★ DÝRALÆKNIR ★ RAUÐAKROSSHUNDUR OG MARGT FLEIRA

PRO PLAN · TRIXIE · Hill's · ROYAL CANIN · Brit PREMIUM




LÆRÐU ALLT UM SÁNINGU

FYRIRLESTUR MEÐ VILMUNDI HANSEN GARÐYRKJUFRÆÐINGI KL 12:00 Á LAUGARDAG
**AÐGANGUR ÓKEYPIS**

20%
ÖLL FRÆ, ÝMSAR SÁÐVÖRUR OG MOLD MEÐ 20% AFSLÆTTI*
*gildir fim-sun

## Rómantískir Valentínusarvendir



BRYGGJAN BRUGGHÚS bistro & brewery

ÖLLUM VALENTÍNUSARGJÖFUM FYLGIR INNEIGNARMIÐI HJÁ BRYGGJUNNI BRUGGHÚS UPPÁ FRÍAN DESERT MEÐ ÖLLUM AÐALRÉTTUM

OPIÐ FRÁ 10 TIL 21 UM HELGAR

GARÐHEIMAR

Stekkjarbakka 6 • 540 3300 • gardheimar.is

60 LÍFEYRISSJÓÐUR VERZLUNARMANNA 1956-2016

# Ársfundur 2016

**Ársfundur Lífeyrissjóðs verzlunarmanna verður haldinn þriðjudaginn 15. mars kl. 18:00 á Grand Hótel Reykjavík.**

DAGSKRÁ FUNDARINS

» Venjuleg ársfundarstörf
» Erindi tryggingafræðings sjóðsins
» Önnur mál

Sjóðfélagar og lífeyrisþegar sjóðsins eiga rétt til setu á ársfundinum. Fundargögn verða afhent á fundarstað.

Reykjavík, 21. janúar 2016
Stjórn Lífeyrissjóðs verzlunarmanna

live.is

Lífeyrissjóður verzlunarmanna | Kringlan 7 | 103 Reykjavík | Sími 580 4000 | skrifstofa@live.is




Mögulega hafa einhverjir þurft af slíta sig frá golfinu vegna aukinnar atvinnuþátttöku fólks í elsta hópi. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Fleiri fá vinnu í elsta hópi

**KJARAMÁL** „Bati á vinnumarkaði var umtalsverður árið 2015, sé miðað við atvinnuleysi eða hlutfall starfandi. Sá bati virðist skila sér til elsta launahópsins, hlutfall starfandi á aldrinum 55 til 74 ára er nú með því hæsta sem sést hefur árum saman,“ segir í nýrri umfjöllun VR og vísað í nýjasta efnahagsyfirlit stéttarfélagsins.

Þar kemur fram að atvinnuleysi hafi minnkað um eitt prósentustig og mælst 4,0 prósent á árinu 2015. „Hlutfall starfandi hækkaði um 1,8 prósentustig og var 79,2 prósent sem er hærra en gildið 2004,“ segir í efnahagsyfirlitinu. „Hlutfall starfandi þarf þó að hækka um 2,2 prósentustig til að ná hámarkinu 2007.“

Batinn er þó sagður hafa skilað sér misvel eftir aldurshópum og kynjum. „Hlutfall starfandi hefur aukist talsvert frá hruni hjá aldurshópnum 16 til 24 ára og meðal kvenna í þeim aldurshópi hefur það ekki mælst hærra í rúman áratug,“ segir í umfjöllun VR. Sama er sagt eiga við um elsta hópinn, 55 til 74 ára. „Hlutfall starfandi kvenna á þeim aldri hefur ekki mælst hærra á tímabilinu 2003 til 2015 og afar lítið vantar upp á að karlar nái hámarkinu 2006.“ **– óká**



Þótt Suðurstrandarvegur milli Grindavíkur og Þorlákshafnar sé greiðfær á sumrin er ekki sömu sögu að segja allan veturinn. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Bæjarráð Ölfuss vill fá þjónustu og farsímasenda

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** Bæjarráð Ölfuss tekur undir áskorun bæjarráðs Árborgar til Vegagerðarinnar frá því í janúarlok um að breytt verði skilgreiningum á vetrarþjónustu á Suðurstrandarvegi. Farið er fram á að þjónusta á veginum verði færð upp um þjónustuflokk.

„Miðað við umferð ætti Suðurstrandarvegur að vera í þjónustuflokki 3 og vera með vetrarþjónustu 5 daga vikunnar.

Vegna tíðra lokana Suðurlandsvegar á Hellisheiði og í Þrengslum er mjög brýnt að hafa möguleika á að beina umferð um Suðurstrandarveg,“ segir í bókun bæjaráðs Árborgar. „Lokanir á Suðurlandsvegi hafa mikil og neikvæð áhrif á íbúa og fyrirtæki á svæðinu og er nauðsynlegt að hafa aðra leið færa milli Suðurlands og höfuðborgarsvæðisins/Suðurnesja.“

Bæjarráð Ölfuss hefur nú falið bæjarstjóra sínum að fylgja málinu eftir við Vegagerðina og áréttar jafnframt að til að tryggja öryggi vegfarenda og út frá almannavarnasjónarmiðum þurfi sem fyrst að ráðast í uppsetningu senda á Suðurstrandarvegi og Þrengslavegi. „En stór hluti Suðurstrandarvegar og hluti Þrengslavegar eru utan farsímasambands,“ segir í bókun bæjarráðsins á fundi þess 11. þessa mánaðar. Bókunin var samþykkt samhljóða. **– óká**


# Við bjóðum þér á fund

**VR boðar til félagsfunda til að kynna nýgerða kjarasamninga við Samtök atvinnulífsins og Félag atvinnurekenda sem undirritaðir voru í janúar sl. Fundirnir verða haldnir á félagssvæði VR sem hér segir:**

| | | |
|---|---|---|
| Reykjavík | mánudagur 15. febrúar kl. 18:30 | Reykjavík Natura hótel |
| Vestmannaeyjar | þriðjudagur 16. febrúar kl. 12:00 | VR, Strandvegi 54 |
| Egilsstaðir | fimmtudagur 18. febrúar kl. 17:00 | VR, Kaupvangi 3B |

**Atkvæðagreiðsla um samningana hefst þann 16. febrúar og lýkur kl. 12:00 á hádegi þann 24. febrúar.**

**Við hvetjum alla félagsmenn til að mæta á kynningarfund! Léttar veitingar í boði.**




VR | KRINGLUNNI 7 | 103 REYKJAVÍK | SÍMI 510 1700 | WWW.VR.IS

Virðing Réttlæti VR






Nýr Hyundai Tucson er einstaklega fallegur, með sjálfskiptingu, fullkomið fjórhjóladrif og sparneytna bensín- eða dísilvél. Komdu og upplifðu gæði Hyundai í reynsluakstri á nýjum Hyundai TUCSON með fimm ára ábyrgð.

Hyundai Tucson – verð frá 5.490.000 kr.

HYUNDAI | NEW THINKING. NEW POSSIBILITIES.

UEFA EURO2016 FRANCE

5 YEAR Unlimited Mileage Warranty

Dísilvél 2,0 lítrar, 136 hestöfl, eldsneytisnotkun 6,1 l/100 km* / Bensínvél 1,6 lítrar, 175 hestöfl, eldsneytisnotkun 7,6 l/100 km*.
Öllum Hyundai bílum fylgir 5 ára verksmiðjuábyrgð. *Viðmiðunartölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri.

Hyundai / Kauptúni 1 / Sími 575 1200 / www.hyundai.is OPIÐ Í DAG FRÁ 12–16

# Friðarsamkomulag upp á von og óvon

**Stefnt er að vopnahléi í Sýrlandi eftir eina viku og kosningum eftir 18 mánuði. Uppreisnarmenn hafa litla trú á samkomulaginu og Assad forseti segist staðráðinn í að ná landinu öllu aftur á sitt vald. Enn á eftir að fá samþykki frá bæði stjórn og stjórnarandstöðu.**

**ÞÝSKALAND** „Ég hef enga trú á þessu og mér er alveg sama um það,“ segir Mohammed al-Sheikh, talsmaður Frjálsa Sýrlandshersins, um samkomulag um vopnahlé í Sýrlandi, sem fulltrúar margra helstu ríkja heims og stórra alþjóðastofnana kynntu í gær.

„Enginn trúir á það. Það er orðinn fastur liður að tala um vopnahlé, en það er tilgangslaust,“ sagði al-Sheikh í viðtali við breska dagblaðið The Guardian.

Frjálsi Sýrlandsherinn er eitt stærsta afl sýrlenskra uppreisnarmanna, sem barist hafa árum saman gegn stjórn Bashars al Assad forseta.

Átökin hafa kostað meira en 250 þúsund manns lífið og 11 milljónir manna hafa flúið að heiman, þar af hafa fjórar milljónir flúið úr landi.

Samkomulagið, sem fulltrúar Bandaríkjanna, Rússlands, Evrópusambandsins, Sameinuðu þjóðanna, Arabandalagsins og fleiri áhrifaafla, kynntu í gær að loknum tveggja daga fundarhöldum, gengur út á að vopnahlé hefjist innan viku og strax á allra næstu dögum verði hægt að útvega fólki á átakasvæðunum mannúðaraðstoð. Þá sé stefnt að stjórnarskrárbreytingu og kosningum innan hálfs annars árs.

Sjálfur segist Assad Sýrlandsforseti staðráðinn í að ná landinu öllu aftur á sitt vald. Það muni hins vegar taka langan tíma. Ekki sé heldur víst að það muni takast:



**Móðir flýr ásamt börnum sínum undan loftárásum stjórnarhersins á bæinn Kafr Batna, sem er í útjaðri höfuðborgarinnar Damaskus.** NORDICPHOTOS/AFP

> **Það er orðinn fastur liður að tala um vopnahlé, en það er tilgangslaust.**
>
> Mohammed al-Sheikh, talsmaður Frjálsa Sýrlandshersins

„Hvort sem við getum það eða ekki, þá er þetta það takmark sem við reynum að ná án minnsta hiks,“ sagði hann í viðtali við frönsku fréttastofuna AFP. „Af okkar hálfu væri ekkert vit í því að segjast ætla að láta frá okkur einhvern hluta.“

Rússar hafa síðan í haust stutt Assad með loftárásum á uppreisnarmenn. Bandaríkjamenn og Vesturlönd almennt hafa hins vegar staðið gegn Assad, sagt að honum sé engan veginn treystandi lengur eftir að hafa stundað grimmilegan hernað gegn þjóð sinni.

Í síðustu viku stóð til að halda friðarviðræður í Genf, með aðild bæði stjórnarliða og uppreisnarmanna. Ekkert varð úr þeim viðræðum vegna harðra loftárása Rússa og stjórnarhersins á borgina Aleppo. **gudsteinn@frettabladid.is**

## Yfirlýsing Sýrlandsfundarins

Á Sýrlandsfundinum í München dagana 11. og 12. febrúar sátu fulltrúar frá Alþjóðlega Sýrlandsstuðningshópnum (ISSG), Arababandalaginu, Evrópusambandinu, Sameinuðu þjóðunum og Samvinnustofnun íslamskra ríkja (OIC) ásamt fulltrúum frá Bandaríkjunum, Bretlandi, Egyptalandi, Frakklandi, Íran, Írak Ítalíu, Jórdaníu, Katar, Kína, Líbanon, Óman, Rússlandi, Sádi-Arabíu, Tyrklandi og Þýskalandi.

Í yfirlýsingu fundarins segir að þátttakendur hafi „ákveðið að aðgangur fyrir mannúðaraðstoð að hersetnu svæðunum muni hefjast í þessari viku og að verkefnahópur ISSG muni innan einnar viku útfæra leiðir til að átökum linni um land allt.“

Þátttakendur heita því að gera allt sem í þeirra valdi stendur til að koma á vopnahléi, og segjast fá til þess stuðning frá bæði Sýrlandsstjórn og uppreisnarmönnum.

Þá er gert ráð fyrir því að efnt verði til kosninga innan átján mánaða. Þar verði byggt á nýrri stjórnarskrá, en vinna að henni eigi að hefjast eftir hálft ár. Sýrlenska þjóðin eigi sjálf að ákveða eigin framtíð.

## Segja skatt geta orðið 65 prósent

**NOREGUR** Haldi lítil framleiðni í Noregi áfram getur hagvöxtur stöðvast og skattbyrði orðið langt yfir 50 prósentum. Norski hagfræðiprófessorinn Jørn Rattsø hefur, ásamt fleiri sérfræðingum, um tveggja ára skeið rannsakað hvernig reka megi ríki, sveitarfélög og fyrirtæki á hagkvæmari hátt.

Fjölgun eldri borgara, lægri olíutekjur og stækkandi opinber geiri geti haft þau áhrif að skatthlutfallið aukist úr 37 prósentum, eins og það er nú, í 65 prósent árið 2060 verði framleiðni ekki aukin. **– ibs**

## Banki kærir bankastjóra

**SVÍÞJÓÐ** Sænski bankinn Swedbank hefur kært bankastjóra sem rekinn var á dögunum til fjármálaeftirlitsins.

Í fréttatilkynningu frá bankanum segir að kæra hafi verið send til fjármálaeftirlitsins samkvæmt reglum um tilkynningaskyldu vegna brota á markaðslögum. Bankinn hefur fundið færslur sem gera má ráð fyrir að stangist á við lög, segir í fréttatilkynningunni.

Fjármálaeftirlitið hefur sent efnahagsbrotadeild lögreglunnar málið. Bankastjórinn, Michael Wolf, hafði starfað í bankanum í sjö ár. **– ibs**

## Spá hjöðnun verðlags

**VERÐBÓLGA** Hagfræðideild Landsbankans spáir 0,3% hækkun vísitölunnar milli mánaða. Gangi spáin eftir lækkar ársverðbólgan úr 2,1% í 1,8%. Hagfræðideildin gerir ráð fyrir að tólf mánaða verðbólga haldist áfram lág og verði 1,8 prósent í maí.

Með haustinu muni hins vegar bæði áhrif launahækkana og áhrif húsnæðisverðs aukast meðan ólíklegt er að áhrif innfluttra vara aukist. Því megi búast við aukinni verðbólgu með haustinu. **– jhh**







## Sjötta kynslóðin er mætt til leiks!

**Velkomin á frumsýningu** á nýjum og glæsilegum Transporter, Multivan og Caravelle **laugardaginn 13. febrúar** milli klukkan **12 og 16.**

Frumkvöðlarnir Volkswagen **Transporter, Multivan** og **Caravelle** hafa fylgt kynslóðum af fólki sem þurft hafa á traustum og áreiðanlegum atvinnubílum að halda sem leysa krefjandi og fjölbreytt verkefni. Um er að ræða sjöttu kynslóð glæsilegra fjölnotabíla, með enn meiri staðalbúnað og aflmeiri vélar

Volkswagen atvinnubílar hafa fært sig um set og eru nú komnir á sama stað og Volkswagen fólksbílar.

International Van of the Year

**HEKLA býður gott úrval atvinnubíla og góða þjónustu.**

**Atvinnubílar**

**www.volkswagen.is** | **HEKLA** · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is

# Vertu eins og heima hjá þér



**UMBRIA**
Hornsófi með tungu.
Hægri eða vinstri tunga.
Grátt eða dökkgrátt áklæði.
Stærð: 330 × 265 × 78 cm

**369.990 kr.** ~~419.990 kr.~~



**PARIS**
Borðstofustólinn kominn aftur. Margir litir

**9.990 kr.** ~~14.990 kr.~~

**FRIDAY**
Tungusófi, hægri eða vinstri tunga.
Dökkgrátt eða brúnt áklæði.
Stærð: 260 × 170 × 87 cm



**139.990 kr.** ~~179.990 kr.~~





## AU MAISON

Endurhannaðar 60 ára handgerðar tyrkneskar mottur.
Stærð: 170 x 240 cm.

199.990 kr. ~~249.990 kr.~~



## NATUZZI EDITIONS

Einstakur leðursófi (B895).
Sófa: 245 x 100 x 88 cm

NATUZZI EDITIONS

499.990 kr. ~~769.990 kr.~~



Stóll. Stærð: 97 x 100 x 88 cm

169.990 kr. ~~259.990 kr.~~

# RÚV-reiturinn

Opinn kynningarfundur um breytingu á aðalskipulagi og nýtt deiliskipulag fyrir RÚV-reitinn, þriðjudaginn 16. febrúar kl. 17 á Markúsartorgi í RÚV, Efstaleiti 1.



**Dagskrá:**

**Breyting á aðalskipulagi á RÚV-reit**
Kynnt verða drög að breytingu á aðalskipulagi sem felst í fjölgun íbúða á svæðinu (þróunarsvæði nr. 58, miðsvæði 21).

**Nýtt deiliskipulag fyrir RÚV-reit**
Kynnt verða drög að nýju deiliskipulagi sem felst í uppbyggingu á íbúðarhúsnæði í samræmi við markmið Reykjavíkurborgar í nýju aðalskipulagi. Tillagan var unnin í kjölfar hugmyndasamkeppni um deiliskipulag lóðar RÚV sem efnt var til í lok janúar 2015. Arkitektastofan Arkþing varð hlutskörpust í keppninni sem fór fram að loknu forvali.

Ætlunin er að endurskoða uppbyggingarmöguleika á lóð RÚV við Efstaleiti og samliggjandi lóðum innan reitsins með þéttingu og gæði byggðar að leiðarljósi.

*Allir velkomnir*

Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA



ALMENNI
LÍFEYRISSJÓÐURINN



ERTU AÐ TAKA
LÁN EÐA ENDURFJÁRMAGNA?

Almenni lífeyrissjóðurinn býður sjóðfélögum á upplýsingafund um lánamarkaðinn og það sem hafa ber í huga við lántöku. Erindi:

- **Eigið fé í fasteignum**, *Gylfi Magnússon*, dósent í viðskiptafræðideild HÍ.
- **Hvað þarf að hafa í huga við lántöku?** *Brynja M. Kjærnested* og *Þórhildur Stefánsdóttir* ráðgjafar hjá Almenna.

Eftir framsöguerindi sitja *Gylfi, Brynja og Þórhildur* fyrir svörum ásamt *Dan V.S. Wiium* hdl. og löggiltum fasteignasala.

**Þriðjudagur 16. febrúar kl. 20:00 á Icelandair Reykjavík Hótel Natura, Bíósalur**

**Sjóðfélagar eru hvattir til að mæta á fundinn. Skráning á almenni.is.**


## Styttra til Reykjavíkur en Ísafjarðar

Öldruð kona var færð á sjúkrastofnun sem er 52 km fjær heimabæ hennar




# Flutt í sjúkraflugi fjær heimili

**Kona á 86. aldursári frá Patreksfirði var send frá Reykjavík til að liggja á sjúkrahúsi á Ísafirði. Aðstandendur voru ekki látnir vita. Er í meiri fjarlægð frá heimili sínu á Ísafirði en í Reykjavík.**

**SAMFÉLAG** Kona á níræðisaldri var flutt með sjúkraflugi frá Reykjavík til Ísafjarðar án vitneskju aðstandenda síðastliðinn þriðjudag. Konan er búsett á Patreksfirði og hafði legið á bæklunardeild Borgarspítalans. Markmiðið með flutningnum var sá að leyfa konunni að liggja inni á sjúkrahúsi í heimabyggð.

Á vetrum eru hins vegar 444 kílómetrar frá Patreksfirði til Ísafjarðar þar sem stysta leið milli Vesturbyggðar og Ísafjarðarbæjar lokast iðulega á vetrum og opnast ekki fyrr en vetri hallar. Að sama skapi eru 392 kílómetrar milli Patreksfjarðar og Reykjavíkur. Þetta gerir það að verkum að konan, sem fædd er árið 1930, er flutt fimmtíu kílómetrum fjær heimabyggð en ef hún hefði fengið að liggja í Reykjavík.

Ásrún Atladóttir, dóttir konunnar sem um ræðir, er að vonum ósátt við þetta ráðslag. „Ég fór inn á Borgarspítala til að heimsækja móður mína og þá fannst hún ekki. Eftir mikla leit var mér tjáð að hún hefði verið flutt vestur á Ísafjörð án þess að við værum látin vita. Hún á ekki aðstandendur á Ísafirði og mér var í sannleika sagt afar brugðið við að hún hefði verið flutt þangað. Sérstaklega þar sem ég veit að henni er alls ekki vel við að fljúga. Ég hefði þá viljað fara með henni og sjá til þess að henni liði bærilega,“ segir Ásrún, sem ætlar með málið lengra.



> **Ég fór inn á Borgarspítala til að heimsækja móður mína og þá fannst hún ekki.**
>
> Ásrún Atladóttir tónmenntakennari og aðstandandi

„Ég ætla að láta skoða það rækilega hvernig á þessu stendur. Það er henni alls ekki fyrir bestu að liggja á Ísafirði.“

Guðný Helga Herbertsdóttir, upplýsingafulltrúi Landspítalans, segist ekki geta tjáð sig um mál einstakra sjúklinga. Hún sagði hins vegar að málið yrði tekið til skoðunar innan sjúkrahússins.

sveinn@frettabladid.is




KRINGLAN.IS

FACEBOOK.COM/KRINGLAN.IS

PIPAR\TBWA • SÍA

# Ljótar fregnir



Kristín Þorsteinsdóttir
kristin@frettabladid.is

Ungri stúlku var neitað um skólamáltíð vegna þess að hún hafði ekki tekið þátt í áskriftarkerfi að skólamáltíðum í grunnskóla í Reykjavík í vikunni. Úr öðrum skóla heyrðist af því að nemendur í áskriftarkerfinu og hinir, sem koma með heimabúið nesti, fái ekki að sitja saman.

Á yfirborðinu virðast þetta smámál, en svo er ekki þegar að er gætt. Ekki er hægt að draga aðra ályktun en að með þessu kerfi borgarinnar sé verið að mismuna nemendum að óþörfu.

Ástæður fyrir því að nemendur taka ekki þátt í áskriftarkerfi að skólamáltíðum geta verið margvíslegar. Í sumum tilvikum eru foreldrar hreinlega ekki ánægðir með matinn sem er í boði, í öðrum geta þær verið efnahagslegar, stafað af sérstökum áherslum í mataræði eða verið trúarlegs eðlis.

Það er engin ástæða til að draga athygli annarra nemenda að slíku með því að láta þá sem neyta matar að heiman sitja á sérstöku afmörkuðu svæði. Nógu erfitt getur verið fyrir krakka að skera sig úr fjöldanum.

David Cameron, forsætisráðherra Bretlands, hefur lýst miklum áhyggjum af stöðu minnihlutahópa í breska skólakerfinu. Í því samhengi hefur hann bent á að ungir svartir karlmenn í Bretlandi eru líklegri til að lenda í fangelsi á lífsleiðinni en ljúka háskólaprófi. Hann hefur krafist þess að sjá gögn frá fremstu háskólum landsins, þar með töldum Oxford-háskóla, um hvernig umsóknir fólks af minnihlutahópum séu meðhöndlaðar.

Framtak Camerons er aðdáunarvert, og raunar nokkuð merkilegt miðað við hans eigin bakgrunn. Váleg tíðindi úr fangelsum og háskólum sýna líka að aðlögun að nýju samfélagi er langtímaverkefni. Því lýkur ekki með annarri kynslóð, heldur miklu síðar. Annað athyglisvert í því samhengi er að þeir sem líklegastir eru í Bretlandi til að ganga öfgaöflum, á borð við ISIS, á hönd eru gjarnan annarrar eða þriðju kynslóðar innflytjendur.

Þrátt fyrir að hafa alið alla sína hunds- og kattartíð í Bretlandi finnst þessu fólki það enn ekki vera hluti af heildinni.

Bretar hafa mörg hundruð ára reynslu af innflytjendum. Það höfum við Íslendingar ekki. Við eigum að líta til grannþjóðanna til að læra hvernig taka eigi á móti nýju fólki. Mistök annarra eru víti til varnaðar.

Dæmin úr skólunum benda til þess að við séum að reisa girðingar að óþörfu. Viðbrögð formanns Félags skólastjórnenda eru heldur ekki traustvekjandi. Hún telur að mál sem þessi eigi ekkert erindi í fjölmiðla og séu best afgreidd í kyrrþey.

Staðreyndin er hins vegar sú að skólakerfi sem neitar börnum um mat, skipar börnum sess eftir því hvað þau fá sér á matmálstímum og frábiður sér umfjöllun, er ekki líklegt til að taka umkvörtunum vel.

Auðvitað eru kerfi og ferlar nauðsynleg í umfangsmiklu skólastarfi. Kerfið þarf hins vegar að vera með manneskjulegt andlit. Þar skiptir fólkið á gólfinu öllu máli.

Þess vegna hefði átt að segja: „Auðvitað vina mín, fáðu þér pítsu.“

**Staðreyndin er hins vegar sú að skólakerfi sem neitar börnum um mat, skipar börnum sess eftir því hvað þau fá sér á matmálstímum og frábiður sér umfjöllun, er ekki líklegt til að taka umkvörtunum vel.**


## Kjósum um kjarasamning VR og FA

Rafræn atkvæðagreiðsla VR-félaga um nýgerðan kjarasamning við Félag atvinnurekenda hefst 16. febrúar kl. 8:00 og lýkur 24. febrúar kl. 12:00 á hádegi. Kjörgögn með nánari upplýsingum berast félagsmönnum á næstu dögum.

**Kjörstjórn VR**

VR | KRINGLUNNI 7 | 103 REYKJAVÍK | SÍMI 510 1700 | WWW.VR.IS

Virðing Réttlæti VR


Gunnar




## Mín skoðun Sif Sigmarsdóttir



# Heimurinn er ekki eins og hátísku-eldhús

Fyrir rúmu ári var því fagnað að aldarfjórðungur var liðinn frá falli Berlínarmúrsins og endalokum kalda stríðsins. Skugga bar á hátíðahöldin er þau stóðu sem hæst þegar Mikhaíl Gorbatsjov, fyrrverandi leiðtogi Sovétríkjanna, sagði á málþingi í Berlín að veröldin væri á barmi nýs kalds stríðs. „Sumir segja að það sé nú þegar hafið,“ bætti hann við.

Æ erfiðara verður að hunsa varnaðarorð Gorbatsjov og fleiri sem óskhyggju gamalla kaldastríðsjaxla sem komust aldrei yfir áfallið sem þeir urðu fyrir þegar í ljós kom að heimurinn er ekki eins og hátísku-eldhús: Svartur og hvítur, sléttur og felldur, markaður skýrum línum sem hanga saman á hörðum nöglum og einfaldri hugmyndafræði.

Fréttir vikunnar voru eins og blautar draumfarir Styrmis Gunnars og Björns Bjarna: Bretar hyggjast tvöfalda stærð flotans sem þeir leggja til Nató; Rússar stunda njósnir í Noregi; Nató íhugar að senda mörg þúsund hermenn til Austur-Evrópu. Og klæmaxið: Bandaríski herinn daðrar við að koma sér aftur fyrir á Miðnesheiði.

Fyrir þeim sem ólust ekki upp við yfirvofandi innrás Rauða hersins er ógnin um nýtt kalt stríð dálítið eins og ógnin um að sogast inn í sjónvarpstækið sitt. Hugtakið kalda stríðið vekur meiri hugrenningatengsl við sovéska boxarann Ivan Drago, fjandmann Rocky, en menn eins og Krústsjov og Brésnev. En kannski eru hugrenningatengsl við skáldskap einmitt ekki svo fjarri lagi þegar kemur að kalda stríðinu.

### Óvenjulegt verkefni

Aðeins nokkrum klukkustundum eftir að leiðtogafundi Ronalds Reagan Bandaríkjaforseta og Gorbatsjov lauk í Reykjavík í október 1986 hringdi Reagan í Margréti Thatcher, forsætisráðherra Breta, til að gefa henni skýrslu. Á fundinum höfðu Reagan og Gorbatsjov meðal annars rætt afvopnunarmál. Fundinum var hins vegar slitið án niðurstöðu.

Í símtalinu setti Reagan járnfrúnni fyrir óvenjulegt verkefni.

Nýlega var leynd létt af skjölum Charles Powell, fyrrum ráðgjafa Margrétar Thatcher í utanríkismálum. Í minnisblaði sem merkt er „leyndarmál“ kemur fram hvað Reagan og Thatcher fór á milli eftir fundinn í Höfða.

Powell greinir frá að þau hafi rætt fækkun kjarnavopna, mál sem forsetanum var hugleikið en Thatcher var alfarið á móti. „Þegar forsætisráðherrann ítrekaði hversu mikilvæg kjarnavopn væru vegna fælingarmáttar þeirra í ljósi yfirburða Rússa á sviði hefðbundins herafla voru svör forsetans loðin,“ skrifar Powell. „Hann sýndi engin merki þess að hann hygðist víkja frá hugmyndum sínum um að vinna að því marki að losa heiminn við kjarnavopn innan tíu ára.“

Reagan var mjög í mun að hjálpa Thatcher að átta sig á ásetningi Sovétmanna og hugsunarhætti þeirra. Í leynilega minnisblaðinu segir Powell að Reagan hafi ítrekað reynt að fá Thatcher til að lesa bók eftir bandaríska spennusagnahöfundinn Tom Clancy sem kallaðist Red Storm Rising í þeim tilgangi að auka á skilning hennar. „Honum þótti greinilega mikið til bókarinnar koma,“ hafði Powell á orði.

### Rykfallnar skotgrafir

Sæluhrollur fer eflaust um einhverja nú þegar glittir í gamlar átakalínur. Rykfallnar skotgrafirnar er þeim jafnljúft að heimsækja og æskuheimilið. Kannski að þar hvíli tilgangurinn sem týndist – já, og fylgið sem hvarf.

En áður en leikar æsast er rétt að benda áhugasömum á að finna sér heldur fróun í Rocky IV – eða Tom Clancy – í stað þess að draga okkur hin með í pólitískan hildarleik. Sama hver endalok nýs kalds stríðs yrðu er niðurstaða átaka alltaf á einn veg – eða eins og Ivan Drago orðaði það: „Jú vill lús.“

FRÉTTABLAÐIÐ **ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR**: Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Fanney Birna Jónsdóttir *fanney@frettabladid.is*, Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is.* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871
**FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is* og Viktoría Hermannsdóttir *viktoria@frettabladid.is*
**MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Raforkuflutningskerfi í línulegu reipitogi



Magnús Rannver Rafnsson
verkfræðingur

Umræða um raforkuflutningskerfi er í reiptogi þar sem andstæðar fylkingar fylkja sér á sín á hvorn enda reipis og toga af öllu afli, hvor í sína áttina. Þetta endurspeglar línulega umræðu sem hefur verið ráðandi. Ekkert utan línunnar er í sjónsviði deilandi fylkinga, einungis það sem er akkúrat í þröngum línufarveginum. Öll orka fer í það að toga í andstæðar áttir. Í íslenska heiminum okkar er þetta auðvitað alls ekki furðulegt heldur regla.

Mig langar að varpa örlítilli ljósglætu á mikilvægt innviðakerfi sem er í miklum ógöngum; raforkuflutningskerfið. Deilur ofan á deilur eru megineinkennið og hafa verið um alllangt skeið. Á öðrum enda reipisins er samfélagið með styrk fjöldans, venjulegt fólk sem fleygir sér í örvæntingu á annan enda reipisins og grátbiður um nýjar lausnir. Á hinum enda reipisins er fámennur hagsmunahópur sem fær styrk sinn af peningum – okkar peningum – en virðir þó á engan hátt okkar óskir.

Í raun er staðan sem við horfum upp á í dag mjög alvarleg, en fullkomlega eðlileg afleiðing af þeim stjórnunarháttum sem hafa verið viðhafðir í starfsemi ríkisfyrirtækisins Landsnets og ætti ekki að koma neinum á óvart. Deilur um raforkuflutningskerfi eru fyrst og síðast afleiðing af aðferðafræði sem ekki gengur upp fyrir íslenskt samfélag í dag, aðferðafræði sem á rætur í tíma þegar kerfin voru smá í sniðum og birtust okkur í tréstaurum og sveitarómantík. Þeir tímar eru liðnir. Í dag er um að ræða stórtæka mannvirkjagerð og umhverfisáhrif hennar. Þótt rafmagnsþörf sé orsökin fyrir öllu saman, þá snúast umhverfisáhrifin sem slík ekkert um rafmagn. Enginn ræðir lengur möguleg krabbameinsvaldandi áhrif háspennulína, sú umræða var nokkuð hávær fyrir allmörgum árum síðan.

Það verður að horfast í augu við þá staðreynd að það hefur mistekist að aðlaga raforkuflutningskerfin að nútímanum, þess vegna fyrst og fremst er fólk ósátt. Það skortir umhverfisvænar lausnir og það skortir hagkvæmari lausnir og úrvinnslu. Það hefur skort á hvata til nýsköpunar sem hefur hamlað tækniframförum og það skortir verulega jákvæða framtíðarsýn fyrir og í sátt við samfélagið. Afleiðingin er stöðnun. Allt eru þetta klassísk einkenni þess sem einokun og fákeppni getur af sér.

Upp að vissu marki hentar það umhverfissinnum vel að Landsnet skuli í raun enn ekki hafa gert neinar sýnilegar breytingar á sinni aðferðafræði við hönnun og uppbyggingu raforkuflutningskerfisins. Það auðveldar umhverfissinnum til muna að afla stuðnings í baráttunni gegn vaxandi orkuvæðingu landsins og neikvæðum umhverfisáhrifum hennar. Landsnet gerir þessum öflum að því leytinu til mikinn greiða.

**Uppbygging í skjóli einokunar**

Að sama skapi gerir Landsnet móðurfélagi sínu, Landsvirkjun, mikinn óleik, því vinnubrögð flutningsfyrirtækisins, sem hyggur á stórtæka uppbyggingu raforkuflutningskerfisins í skjóli einokunar, eru allt annað en líkleg til sátta á þessu mikilvæga innviðasviði. Staðreyndir tala sínu máli í þeim efnum. Landsnet hefur einfaldlega í of langan tíma að of litlu leyti tekið tillit til umhverfissjónarmiða og samfélagslegra hagsmuna í sínum lausnum. Afraksturinn er sá að þetta ríkisfyrirtæki er búið að fá stóran hluta þjóðarinnar upp á móti sér, en hefur haft mörg tækifæri til þess að brjóta upp fyrirkomulagið sem unnið er eftir. Það er með engu móti hægt að sjá að þessi vinnubrögð þjóni einu sinni hagsmunaaðilum á orkusviði, hvað þá venjulegu fólki.

Það er í raun athyglisvert að hagsmunaaðilar á orkusviði láti sér þetta lynda ár eftir ár. Að mínu mati er ríkisfyrirtækið Landsnet búið að stórskaða þennan iðnað, orkuiðnaðinn, og ímynd hans á tuttugustu og fyrstu öldinni. Í algleymi umræðu um endurnýjanlega orkugjafa, sem munu þrýsta verulega á stækkun flutningskerfa út um allan heim, er þetta ekki góð staða. Það væri hægt að gera svo miklu betur í þessum efnum og að vissu leyti sorglegt að horfa upp á hvernig þessi mál þróast þessi misserin og hvernig tækifærin fara forgörðum.

Sátt er hvergi nærri í sjónmáli á meðan Landsnet heldur að okkur hinum hefðbundnu lausnum sínum. Á meðan fyrirtækið kemur sér undan því að bjóða upp á umhverfisvænar og jafnframt hagkvæmar lausnir, er útilokað að á komist sátt. Það er ekki hægt að tala bara um að það þurfi meiri sátt en leggja ekkert til, það þarf að gera breytingar. Og það þarf ekki bara að gera ogguponsulitlar breytingar, það þarf að gera stórtækar breytingar á mörgum sviðum þegar kemur að raforkuflutningskerfum, staðan er óviðunandi.

Hvernig væri að byrja í dag?

Hinn sami er Drottinn allra, fullríkur fyrir alla sem ákalla hann...
www.versdagsins.is

BOSCH SIEMENS

Veldu yfirburði!

Siemens og Bosch í 19 af 20 efstu sætunum!

Í úttekt danska neytendablaðsins Tænk (2015), þar sem teknar voru til skoðunar 50 uppþvottavélar frá ýmsum framleiðendum, voru yfirburðir Siemens og Bosch algjörir. Hér fyrir neðan eru þær uppþvottavélar sem lentu í efstu sætunum.



1. sæti BOSCH SMU 51M12SK *fæst hjá: BOSCH BÚÐIN
2. sæti SIEMENS SN 45M209SK *fæst hjá: SMITH & NORLAND
3. sæti SIEMENS SN 478S01TS *fæst hjá: SMITH & NORLAND
4. sæti BOSCH SMU 53M72SK *fæst hjá: BOSCH BÚÐIN
5. sæti SIEMENS SN 45M231SK
6. sæti BOSCH SMP 68M05SK (stál)
7. sæti BOSCH SMP 68M02SK
8. sæti BOSCH SMU 69T42SK
9. sæti BOSCH SMU 69T45SK
10. sæti BOSCH SMU 50M62SK
11. sæti SIEMENS SN 46T597SK
12. sæti SIEMENS SN 46T297SK
13. sæti SIEMENS SN 45M207SK *fæst hjá: SMITH & NORLAND
14. sæti BOSCH SMU 50M96SK *fæst hjá: BOSCH BÚÐIN
15. sæti BOSCH SMU 50M92SK
16. sæti BOSCH SMU 50M95SK *fæst hjá: BOSCH BÚÐIN
17. sæti SIEMENS SN 45M507SK *fæst hjá: SMITH & NORLAND
18. sæti SIEMENS SN 44D202SK
19. sæti Annar framleiðandi en Bosch eða Siemens.
20. sæti BOSCH SMU 50E52SK

BOSCH BÚÐIN
Hlíðasmára 3 · Sími 520 3090
www.bosch.is

SMITH & NORLAND
Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is



100% Íslenskt ungnautahakk



200kr. Verðlækkun pr. kg

LÍKA HEILHVEITIVEFJUR



359 kr. pk.
**Santa Maria Wrap Tortilla**
Stórar vefjur, 6 stk.

1.698 kr. kg
**Íslandsnaut Ungnautahakk**
Verð áður 1898 kr. kg

298 kr. pk.
**Santa Maria Soft Tortilla**
Mjúkar vefjur, 8 stk.

# FLJÓTLEG OG GÓÐ MEXÍKÓVEISLA

450 grömm





ÍTALSKIR TÓMATAR





229 kr. 230 g
**Santa Maria**
**Taco Sauce,** 230 g, 3 teg.

359 kr. 350 g
**Santa Maria**
**Chunky Salsa,** 350 g, 3 teg.

79 kr. 400 g
**Euro Shopper Tómatar**
400 g, 2 tegundir

259 kr. 450 g
**Euro Shopper Tortilla Chips**
450 g, 2 tegundir

NÝBAKAÐ!



298 kr. 6 stk.
**Bónus Smáhringir**
Bleikir, 6 stk.

NÝBAKAÐ!



298 kr. 9 stk.
**Bónus Smáhringir**
Með súkkulaði, 9 stk.



259 kr. 770 g
**Bónus Heilkornabrauð**
770 g



298 kr. 1 l
**Almond Dream**
Möndlumjólk, 1 l



98 kr. 500 ml
**Viking Léttöl**
500 ml

HÁMARK PRÓTEINDRYKKUR



498 kr. 3x250 ml
**Hámark Próteindrykkur**
3x250 ml

4320 blöð



798 kr. 18 rl.
**Designer Salernispappír**
18 rúllur

Verð í þessari auglýsingu gilda til og með **14. febrúar** a.m.k.

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

FERSK BER

Í LAUSU

**1.479** kr. 500 g
**Bláber**
Perú, fersk, 500 g

**698** kr. 400 g
**Calinda Jarðarber,**
Spánn, fersk, 400 g

**219** kr. kg
**Appelsínur**
Beint frá Spáni

# SPARAÐU MEÐ BÓNUS

**359** kr. 2 l
**Bónus Ís**
3 tegundir, 2 l

**1.398** kr. kg
**Íslandsgrís Snitsel**
Í raspi, ferskt

**1.379** kr. kg
**Bónus Beikon**

**698** kr. kg
**SS Lambasúpukjöt**
2015 slátrun, frosið

**198** kr. 225 g
**Bláber**
Frosin, 225 g

ÍSLENSKT UNGNAUTAKJÖT

**2.998** kr. kg
**Íslandsnaut Piparsteik**
Ungnautasteik, fersk

**3.798** kr. kg
**Íslandslamb Fillet**
Ferskt

# BÓNUS EKKERT BRUÐL

**Opnunartími í Bónus:** Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00



Fyrirliðar eru Gunnhildur Gunnarsdóttir hjá Snæfelli og Íris Sverrisdóttir hjá Grindavík.

Fyrirliðar karlaliðanna eru Emil Karel Einarsson hjá Þór og Brynjar Þór Björnsson hjá KR.

## Hver verður bikarmeistari kvenna 2016?

**Helena Sverrisdóttir, Haukum**
**Grindavík +3 (76-73)**
Best: Petrúnella Skúladóttir, Grindavík

**Pálína Gunnlaugsdóttir, Haukum**
**Grindavík +1 (65-64)**
Best: Petrúnella Skúladóttir, Grindavík

**Bergþóra Holton Tómasdóttir, Val**
**Snæfell +12 (76-64)**
Best: Haiden Denise Palmer, Snæfelli

**Sandra Lind Þrastardóttir, Keflavík**
**Snæfell +8 (75-67)**
Best: Bryndís Guðmundsdóttir, Snæfelli

**Margrét Kara Sturludóttir, Stjörnunni**
**Snæfell +9 (72-63)**
Best: Bryndís Guðmundsdóttir, Snæfelli

**Ragna Margrét Brynjarsdóttir, Stjörnunni**
**Snæfell +7 (75-68)**
Best: Gunnhildur Gunnarsdóttir, Snæfelli

**Íris Ásgeirsdóttir, Hamri**
**Snæfell +5 (69-64)**
Best: Haiden Denise Palmer, Snæfelli

**Guðrún Ósk Ámundadóttir, Skallagrími**
**Grindavík +7 (67-60)**
Best: Sigrún Sjöfn Ámundadóttir, Grindavík

## Hver verður bikarmeistari karla 2016?

**Valur Orri Valsson, Keflavík**
**KR +7 (90-83)**
Bestur: Michael Craion, KR

**Marvin Valdimarsson, Stjörnunni**
**KR +7 (90-83)**
Bestur: Helgi Már Magnússon, KR

**Emil Barja, Haukum**
**KR +2 (89-87)**
Bestur: Ægir Þór Steinarsson, KR

**Haukur Helgi Pálsson, Njarðvík**
**KR +17 (87-70)**
Bestur: Pavel Ermolinskij, KR

**Pétur Rúnar Birgisson, Tindastól**
**KR +8 (86-78)**
Bestur: Ægir Þór Steinarsson, KR

**Jón Axel Guðmundsson, Grindavík**
**Þór +3 (77-74)**
Bestur: Ragnar Nathanaelsson, Þór

**Sigurður Þorvaldsson, Snæfelli**
**KR +5 (88-83)**
**Bestur: Ægir Þór Steinarsson, KR**

**Sveinbjörn Claessen, ÍR**
**Þór +1 (83-82)**
Bestur: Ragnar Örn Bragason, Þór

# Langþráðir bikarar á leiðinni?

**Það verður körfuboltaveisla í Laugardalshöll í dag þegar bikarúrslitaleikirnir fara fram. Íslandsmeistarar KR og Snæfells bæta bikarnum við í dag ef marka má spá leikmanna sem Fréttablaðið leitaði til.**

Óskar Ófeigur Jónsson
ooj@frettabladid.is



**KÖRFUBOLTI** Bikarúrslitaleikjadagurinn er runninn upp og fyrstu stóru bikarar körfuboltatímabilsins fara á loft í Laugardalshöllinni í dag. Karlalið KR og kvennalið Snæfells hafa hvort um sig unnið bæði Íslandsmeistaratitilinn og deildarmeistaratitilinn undanfarin tvö tímabil en hvorugt liðið hefur náð að fagna bikarmeistaratitli.

### Fá öll atkvæði nema tvö

Fréttablaðið fékk leikmenn úr Domino's deildunum til þess að spá fyrir um úrslitin í bikarúrslitaleikjunum sem fara fram í Laugardalshöllinni í dag. KR verður bikarmeistari karla en sex af átta leikmönnum Domino's deildar karla sem tóku þátt í könnun okkar spá KR-sigri á móti Þór í úrslitaleiknum í dag. Þeir tveir sem spá sigri Þórs sjá einnig fyrir sér rosalegar lokasekúndur.

Annar þeirra sem hefur trú á Þórsliðinu er Grindvíkingurinn Jón Axel Guðmundsson sem spáir dramatískum endi í dag. „Dabbi Kóngur setur þrist og skilur 2,4 sekúndur eftir á klukku, 77-74. KR klúðrar lokaskotinu,“ segir Jón Axel. ÍR-ingurinn Sveinbjörn Claessen spáir Þór einnig dramatískum sigri eftir sigurkörfu frá manni leiksins, Ragnari Þór Bragasyni.

Marvin Valdimarsson spáir KR sigri þótt að Suðurlandstaugarnar togi vel í hann. „Eins mikið og ég vil að Þórsarar vinni þennan leik og bikarinn fari suður með sjó þá hef ég þá tilfinningu að KR-ingar sigri í nokkuð jöfnum leik. Það verður jafnræði allt fram í lok þriðja leikhluta en þá fara Vesturbæingar að síga fram úr með sínum hraða bolta og sterkri vörn,“ segir Marvin.

„KR eru með meiri reynslu úr úrslitaleikjum og það á eftir að gera gæfumuninn í þessum leik. Svo held ég líka að þeir séu alveg rosalega hungraðir þar sem þeim hefur mistekist að vinna bikarinn síðustu ár og það á eftir að hjálpa þeim að „mótivera“ sig," segir Snæfellingurinn Sigurður Þorvaldsson.

### Fá fimm af átta atkvæðum

Úrslitaleikurinn hjá konunum verður aðeins tvísýnni því fimm af átta spá Snæfelli sigri í leiknum.

Pálína Gunnlaugsdóttir vann bikarinn með Grindavík í fyrra og hún býst við því að Grindavíkurstelpurnar vinni hann án hennar í ár. „Vörn tekur þennan titil og Petrúnella Skúladóttir á eftir að leiða liðið sitt í sókninni til sigurs annað árið í röð,“ segir Pálína.

Liðsfélagi hennar Helena Sverrisdóttir hefur einnig trú á Petrúnellu og Grindavíkurliðinu. Grindavíkurliðið sýndi styrk sinn með því að vinna mjög öflugt lið Hauka í átta liða úrslitum.

Hamarskonan Íris Ásgeirsdóttir hefur aftur á móti meiri trú á Snæfelli. „Þetta verður jafn leikur sem mun einkennast af stífum varnarleik hjá báðum liðum, en Snæfell mun hafa betur í lokin,“ segir Íris. Hún telur að Haiden Denise Palmer verði valin best og Valskonan Bergþóra Holton Tómasdóttir er sammála henni með það.

Sandra Lind Þrastardóttir úr Keflavík og Margrét Kara Sturludóttir úr Stjörnunni spiluðu báðar á sínum tíma með Bryndísi Guðmundsdóttur og þær hafa trú á Bryndísi og liðsfélögum hennar úr Snæfelli. Báðar eru þær líka á því að Bryndís verði valin maður leiksins.

Ragna Margrét Brynjarsdóttir spáir einnig Snæfelli sigri en að Gunnhildur Gunnarsdóttir muni eiga stórleik.

Kvennaleikurinn hefst 14.00 en karlaleikurinn 16.30.

**Miðstöð íslenskra bókmennta auglýsir eftir umsóknum um**

**útgáfu- og þýðingastyrki**

Útgáfustyrkjum er ætlað að styðja við útgáfu og miðlun íslenskra ritverka.

Þýðingastyrkjum er ætlað að stuðla að þýðingum erlendra fagurbókmennta og fræðirita á íslensku.

Umsóknarfrestur er til 15. mars 2016.

*Umsóknareyðublöð og nánari upplýsingar eru á heimasíðu Miðstöðvar íslenskra bókmennta, www.islit.is*

MIÐSTÖÐ ÍSLENSKRA BÓKMENNTA
ICELANDIC LITERATURE CENTER

## Nýjast

### Olís-deild kvenna

**Stjarnan - Haukar 16-25**

**Stjarnan:** Solveig Lára Kjærnested 6, Helena Rut Örvarsdóttir 6, Esther Viktoría Ragnarsdóttir 1, Ntaly Sæunn Valencia 1, Stefanía Theodórsdóttir 1/1.
Varin skot: Florentina Stanciu 8, 31%, Heiða Ingólfsdóttir 3, 30%.
**Haukar:** Ramune Pekarskyte 6, Jóna Sigríður Halldórsdóttir 4, Maria ines de silve Pereira 4, María Karlsdóttir 3, Ragnheiður Ragnarsdóttir 3, Ragneheiður Sveinsdóttir 2, Karen Helga Díönudóttir 2/1, Erla Eiríksdóttir 1.
Varin skot: Elín Jóna Þorsteinsdóttir 19, 58%, Tinna Húnbjörg Einarsdóttir 2, 50%.

### Staðan

| Efst | | Neðst | |
|---|---|---|---|
| Haukar | 32 | Fylkir | 16 |
| Grótta | 31 | HK | 11 |
| ÍBV | 30 | Fjölnir | 10 |
| Valur | 28 | KA/Þór | 7 |
| Fram | 27 | FH | 7 |
| Stjarnan | 26 | ÍR | 6 |
| Selfoss | 20 | Afturelding | 3 |

### EIÐUR SAMDI VIÐ MOLDE

Eiður Smári Guðjohnsen er búinn að finna sér félag út tímabilið og rúmlega það því hann skrifaði undir eins árs samning við norska félagið Molde í gær.

Hann verður þar undir stjórn Ole Gunnar Solskjær sem gerði garðinn frægan með Man. Utd á sínum tíma.

Eiður Smári lék síðast í Kína en mun að öllum líkindum enda ferilinn í Noregi.

„Það er svona rúm vika síðan ég vissi af áhuga Molde en svo sendi Solskjær mér skilaboð og spurði hvort það væri í lagi að hann myndi hringja í mig og spjalla um þann möguleika að ég kæmi yfir og spilaði fyrir hann hjá Molde,“ segir Eiður í samtali við íþróttadeild en hann fór á æfingu með liðinu í gær. Það var áhugi á honum frá Asíu.



„Mér leið vel þar en það var bara langt í burtu. Ég er með lítið barn og vildi því vera nær.“

## Í dag

| | | |
|---|---|---|
| 12.35 | **Sunderl. - Man. Utd** | Sport 2 |
| 14.50 | **Everton - WBA** | Sport3 |
| 14.50 | **Swansea - South.** | Sport 2 |
| 14.50 | **Real M. - Bilbao** | Sport |
| 17.20 | **Chelsea - Newcastle** | Sport |
| 18.00 | **AT&T-mótið** | Golfstöðin |
| 19.40 | **Juventus - Napoli** | Sport |
| 17.30 | **Southam. - West Ham** | Sport 2 |
| 17.30 | **Leverkusen - Bayern** | Sport |
| 13.30 | **Grótta - Selfoss** | Hertz-höllin |
| 13.30 | **FH - HK** | Kaplakriki |
| 13.30 | **ÍR - Fjölni** | Austurberg |
| 13.45 | **KA/Þór - ÍBV** | KA-heimilið |
| 14.00 | **Grindavík - Snæfell** | Höllin |
| 16.30 | **KR - Þór Þ.** | Höllin. |

## Á morgun

| | | |
|---|---|---|
| 11.25 | **AC Milan - Genoa** | Sport |
| 11.50 | **Arsenal - Leicester** | Sport 2 |
| 13.55 | **A. Villa - Liverpool** | Sport 2 |
| 16.05 | **Man. City - Tottenh.** | Sport 2 |
| 16.30 | **Augsburg - Bayern** | Sport |
| 18.00 | **AT&T-mótið** | Golfstöðin |
| 18.25 | **Flensburg - Kiel** | Sport |
| 18.25 | **Flensburg - Kiel** | Sport |
| 19.25 | **Barcelona - Celta Vigo** | Sport3 |
| 19.40 | **Fiorentina - Inter** | Sport4 |
| 01.00 | **NBA-stjörnuleikur** | Sport |
| 13.30 | **UMFA - Fram** | N1-höllin |

# TAKK FYRIR OKKUR!

**Vörður fékk hæstu einkunn tryggingafélaga í Íslensku ánægjuvoginni**

Við leggjum mikinn metnað í þjónustuna því ánægja viðskiptavina okkar skiptir öllu máli. Við tökum því stolt við þessari viðurkenningu frá Íslensku ánægjuvoginni.

Takk fyrir okkur kæru viðskiptavinir.

ÍSLENSKA ÁNÆGJUVOGIN

2012 - 2015 Framúrskarandi fyrirtæki

JAFNLAUNA-VOTTUN VR

VR-13-019

vörður



Alma Sigurðardóttir, Þórarinn Hjálmarsson, Marta Kristín Jónsdóttir og Harpa Þrastardóttir eru í hópnum sem stendur að bingóinu í dag. Fjölmargir vinningar eru í boði fyrir þá sem eru heppnir. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR




# Bingó fyrir góðan málstað

## Góðgerðarbingó til styrktar sumarbúðunum í Reykjadal verður haldið á Háskólatorgi í dag.

**Viktoría Hermannsdóttir**
viktoria@frettabladid.is

Allir sem kunna tölurnar geta tekið þátt," segir Alma Sigurðardóttir, einn skipuleggjenda í góðgerðarbingói sem fram fer á Háskólatorgi í dag. Bingóið er haldið til styrktar sumarbúðunum í Reykjadal og allur ágóði rennur óskiptur til þeirra. „Við sitjum öll námskeið við viðskiptafræðideildina sem heitir Samvinna og árangur. Þetta líkist þessum raunveruleikaþáttum um fjáröflun. Þetta gengur allt út á það að við vinnum saman sem hópur að fjáröflun og við völdum að styrkja Reykjadal. Við skiptum okkur niður í hópa og erum öll með mismunandi verkefni til þess að safna. Okkar hópur var að selja pítsur í gær á Háskólatorgi og við héldum annað bingó í vikunni fyrir háskólanema," segir Alma. Mikil þörf er á að styrkja starfsemi Reykjadals. „Það er kominn tími á framkvæmdir þarna og það eru mjög langir biðlistar. Við vildum leggja okkar af mörkum," segir hún.

Hópurinn hefur safnað tugum vinninga frá fjölmörgum fyrirtækjum fyrir bingóið. „Við erum með gríðarlegan fjölda vinninga. Við höfðum samband við heilan helling af fyrirtæjum og það tóku allir mjög vel í þessa bón okkar. Við erum þakklát fyrir hvað allir tóku vel í þetta. Þetta er allt frá gjafabréfum fyrir ís upp í hótelgistingu. Það er líka hvalaskoðun, bækur, leikföng, alls konar upplifanir, skartgripir, snyrtivörur og fleira í vinninga."

Bingóstjórinn er Lalli töframaður en bingóið hefst á Háskólatorgi klukkan 13 og stendur til 15. „Það verður almenn gleði og skemmtilegheit, við hvetjum alla til að koma."

# TAKK FYRIR OKKUR!

**Við fengum toppeinkunn í Íslensku ánægjuvoginni**

Nú er svo sannarlega ástæða til að brosa. Enn og aftur berast þær gleðifréttir að enginn banki fékk hærri einkunn en við frá viðskiptavinum sínum í Íslensku ánægjuvoginni.

Við erum bæði stolt og þakklát viðskiptavinum fyrir viðurkenninguna, því við tókum ákvörðun: **Að veita bestu bankaþjónustu á Íslandi,** svo þú eigir auðveldara með að taka þínar ákvarðanir.

Við bjóðum góða þjónustu

ÍSLENSKA ÁNÆGJUVOGIN 2013

ÍSLENSKA ÁNÆGJUVOGIN 2014

ÍSLENSKA ÁNÆGJUVOGIN 2015

Íslandsbanki

ENNEMM / SÍA / NM73597

## Ungbarnagalli á 0-3 mánaða í íslenskri verslun




# Konur borga meira fyrir það sama

Bandarísk rannsókn sýnir að vörur markaðssettar til kvenna eru verðlagðar hærra en sambærilegar vörur markaðssettar til karla. Að meðaltali borga konur 7% meira en karlar fyrir sambærilegar vörur. Einföld, óformleg vettvangsrannsókn leiddi í ljós að mörg slík dæmi er að finna hér á landi. Í þessari umfjöllun birtast nokkur þeirra.

Ólöf Skaftadóttir
olof@frettabladid.is



Bleikur skattur, eins og hann er kallaður, er tvenns konar. Annars vegar er um að ræða neytendavörur sem eru hærra verðlagðar til kvenna en karla. Þetta er ekki eiginlegur skattur heldur mismunur í verðlagningu. Tekjurnar renna ekki í ríkissjóð heldur til þeirra fyrirtækja sem framleiða og selja vörurnar. Hins vegar er um að ræða eiginlegan skatt sem stjórnvöld leggja á vörur eða þjónustu. Þar er nærtækast að nefna sem dæmi túrskattinn, þ.e. tolla og virðisaukaskatt á dömubindi, túrtappa og sambærilegar vörur. Slíkur skattur rennur beint í ríkissjóð og það er á færi stjórnvalda að breyta skattinum,“ segir Katrín Anna Guðmundsdóttir, viðskipta- og markaðsfræðingur og kynjafræðingur.

Katrín Anna segir alveg óhætt að tala um bleikan skatt sem eina birtingarmynd kynjamisréttis. „Það sem konum svíður er ekki bara það að vörur sem eru markaðssettar til kvenna eru verðlagðar hærra heldur í ofanálag eru konur með lægri laun en karlar. Munurinn í ráðstöfunartekjum verður því enn meiri fyrir vikið.“

Hún segir hægt að breyta þessu ef viljinn er til staðar. Ólíkar aðgerðir þurfi þó til eftir því hvort um er að ræða eiginlegan skatt eða mismunandi verðlagningu. „Það er hægt að breyta lögum til að afnema eða samræma skattinn. Það er þó ekki samstaða um að afnema til dæmis túrskattinn og þar togast á tvö mismunandi sjónarmið. Annars vegar það að þetta sé kvennaskattur sem er eingöngu lagður á konur þar sem um sé að ræða nauðsynjavöru sem konur verða að kaupa vegna líffræðilegs hlutverks sem karlar hafa ekki. Á móti vega skattasjónarmið þar sem almennt er talið að allar vörur ættu að vera í sama virðisaukaskattsþrepi og undanþágur ættu að vera eins fáar og unnt er. Í því samhengi hefur verið bent á að hætta á mismunun felst einmitt í undanþágum,“ útskýrir Katrín Anna og bætir við: „Það er í sjálfu sér alveg rétt, hættan á mismunun felst í undanþágum, en að mínu mati vega kynjasjónarmiðin þyngra í þessu tilviki þar sem til sanns vegar má færa að karlar eru undanþegnir þessum skatti og því felst mismunun í skattlagningunni.“

**BLEIKUR SKATTUR?**

Hún bendir á að þegar um er að ræða mismunandi verðlagningu hafi stjórnvöld ekki sömu úrræði eða aðkomu til að breyta. „Verðlagningin er í höndum fyrirtækja. Á Íslandi eru þó í gildi lög sem banna mismunun í verðlagningu á vörum eða þjónustu á grundvelli kyns. Með þeim lögum varð til að mynda ➡

**Í OFANÁLAG ERU KONUR MEÐ LÆGRI LAUN EN KARLAR. MUNURINN Í RÁÐSTÖFUNARTEKJUM VERÐUR ÞVÍ ENN MEIRI FYRIR VIKIÐ.**

**AF HVERJU ERUM VIÐ SITT MEÐ HVORA RAKVÉLINA FYRIR KONUR OG KARLA? AF HVERJU MISMUNANDI KREM, SVITALYKTAREYÐI EÐA HÁRLITUNAREFNI?**



Katrín Anna Guðmundsdóttir, viðskipta- og markaðsfræðingur og kynjafræðingur





# REYKJAVÍK » KÓPA~~VOGUR~~SKER

## ÞÚ FINNUR EKKI FYRIR KÍLÓMETRUNUM

## CITROËN C4

Það er auðvelt að gleyma sér við akstur þegar maður er á liprum, sparneytnum og þægilegum Citroën C4. Hönnun hans er í senn hagnýt og grípandi. Ekki nóg með það heldur er hann búinn nýrri Puretech vél sem nýverið hlaut eftirsótta titilinn Vél ársins (International Engine of the Year). Margverðlaunaða Puretech vélin sameinar frábæra frammistöðu, lága eyðslu og litla koltvísýringslosun. Citroën C4 er fáanlegur með nýrri sex þrepa sjálfskiptingu sem hefur fengið mikið lof.

Sérstaða Citroën C4 felst jafnframt í fjölmörgum smáatriðum sem hámarka þægindi ökumanns og farþega. Má þar nefna 7" snertiskjá í mælaborði, tölvustýrða miðstöð, fjölstillanleg sæti sem eru einstaklega þægileg, frábæra hljóðeinangrun, hraðastilli og nýja kynslóð LED ljósa.

VERÐ FRÁ EINUNGIS **2.990.000** KR.

Komdu í reynsluakstur

CRÉATIVE TECHNOLOGIE

INTERNATIONAL engine of the year awards 2015

brimborg

*Öruggur staður til að vera á*

citroen.is

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040 I Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050

CITROËN

Brimborg og Citroën áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.

➡ óheimilt að hafa mismunandi tryggingariðgjöld fyrir konur og karla. Það er þó erfiðara að ætla að láta þau lög ná yfir t.d. mismunandi verðlagningu á rakvélum því þar er um að ræða vörur sem eru bæði í mismunandi pakkningum og mismunandi að lögun og lit. Það er því ekki hægt að leysa vandamálið með bleika skattinn alfarið með lagasetningu heldur þarf bæði mikla kvennabaráttu og neytendavakt til að fá þessu breytt,“ segir hún.

Katrín Anna segir jafnframt að í raun og veru séu furðulegt hversu mikil kynjaskipting sé í vöruúrvali. „Af hverju erum við sitt með hvora rakvélina fyrir konur og karla? Af hverju mismunandi krem, svitalyktareyði eða hárlitunarefni? Þetta er í raun algjör óþarfi og það væri mikill ávinningur af því að útrýma þessari aðskilnaðarstefnu á milli kynja sem við erum föst í.

Katrín Anna segir baráttuna gegn bleika skattinum ekki hafa verið áberandi á Íslandi þó það sé að verða meiri vakning um hann. Hún segir stjórnvöld þegar hafa breytt sumu. „Til dæmis voru tollar á dömubindi og túrtappa afnumdir um síðustu áramót. Það munar þó meira um virðisaukaskattinn. Ég efast síðan um að framleiðendur og seljendur vöru og þjónustu sem er verðlögð hærra til kvenna en karla hafi frumkvæði að því að afnema bleika skattinn hjá sér. Ég held að það þurfi mikinn þrýsting til.“

## Af hverju gæti munurinn stafað – ef ekki bleikum skatti?



Blaðamaður heimsótti nokkrar verslanir og hárgreiðslustofur á höfuðborgarsvæðinu, sérstaklega í leit að dæmum um kynjaða verðskrá. Aðrar ástæður fyrir verðmun geta verið sendingarkostnaður, vinna í klukkustundum talin, efniskostnaður, mismunandi verðlagning vörumerkja frá framleiðendum, breytingar á lögum um tolla og gjöld sem nýlega tóku gildi svo eitthvað sé nefnt. Stutt vettvangsrannsókn leiddi þó í ljós mörg dæmi um að vörur eða þjónusta sem ætluð er konum eða stelpum var dýrari en sambærilegar vörur ætlaðar körlum eða drengjum, svo ekki var um villst.

**Neytendastofnun í New York-ríki birti skýrslu um rannsókn á bleikum skatti, sem var undirrituð af Bill de Blasio borgarstjóra, í desember 2015.** Rannsóknin sem heitir From Cradle to Cane: The Cost of Being a Female Consumer leiddi í ljós að konur borga að meðaltali 7% hærra verð en karlar fyrir sambærilega vöru. Rannsakendur báru saman um 800 vörur, sem auðsýnilega var beint að kvenkyns neytendum annars vegar og karlkyns neytendum hins vegar. Vörurnar voru af ýmsum toga, sem fólk notar á öllum stigum lífsins – allt frá barnaleikföngum til fullorðinsbleyja.



Þorgerður segir að fyrirtæki verði að hafa hvata til þess að breyta hjá sér verðlagningunni. Ef enginn kvarti sé sá hvati ekki til staðar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Trúa gjarnan að þetta séu undantekningar

„Ég held að hin svokölluðu markaðslögmál leiti að sem mestum ávinningi og ef enginn kvartar er spurning hvaða hvata fyrirtæki hafa til að breyta hlutum. Umræða og þekking á þessum tilvikum er því mjög mikilvæg, sömuleiðis að skapa þrýsting á þá aðila sem um ræðir,“ segir Þorgerður Einarsdóttir, prófessor við Háskóla Íslands.

*Af hverju viðgengst þetta enn?*
„Ein ástæða þess að við erum sein að fatta hlutina er að við erum iðulega að horfa á einstakar birtingarmyndir á þessum hlutum, mörgum finnst þau óttaleg smáatriði ein og sér, og trúa gjarnan að þau séu undantekningar. Það þarf nefnilega skipulega og kerfisbundna skoðun til að sjá stóru myndina og mynstrið eins og það í raunninni er. En það er að einhverju leyti þjálfunaratriði, þegar fólki hefur verið bent á þetta mynstur þá fer það ekki eins auðveldlega fram hjá því,“ útskýrir Þorgerður og segir samþættingu kynjaog jafnréttissjónarmiða og kynjaða fjárhagsáætlunargerð verkfæri þróað til að hjálpa okkur að gera svona hluti sýnilega og bregðast við þeim.

**VIÐ ERUM IÐULEGA AÐ HORFA Á EINSTAKAR BIRTINGARMYNDIR Á ÞESSUM HLUTUM, MÖRGUM FINNST ÞAU ÓTTALEG SMÁATRIÐI EIN OG SÉR.**
Þorgerður Einarsdóttir, prófessor við Háskóla Íslands

## Íslenskur útivistarfatnaður




# Neytendur eiga ekki að láta bjóða sér þetta lengur

Það að vara sem beint er að kvenkyninu sé dýrari en sama vara sem beint er að karlkyninu er algjörlega fáránlegt,“ segir Björt Ólafsdóttir, þingmaður Bjartrar framtíðar.

„Fyrir það fyrsta finnst mér þessi tvíhyggju markaðshugsun óskaplega gamaldags. Mannlega litrófið er auðvitað svo miklu breiðara en að það rúmist í þessum tveimur kynjum. En væntanlega virkar þetta svona fyrst þetta er iðkað. Sölufólk kemst upp með það að selja það sem beint er að stúlkum og konum hærra verði en sams konar varning ætlaðan körlum og drengjum.“

Björt segir bestu leiðina til þess að sporna við þessu vera þá að neytendur létu einfaldlega ekki bjóða sér þetta lengur. „Að þeir veldu ódýrari kostinn fyrir sig sama hverjum varan væri ætluð. Það getur þó verið vandasamt, bæði vegna þess að það tekur fólk tíma og vinnu að bera saman verð og vera meðvitaður neytandi. Þetta getur líka verið erfitt þegar þú ert til dæmis með barn í eftirdragi og þið eruð að velja gjöf fyrir vin. Þú treður ekkert ódýra Star Wars-tannburstanum upp á barnið ef það vill heldur gefa Hello Kitty sem kostar meira því hann er ætlaður stelpum.“

Hún segir slík vörukaup þó ekki alltaf ganga upp. „Ég er til dæmis ekki að fara að velja ódýrari sturtusápuna sem ætluð er körlum einfaldlega því mér finnst lyktin ekki góð. En heilt yfir, þá hefur maður val.“

Aðspurð um hinn svokallaða túrskatt segir Björt hann í hæsta máta ósanngjarnan. „Til dæmis að túrtappar, bindi og nauðsynjavörur sem eingöngu konur þurfa að nota séu skattlagðar á þennan hátt. Þar á ríkið að koma að málum og lækka álögur.“

Hún heldur áfram: „En fyrir utan þetta allt er líka verið að bjóða okkur alls konar óþarfa. Hvað ætli meðal kona um sjötugt hafi til dæmis eytt miklu í svokölluð hrukkukrem sem mest hefur verið beint að konum? Á þess lags varningi er loksins búið að gera langa og ítarlega samanburðarrannsókn sem sýndi svo ekki verður um villst að þau virka ekki. Hvaða nafni sem þau nefnast. Hvort sem þau kosta 15.000 krónur dósin eða 1.500 krónur. Við getum í það minnsta þurrkað þau út af kynjaða kauplistanum okkar.“



Björt segir túrskattinn ósanngjarnan og að mannlega litrófið sé miklu breiðara en svo að það rúmist í tveimur kynjum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**FYRIR UTAN ÞETTA ALLT ER LÍKA VERIÐ AÐ BJÓÐA OKKUR ALLS KONAR ÓÞARFA. HVAÐ ÆTLI MEÐAL KONA UM SJÖTUGT HAFI TIL DÆMIS EYTT MIKLU Í SVOKÖLLUÐ HRUKKUKREM?**

## Herra- og dömuklippingar

| ÞJÓNUSTA | VERÐ |
|---|---|
| Dömuklipping - ný lína | 7.200 |
| Dömuklipping | 6.500 |
| Dömuklipping með þvotti | 6.900 |
| Herraklipping | 5.400 |
| Herraklipping með þvotti | 5.900 |

| DÖMUR | HERRAR |
|---|---|
| Er kominn tími til að skvísa sig upp? Klipping, litun eða strípur á glimrandi góðu verði. | Stutt eða sítt, hrokkið eða grátt þá gerum við þig skínandi flottan og fínan. |
| Verð frá 5.500 kr. | Verð frá 4.500 kr. |

| | |
|---|---|
| Herraklipping | 4.600 kr. |
| Dömuklipping | 5.100 kr. |

AGR Dynamics

Við bjóðum faglega og persónulega þjónustu við uppsetningu og rekstur **NAV viðskiptalausna**



Skráðu þig á morgunverðarráðstefnu **AGR Dynamics þann 23. febrúar** á nýju heimasíðunni okkar

## Við erum AGR Dynamics

AGR og Reynd hafa nú sameinast undir nafninu AGR Dynamics, við erum alþjóðlegt hugbúnaðarfyrirtæki og hjá okkur starfar öflugur hópur sérfræðinga við hugbúnaðarþróun og viðskiptaráðgjöf í Dynamics NAV viðskiptalausnum og AGR vörustjórnunarlausnum.

www.agrdynamics.is

NAV
Microsoft Dynamics

LS Retail

Microsoft Partner
Gold Application Development

# Nærmynd
# Birgitta Jónsdóttir

## Umdeild baráttukona

Viktoría Hermannsdóttir
viktoria@frettabladid.is

Birgitta Jónsdóttir er einn forsprakka og stofnenda stærsta stjórnmálaflokks landsins samkvæmt skoðanakönnunum. Segja má að Birgitta hafi verið ansi áberandi undanfarið en á dögunum sagði hún frá því að hún ætlaði að bjóða sig aftur fram til Alþingis vegna þess að henni fyndist óábyrgt að stökkva frá borði í miðri aðgerð og átti þar við stjórnarskrármálið. Áður hafði hún sagt að hún ætlaði sér bara að sitja tvö kjörtímabil á Alþingi.

En hver er Birgitta Jónsdóttir og hvaðan kemur hún?

Birgitta er fædd 17. apríl 1967 í Reykjavík. Hún hefur setið á þingi síðan 2009, fyrst fyrir Borgarahreyfinguna, síðan Hreyfinguna og loks Pírata.

Birgitta er dóttir Bergþóru Árnadóttur söngvaskálds og Jóns Ólafssonar, skipstjóra og útgerðarmanns, sem bæði eru látin. Birgitta ólst upp í Reykjavík og í Þorlákshöfn. Hún kláraði eitt ár í MH og er sjálfmenntuð í vefhönnun og vefþróun, grafískri hönnun og umbroti. Henni er margt til lista lagt og er fjöllistakona, rithöfundur, ljóðskáld, þýðandi og myndlistarmaður. Áður en hún tók sæti á þingi hafði hún meðal annars starfað við blaðamennsku og sem grafískur hönnuður. Hún hefur einnig haldið fjölda málverkasýninga og gefið út yfir 20 ljóðabækur á ensku og íslensku frá árinu 1989. Birgitta er mikil baráttumanneskja og hefur verið í forsvari fyrir samtökin Saving Iceland, Vina Tíbets, var sjálfboðaliði hjá Wikileaks auk þess sem hún er stjórnarformaður IMMI, svo eitthvað sé nefnt.

**Byrjaði snemma að yrkja**

„Hún er mjög góð og traust vinkona,“ segir Margrét Lóa Jónsdóttir, æskuvinkona Birgittu. Hún segir hana alltaf hafa verið mjög listræna. „Hún fór mjög snemma að yrkja ljóð. Hún hefur alltaf verið mjög listræn í sér, alltaf að teikna og mála líka. Mamma hennar hafði líka töluverð áhrif á hana, það var mikil músík á heimilinu.“

Birgitta hefur búið víða um heim, meðal annars á Nýja-Sjálandi, í Bretlandi, Noregi og Bandaríkjunum.

Vinir og samstarfsmenn lýsa Birgittu sem mikilli baráttukonu sem sé þó alls ekki allra. Hún er óhrædd við að synda á móti straumnum og fylgir eftir sínum baráttumálum. Og hún er svo sannarlega umdeild. „Birgitta er Birgitta. Það er ekki hægt að setja hana í neitt annað box,“ segir Daði Ingólfsson náinn vinur hennar. „Birgitta er einlæg. Það er enginn falskur tónn í henni, og ef maður væri skáld mundi maður kalla þann tón kraftbirtingarhljóm stjórnmálanna. En verandi hálfgerður ræfill getur maður bara lýst þessu sem áráttukenndri ást á réttlæti og virðingu með dassi af opineygu, steinhissa tómlæti gagnvart hlutum sem ekki skipta nokkru einasta máli,“ segir Daði og tekur fram að þessir eiginleikar séu jafnt hennar mesti kostur og stærsti galli. „Og ástæðan fyrir því að hún og Píratar hafa náð eins langt og raun ber vitni. Því hverjum er ekki sama um stjórnmálamenn og -flokka sem finnst mikilvægast að rökstyðja í pontu að betra sé að brjóta hið harðsoðna egg á mjóu hliðinni frekar en hinni breiðu og tilbúnir að leggja sál sína að veði fyrir útkomunni. Ásamt gervallri velferð þjóðarinnar.“

**Brennur fyrir málefnunum**

Margrét Lóa tekur undir þetta og segir hana duglega og vinnusama. Hún vakni yfirleitt eldsnemma og það sé alltaf mikið að gera hjá henni. Hún sé þó líka mikil fjölskyldumanneskja sem passar upp á að kúpla sig út reglulega og gefa sér tíma með fjölskyldunni. „Hún er ofboðslega dugleg, mjög fylgin sér og ákveðin,“ segir Margrét. Hún segir það ekki hafa komið á óvart að Birgitta færi út í stjórnmál. „Hún byrjaði mjög fljótt að vera meðvituð um þessi mál öll sömul. Henni finnst að fólk eigi að vera meðvitað og taka þátt í lýðræðissamfélagi. Taka ábyrgð og hugsa sjálfstætt.“

Birgitta stofnaði Pírataflokkinn á Íslandi ásamt þeim Smára McCarthy og Jason Katz árið 2012. Flokkurinn bauð í fyrsta skipti fram í Alþingiskosningunum 2013 undir listabókstafnum Þ og fékk 5,1% atkvæða og 3 þingmenn. Samkvæmt könnun MMR frá því í janúar sl. mældist fylgi flokksins þá 37,8 prósent.

Smári McCarthy segir hana brenna fyrir þeim málefnum sem hún vinnur að. „Hún setur alltaf sín hugðarefni í fyrsta farrými. Hún stendur á sínu og hefur ákveðnar hugsjónir og vill koma þeim á framfæri. Það er yfirleitt kostur en stundum galli. Það fylgir alltaf þegar maður hefur miklar hugmyndir um heiminn, þá er alltaf spurning hversu vel heimurinn tekur þeim. Þegar gengur vel að koma þeim á framfæri er það jákvætt og gott en stundum getur það verið erfitt.“



**Fædd** Reykjavík, 17. apríl 1967
**Foreldrar** Jón Ólafsson d. 1987 og Bergþóra Árnadóttir d. 2007
**Börn** Neptúnus, Guðbjörg Gná og Delphin Hugi

**Syndir á móti straumnum**

Það vakti athygli á dögunum þegar Birgitta skrifaði á Facebook-síðu Frjálshyggjufélagsins að hún ætlaði að bjóða sig aftur fram í næstu Alþingiskosningum. „Ég mun bjóða mig fram til að tryggja að þið sem talið um að sniðugt sé fyrir frjálshyggjumenn að ganga í Pírata til að geta tekið yfir kosninga- og stefnumótunarferlin okkar. Ég ætla að bjóða mig fram þó það væri ekki nema til að tryggja að ykkar hugmyndafræði taki ekki yfir Pírata,“ skrifaði Birgitta. Tilefnið var umræður um frjálshyggju, Sjálfstæðisflokkinn og Pírata. Sagði hún umræðuna þar hafa hjálpað sér að gera upp hug sinn um framboð fyrir næstu þingkosningar en áður hafði hún sagt að hún myndi ekki gefa kost á sér aftur.

Jón Þór Ólafsson, fyrrverandi þingmaður Pírata, segir Birgittu búa yfir miklum styrkleikum en líka veikleikum. „Peter Drucker, faðir nútímastjórnunar, benti skýrt á að þegar þú finnur manneskju með mikla styrkleika þá finnur þú manneskju með mikla veikleika samhliða. Hennar styrkleikar eru að hún er með ofboðslega djúpt innsæi, hún er eldheit í réttindabaráttunni og ofboðslega vinnusöm í þá átt. Hún á það til finna akkúrat rétta hlutinn að gera hverju sinni og henni tekst það oft og þá er það brilljant. En rétt eins og þegar hún fer í jákvæðan uppspíral og dregur marga með sér þá getur það verið eins þegar það er neikvæður niðurspírall.“ Jón Þór segir hana ekki ákvarðanafælna og að hún sé óhrædd við að synda á móti straumnum. „Hún er hugrökk sem er mikill kostur og bara góð manneskja.“ Hann segir hana þó ekki alltaf vera þá vinsælustu og hún sé heldur ekki að reyna það.

„Annaðhvort líkar fólki mjög vel við hana eða mjög illa. Ef þú ert þessum eiginleikum gæddur þá er eðlilegt að þú sért umdeildur.“

**Getur verið erfið í samstarfi**

En hvernig samstarfsmaður er hún? „Hún getur verið erfið en hún reynir að nýta upplýsingar frá þeim sem vinna með henni í botn,“ segir Smári. Þau Smári unnu meðal annars saman í kringum Wikileaks. Hann segir það hafa fylgt því mikil streita að starfa fyrir samtökin. „Hún höndlaði það mjög vel. Það kom öllum á óvart hvað allir í hópnum tóku virkilega vel á streitunni þarna, hún þar á meðal. Sumir höndluðu þetta verr en aðrir en hún hélt sínu striki.“

Birgitta hefur verið umdeild innan flokks og utan. Hún var sjálf spurð að því í þættinum Eyjunni á Stöð 2 á dögunum hvort hún væri umdeild innan flokksins. „Ég er bara svona persóna, að annaðhvort hatar fólk mig eða fólk elskar mig. Það er ekkert þar á milli og ég er alveg vön því,“ sagði Birgitta.

Smári segir Birgittu umdeilda og að hún taki oft afstöðu sem sé ekkert endilega vinsæl. „Til dæmis hefur hún talað mikið um það undanfarnar vikur og mánuði að hafa stutt kjörtímabil næst sem er ekki eitthvað sem er búið að samþykkja innan Pírata. Hún talar um þetta eins og þetta sé bara orðinn hlutur nánast. Það er aftur á móti búið að samþykkja að stjórnarskrárbreytingar verði í fyrirrúmi. Það felur svolítið í sér að það verði stutt kjörtímabil en það breytir því ekki að þegar öllu er á botninn hvolft, ef við vinnum næstu kosningar með góðum árangri og komumst í einhvers konar stjórnarstöðu, þá þarf samt að smíða fjárlög, reka öll ráðuneytin og gera fullt af hlutum. Það er ekki hægt að fleygja því út um gluggann og demba nýrri stjórnarskrá í gegn. Það er alveg hægt að leggja áherslu á stjórnarskrána og það er það sem við ætlum okkur að gera innan Pírata en það er samt raunveruleiki sem blasir við þarna og það er kannski helst það hvað hún gengur hart fram með þennan hugsunarhátt um stutt kjörtímabil sem fer fyrir brjóstið á fólki núna vegna þess að raunveruleikinn mun ekki leyfa það nema með einhvers konar kraftaverki.“

# Vinnulyftur, kranar og pallar

13. febrúar 2016

**KYNNINGARBLAÐ** Tæki.is | Gísli Jónsson ehf.




Feðgarnir Aron Þorsteinsson og Þorsteinn Auðunn Pétursson með þeim Örvari Þorsteinssyni og Gylfa Steinari Gylfasyni. MYND/ANTON BRINK

# Fagleg þjónusta, góður tækjakostur og ánægðir viðskiptavinir

**Tæki.is** að Norðurhellu 5 í Hafnarfirði er gamalgróið fjölskyldufyrirtæki sem leggur mikla áherslu á fagmennsku og ánægða viðskiptavini. Tæki.is tekur þátt í stórsýningunni Verk og Vit 2016 sem haldin verður í Laugardalshöll dagana 3. til 6. mars.

„Það má segja að ég hafi fæðst inn í lyftubransann,“ segir Aron Þorsteinsson glaðlega en hann á fyrirtækið Tæki.is ásamt föður sínum Þorsteini Auðuni Péturssyni. „Við höfum áralanga reynslu af lyftuleigu sem má rekja allt aftur til ársins 1982. Þá hóf pabbi rekstur körfubíls sem hann keypti hjá Sölu varnarliðseigna. Sá bíll var af gerðinni International/Hi-Ranger af árgerð 1968 og þótti töluverð bylting enda fóru menn upp frá þessu að nota körfubíla í auknum mæli til viðhaldsverka, nýsmíði á húsum og mannvirkjum,“ lýsir hann.

### Mikil endurnýjun tækja

Aron segir mikla aukningu í mannvirkjagerð á Íslandi undanfarið hafa skilað sér til fyrirtækisins í auknum umsvifum og stærri tækjaflota.

„Í fyrra endurnýjuðum við tækjaflotann mikið og bættum til að mynda við 45 metra spjótlyftu, nýjum skotbómulyfturum og skæralyftum. Núna, árið 2016, stendur til að gera enn betur og auka tækjakost okkar enn meir. Við munum bæta við okkur spjótlyftum, skæralyftum og gröfum,“ segir Aron.

### Leigja út fjölmörg tæki

Umfram það að vera lyftufyrirtæki leigir Tæki.is einnig út úrval annarra tækja. „Við leigjum til dæmis út smágröfur frá frá 800 kg upp í 3,7 tonn, dömpera eða sturtuvagna til að flytja jarðveg, jarðvegsþjöppur frá 80 kg upp í 700 kg, rafstöðvar og loftpressur auk ýmissa annarra tækja,“ upplýsir Aron.



Vélaverkstæði Hjalta Einarssonar við klæðningavinnu við Norðurbakka í Hafnarfirði.




Kristófer S. Snæbjörnsson, sölustjóri hjá Hýsi Merkúr, afhendir Tæki.is sex vélar frá Yanmar: Fjórar sv18, tveggja tonna smágröfur vio 33, 3,5 tonna gröfu og einn Co8 beltavagn.



Íslenskir aðalverktakar vinna við þakkant á Höfðabakka 9.

> **Við leggjum ávallt metnað okkar í að veita faglega þjónustu, góðan tækjakost og að hámarka ánægju viðskiptavina okkar.**
>
> *Aron Þorsteinsson*

### Verk og vit 2016

Tæki.is verður á stórsýningunni Verk og vit 2016 sem haldin verður í Laugardalshöllinni dagana 3. til 6. mars. Á sýningunni er lögð áhersla á byggingariðnaðinn, skipulagsmál og mannvirkjagerð. „Það er búist við mörg þúsund manns og því verður gaman að sýna okkur og sjá aðra,“ segir Aron glaðlega en Tæki.is mætir með eitthvað af sínum nýjustu tækjum á sýninguna.

Tæki.is er til húsa að Norðurhellu 5 í Hafnarfirði í glæsilegri aðstöðu þar sem ávallt er tekið vel á móti öllum gestum. „Við leggjum ávallt metnað okkar í að veita faglega þjónustu, góðan tækjakost og að hámarka ánægju viðskiptavina okkar,“ segir Aron og býður alla velkomna.

Bobcat
VÉLABORG
www.velaborg.is

Vélaborg Járnhálsi 2-4 Sími: 414-8600

# Risavaxnir kranar

Sumir kranar eru öflugri en aðrir. Það á við um þá fjóra krana sem fjallað er um hér að neðan. Þeir eru stærstir, sterkastir og hafa jafnvel hreyft við tilfinningum.

### 1 Liebherr LTM 11200-9.1

- Hreyfanlegur krani
- Lyftugeta: 1.200 tonn

Liebherr LTM 11200-9.1 frá þýska fyrirtækinu Liebherr Group er einn öflugasti hreyfanlegi krani sem byggður hefur verið. Hann hefur einnig lengstu sundurdraganlegu bómuna en hana er hægt að stækka í hundrað metra. Bóman er ofan á öflugum trukki og getur lyft 1.200 tonnum en það samsvarar um 700 bílum.

### 2 SSCV Thialf

- Kranaskip
- Lyftugeta: 14.200 tonn

Stærsta kranaskip í heimi er SSCV Thialf. Kranaskip er eins og orðið felur í sér krani sem er svo stór að hann er í raun heilt skip. Thialf er útbúinn tveimur krönum sem saman geta lyft allt að 14.200 tonnum. Þessi ófreskja var smíðuð árið 1985 af Mitsui Engineering & Shipbuilding. Um borð í Thialf rúmast 736 manns. Meðal verkefna sem kraninn hefur unnið er að koma fyrir Erasmusbrúnni árið 1995. Nafnið Thialf er fengið úr norrænni goðafræði og vísar til Þjálfa, þjóns þrumuguðsins Þórs.

### 3 Taisun

- Rennikrani
- Lyftugeta 20.000 tonn

Taisun-rennikraninn er heimsins sterkasti krani en hann getur hæglega lyft heilu skipunum sem vega allt að 20 þúsund tonnum. Kraninn stendur í Yantai Raffles-skipasmíðastöðinni í Yantai, í Shandong-héraði í Kína. Nafnið Taisun er einmitt fengið frá stærsta fjalli héraðsins. Kraninn er í heimsmetabók Guinness og á heimsmetið í þyngd sem lyft hefur verið af krana. Metið var sett í Yantai í apríl 2008 en þyngdin var 20.133 tonn.

3


2


4


Kraninn var byggður svo hægt væri að smíða skip á skemmri tíma með því að lyfta efri hluta skipa ofan á skrokk þeirra. Kraninn sparar þannig hátt í tvær milljónir vinnustunda við skipasmíðina.

### 4 Kockums

- Rennikrani

Kockums-kraninn er kannski ekki sá stærsti eða öflugasti en hann hefur þá sérstöðu að hafa átt sérstakan stað í hjörtum Svía. Kraninn stendur í dag í Ulsan í Suður-Kóreu þar sem hann þjónar skipasmíðastöðinni Hyundai Heavy Industries. Kraninn er 138 metra hár og var upphaflega notaður í Kockums-skipasmíðastöðinni í Malmö í Svíþjóð. Hann var byggður árið 1973-1974 og var notaður við smíði 75 skipa. Síðast var hann notaður í Malmö árið 1997. Suður-Kóreubúar hafa nefnt kranann „Tár Malmö“ því talið var að íbúar Malmö hafi grátið þegar þetta þekkta kennileiti hvarf á braut.

1


FRÉTTABLAÐIÐ

59,9%

íbúa á höfuðborgarsvæðinu á aldursbilinu 12–80 ára lesa Fréttablaðið daglega.*

Sá fjöldi myndi fara langt með að fylla sæti Laugardalsvallar tíu sinnum.




Skv. prentmiðlakönnun Gallup, okt.– des. 2015.



Allt sem þú þarft ...

ÚTGEFANDI
365 miðlar ehf. | Skaftahlíð 24 | s. 512 5000 | fax 512 5301

VEFFANG
visir.is

UMSJÓNARMAÐUR AUGLÝSINGA
Bryndís Hauksdóttir| bryndis@365.is | s. 512-5434

ÁBYRGÐARMAÐUR
Svanur Valgeirsson

EYJALIND
JLG

Skotbómulyftarar og vinnulyftur
- Ný og notuð tæki
- Varahlutir
- Útvegum varahluti í flestar tegundir af vinnulyftum





Vertu vinur okkar á Facebook

Eyjalind ehf - Súðarvogur 20 - Sími: 517-8240 - www.eyjalind.is

KYNNINGARBLAÐ
FÓLK

**Fyrstu tónleikarnir í tuttugu ár**
**Hljómsveitin Risaeðlan heldur sína fyrstu tónleika í tuttugu ár á Aldrei fór ég suður í næsta mánuði. Fleiri tónleikar eru ekki fyrirhugaðir.** **SÍÐA 6**



# BÆTT HEILSA MEÐ AMÍNÓ® LIÐUM

**Icecare kynnir** Amínó® Liðir er liðkandi blanda með náttúrulegum efnum úr hafinu við Ísland og inniheldur meðal annars sæbjúgu. Steinþóra Sigurðardóttir hefur góða reynslu af Amínó® Liðum og mælir hiklaust með notkun þeirra.

Amínó® Liðir, Amínó® Létt og Amínó® 100% eru nýjar vörur úr fiskprótíni sem var þróað og unnið hjá Iceprotein, íslensku sprotafyrirtæki á Sauðárkróki. Amínó® vörulínan samanstendur af fæðubótarefnum sem innihalda þorskprótín, ásamt öðrum lífvirkum efnum sem styðja við eða auka heilsubætandi virkni þorskpeptíða. „Fiskprótínið er hundrað prósent hrein náttúruafurð, hægt er að rekja hvar fiskurinn er veiddur og allt hráefnið er unnið á Íslandi. Rannsóknir hafa sýnt að fiskprótín eru einstaklega heilsusamleg og þá sérstaklega þegar búið er að vatnsrjúfa þau,“ segir dr. Hólmfríður Sveinsdóttir, stofnandi og framkvæmdastjóri PROTIS ehf. sem framleiðir Amínó® vörulínuna.



Steinþóra Sigurðardóttir öðlaðist meiri liðleika í bakinu og þarf ekki lengur að taka inn verkjalyf að staðaldri eftir að hún fór að taka Amínó® Liði. MYND/ANTON BRINK

### Betri liðheilsa

Amínó® Liðir er liðkandi blanda með náttúrulegum efnum úr hafinu við Ísland. Amínó® Liðir inniheldur sæbjúgu (Cucumaria frondosa) og IceProtein® (vatnsrofin þorskprótín). „Sæbjúgnaskrápurinn samanstendur að mestu leyti úr brjóski og er því mjög ríkur af kollageni en einnig lífvirka efninu chondroitin sulphate sem verndar liði fyrir skemmdum og örvar endurbyggingu á skemmdu brjóski. Fyrir utan að innihalda kollagen og chondroitin sulphate er sæbjúgnaextraktið ríkt af sinki, joði og járni sem og bólguhemjandi efnum sem nefnast saponin. Auk sæbjúgna og IceProteins® inniheldur Amínó® Liðir túrmerik, vítamín D, vítamín C og mangan. Rannsóknir hafa sýnt að vatnsrofin fiskprótín eins og eru í IceProtein® auka upptöku á kalki úr meltingarvegi og styðja þannig við liðaheilsu. Kollagen, chondroitin sulphate, vítamín D, vítamín C og mangan eru allt efni sem eru mikilvæg fyrir liðaheilsu,“ lýsir Hólmfríður.

### Góða reynsla af Amínó® Liðum

Þær Steinþóra Sigurðardóttir og Ida Haralds Malone hafa báðar notað Amínó® Liði og láta vel af. „Ég var mjög slæm í baki og leiddu verkirnir í bakinu niður í annan fótinn. Ég var með stöðug óþægindi og hálf haltraði. Eftir að ég fór að taka inn Amínó Liði öðlaðist ég meiri liðleika í bakinu og þarf ekki lengur að taka inn verkjalyf að staðaldri,“ segir Steinþóra.



Ida er betri af liðagigt eftir að hún fór að nota Amínó® Liði.



Hólmfríður Sveinsdóttir, stofnandi og framkvæmdastjóri PROTIS ehf. sem framleiðir Amínó® vörulínuna. MYND/ANTON BRINK




Amínó® Liðir er liðkandi blanda með náttúrulegum efnum úr hafinu við Ísland.

> Ég á ekki nógu mörg orð yfir hvað ég er ánægð með Amínó Liði.
> Ida Haralds Malone

Ida hefur haft liðagigt í um þrjátíu ár og hefur henni gengið upp og ofan að finna réttu lyfjablönduna. „Stundum hefur það gengið vel í nokkur ár en svo fer að síga á ógæfuhliðina. Ég hef alltaf verið á Plaquenil og tek ýmislegt annað með, stundum tvær tegundir í einu. Einnig hef ég stundum farið á stóra steraskammta þegar eitthvað hefur bjátað á í lífinu. Eftir að ég fór að taka Amínó Liði hef ég getað minnkað lyfjatöku, auðvitað með samþykki míns læknis. Ég á ekki nógu mörg orð yfir hvað ég er ánægð með Amínó Liði. Vonandi heldur þetta áfram á sömu braut og vonandi verða Amínó Liðir hjálplegir öðrum sem eru í mínum sporum,“ segir Ida ánægð.


## Natures Aid og Apótekarinn mæla með




natures aid

Ef þú vilt léttast eða halda þér í kjörþyngd mælum við með góðum bætiefnum frá Natures Aid.

www.apotekarinn.is

Apótekarinn – lægra verð

# HÁLFVITAR HEFJA UPP RADDIR

Hljómsveitin **Ljótu hálfvitarnir** á stóran hóp aðdáenda á öllum aldri enda syngja þeir félagar grípandi lög. Næsta haust verða tíu ár liðin frá því hljómsveitin kom fyrst fram og hún er hvergi nærri hætt. Í nóvember kom út fimmta plata þeirra, Hrísey.

Þorgeir Tryggvason, einn níu meðlima hljómsveitarinnar, segir að Ljótu hálfvitarnir ætli að vera með þrenna tónleika á Græna hattinum á Akureyri um næstu helgi. „Við vorum síðast með tónleika í Hofi á Akureyri í nóvember en þá lékum við með karlakórnum Hreimi sem kemur úr Þingeyjarsýslu. Við fylltum staðinn tvisvar sem var mjög skemmtilegt. Bæði fluttum við eigin lög og týpísk karlakórslög sem var öðruvísi fyrir okkur. Tónleikarnir á Græna hattinum verða hins vegar dæmigerðir fyrir hálfvitana. Það þýðir margt fólk og mikið fjör,“ segir Þorgeir.

### EKKERT DANSAÐ

Hann segir að þótt marga kitli í fæturna að dansa bjóði staðurinn ekki upp á það. „Við erum heldur ekki beinlínis dansiballahljómsveit, spjöllum mikið á milli laga og skiptum oft um hljóðfæri svo það er ekki auðvelt að halda uppi danstakti. Græni hatturinn er fyrst og fremst tónleikastaður. Við sjáum fólk koma aftur og aftur á tónleikana og það myndast mikil stemming. Margir þekkja lögin og syngja með. Annars er Græni hatturinn frábær tónleikastaður og Haukur Tryggvason sem rekur hann er einn af mikilvægustu mönnum í íslensku tónlistarlífi. Þarna spila flest allar íslenskar hljómsveitir, staðurinn er mátulega stór og ótrúlega góð stemming sem myndast þar.“

### NÓG AÐ GERA

Ljótu hálfvitarnir eru Þingeyingar og Þorgeir segir að sama fólkið komi aftur og aftur á tónleika, margir úr þeirra sveit. „Á tónleikunum sjáum við mörg kunnugleg andlit sem brotist hafa í gegnum Víkurskarðið. Síðan kíkir skíðafólkið inn sem er í heimsókn á Akureyri. Við endurtökum síðan þessa tónleika á Café Rosenberg 11. og 12. mars. Á báðum þessum tónleikum flytjum við lög af nýju plötunni okkar, Hrísey, en hún var tekin upp þar.“

Hrísey er fimmta hljómplata Ljótu hálfvitanna. Þorgeir segir að allir „hálfvitarnir“ semji lög og texta. „Það semur hver í sínu horni og síðan skoðum við hvað fellur vel að okkur og kemur til með að virka.“ Allir eru þeir í öðrum störfum meðfram tónlistinni. Þorgeir starfar hjá auglýsingastofunni Hvíta húsinu auk þess sem hann hefur gagnrýnt bækur í Kiljunni á RÚV og segist lesa ótrúlega mikið af bókum. Þá keppti hann um tíma í Útsvari. Bræðurnir Snæbjörn og Baldur Ragnarssynir eru einnig þekktir úr hljómsveitinni Skálmöld og Oddur Bjarni Þorkelsson er prestur. Aðrir hálfvitar eru Sævar Sigurgeirsson, Arngrímur Arnarson, Guðmundur Svafarsson, Ármann Guðmundsson og Eggert Hilmarsson.

> Tónleikarnir á Græna hattinum verða hins vegar dæmigerðir fyrir hálfvitana. Það þýðir margt fólk og mikið fjör.
>
> Þorgeir Tryggvason

### ÆFT OG MÁLAÐ

Þegar Þorgeir er spurður hvað hann ætli þá að dunda sér við um þessa helgi, svarar hann: „Ég býst við að við reynum að æfa smá fyrir tónleikana. Síðan hef ég verið að bræða með mér að mála stofuna heima. Þá ætlum við kona mín, Hulda B. Hákonardóttir, að fara með barnabarnið, Högna Nóam, sem er 5 ára, í svokallað krakkamengi, sem er tónlistarsmiðja fyrir börn hjá listasmiðjunni Mengi. Högni hefur sýnt mikinn tónlistaráhuga,“ segir Þorgeir.

Á morgun er Valentínusardagur. Þorgeir segir hann ekkert sérstaklega hátt skrifaðan hjá sér. Konudagur sé það frekar. „Við erum svo gömul og þjóðleg,“ segir hann kíminn og lofar að hringja í eiginkonuna um næstu helgi frá Akureyri.

elin@365.is



Ljótu hálfvitarnir syngja grípandi lög og eiga aðdáendur á öllum aldri.

### HÆTT'ESSU VÆLI

Eitt af vinsælustu lögum Ljótu hálfvitanna er Bjór meiri bjór en síðasta versið í laginu hljómar svona:

*Væli og veseni neitum*
*þá veröldin brosir og allir með.*
*Hætt'essu væli,*
*að hamingju leitum,*
*við hefjum upp raddir og ræktum*
*vort geð.*
*Væli og veseni neitum*
*þá veröldin brosir og allir með.*
*Hætt'essu væli.*



Þorgeir Tryggvason hlakkar til að skella sér norður um næstu helgi. MYND/ERNIR








Heimagerðar kjötbollur er auðvelt að búa til og þær eru bestar.

## HEIMAGERÐAR KJÖTBOLLUR ERU LJÚFFENGAR

Flestum finnst kjötbollur góður matur. Bestar eru bollurnar þegar maður býr sjálfur til farsið. Þá veit maður hvaða hráefni eru notuð og losnar við aukefni. Það er mjög einfalt að gera sitt eigið kjötfars, síðan má steikja bollurnar eða sjóða allt eftir smekk. Þessi uppskrift miðast við fjórar persónur.

### KJÖTBOLLUR

**400 g nautahakk eða blandað hakk eftir smekk**
**1½ tsk. salt**
**¼ tsk. nýmalaður pipar**
**Smávegis rifið múskat**
**¼ tsk. engiferduft**
**2 msk. kartöflumjöl**
**1½ dl vatn eða mjólk**

- Allt sett í matvinnsluvél og blandað saman þar til farsið er mátulegt. Setjið smjör á meðalheita pönnu og mótið bollur úr deiginu. Steikið á báðum hliðum.

### BRÚN SÓSA

**4 msk. smjör**
**4 msk. hveiti**
**1 l kjötsoð**
**Salt og pipar**

- Bræðið smjörið á pönnu og bætið hveiti saman við. Hrærið síðan soðinu hægt og rólega saman við um leið og sósan mallar og þykknar, um það bil í 10 mínútur. Bragðbætið með salti og pipar. Setjið bollurnar út í sósuna og látið allt léttsjóða í smástund.

- Berið fram með soðnum kartöflum eða kartöflumús, grænum baunum og salati. Sumum finnst gott að hafa rabarbarasultu með bollunum.



Amorolfin ratiopharm er ætlað til notkunar á bæði tá- og fingurneglur.

# NAGLSVEPPIR – NÝ LAUSN ÁN LYFSEÐILS

**LYFIS kynnir** Amorolfin ratiopharm lyfjalakk á neglur við naglsveppum fæst nú án lyfseðils í næsta apóteki.

„Hingað til hefur ekkert lyf fengist við naglsveppum án lyfseðils í apótekum," segir Hákon Steinsson lyfjafræðingur hjá LYFIS. „Það er því mjög ánægjulegt að bæta lyfinu við úrval lausasölulyfja LYFIS, en við höfum markvisst unnið að því að auka framboð lyfja sem hægt er að kaupa án lyfseðils."

Lyf sem innihalda amorolfin eru komin í lausasölu í nokkrum öðrum Evrópulöndum og hefur tilkoma lyfsins í lausasölu aukið aðgengi almennings að meðferð við naglsveppum. Amorolfin er breiðvirkt sveppalyf sem er mjög virkt gegn algengum tegundum af naglsveppum. Amorolfinið smýgur úr lyfjalakkinu inn í og í gegnum nöglina og getur þar af leiðandi útrýmt sveppnum sem er illa aðgengilegur í naglbeðnum. Þar sem meðferðin er staðbundin eru aukaverkanir mjög sjaldgæfar og þá aðallega svæðisbundnar, sem er mikill kostur fyrir notandann.

Algengustu einkenni naglsveppasýkingar eru þykknun naglarinnar og litabreyting. Nöglin getur t.d. orðið hvít, svört, gul eða græn. Verkir og óþægindi geta einnig komið fram.

Bera skal lyfjalakkið á sýktar fingur- eða táneglur einu sinni í viku eða samkvæmt ráðleggingu læknis. Meðferð skal haldið áfram óslitið þar til nöglin hefur endurnýjað sig og viðkomandi svæði er læknað. Amorolfin ratiopharm má nota með öðrum lyfjum en ekki má nota naglalakk eða gervineglur á meðan verið er að nota lyfið.

Mikilvægt er að lesa fylgiseðil lyfsins fyrir notkun og kynna sér helstu varúðarreglur. Stutta samantekt um lyfið má sjá hér að neðan.




Amorolfin ratiopharm er notað einu sinni í viku eða samkvæmt ráðleggingu læknis. Með í pakkningu eru einnig hreinsigrisjur, naglaþjalir og fjölnota spaðar til að dreifa úr lakkinu.

ratiopharm

LYFIS Traust í lyfjum

**Notkunarsvið:** Amorolfin ratiopharm lyfjalakk inniheldur amorolfin og er notað til meðferðar við sveppasýkingum í nöglum sem áður hafa verið greindar af lækni eða til meðferðar á endurteknum sveppasýkingum. **Frábendingar:** Ofnæmi fyrir amorolfini eða einhverju öðru innihaldsefni lyfsins. **Varúð:** Forðast skal að lyfjalakkið komist í snertingu við augu, eyru og slímhúðir. Sjúklingar með undirliggjandi sjúkdóma sem eru móttækilegir fyrir sveppasýkingum í nöglum ættu að ræða viðeigandi meðferð við lækni. Slíkir sjúkdómar eru útlægir blóðrásarkvillar, sykursýki og ónæmisbæling. Sjúklingar með visnaðar neglur og ónýtar neglur ættu að ræða viðeigandi meðferð við lækni. Eldfimt. **Meðganga og brjóstagjöf:** Notkun lyfsins skal ákveðin af lækni. **Skömmtun:** Lyfjalakkið er borið á sýktar fingur- eða táneglur einu sinni í viku eða samkvæmt ráðleggingu læknis. Meðferð skal haldið áfram óslitið þar til nöglin hefur endurnýjað sig og viðkomandi svæði er læknað. Ekki ætlað börnum. **Aukaverkanir:** Aukaverkanir eru mjög sjaldgæfar, helst staðbundnar, s.s. neglur geta orðið mislitar eða losnað frá naglbeðnum. **Lesið vandlega fylgiseðilinn sem fylgir lyfinu.** SmPC: Mars 2014.

# COLDFRI MUNNÚÐI VIÐ KVEFI OG SÆRINDUM Í HÁLSI

**LYFIS kynnir** Coldfri munnúði styttir kveftímabil og meðhöndlar særindi í hálsi. Coldfri munnúðinn er í 20 ml úðaglasi og fæst í apótekum á góðu verði.

Coldfri munnúði er ekki lyf en er seldur í apótekum. Tilvalið er að prófa Coldfri munnúða næst þegar kvefpestin ber að dyrum. Munnúðinn er sykurlaus og því ákjósanlegur í stað sykraðra hálstaflna við hálsbólgunni. „Mikilvægur þáttur í að hindra framgang kvefpesta er að koma í veg fyrir að sýklar nái fótfestu í kokinu," segir Hákon Steinsson, lyfjafræðingur hjá LYFIS.




Coldfri munnúði er sykurlaus og fæst í apótekum.

LYFIS Traust í lyfjum

## HVAÐ GERA INNIHALDSEFNIN?

**Glýseról og sorbitól**
- minnka bólgu/bjúg í slímhimnu í hálsi sem linar sársauka
- hvata munnvatnsmyndun sem veldur útskolun á sýklum

**Zink asetat**
- myndar varnarfilmu á slímhúðinni
- hefur veiru- og bakteríuhamlandi áhrif
- hvatar ónæmissvari við sýkingum

**Pantotenat (B5-vítamín)**
- hvetur endurnýjun á bólginni slímhimnu í koki



Coldfri má nota á meðgöngu og með barn á brjósti.



Endalaust 365

ENDALAUS

GSM

2.990 KR.*

ÓTAKMARKAÐ TAL, SMS OG NÚ Í FYRSTA SINN ÓTAKMARKAÐ **GAGNAMAGN**

Þú getur hringt, sent sms og vafrað um á netinu áhyggjulaust.

Settu þig í samband og fáðu **Endalaust 365**

1817 | 365.is

*Greitt er aukalega fyrir farsímanotkun erlendis, til útlanda og í upplýsinganúmer. Nánari upplýsingar á 365.is





**Tónlistarmaðurinn Atli Sigþórsson eða Kött Grá Pje verður með fryssandi havarí ásamt Forgotten Lores í Stúdentakjallaranum í kvöld.** MYND/STEFÁN

# STUNDUM ÞARF TRYLLING Í SÁLINA

Akureyrski tónlistarmaðurinn **Kött Grá Pje** vill helst ekki fara í buxur um helgar nema þegar hann vantar „trylling í sálina", þá fer hann út á lífið. Biblían liggur á náttborðinu og í morgunmat verður köld pítsa.

**Stendur eitthvað til um helgina?** Já, aldeilis. Í kvöld verð ég með fryssandi havarí ásamt Forgotten Lores í Stúdentakjallaranum. Þú ert hjartanlega velkomin.

**Ætlarðu ekki á Norðlendingakvöldið á Spot?** Nei. Ég er í banni frá Spot. Þar að auki eru Norðlendingar ómögulegir saman, rífast og slást og eru til leiðinda. Akureyringar hata Ólafsfirðinga, Ólafsfirðingarnir Svarfdæli og Húsvíkingar hata alla. Drottinn minn dýri, nei!

**Eitthvert sérstakt ritúal fyrir tónleika?** Ekki beinlínis. En ég vil síður þurfa að ræða við fólk í u.þ.b. klukkutíma áður en ég stíg á svið. Á þá bara í innri díalóg við sjálfan mig og Maa Kālī.

**FÆRÐU SVIÐSSKREKK?** Ekki beinlínis. En þegar ég veit af börnum meðal áheyrenda verð ég örlítið ringlaður. Ég kann vel við mörg börn en skil þau alls ekki.

**Daginn eftir tónleika?** Ég reyni að taka því rólega með kettinum mínum. Hlusta á Debussy eða Edgar Froese og baka hafraklatta eða eitthvað þvíumlíkt.

**Hvernig eru venjulegir laugardagar hjá þér?** Ómerkilegir. Helst vil ég sitja allan liðlangan daginn og skrifa. En stundum neyðist ég í buxur og eitthvað út. Það er vont.

**En venjulegir sunnudagar?** Hægir. Eins og vera ber. Svipaðir laugardögum. Ef ég kæmist upp með það færi ég aldrei út úr húsi.

**Vinnurðu við eitthvað annað en tónlist?** Já, biddu fyrir þér. Ég vinn við áhættustýringu á verðbréfasviði Arion banka.

**Hvað færðu þér í morgunmat um helgar?** Kalda pítsu.

**Sefurðu fram eftir eða drífur þig á fætur?** Ég reyni að sofa þar til ég er ekki lengur þreyttur. Þá dríf ég mig á fætur.

**Bókin á náttborðinu?** A Study in Emerald eftir Neil Gaiman og Biblían. Báðar mjög fyndnar.

**Hvað ertu að hlusta á?** Ég er aðallega að hlusta á grunna að lögum sem ég er að vinna að. En líka danskan rappara sem heitir Sivas og þjóðlagasöngkonuna Karen Dalton.

**Út að borða eða elda heima?** Mér finnst róandi að matbúa og geri það gjarnan en þegar mig langar í franskar fer ég út. Það er ógeðslegt að djúpsteikja heima.

**Út á lífið eða sófakvöld yfir sjónvarpinu?** Hvort tveggja. Mér finnst gott að húka í sófanum en stundum þarf maður trylling í sálina og næturlíf er nákvæmlega það.

**Uppáhalds laugardagsnammið?** Kirsuber, rioja og sætir kapítalistar.

**Sinnepið undir eða ofan á pylsuna?** Ofan á bulsuna.

**Hvað er annað að frétta?** Allt of mikið. Ég kann ekki við annir. Er að vinna að plötu, leggja lokahönd á mitt annað örsagnasafn og undirbúa ritlistarsmiðju fyrir krakka með vinkonu minni, Viktoríu Blöndal.








# BÖRNIN FERÐAST FRÍTT OG FÁ ÍSLENSKAN BARNAKLÚBB

*Fyrsta barn ferðast frítt á ákveðnum brottförum í sumar ef þú bókar fyrir 29. febrúar. Þar að auki halda Kapteinn Nemo og áhöfn hans sig á Pegasos hótelunum og sjá til þess að börnin geti leikið sér í barnaklúbbnum með íslenskum leiðbeinendum.*

**Barn t.o.m.15 ára**

**0,-**

fyrir bókanir seinast 29.febrúar.



## Pegasos Royal

Incekum - Tyrklandi

**Glæsileg wipeout braut**

Pegasos Royal er með sameiginlegt útisvæði með Pegasos Resort og Pegasos Club. Það þýðir að þú færð íþróttaaðstöðu, sundlaugar, bari og aðra afþreyingu þriggja hótela. Hótelin liggja við glæsilega sandströnd með ótrúlega skemmtilegri wipeout braut.

Lestu meira á **nazar.is/pegasosroyal**

**Allt innifalið í viku frá 122 599,-**
**Barn t.o.m. 15 ára 0 kr**



## Pegasos Resort

Incekum - Tyrklandi

**Mögulega besta strönd Tyrklands**

Pegasos Resort deilir útisvæði með tveimur nágrannahótelum sínum og því færð þú aðgang að mjög stóru útisvæði með aðstöðu þriggja hótela. Hér færðu gyllta og barnvæna strönd, rennibrautir, íþróttasvæði, wipeout braut og margt fleira!

Lestu meira á **nazar.is/pegasosresort**

**Allt innifalið í viku frá 122 599,-**
**Barn t.o.m. 15 ára 0 kr**



## Pegasos World

Side - Tyrklandi

**10.000 m² vatnaparadís**

Á hinu einstaka Pegasos World opnar sig heimur sem á engan sinn líkan. Stærsta sundlaug Miðjarðarhafsins, vatnsskemmtigarður sem gefur gott kítl í magann og fullkomin staðsetning við breiða og fallega strönd. Hér getur þú hallað þér aftur og notið þín!

Lestu meira á **nazar.is/pegasosworld**

**Allt innifalið í viku frá 129 599,-**
**Barn t.o.m. 15 ára 0 kr**

World of TUI

allan sólarhringinn: **nazar.is** persónuleg þjónusta: **519 2777**

**nazar**

# FREKAR RÓLEGUR OG KÆRULAUS HÓPUR

**Risaeðlan** heldur sína fyrstu tónleika í 20 ár þegar sveitin kemur fram á tónlistarhátíðinni Aldrei fór ég suður í næsta mánuði á Ísafirði. Engir frekari tónleikar eru fyrirhugaðir eða upptökur á nýju efni til útgáfu.

Hljómsveitin goðsagnakennda Risaeðlan kemur fram á tónlistarhátíðinni Aldrei fór ég suður sem haldin verður á Ísafirði í næsta mánuði. Hljómsveitin hefur ekki haldið hefðbundna tónleika í tvo áratugi og því ljóst að eftirvæntingin er mikil meðal fjölmargra gesta hátíðarinnar.

Risaeðlan var nokkuð áberandi í íslensku tónlistarlífi um nokkurra ára skeið en sveitin tengdist útgáfufyrirtækinu Smekkleysu sem hafði á sínum snærum sveitir á borð við Sykurmolana, HAM auk fjölda annarra listamanna. Hljómsveitin hitaði m.a. upp fyrir Sykurmolana á tónleikaferðalögum erlendis og smáskífa þeirra var valin smáskífa vikunnar í breska tónlistartímaritinu NME árið 1989.

Sigurður Guðmundsson, gítarleikari sveitarinnar, hefur aldrei sótt hátíðina en hlakkar mikið til og segist hafa heyrt gott eitt um hana. „Við spiluðum mikið fyrir vestan í gamla daga og líkar mjög vel þar. Aðstandendur hátíðarinnar eru líka toppfólk, við hefðum ekki nennt þessu fyrir hvern sem er. Við erum aðeins byrjuð að æfa og erum að rifja upp lögin. Lagalistinn er ekki alveg ákveðinn en hann miðast helst við hvernig gengur að æfa og hvað okkur finnst skemmtilegast.“

### ÓÞOLANDI HLJÓMSVEIT

Árin 1987-1992 voru blómatími Risaeðlunnar. Meðlimir voru duglegir að spila á tónleikum og æfðu stíft. Að sögn Sigurðar skemmtu þau sér konunglega á þessum tíma og hljómsveitin fékk yfirleitt mjög góða dóma. „Eftirminnilegustu plötudómar áranna voru sennilega frá Japan og dagblaðinu Degi á Akureyri. Þessi frá Japan var náttúrulega óskiljanlegur, því þá var ekkert Google Translate til, en okkur var sagt að hann væri góður. Þessi frá Degi á Akureyri var skemmtilegur því að gagnrýnandanum fannst hljómsveitin óþolandi.“

Eftirminnilegast þótti honum tónleikaferðirnar til Bandaríkjanna og þegar sveitin hitaði upp fyrir Sykurmolana í Evrópu. Í júlímánuði árið 1989 var fjögurra laga plata sveitarinnar, samnefnd sveitinni, valin smáskífa vikunnar í hinu virta breska tónlistartímariti NME. „Það kom skemmtilega á óvart þar sem þetta var ekki smáskífa, í mínum skilningi alla vega. Þessu fylgdi heilsíðuviðtal í NME og einhverjir blaðamenn og ljósmyndarar væfluðust til Íslands og tóku af okkur myndir. Þetta var yfirleitt skemmtilegt, þó þessir blaðamenn hafi verið misskemmtilegir. Við vorum frekar róleg yfir þessu og kærulaus.“

Auk Sigurðar eru meðlimir Risaeðlunnar, sem spila á Aldrei fór ég suður, þau Magga Stína, sem spilar á fiðlu og syngur, Halldóra Geirharðsdóttir, sem spilar á saxófón og syngur líka, Ívar Ragnarsson á bassa og Þórarinn Kristjánsson sem leikur á trommur. Aðrir meðlimir sveitarinnar, sem stoppuðu styttra við á þessum árum, voru Valur Gautason trommuleikari, Margrét Örnólfsdóttir hljómborðsleikari og Hreinn Stephensen sem spilaði á harmonikku og gítar.

### ÆTLUÐU ALDREI AÐ SPILA AFTUR

Um 20 ár eru síðan Risaeðlan hélt síðast hefðbundna tónleika en meðlimir sveitarinnar komu þó fram á 50 ára afmæli Árna Matthíassonar, blaðamanns á Morgunblaðinu, árið 2007. Árni var einn þeirra fjölmiðlamanna sem voru hvað duglegastir við að koma Risaeðlunni á framfæri á sínum tíma.

En hvers vegna endurkoma núna? „Einhver frá Aldrei fór ég suður hafði samband við Möggu Stínu og spurði hvort við vildum vera með. Hún spurði okkur og allir sögðu já sem er merkilegt því það hafði aldrei verið ætlunin að koma saman aftur og í rauninni heldur ekki ákveðið að gera það ekki. Aðalástæðan fyrir þessari endurkomu er nú samt sennilega að við vorum beðin um að vera með, ég held að enginn hafi spurt okkur áður. Kannski hefðum við verið löngu búin að þessu ef einhver hefði bara spurt fyrr. Engir frekari tónleikar eru fyrirhugaðir og örugglega ekki upptökur. Þetta var bara svona kærkomið tækifæri sem kom upp, að hittast og fara vestur og spila.“

Tónlistarhátíðin Aldrei fór ég suður er nú haldin í þrettánda skiptið og fer fram dagana 24.-27. mars. Nánari upplýsingar má finna á www.aldrei.is. Síðustu plötu sveitarinnar, Efta!, sem kom út árið 1996, má nálgast ókeypis á Spotify en hún inniheldur bæði lög af eldri plötum auk áður óútgefinna laga.



„Aðstandendur hátíðarinnar eru líka toppfólk, við hefðum ekki nennt þessu fyrir hvern sem er,“ segir Sigurður Guðmundsson, meðlimur Risaeðlunnar. MYND/STEFÁN



Magga Stína (t.v.) og Halldóra Geirharðsdóttir. MYND/JÓHANN A. KRISTJÁNSSON

> Við erum aðeins byrjuð að æfa og erum að rifja upp lögin. Lagalistinn er ekki alveg ákveðinn en hann miðast helst við hvernig gengur að æfa og hvað okkur finnst skemmtilegast.
>
> Sigurður Guðmundsson

LAGERSALA
AÐEINS ÞESSA HELGI!
laugardag 11-17
sunnudag 13-17
Undirföt-Sundföt-Náttföt-Sloppar..
Selena
Bláu húsunum við Faxafen.



vodafone HÁMARK PRÓTEINDRYKKUR
SUNNUDAGA KL.19:10
ÍSLAND GOT TALENT
Á SUNNUDAGSKVÖLDUM
STJÖRNURNAR SKÍNA SKÆRT
Hæfileikaríkt fólk á öllum aldri stígur á svið í Ísland Got Talent. Hvaða atriði ná að hrífa Ágústu Evu, Dr. Gunna, Jakob Frímann og Mörtu Maríu næst? Vertu með í veislunni á sunnudagskvöldum á Stöð 2.
FÁRÁNLEGA FLOTTUR PAKKI
Með Skemmtipakkanum fylgja sex sjónvarpsstöðvar. Spennandi íslenskir og erlendir þættir, kvikmyndir og vandað talsett barnaefni. Að auki fá áskrifendur internet, heimasíma, Stöð 2 Maraþon og aðild að Vild.*
Með því að greiða 1.990 kr. aukalega færðu endalaust tal og 1 GB í GSM.
FÁÐU ÞÉR ÁSKRIFT á 365.is
SKEMMTIPAKKINN
9.290 kr.
Aðeins 310 kr. á dag
365.is | Sími 1817
365
*20 GB í interneti og 100 mín. í heimasíma á 0 kr. Greitt er 9,7 kr. upphafsgjald þegar hringt er úr heimasíma. Nánari upplýsingar á 365.is



Akraneskaupstaður

# Skólastjóri Grundaskóla

Við leitum að umbótasinnuðum og farsælum leiðtoga
til að stýra einum öflugasta skóla landsins.

Akraneskaupstaður auglýsir lausa til umsóknar stöðu skólastjóra Grundaskóla á Akranesi.

**Helstu verkefni og ábyrgðarsvið:**

- Veita Grundaskóla faglega forystu.
- Virk þátttaka í þróun og skipulagi skólastarfs á Akranesi.
- Stjórnun og ábyrgð á daglegum rekstri Grundaskóla.
- Samstarf við bæjaryfirvöld og aðila skólasamfélagsins.

**Menntunar- og hæfnikröfur:**

- Leiðtogahæfni, metnaður og áhugi á skólaþróun og nýjungum er skilyrði.
- Leyfisbréf grunnskólakennara og kennslureynsla á grunnskólastigi er skilyrði.
- Þekking og reynsla af rekstri og stjórnun er skilyrði.
- Framhaldsmenntun á sviði stjórnunar eða uppeldis- og kennslufræða er æskileg.
- Góð íslenskukunnátta og færni til að tjá sig í ræðu og riti.
- Sérstök áhersla er lögð á að viðkomandi búi yfir lipurð í samstarfi og mannlegum samskiptum.

Í samræmi við mannréttindastefnu Akraneskaupstaðar eru bæði karlar og konur hvött til að sækja um starfið.
Laun eru samkvæmt kjarasamningi SNS og KÍ.

**Staðan er laus frá og með 1. ágúst 2016. Umsóknarfrestur er til 29. febrúar 2016.**
**Nánari upplýsingar um starfið veita Jóna Björk Sigurjónsdóttir *jona.sigurjonsdottir@capacent.is* og Gunnar Gíslason *gunnar.gislason@akranes.is***

**Sótt er um starfið í gegnum heimasíðu Capacent. Umsóknum fylgi ítarleg starfsferilskrá ásamt greinargerð þar sem kemur fram ástæða umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi til starfsins.**

LJÓNSDÓTTIR

## Grundaskóli

Grundaskóli hefur á að skipa reynslumiklu og hæfu starfsfólki og er með um 600 nemendur í 1 til 10 bekk. Leiðarljós Grundaskóla er metnaðarfullt skólastarf sem byggir á góðu starfsumhverfi og góðri samvinnu starfsfólks, nemenda, foreldra og annarra samstarfsaðila skólans. Grundaskóli hefur unnið til fjölda viðurkenninga fyrir öflugt skólastarf. Hann hlaut meðal annars Íslensku menntaverðlaunin fyrstur allra skóla.

## Akranes

Akraneskaupstaður er eitt af stærstu sveitarfélögum landsins með tæplega 7 þúsund íbúa. Bærinn er sérstaklega barnvænn með gott framboð af íþrótta-, tómstunda- og menningarstarfi.
Í viðhorfskönnunum Capacent fær Akranes jafnan hæstu einkunnir í viðhorfi íbúa til grunn- og leikskóla. Sérfræðiþjónusta skólaskrifstofu er öflug og góð samvinna er á milli fagaðila sem vinna með börn og unglinga á Akranesi.

JÁKVÆÐNI – METNAÐUR – VÍÐSÝNI

capacent

Þú getur orðið

# Sérfræðingur á þjónustusviði

SFR STÉTTARFÉLAG Í ALMANNAÞJÓNUSTU

Umsóknarfrestur
**21. febrúar**

Upplýsingar og umsókn
**capacent.is/s/2228**

SFR óskar eftir að ráða sérfræðing til starfa á þjónustusvið félagsins. Viðkomandi einstaklingur þarf að vera vel að sér í kjarasamningum og réttindamálum launþega og geta gefið félagsmönnum leiðsögn varðandi starfskjör og réttindi.

Leitað er að einstaklingi sem er jákvæður og hefur góða þjónustulund til að bera, sýnir frumkvæði og sjálfstæði í starfi og er lipur í mannlegum samskiptum.

Starfssvið

- Leiðsögn til félagsmanna vegna kjara- og réttindamála
- Útreikningar og afgreiðsla sjúkradagpeninga, fæðingarstyrkja ofl.
- Samvinna með Styrktar- og sjúkrasjóði félagsins að verkefnum
- Þjónusta við allar almennar fyrirspurnir

Menntunar- og hæfniskröfur

- Haldgóð almenn menntun sem nýtist í starfinu, háskólamenntun æskileg.
- Reynsla af störfum í launadeildum sem og túlkun kjarasamninga
- Góð kunnátta í íslensku og ensku, sem og hæfni til að tjá sig í ræðu og riti
- Góð almenn tölvukunnátta sem og geta til að hagnýta sér upplýsingatækni
- Reynsla af upplýsingakerfum, s.s. launakerfum

SFR var stofnað 17. nóvember 1939. Stofnfélagar voru 142, en félagsmenn eru nú um 7.000. Í fyrstu voru félagsmenn einkum karlar í skrifstofustörfum sem flestir bjuggu á höfuðborgarsvæðinu. Nú koma félagsmenn úr mörgum starfsgreinum, með afar fjölbreytta menntun og ólíkan bakgrunn.

*Capacent — leiðir til árangurs*

capacent

Spennandi störf í raftækni

# Viltu vinna hjá Orkuvirki?

ORKUVIRKI

Orkuvirki óskar eftir að ráða hressa liðsmenn í samhelt lið starfsmanna. Um fjölbreytt og skemmtileg störf er að ræða. Orkuvirki er lifandi vinnustaður og í boði er góð vinnuaðstaða.

## Verk- eða tæknifræðingur

Umsóknarfrestur
**21. febrúar**

Upplýsingar og umsókn
**capacent.is/s/2232**

Starfssvið

- Verkefnastjórnun.
- Hönnun háspennu- og lágspennukerfa.
- Forritun liðavarnar- og stjórnkerfa fyrir veitur.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Menntun á sviði verk- eða tæknifræði.
- Frumkvæði og metnaður.
- Góð samstarfs- og samskiptafærni.

## Rafvirki eða rafiðnaðarmaður

Umsóknarfrestur
**21. febrúar**

Upplýsingar og umsókn
**capacent.is/s/2233**

Starfssvið

- Framleiðsla og uppsetning á há- og lágspennubúnaði.
- Samsetning afldreifinga.
- Lagnir og tengingar.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Menntun á sviði rafvirkjunar eða rafiðnaðar.
- Útsjónasemi og frumkvæði.
- Góð samstarfs- og samskiptafærni.

Orkuvirki er raftæknifyrirtæki með vörur og þjónustu fyrir veitur, orkuframleiðendur og iðnað. Meginstarfsemi Orkuvirkis er í raforkugeiranum og í iðnaði og hefur einkum falist í hönnun, framleiðslu og uppsetningu rafbúnaðar í orkuver, iðjuver og fyrir veitur.

Nánar á orkuvirki.is

*Capacent — leiðir til árangurs*

capacent


# Við gætum verið með næsta starfsmann mánaðarins á skrá

capacent

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífinu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

**www.capacent.is**

Þú getur orðið

# Skrifstofustarfsmaður

Umsóknarfrestur

**28. febrúar**

Upplýsingar og umsókn

**capacent.is/s/2218**

Verkalýðsfélag Suðurlands óskar eftir að ráða starfsmann til starfa á skrifstofu félagsins á Hellu. Um er að ræða fjölbreytt og krefjandi starf.

Leitað er að einstaklingi sem er jákvæður og hefur góða þjónustulund til að bera, sýnir frumkvæði og sjálfstæði í starfi og er lipur í mannlegum samskiptum.

Starfssvið

- Símsvörun og upplýsingagjöf
- Vinna við bókhald félagsins
- Útreikningar og ýmis málefni tengd kjarasamningum
- Önnur tilfallandi verkefni

Menntunar- og hæfniskröfur

- Menntun sem nýtist í starfinu
- Reynsla af skrifstofustörfum
- Þekking á bókhaldi kostur
- Góð almenn tölvukunnátta
- Góð kunnátta í íslensku og ensku, talað og ritað mál

Félagssvæði Verkalýðsfélags Suðurlands nær frá Þjórsá í vestur að Lómagnúp í austri og nær til alls verkafólks sem starfar á almennum markaði, hjá sveitarfélögum og hjá ríkinu.

Nánar á www.vlfs.is

*Capacent — leiðir til árangurs*

capacent




# Getum við treyst á þig?

## Öryggisstjóri

Við leitum að öryggisstjóra sem býr yfir frumkvæði og jákvæðni og hefur brennandi áhuga á öryggismálum.

**Starfs- og ábyrgðarsvið**
- Viðhald stjórnunar öryggis-, heilbrigðis- og vinnuumhverfismála fyrirtækisins
- Umsjón með þjálfun og fræðslu tengdum öryggi, heilbrigði og vinnuumhverfi
- Þátttaka í stjórnun öryggis mannvirkja og framkvæmda, upplýsingaöryggis og rekstaröryggis raforkukerfisins
- Þátttaka í neyðarstjórnun fyrirtækisins

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Menntun á sviði rafmagns er nauðsynleg
- Reynsla af stjórnun öryggismála er nauðsynleg
- Þekking á verkefnastjórnun og breytingastjórnun
- Góð kunnátta í ensku og einu norðurlandamáli
- Hæfni í samskiptum og samvinnu
- Sjálfstæði í vinnubrögðum og staðfesta við úrvinnslu verkefna

**Um Landsnet**

Landsnet ber ábyrgð á flutningskerfi raforku sem er einn af mikilvægustu innviðum samfélagsins.

Verkefni fyrirtækisins er að tryggja heimilum og fyrirtækjum aðgang að rafmagni í takt við þarfir þeirra og í sátt við umhverfið og samfélagið. Landsnet er góður vinnustaður þar sem fjölbreytt og krefjandi verkefni eru leyst af samhentum hópi starfsfólks.

**Umsóknarfrestur er til og með 28. febrúar 2016.**
Umsækjendur eru beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is. Umsóknum þarf að fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfi. Nánari upplýsingar veita Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) og Þóra Pétursdóttir (thora.petursdottir@capacent.is) hjá Capacent.

Landsnet | Gylfaflöt 9 | 112 Reykjavík | Sími 563 9300 | landsnet@landsnet.is | www.landsnet.is

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífinu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

Við finnum rétta einstaklinginn í starfið

capacent

www.capacent.is

FÉLAGSBÚSTAÐIR HF.

Félagsbústaðir hf er sjálfstætt starfandi fasteignafélag í eigu Reykjavíkurborgar sem á, rekur og leigir út yfir 2.000 íbúðir í Reykjavík. Veigamikill þáttur í starfsemi félagsins eru verklegar framkvæmdir sem felast í viðhaldi fasteigna og nýframkvæmdum. Árlega nema framkvæmdir á vegum félagsins um einum milljarði króna. Hjá fyrirtækinu starfa ríflega 20 manns, en þar af telur framkvæmdasvið 10 starfsmenn. Félagið er staðsett miðsvæðis í Reykjavík og hefur undanfarin ár hlotið viðurkenningu frá starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar sem fyrirmyndarstofnun í flokki smærri stofnana.

# Félagsbústaðir óska eftir drífandi starfskrafti á framkvæmdasvið

Leitað er að aðila sem hefur til að bera frumkvæði, sýnir áreiðanleika og stundvísi í starfi og nákvæmni og ögun í vinnubrögðum.

**Starfssvið**
- Almenn umsjón og eftirlit með verklegum framkvæmdum
- Minniháttar viðgerðir á sviði pípulagninga
- Samskipti við iðnaðarmenn og verktaka
- Yfirferð og samþykkt reikninga
- Samskipti við leigutaka
- Önnur tilfallandi verkefni

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Löggild iðnmenntun, helst á sviði pípulagninga
- Reynsla af sambærilegu starfi eða af byggingarframkvæmdum er nauðsynleg
- Færni í mannlegum samskiptum
- Drifkraftur og skipulögð vinnubrögð
- Þarf að geta tileinkað sér færni í þeim tölvukerfum sem starfið krefst
- Nákvæmni og samviskusemi

**Upplýsingar veitir:**
**Sverrir Briem**
sverrir@hagvangur.is
**Umsóknir óskast fylltar út á hagvangur.is**
**Umsóknarfrestur er til og með 23. febrúar nk.**
Umsókn um starfið þarf að fylgja starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

HAGVANGUR SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700

Sameinaði lífeyrissjóðurinn

# Lífeyrisfulltrúi og starf í móttöku

Sameinaði lífeyrissjóðurinn auglýsir lausar tvær stöður.

*Hlutverk Sameinaða lífeyrissjóðsins er að tryggja öryggi sjóðfélaganna, maka þeirra og barna í framtíðinni.*

*Sjóðurinn greiðir sjóðfélögum elli- og örorkulífeyri og mökum látinna sjóðfélaga fjölskyldulífeyri.*

*Á skrifstofu sjóðsins starfa 17 starfsmenn auk framkvæmdastjóra.*

*Nánari upplýsingar um sjóðinn má finna á heimasíðu hans www.lifeyrir.is.*

## Lífeyrisfulltrúi

### Helstu verkefni:
- Gagnavinnsla og útreikningar
- Úrvinnsla umsókna um lífeyri
- Samskipti við hagsmunaaðila
- Þátttaka í almennri þjónustu sjóðsins

### Menntunar- og hæfniskröfur:
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Greiningarhæfileikar og talnagleggni
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Samviskusemi, nákvæmni og öguð vinnubrögð
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Hæfileiki til að tileinka sér nýjungar
- Góð almenn tölvukunnátta
- Góð tök á íslensku og ensku máli, töluðu og rituðu

## Móttaka

### Helstu verkefni:
- Móttaka gesta
- Símsvörun
- Gjaldkeri
- Umsjón póstmála
- Skjalavarsla; skönnun og flokkun
- Önnur tilfallandi verkefni

### Menntunar- og hæfniskröfur:
- Menntun sem nýtist í starfi
- Þjónustulund
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Skipuleg vinnubrögð
- Góð almenn tölvukunnátta
- Góð tök á íslensku og ensku máli, töluðu og rituðu

*Nánari upplýsingar veita Helga Rún Runólfsdóttir (helga@intellecta.is) og Ari Eyberg (ari@intellecta.is), í síma 511-1225. Umsóknarfrestur er til og með 29. febrúar 2016. Umsókn um störfin óskast fyllt út á www.intellecta.is og þarf ítarleg starfsferilsskrá að fylgja. Umsækjendur eru hvattir til að kynna sér samskipta- og siðareglur ásamt jafnræðisáætlun sem sjóðurinn hefur sett sér á heimasíðu sjóðsins.*

*Farið verður með fyrirspurnir og umsóknir sem trúnaðarmál og þeim svarað.*

intellecta
Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir

***Intellecta Síðumúla 5, 108 Reykjavík, sími 511 1225.***


**RÁÐGJÖF**
- Að gera betur í dag en í gær er drifkraftur nýrra hugsana og betri árangurs

**RÁÐNINGAR**
- Réttir starfsmenn í réttum hlutverkum ræður mestu um árangur fyrirtækja

**RANNSÓKNIR**
- Rannsóknir auka þekkingu og gera ákvarðanir markvissari

intellecta
Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir

www.intellecta.is

# Lögfræðingur / lögmaður

Framsækið fyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu óskar eftir að ráða lögfræðing til starfa. Fyrirtækið starfar á fasteignamarkaði. Fjárfestir í og annast útleigu fasteigna.

**Helstu verkefni**
- Lögfræðiráðgjöf á því sviði sem félagið starfar á
- Regluvarsla og samskipti við opinbera aðila
- Ritari stjórnar og þátttaka í ýmsum verkefnum með stjórn félagsins
- Koma að kaupum og sölu eigna þ.m.t. að vinnu með áreiðanleikakannanir
- Samningagerð og ráðgjöf til starfsmanna félagsins
- Þátttaka í ýmsum starfs- og verkefnahópum

**Hæfniskröfur**
- Meistarapróf í lögfræði æskilegt
- Lögmannsréttindi æskileg
- 4-5 ára starfsreynsla sem nýtist í starfi
- Mjög góð kunnátta og reynsla í félaga- og veðrétti
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum
- Jákvætt viðmót og þjónustulund

**Upplýsingar veitir:**
**Sverrir Briem**
sverrir@hagvangur.is
**Umsóknir óskast fylltar út á hagvangur.is**
**Umsóknarfrestur er til og með 23. febrúar nk.**
Umsókn um starfið þarf að fylgja starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

HAGVANGUR SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700

# Sterk tengsl í íslensku atvinnulífi
**www.hagvangur.is**

Bifreid.is Varahlutaverzlun
Sérfræðingar í þýzkum bifreiðum

TÆKNIÞJÓNUSTA BIFREIÐA EHF

Bifreið.is hefur opnað nýja varahlutaverslun að Hjallahrauni 4 í Hafnarfirði. Fyrirtækinu hefur nýlega verið skipt upp í tvennt og eru spennandi tímar framundan. Bifreið.is býður upp á hágæða varahluti frá Þýskalandi. Úrvalið er nú enn meira en áður og starfsfólkið er sérhæft til að finna réttu varahlutina. Samhliða opnun á nýju versluninni var verkstæði Tækniþjónustu bifreiða stækkað, en það sérhæfir sig í viðgerðum og þjónustu við þýskar bifreiðar. Fyrirtækið hefur verið starfrækt að Hjallahrauni 4 í Hafnarfirði í 16 ár.

## Framkvæmdastjóri

Bifreið.is og Tækniþjónusta bifreiða óska eftir að ráða framkvæmdastjóra.

Um er að ræða spennandi stöðu í rótgrónu fyrirtæki sem rekið hefur verið af sömu aðilum og á sama stað í 16 ár.

**Starfssvið**
- Daglegur rekstur á varahlutaverslun og þjónustuverkstæði
- Fjármálaumsýsla
- Starfsmannamál
- Markaðsmál
- Birgðastjórnun

**Hæfniskröfur**
- Reynsla af stjórnun
- Reynsla af rekstri og umsýslu fjármála
- Sjálfstæði og frumkvæði í starfi
- Skipulagshæfni og öguð vinnubrögð
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Þekking og/eða áhugi á bílgreininni

Boðið er upp á góða vinnuaðstöðu, vingjarnlegtstarfsumhverfi, samkeppnishæf laun og möguleika á að vaxaí starfi. Einnig er möguleiki á eignaraðild fyrir réttan aðila.

**Upplýsingar veitir**
**Rannveig J. Haraldsdóttir**
rannveig@hagvangur.is

**Umsóknir óskast fylltar út á hagvangur.is.**
**Umsóknarfrestur er til og með 21. febrúar.**

## Bifvélavirki/verkefnastjóri

Tækniþjónusta bifreiða óskar eftir að ráða bifvélavirkja/verkefnastjóra.

Tækniþjónusta bifreiða er rótgróið þjónustuverkstæði sem sérhæfir sig í viðgerðum og þjónustu við þýskar bifreiðar. Verkstæðið hefur verið starfrækt að Hjallahrauni í Hafnarfirði í 16 ár.

**Starfssvið**
- Bilanagreining
- Almenn þjónusta og viðgerðir
- Ráðgjöf til viðskiptavina
- Verkefnastjórnun

**Hæfniskröfur**
- Víðamikil reynsla af bílaviðgerðum
- Góð þekking á þýskum bifreiðum
- Sjálfstæð og fagleg vinnubrögð
- Góðir samskiptahæfileikar

Boðið er upp á góða vinnuaðstöðu, vingjarnlegt starfsumhverfi, góðan starfsanda og góð laun.

**Upplýsingar veitir**
**Rannveig J. Haraldsdóttir**
rannveig@hagvangur.is

**Umsóknir óskast sendar á netfangið hafthor@bifreid.is.**

**Umsóknarfrestur er til og með 21. febrúar.**

HAGVANGUR SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700



— Tæknifulltrúi

## VILT ÞÚ VERA Í HÁGÆÐASAMBANDI?

**Gagnaveita Reykjavíkur** óskar eftir þjónustulunduðum tæknifulltrúa til að veita viðskiptavinum okkar þjónustu tengda Ljósleiðaranum.

Þetta hlutverk tilheyrir þjónustudeild okkar, sem þjónustar viðskiptavini GR.

**Hvert væri þitt hlutverk?**
Þú verður hluti af þjónustuteymi sem ber ábyrgð á tækniþjónustu við viðskiptavini Ljósleiðarans (2. stigs tæknileg aðstoð) ásamt samskiptum við verktaka og fjarskiptafélög. Þú þarft að hafa áhuga á tækni, vilja til að veita góða þjónustu, vera fær í samskiptum, hafa haldbæra reynslu af netbúnaði og tölvum og geta unnið í teymi.

Starfið býður upp á frábæra vinnuaðstöðu, gott mötuneyti, sem og skemmtilega og hæfa vinnufélaga og stjórnendur.

Við erum með vel mótaða jafnréttisstefnu og tökum vel á móti bæði konum og körlum.

Eingöngu er sótt er um starfið á ráðningarsíðu Gagnaveitu Reykjavíkur: starf.or.is/gagnaveitan/. - Umsóknarfrestur er til og með **18. febrúar 2016.**

Ef þú vilt forvitnast um starfið sendu þá póst á Bryndísi Ernstsdóttur mannauðsráðgjafa á netfangið starf@gagnaveita.is.

Gagnaveita Reykjavíkur er dótturfyrirtæki Orkuveitu Reykjavíkur. Orkuveita Reykjavíkur hefur sameiginlega starfsmannastefnu og býður upp á fjölbreyttan vinnustað fólks með mikla þekkingu. Fyrirtækið leitast við að vera í fremstu röð hvað varðar öryggi, vinnuumhverfi og möguleika til að samræma vinnu og fjölskylduábyrgð. Fyrirtækið hlaut Jafnréttisviðurkenningu Jafnréttisráðs 2011 og 2013, sem og Hvatningarverðlaun jafnréttismála árið 2015.

GAGNAVEITA REYKJAVÍKUR

## Starf sálfræðings er laust til umsóknar

Fjölskylduþjónusta Sveitarfélagsins Skagafjarðar óskar eftir að ráða sálfræðing til starfa. Starfið er hvort tveggja á sviði skólaþjónustu og félagsþjónustu. Það fer eftir samkomulagi við viðkomandi hvenær störf hefjast.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Sálfræðimenntun og réttindi til að starfa sem sálfræðingur.
- Þekking á þroska og þroskafrávikum barna.
- Reynsla af sálfræðilegri greiningu og ráðgjöf vegna barna.
- Þekking og reynsla af ráðgjöf í barnaverndar- og fjölskyldumálum.
- Leikni í mannlegum samskiptum.
- Skipulagshæfileikar, sjálfstæði og frumkvæði.
- Reynsla af starfi skólasálfræðings er kostur.

Fjölskylduþjónusta Sveitarfélagsins Skagafjarðar hefur á að skipa vel menntuðu fagfólki, félagsráðgjöfum, uppeldis- og sálfræðiráðgjafa, þroskaþjálfum, sérkennurum, kennsluráðgjöfum, námsráðgjafa og talmeinafræðingi. Áhersla er lögð á heildstæða og samþætta þjónustu, þverfagleg vinnubrögð og samvinnu þjónustustofnana. Nú vantar okkur sálfræðing í teymið en löng hefð er fyrir vinnu sálfræðings í samstarfshópnum.

**Helstu verkefni sálfræðings:**
- Sálfræðilegar athuganir og greiningar á börnum.
- Ráðgjöf við foreldra og starfsmenn leik- og grunnskóla.
- Þverfaglegt starf í skóla, félagsþjónustu, barnavernd o.fl.

Starfið hentar jafnt konum sem körlum. Laun og starfskjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Sálfræðingafélags Íslands.

**Umsóknarfrestur er til og með 28. febrúar 2016**

Nánari upplýsingar um starfið gefur sviðsstjóri fjölskyldusviðs, Herdís Á Sæmundardóttir í síma 455-6088 eða með því að senda fyrirspurn á netfangið has@skagafjordur.is.

Umsóknum sem greina frá menntun og fyrri störfum skal skila í gegnum heimasíðu sveitarfélagsins www.skagafjordur.is (laus störf) eða í gegnum íbúagátt sveitarfélagsins.

Öllum umsóknum verður svarað og umsækjendum tilkynnt um ráðstöfun starfsins þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

# Sterk tengsl í íslensku atvinnulífi

**www.hagvangur.is**



# KAFFIBARÞJÓNAR ÓSKAST

**HEFUR ÞÚ BRENNANDI ÁHUGA Á KAFFI OG TE?**

Te & Kaffi leitar að starfsfólki til að bætast í hóp okkar jákvæðu, duglegu og framúrskarandi kaffibarþjóna sem fyrir eru á kaffihúsunum okkar.

Við leitum að einstaklingi sem hefur reynslu af þjónustustörfum og brennandi áhuga á öllu sem viðkemur kaffi og te.

**Aldurstakmark er 20 ára.**
**Um framtíðarstarf er að ræða**

**Umsóknir berist á atvinna@teogkaffi.is fyrir 15. mars nk.**

TE & KAFFI

Te & Kaffi er fjölskyldufyrirtæki sem var stofnað árið 1984. Landsmenn þekkja Te & Kaffi af því frábæra kaffi og tei sem fyrirtækið hefur boðið upp á alla tíð. Í grunninn er kjarnastarfsemi fyrirtækisins framleiðsla á kaffi, í fullkomnustu kaffibrennslu landsins, og rekstur kaffihúsa sem eru tólf talsins.

**www.teogkaffi.is**

# Hafnarstjóri

HAFNARFJARÐARHÖFN

Hafnarfjarðarhöfn rekur tvö hafnarsvæði, í Hafnarfirði og Straumsvík. Hafnarfjörður er löndunarhöfn fyrir togara og fiskiskip, vöruflutningahöfn, farþegahöfn og olíuhöfn ásamt skemmtibátahöfn. Straumsvík er stóriðjuhöfn. Hjá Hafnarfjarðarhöfn starfa 13 fastráðnir starfsmenn ásamt afleysingastarfsfólki á sumrin.

**Helstu verkefni og ábyrgð:**

- Dagleg stjórnun og rekstur hafnarinnar
- Yfirumsjón með eftirliti og mati á hafnarþjónustu ásamt eftirfylgni
- Stýrir gerð fjárhagsáætlana í hafnarmálum, framkvæmd hennar og eftirfylgni
- Stefnumótun og forysta við þróun og innleiðingu nýrra áherslna í hafnarþjónustu ásamt mati á árangri og eftirliti
- Umsjón með markaðsstarfi hafnanna
- Undirbúningur mála fyrir hafnarstjórn

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Menntun sem nýtist í starfi
- Reynsla og þekking á rekstri og stjórnun
- Þekking og reynsla af starfsemi hafna æskileg
- Leiðtogahæfni
- Mjög góð hæfni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði, sjálfstæði og metnaður til að ná árangri
- Góð tölvuþekking og tæknikunnátta kostur
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti á íslensku og ensku. Kunnátta í einu norrænu máli er kostur

Umsókn óskast fyllt út á www.talent.is og henni þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf, þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

TALENT
RÁÐNINGAR & RÁÐGJÖF
www.talent.is | talent@talent.is | Sími 552-1600

Nánari upplýsingar veita Lind Einarsdóttir, lind@talent.is og Bryndís Jónsdóttir, bryndis@talent.is og í síma 552-1600

Umsóknarfrestur er til og með 28. febrúar 2016



# SPENNANDI STÖRF Í FERÐAÞJÓNUSTU

**Reykjavik Excursions-Kynnisferðir leitar að metnaðarfullum einstaklingum með ríka þjónustulund í fjölbreytt störf á starfsstöðvum okkar í Reykjavík og á Keflavíkurflugvelli. Í boði eru 100% störf í vaktavinnu, hlutastörf og sumarstörf.**



## BÍLSTJÓRAR

### Starfssvið

- Akstur og þjónusta við farþega.
- Umsjón og umhirða bifreiða.
- Vinna eftir umhverfis-, öryggis- og gæðastöðlum fyrirtæksins.

### Menntunar- & hæfniskröfur

- Aukin ökuréttindi D.
- Reynsla af akstri hópferðabíla er æskileg.
- Hreint sakavottorð.
- Enskukunnátta.
- Rík þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum.
- Snyrtimennska og stundvísi.
- Jákvæðni, drifkraftur og sjálfstæð vinnubrögð.

## LEIÐSÖGUMENN

### Starfssvið

- Leiðsögn í skipulögðum ferðum.
- Vinna eftir umhverfis-, öryggis- og gæðastöðlum fyrirtæksins.

### Menntunar- & hæfniskröfur

- Fagmenntun úr viðurkenndu leiðsögunámi.
- Mjög góð enskukunnátta.
- Önnur tungumálakunnátta er kostur.
- Fagleg þekking á staðháttum á Íslandi.
- Meirapróf er kostur.
- Rík þjónustulund og framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum.
- Snyrtimennska og stundvísi.
- Jákvæðni, frumkvæði og drifkraftur.

## AFGREIÐSLA

Unnið er samkvæmt 2-2-3 vaktakerfi á 11,5 klst löngum vöktum.

### Starfssvið

- Sala á farmiðum og bókanir í ferðir.
- Símsvörun og upplýsingagjöf.
- Önnur tilfallandi verkefni.

### Menntunar- & hæfniskröfur

- Stúdentspróf eða önnur menntun sem nýtist í starfi.
- Góð íslensku- og enskukunnátta er skilyrði.
- Rík þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum.
- Snyrtimennska og stundvísi.
- Jákvæðni, drifkraftur og sjálfstæð vinnubrögð.
- Góð tölvufærni.

Nánari upplýsingar veitir Jóhanna Hreiðarsdóttir, mannauðsstjóri á netfanginu johanna@re.is.

Tekið er á móti umsóknum rafrænt á www.jobs.re.is ásamt ferilskrá og mynd. Konur jafnt sem karlar eru hvattar til að sækja um.

**Umsóknarfrestur er til og með 29. febrúar 2016.**

Reykjavik Excursions-Kynnisferðir er ört vaxandi ferðaþjónustufyrirtæki með um 300 starfsmenn. Við erum leiðandi í skipulagningu og rekstri dagsferða með erlenda og innlenda ferðamenn um Ísland.
Hjá okkur starfar metnaðarfullt starfsfólk sem leggur sig fram við að veita framúrskarandi þjónustu.

Reykjavik Excursions
KYNNISFERÐIR

Umferðarmiðstöðin BSÍ
101 Reykjavík
☎ 580 5400 • main@re.is
www.re.is • www.flybus.is



VATNAJÖKULSÞJÓÐGARÐUR

# STAÐA ÞJÓÐGARÐSVARÐAR Á NORÐURSVÆÐI VATNAJÖKULSÞJÓÐGARÐS

## MEÐ STARFSSTÖÐ Í ÁSBYRGI ER LAUS TIL UMSÓKNAR

Vatnajökulsþjóðgarður skiptist í fjögur rekstrarsvæði: norðursvæði, austursvæði, suðursvæði og vestursvæði. Á norðursvæði eru tvær meginstarfsstöðvar (samkvæmt lögum nr. 60/2007 og reglugerð nr. 608/2008), þ.e. í Ásbyrgi og Mývatnssveit og starfar þjóðgarðsvörður á báðum svæðum. Hér er auglýst staða þjóðgarðsvarðar á norðursvæði með fastri starfsstöð í Gljúfrastofu í Ásbyrgi, sem eiga mun náið samstarf við þjóðgarðsvörð með starfsstöð í Mývatnssveit.

### HELSTU VERKEFNI:

- Framkvæmd stjórnunar- og verndaráætlunar þjóðgarðsins.
- Umsjón með daglegum rekstri á rekstarsvæðinu og ábyrgð á að hann sé innan heimilda.
- Yfirumsjón með rekstri gestastofu og tjaldsvæða.
- Samskipti við hagsmunaaðila.
- Samvinna við atvinnulíf, sveitarfélög, skóla og íbúa á nærsvæði við Ásbyrgi/Jökulsárgljúfur.
- Samskipti og samvinna við þjóðgarðsvörð á hálendissvæði Norðursvæðis.
- Leiða starf í faglegri umsýslu landvörslu og fræðslu.
- Þátttaka í stefnumótun þjóðgarðsins.
- Almenn stjórnsýsla og leyfisútgáfa fyrir Ásbyrgi og Jökulsárgljúfur.

### HÆFNISKRÖFUR:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi.
- Þekking og reynsla af umhverfismálum og náttúruvernd.
- Frumkvæði, sjálfstæði og ábyrgð í starfi.
- Skipulagshæfileikar og þjónustulund.
- Hæfni og lipurð í mannlegum samskiptum.
- Reynsla af almennum rekstri og mannaforráðum.
- Þekking og/eða reynsla af fræðslu til mismunandi hópa. Þekking á náttúrutúlkun og landvörslu er kostur.
- Reynsla og þekking af öryggismálum ferðamanna er kostur.
- Reynsla af opinberri stjórnsýslu er kostur.
- Góð íslensku- og enskukunnátta, frekari tungumálakunnátta er kostur.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi fjármálaráðherra og hlutaðeigandi stéttarfélags.
Bæði konur og karlar eru hvött til að sækja um starfið. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

**Umsóknir um ofangreint starf skulu hafa borist Vatnajökulsþjóðgarði Klapparstíg 25-27, 101 Reykjavík, eigi síðar en 29. febrúar nk.**

**Upplýsingar um starfið veitir Þórður H. Ólafsson, framkvæmdastjóri Vatnajökulsþjóðgarðs, thordur@vjp.is eða í síma 575 8400.**

PORT hönnun

BLIKK- OG TÆKNIÞJÓNUSTAN ehf.
Akureyri

# Langar þig að skipta um umhverfi?

**Ef þú ert málmiðnaðarmaður, jákvæður og hress og langar að takast á við smá áskorun þá erum við að leita að þér.**

Við erum 14-18 manna fyrirtæki með fjölbreytt verkefni og bráðvantar áhugasaman mann til að sinna verkstjórastöðu.

Ef þú telur þig eiga erindi, hafðu þá samband í síma 462-4017 eða senda línu á bogt@bogt.is

REYKJALUNDUR endurhæfing

SFR FYRIRMYNDAR STOFNUN 2015

# Starfsmaður í mötuneyti

Við leitum að stundvísum, samviskusömum og þjónustulunduðum starfsmanni í 100% starf í mötuneyti okkar. Unnið er alla virka daga á tvískiptum vöktum. Aðra vikuna er unnið frá kl. 08:00 – 16:00 og hina vikuna frá kl. 12:00 -20:00. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst. Um framtíðarstarf er að ræða.

Laun eru greidd samkvæmt kjarasamningi Eflingar og fjármálaráðherra auk stofnanasamnings milli Eflingar og Reykjalundar.

**Umsóknarfrestur er til 27. febrúar 2016**

Nánari upplýsingar gefur Guðbjörg Gunnarsdóttir, mannauðsstjóri í síma 585 2143 gudbjorg@reykjalundur.is

Reykjalundur, endurhæfingarmiðstöð SÍBS.
Sími 585 2000 – www.reykjalundur.is

Hagsýni | Liðsheild | Heilindi | nordural.is



# SÉRFRÆÐINGUR Í IÐNSTÝRINGUM

## Við leitum að reyndum sérfræðingi í iðntölvum og stjórnkerfum fyrir vél- og rafbúnað.

**STARFSSVIÐ:**

- Fyrirbyggjandi viðhald og eftirlit
- Bilanagreiningar
- Hámörkun á áreiðanleika iðnstýrikerfa

Um er að ræða ýmis iðntölvu- og skjágæslukerfi (SCADA) innan verksmiðjunnar.

**MENNTUNAR- OG HÆFNISKRÖFUR:**

- Rafiðnfræði eða sambærileg menntun
- Reynsla í notkun iðntölva í iðnaði þar sem gerðar eru kröfur til öryggis og áreiðanleika
- Þekking á Allen Bradley iðntölvum og forritunarmálum er æskileg
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði, nákvæmni og öguð vinnubrögð

Hjá Norðuráli leggjum við áherslu á jafna möguleika karla og kvenna, endurmenntun og starfsþróun, frábæran starfsanda og samstarfsfélaga. Starfinu fylgir góð starfsaðstaða í lifandi umhverfi þar sem metnaður og fagmennska eru í fyrirrúmi.

Umsóknarfrestur er til og með **22. febrúar** nk. Umsókn ásamt ferilskrá óskast fyllt út á **www.nordural.is**. Nánari upplýsingar um starfið veita Fjalar Ríkharðsson, framkvæmdastjóri Viðhaldsssviðs, og Valka Jónsdóttir starfsmannastjóri í síma **430-1000**.

Öllum umsóknum verður svarað og trúnaði heitið.

Norðurál er eitt stærsta iðnfyrirtæki á Íslandi. Hjá fyrirtækinu starfa um 600 manns með fjölbreytta menntun og bakgrunn. Árleg framleiðslugeta er um 300 þúsund tonn af hágæða áli.

bsi. OHSAS 18001 Occupational Health and Safety Management | bsi. ISO 14001 Environmental Management | bsi. ISO 9001 Quality Management

NORÐURÁL

# Spennandi störf í Vefdeild og Upplýsingatækni

LANDSBANKINN.KT.471008-0280

**Tækniumhverfi Landsbankans er viðamikið,** krefjandi og í stöðugri framþróun. Framúrskarandi hópur sérfræðinga starfar í skemmtilegu og lærdómsríku vinnuumhverfi þar sem áhersla er lögð á fyrirmyndarþjónustu og ábyrgð á árangri. Við leitum að áhugasömum einstaklingum í öflug teymi okkar í Vefdeild og Upplýsingatækni sem þurfa að búa yfir frumkvæði, fagmennsku og hafa færni í mannlegum samskiptum.

## Hugbúnaðarsérfræðingur í Vefdeild

**Vefdeild ber ábyrgð á vef- og margmiðlunarmálum Landsbankans** í samvinnu við hagsmunaaðila innan bankans. Í deildinni starfar kraftmikill hópur einstaklinga með sérhæfingu á ólíkum sviðum. Meðal þeirra vefsvæða sem deildin sér um eru landsbankinn.is, innri vefur bankans og netbankar.

**Helstu verkefni**

- Nýsmíði, þróun og viðhald netbanka og vefsvæða bankans.
- Útfærsla veflausna og vöruþróun í samstarfi við Upplýsingatækni og viðskiptaeiningar bankans.

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Háskólamenntun í tölvunarfræði eða sambærileg menntun.
- Reynsla og þekking á JavaScript, ASP.NET og vefforritun fyrir snjalltæki.
- Þekking og áhugi á React, GulpJS, REST og JSON er kostur.
- Skipulagshæfni og öguð vinnubrögð.

## Hugbúnaðararkitekt í UT Högun

**UT Högun tilheyrir Upplýsingatækni og ber ábyrgð á lausna- og hugbúnaðarhögun** í krefjandi tækniumhverfi bankans. Hlutverk deildarinnar er að tryggja að innleiðing og nýsmíði á hugbúnaði falli að lausnum bankans og uppfylli tilsettar tækni- og öryggiskröfur.

**Helstu verkefni**

- Kerfishönnun við innleiðingu aðkeyptra kerfa og þróun hugbúnaðar.
- Endurnýjun og einföldun á tæknilegum innviðum bankans.
- Greining og hönnun verkefna í samstarfi við hagsmunaaðila.

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Háskólamenntun í tölvunarfræði eða sambærileg menntun.
- Reynsla af lausna- og hugbúnaðarhögun.
- Reynsla af þjónustumiðaðri högun (SOA).
- Þekking á opnum stöðlum.

## Hugbúnaðarsérfræðingur í UT Þróun

**UT Þróun tilheyrir Upplýsingatækni og ber ábyrgð á framkvæmd hugbúnaðarverkefna** allt frá greiningu og hönnun til afhendingar. Deildin vinnur með teymum þvert á bankann. Dæmi um verkefni deildarinnar eru innleiðing á nýju kjarnabankakerfi, einföldun á lánaumhverfi og sjálfvirknivæðing ferla.

**Helstu verkefni**

- Nýsmíði, umbóta- og samþættingarverkefni.
- Þróun lausna í takt við stefnu bankans.
- Greining og hönnun verkefna í samstarfi við hagsmunaaðila.

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Háskólamenntun í tölvunarfræði eða sambærileg menntun.
- Sterkur bakgrunnur í C# .NET og SQL.
- Traustur skilningur á hönnunarmynstrum (design patterns) og hlutbundinni hönnun (OO).
- Áhugi á þjónustumiðaðri högun, Agile/SCRUM aðferðafræði og fáguðum vinnubrögðum með CI (Continuous Integration) og TDD.
- Hæfni í samantekt krafna og vörpun í markmið og lausnir.

Jafnlaunaúttekt PwC 2015

**Nánari upplýsingar** veita Markús Már Þorgeirsson sérfræðingur í Vefdeild í síma 410 6981, Jóhann Þorvarðarson deildarstjóri UT Högunar í síma 410 7035, Ragnar Þ. Ágústsson deildarstjóri UT Þróunar í síma 410 6828 og Berglind Ingvarsdóttir mannauðsráðgjafi í síma 410 7914.

**Umsóknarfrestur er til og með 24. febrúar nk. Umsóknir fyllist út á vef bankans, landsbankinn.is.**

**Landsbankinn** landsbankinn.is 410 4000

LANDSBÓKASAFN ÍSLANDS
HÁSKÓLABÓKASAFN

# Mannauðsstjóri

Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn er þjóðbókasafn og bókasafn Háskóla Íslands. Safnið er í forystu um öflun, varðveislu og miðlun upplýsinga og eflir þannig menningu, rannsóknir og nýsköpun. Í safninu starfa 80 manns.

**Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn auglýsir laust starf mannauðsstjóra.**
Mannauðsstjóri heyrir undir sviðsstjóra rekstrar og upplýsingatækni, en sviðið er stoðsvið fagsviða safnsins. Mannauðsstjóri situr í framkvæmdaráði safnsins og tekur þátt í almennri stefnumótun. Hann ber ábyrgð á framkvæmd og eftirfylgni mannauðsmála, s.s. starfsþróun og fræðslu, ráðningum, kjaramálum og velferðarmálum, og veitir stjórnendum og starfsfólki ráðgjöf og stuðning.

**Helstu verkefni**
- Náið samstarf við landsbókavörð og sviðsstjóra um mannauðstengd mál
- Ábyrgð á launavinnslu, kjaramálum og framkvæmd stofnanasamninga
- Umsjón með starfsþróun og fræðslu
- Umsjón með ráðningum, starfslýsingum, starfsmati og frammistöðumati
- Umsjón með innri vef og starfsmannahandbók
- Eftirlit með vinnuyfirlitum, fjarvistum og orlofstöku
- Önnur verkefni sem tengjast innra starfi safnsins

**Menntunar– og hæfniskröfur**
- Háskólapróf á sviði mannauðsmála
- Reynsla af mannauðsstjórnun og helstu verkefnum æskileg
- Þekking á kjarasamningum og reynsla af túlkun þeirra er æskileg
- Reynsla af launavinnslu og Vinnustund er kostur
- Mjög mikil færni í mannlegum samskiptum
- Mikil tölvufærni
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri í starfi
- Góð skipulagshæfni, sjálfstæði og öguð vinnubrögð
- Mjög góð íslenskukunnátta og hæfni í miðlun upplýsinga

Um er að ræða 100% starf. Umsókn skal fylgja starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Umsóknarfrestur er til og með 28. febrúar 2016.
Nánari upplýsingar veitir Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir landsbókavörður (iss@landsbokasafn.is) og Edda G. Björgvinsdóttir, sviðsstjóri rekstrar og upplýsingatækni (edda@landsbokasafn.is)

Sótt er um starfið rafrænt á vef Landsbókasafns, www.landsbokasafn.is, undir Bókasafnið > Laus störf.
Við ráðningar er tekið mið af jafnréttisáætlun safnsins.
Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn | Þjóðarbókhlöðunni | s. 525-5600 | www.landsbokasafn.is

# Starfsmaður í óskast í veiðibúð

**Þekking á stangveiði ,stundvísi og góð framkoma skilyrði.**

**Vinsamlegst sendið ferilsskrá á netfangið zircon@simnet.is**

# ERUM VIÐ AÐ LEITA AÐ ÞÉR?

**VIÐ ÓSKUM EFTIR YFIRÞJÓNI Á VEITINGASTAÐ**
Viðkomandi þarf að hafa menntun og/eða reynslu sem þjónn, hafa áhuga og metnað fyrir því að fullkomna upplifun gesta Nauthóls. Vera jákvæður og skipulagur leiðtogi sem skarar framúr í mannlegum samskiptum. *Framtíðarstarf.*

**ÞJÓNAR Í SAL ÓSKAST**
Óskum eftir þjónum í sal. Um ræðir fullt starf og hlutastörf. Æskilegt er að viðkomandi hafi reynslu, sé jákvæður, brosmildur og 25 ára eða eldri. *Framtíðar– og sumarstörf.*

**VIÐ ÓSKUM EFTIR MATREIÐSLUKONU/MANNI**
Ef þú hefur reynslu af - a la carte - þá ert þú rétti aðilinn í eldhústeymið okkar! *Framtíðarstarf.*

**AÐSTOÐ Í ELDHÚSI**
Óskum einnig eftir aðstoðarfólki í eldhús. Viðkomandi þarf að hafa reynslu og áhuga á matargerð. *Framtíðarstarf.*

Áhugasamir vinsamlegast sendið inn umsókn ásamt ferilskrá á **saeunn@nautholl.is** fyrir 28.febrúar nk.

NAUTHÓLL

# SÖLUSTJÓRI



ÍSLENSKA SIA.IS ICE 78466 02/16

**ITS, tækniþjónusta Icelandair á Keflavíkurflugvelli, leitar að öflugum liðsmanni til að starfa í varahlutadeild fyrirtæksins.**

**STARFSSVIÐ:**
- Sala og innkaup varahluta
- Tilboðsgerð
- Greining viðskiptatækifæra
- Þjónusta við erlenda viðskiptavini

**HÆFNISKRÖFUR:**
- Menntun sem nýtist í starfi
- Áhugi á flugstarfsemi
- Góð enskukunnátta
- Góð tölvukunnátta
- Lögð er rík áhersla á sjálfstæð og öguð vinnubrögð

Við leitum að jákvæðum og áhugasömum einstaklingi í spennandi og krefjandi starf í góðu starfsumhverfi. Viðkomandi þarf að búa yfir framúrskarandi samskiptahæfileikum og geta unnið sem hluti af heild í síbreytilegu alþjóðlegu umhverfi.

**Nánari upplýsingar veita:**
Einar Már Guðmundsson | einarmg@its.is
Steinunn Una Sigurðardóttir | unasig@icelandair.is

+ Umsóknir, ásamt ferilskrá, óskast fylltar út eigi síðar en 25. febrúar 2016 á vefsíðunni: www.icelandair.is/umsokn

ICELANDAIR

VOLVO PENTA

# VÉLVIRKI

ÓSKAST Á ATVINNUTKÆJAVERKSTÆÐI BRIMBORGAR Í REYKJAVÍK

Vegna aukinna umsvifa erum við að leita að öflugum liðsmanni í okkar góða hóp starfsmanna Volvo atvinnutækja. Spennandi og fjölbreytt starf fyrir duglegan og metnaðarfullan einstakling.

**Stutt lýsing á starfi:**
- Greina bilanir og þjónusta við vinnuvélar/bátavélar og önnur tæki sem koma inn til þjónustu.

**Hæfniskröfur:**
- Réttindi í bifvélavirkjun, vélvirkjun, vélstjórn og/eða sambærileg reynsla.
- Rafmagnskunnátta kostur
- Gilt bílpróf, vinnuvélaréttindi kostur
- Góðir samskiptahæfileikar
- Hafa ríka þjónustulund
- Vera áhugasamur og áreiðanlegur
- Stundvísi
- Geta sýnt frumkvæði í starfi
- Grunnþekking á tölvur
- Góð íslensku- og enskukunnátta

Kynntu þér starfið nánar og sæktu um í dag á volvoce.is

Nánari upplýsingar gefur Jóhann Rúnar Ívarsson í síma 515 7072

**Umsóknarfrestur er til 22. febrúar 2016**

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*



## MEIRAPRÓFSBÍLSTJÓRI

**Vantar starfsmenn í afleysingar við eldsneytisáfyllingar á flugvélar á Keflavíkurflugvelli**

Vaktavinna. Viðkomandi þarf að hafa meirapróf og trailer réttindi. Hreint sakavottorð er skilyrði.

**Upplýsingar veitir Helgi í síma 425-0752 og helgi@eak.is**

**Eldsneytisafgreiðslan á Keflavíkurflugvelli**

EAK ehf.

Aviation Fuel Service– Keflavík Airport Iceland



## Verkefnastjóri teiknistofu

Framkvæmdadeild Akureyrarkaupstaðar óskar eftir að ráða drífandi einstakling í fjölbreytt starf, með áherslu á gerð mæliblaða og viðhalds teiknigrunna, umferðaröryggismál utanumhald gatnalýsingar, auk annarra verkefna. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Gerð krafa um háskólamenntun í byggingartækni- eða byggingarverkfræði, eða sambærilega menntun sem nýtist í starfi.

Nánari upplýsingar um starfið, verkefni, menntunar- og hæfniskröfur er að finna á heimasíðu Akureyrarbæjar, www.akureyri.is þar sem sótt er um rafrænt.

**Umsóknarfrestur er til og með 18. febrúar 2016**

Akureyri
ÖLL LÍFSINS GÆÐI

Akureyrarbær · Geislagata 9 · Sími 460 1000 · Bréfasími 460 1001

# Sumar í Strætó

strætó.is

**Finnst þér gaman að keyra stóra bíla og taka á móti fjölbreyttum hópi farþega? Þá er þetta starfið fyrir þig.**

**Strætó bs. óskar eftir þjónustuliprum og ábyrgum einstaklingum til sumarstarfa. Starfið felst í akstri strætisvagna á höfuðborgarsvæðinu og þjónustu við viðskiptavini. Um er að ræða fullt starf í vaktavinnu.**

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Aukin ökuréttindi (D-próf) og hreint sakavottorð
- Góð samskiptahæfni og rík þjónustulund
- Samviskusemi og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Íslensku- og / eða enskukunnátta er æskileg

**Starfskjör eru samkvæmt kjarasamningi Strætó bs. og Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar.**

ÍSLENSKA SIA.IS STR 78467 02/16

Umsóknir skulu fylltar út og sendar inn á **strætó.is**
Umsóknarfrestur er til og með 31. mars 2016

Við hvetjum konur jafnt sem karla til þess að sækja um starfið

# ÍAV

*ÍAV er eitt stærsta og öflugasta verktakafyrirtæki landsins sem byggir á áratuga reynslu í mannvirkjagerð.*

*Verkefni ÍAV eru á öllum sviðum byggingariðnaðar bæði hérlendis og erlendis.*

*Við leggjum mikla áherslu á að ráða til okkar kraftmikla og framsækna einstaklinga, með góða hæfni í mannlegum samskiptum.*

*Við bjóðum upp á góða starfsaðstöðu og erum stolt af starfsandanum og þeim metnaði sem hjá okkur ríkir.*

*ÍAV er eina verktakafyrirtækið á Íslandi sem hefur bæði ISO 9001 gæðavottun og OSHAS 18001 öryggisvottun.*

## Rafvirkjar Trésmiðir Píparar Tækjamenn Verkamenn

**Vegna aukinna verkefna óskar ÍAV eftir að ráða metnaðarfulla starfsmenn til starfa á eftirfarandi sviðum.**

- **Rafvirkjar**
  ÍAV óskar eftir að ráða rafvirkja og nema til starfa.
- **Trésmiðir**
  ÍAV óskar eftir að ráða trésmiði og nema til starfa.
- **Píparar**
  ÍAV óskar eftir að ráða pípulagningamenn og nema til starfa.
- **Tækjamenn**
  ÍAV óskar eftir að ráða fólk með vinnuvélaréttindi til starfa.
- **Byggingaverkamenn**
  ÍAV óskar eftir að ráða byggingaverkamenn til starfa.

**Fyrir rétta aðila eru í boði góð laun, góður starfsandi og góð starfsaðstaða. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.**

*Smiðir og verkamenn: Upplýsingar veitir Magni Helgason í síma 530-4218.*
*Rafvirkjar: Upplýsingar veitir Ásgeir Gunnarsson í síma 530 4252.*
*Píparar: Upplýsingar veitir Snæbjörn Rafnsson í síma 530 4245.*
*Tækjamenn: Upplýsingar veitir Elís Björn í síma 414 4304.*

*Umsóknir má finna á heimasíðu ÍAV, www.iav.is "Almenn umsókn"*

## *Við breytum vilja í verk*

bsi. ISO 9001 Quality Management FM 512106 | OHSAS 18001 Occupational Health and Safety Management OHS 606809

ÍAV hf. | Höfðabakka 9 | 110 Reykjavík | s. 530 4200 | www.iav.is

LANDSPÍTALI

# LAUS STÖRF Á LANDSPÍTALA

**Geðsvið**

## SUMARSTÖRF 2016 AÐSTOÐARLÆKNAR / LÆKNANEMAR

*Laus eru til umsóknar afleysingastörf læknanema á geðsviði Landspítala sumarið 2016. Um er að ræða störf á göngudeild og bráðamóttöku, almennum móttökudeildum, fíknideild og á endurhæfingarþætti geðsviðs.*

*Störfin henta læknanemum sem hafa lokið 4 eða fleiri námsárum af 6, sé tekið mið af námsskrá Háskóla Íslands.*

**Rannsóknarkjarni**

## LÍFEINDAFRÆÐINGUR

*Lífeindafræðingur óskast til starfa á rannsóknakjarna Landspítala. Þar fara fram greiningar, rannsóknir, ráðgjöf og kennsla heilbrigðisstétta í blóðmeinafræði og klínískri lífefnafræði.*

*Unnið er í vaktavinnu á starfsstöðvum deildar í Fossvogi og við Hringbraut. Starfið er laust frá 1. apríl 2016.*

**Lungnadeild**

## HJÚKRUNARFRÆÐINGAR

*Við auglýsum eftir áhugasömum hjúkrunarfræðingum til að vinna með okkur á lungnadeild A6 Fossvogi. Störfin eru laus frá 1. mars 2016 eða eftir samkomulagi. Við sækjumst eftir hjúkrunarfræðingum sem búa yfir þekkingu og reynslu sem og nýútskrifuðum hjúkrunarfræðingum. Lögð áhersla á að taka vel á móti nýju fólki og veita góða aðlögun.*

*Deildin er bráðadeild með hágæslurýmum og eina sérhæfða lungnadeildin á landinu. Þar fer fram greining og meðferð á sjúklingum með bráða og langvinna lungnasjúkdóma sem og svefnháða öndunartruflana.*

**NÁNARI UPPLÝSINGAR Á HEIMASÍÐU LANDSPÍTALA; WWW.LANDSPITALI.IS/MANNAUDUR**

*Landspítali er lifandi og fjölmennur vinnustaður með um 5.100 starfsmenn. Hann er aðalsjúkrahús landsins og miðstöð menntunar og rannsókna í heil- brigðisvísindum. Á Landspítala er lögð áhersla á öryggi, jafnrétti, ábyrgan rekstur, góðan starfsanda og bættan húsakost.*

# Þarftu að ráða starfsmann?

**Ráðum sérhæfir sig í ráðningum og mannauðsráðgjöf. Við komum til móts við þarfir fyrirtækja og sérsníðum lausnir sem henta hverjum viðskiptavini.**

ráðum
ráðningarstofa

**RÁÐUM EHF** • Sími 519 6770 • www.radum.is • radum@radum.is

BioPol

## Rannsóknamaður

BioPol ehf., Sjávarlíftæknisetur á Skagaströnd auglýsir stöðu rannsóknamanns lausa til umsóknar. Um er að ræða ráðningu til eins árs með möguleika til framlengingar. Auglýst er vegna fæðingarorlofs.

**Markmið verkefnisins**
Umsækjanda er ætlað að vinna að almennum störfum á rannsóknastofu í samvinnu við sérfræðinga félagsins. Starfsstöð umsækjanda verður á Skagaströnd.

**Hæfniskröfur**
Umsækjendur skulu hafa B.S. gráðu í líftækni, líffræði, lífeindafræði, örverufræði, lífefnafræði, matvælafræði eða skildum greinum náttúruvísinda. Viðkomandi þarf að geta starfað sjálfstætt en jafnframt hafa góða hæfileika til samstarfs með öðrum. Öguð og skipuleg vinnubrögð eru jafnframt skilyrði. Reynsla af sambærilegum störfum mikill kostur.

Umsóknarfrestur er til og með **29. febrúar** nk. Umsóknir með ýtarlegum upplýsingum um menntun, starfsreynslu og meðmælendur berist BioPol ehf., Einbúastíg 2, 545 Skaga-strönd eða á eftirfarandi netfang: halldor@biopol.is

**Nánari upplýsingar veita:**
**Halldór G. Ólafsson, BioPol ehf. í síma 896-7977.**

UTANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

## Stjórnarráðsfulltrúi

Utanríkisráðuneytið óskar að ráða stjórnarráðsfulltrúa til starfa í ráðuneytinu. Stjórnarráðsfulltrúi sinnir fjölbreyttum verkefnum í krefjandi starfsumhverfi þar sem reynir á öguð vinnubrögð og lipurð í samskiptum.

**Helstu verkefni**
- Aðstoða skrifstofustjóra og aðra starfsmenn við afgreiðslu mála, upplýsingaöflun, úrvinnslu gagna, svörun fyrirspurna og skipulagningu og undirbúning funda
- Vinna í málaskrá og við skjalavörslu, ritun bréfa, skjalavarsla og símsvörun.

**Kröfur til umsækjenda:**
- Menntun sem nýtist í starfi og tengist verksviði ráðuneytisins
- Reynsla af almennum skrifstofustörfum, reynsla af slíkum störfum í opinberri stjórnsýslu er kostur
- Mjög gott vald á íslensku
- Mjög góð kunnátta í ensku, kunnátta í Norðurlandamáli er kostur
- Góð tölvukunnátta, kostur að hafa reynslu af notkun GoPro
- Þjónustulund, samskiptalipurð, frumkvæði, færni til að vinna sjálfstætt og góð framkoma

Um launakjör fer samkvæmt kjarasamningi Félags starfsmanna stjórnarráðsins og fjármála- og efnahagsráðherra. Starfið er háð flutningsskyldu í utanríkisþjónustunni skv. 10. gr. laga nr. 39/1971 um utanríkisþjónustu Íslands.

**Umsóknarfrestur er til og með 29. febrúar 2016.** Umsóknir skulu berast á netfangið umsokn@mfa.is, merkt „Stjórnarráðsfulltrúi 2016“. Ráðuneytið hvetur karla jafnt sem konur til sækja um starfið. Litið verður svo á að umsóknir gildi í sex mánuði frá því að umsóknarfresti lýkur. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Nánari upplýsingar veita Helga Hauksdóttir (helga.hauksdottir@utn.stjr.is) og Anna Ósk Kolbeinsdóttir (anna.osk.kolbeinsdottir@utn.stjr.is).

## NEED A JOB?

AÞ-Þrif is looking for people to hire.
Must speak english or icelandic.
Preferably between 20–40 years of age.
Driving license and clean criminal record is required.

**Please send application via email at gerda@ath-thrif.is titled "Job".**

AÞ-ÞRIF
WWW.ATH-THRIF.IS

Skeiðarási 12
210 Garðabæ

## Starfsmenn óskast

Steypustöðin ehf. óskar eftir duglegum starfskröftum sem allra fyrst í eftirfarandi störf:

**Meiraprófsbílstjóri Hafnarfirði:**
Meiraprófsbílstjóri óskast á þunnflots og anhydrit vagn í Hafnarfirði.

**Helluverksmiðja Hafnarfirði:**
Hraustur og athugull starfsmaður í framleiðslu og eftirlit í nýlegri og vel útbúinni verksmiðju.

Um framtíðarstörf er um að ræða.
***Umsóknarfrestur er til 1. mars 2016***
Umsókum skal skilað til Kjartans Salómonssonar Stöðvarstjóra í Hafnarfirði á netfangið ***kjartan@steypustodin.is.***
Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun hefur verið tekin um ráðningu.

STEYPUSTÖÐIN



# Staða sérfræðings hjá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga

Innanríkisráðuneytið óskar eftir að ráða sérfræðing til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

### Helstu verkefni og ábyrgð

Útreikningur framlaga sjóðsins ásamt öðrum verkefnum á málefnasviði sjóðsins og skrifstofu mannréttinda og sveitarfélaga.

### Hæfnikröfur

- Háskólamenntun á sviði viðskipta eða hagfræði eða sambærilegt
- Framhaldsmenntun á líkum sviðum
- Góð þekking á málefnum sveitarfélaga æskileg
- Góð reynsla af vinnu með fjárhagsupplýsingar
- Mjög góð kunnátta í excel bæði til öflunar og úrvinnslu upplýsinga og gerð líkana
- Góð íslenskukunnátta og hæfni í framsetningu upplýsinga
- Frumkvæði og geta til að starfa sjálfstætt, sem og í hóp
- Þjónustulund, jákvæðni og góð hæfni í samskiptum
- Drifkraftur, metnaður og skipulagshæfileikar

Laun eru samkvæmt gildandi kjarasamningi fjármálaráðherra og viðkomandi stéttarfélags. Ráðuneytið hvetur konur jafnt sem karla til að sækja um. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.

Umsóknum skal skila rafrænt á vef ráðuneytisins, innanrikisraduneyti.is, undir *Laus störf*. Ef ekki eru tök á að sækja um rafrænt má senda umsókn til ráðuneytisins. Athygli er vakin á því að umsóknir munu gilda í 6 mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út. Starfshlutfall er 100%. Umsóknarfrestur er framlengdur til og með 22. febrúar 2016.

Nánari upplýsingar veitir Guðni Geir Einarsson gudni.g.einarsson@irr.is.

Innanríkisráðuneytið
Sölvhólsgötu 7
101 Reykjavík
Sími 545 9000

INNANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

Rio Tinto



# Sumarstörf í Straumsvík

### Við leitum að fólki í sumarstörf, 15. maí til 1. september, eða eftir samkomulagi.

### Starfsmenn óskast á eftirtalda vinnustaði:

**Mötuneyti.** Aðallega er unnið í dagvinnu en einnig á vöktum.

**Ker- og steypuskáli.** Aðallega er unnið á þrískiptum vöktum og þurfa starfsmenn að standast lyftarapróf áður en þeir hefja störf, hafi þeir ekki réttindi.

**Skautsmiðja.** Unnið er á tvískiptum vöktum og þurfa starfsmenn að standast lyftarapróf áður en starf hefst, hafi þeir ekki réttindi.

**Hafnarvinna.** Unnið er í dagvinnu og þurfa starfsmenn að skila inn hreinu sakavottorði og standast lyftarapróf, hafi þeir ekki réttindi.

**Öryggisvarsla.** Unnið er á þrískiptum vöktum og þurfa starfsmenn að skila inn hreinu sakavottorði.

**Rannsóknarstofa.** Unnið er á tvískiptum vöktum.

**Birgðahald og innkaup.** Unnið er í dagvinnu og starfsmenn þurfa að skila inn hreinu sakavottorði.

**Efnisvinnsla.** Unnið er á tvískiptum vöktum og þurfa starfsmenn að standast lyftarapróf áður en þeir hefja störf, hafi þeir ekki réttindi.

**Verkstæði.** Unnið er í dagvinnu og krafist er iðnréttinda.

**Ýmsir aðrir vinnustaðir.** Á flestum vinnusvæðum Rio Tinto eru dagvinna og vaktavinna í boði.

**Allt nýtt starfsfólk:**

» Þarf að vera orðið 18 ára eða verða það á árinu.
» Þarf að gangast undir læknisskoðun og standast lyfjapróf áður en það hefur störf.

Lögð er rík áhersla á öryggismál starfsmanna og er markviss þjálfun í upphafi starfstíma.

Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um á vefsvæði okkar riotinto.is þar sem er að finna nánari upplýsingar um störfin og launakjör.

### Umsóknarfrestur er til og með 28. febrúar 2016

Rio Tinto Alcan á Íslandi hf. er þekkingarfyrirtæki sem rekur álver í Straumsvík. Við bjóðum upp á margbreytileg störf þar sem hugvit, þekking og kunnátta starfsmanna gegna lykilhlutverki. Við leggjum áherslu á markvisst fræðslustarf, frammistöðuhvetjandi starfsumhverfi og gott upplýsingaflæði ásamt tækifærum til starfsþróunar.

Við setjum umhverfis-, öryggis-, og heilbrigðismál í öndvegi og vinnum stöðugt að umbótum á verkferlum og vinnuaðferðum. Við leggjum áherslu á að starfa í góðri sátt við umhverfið og samfélagið sem við erum hluti af.

**Rio Tinto**
Straumsvík
Pósthólf 244
222 Hafnarfjörður

Sími 560 7000
**www.riotinto.is**

Bláskógabyggð varð sveitarfélag 9. júní 2002 en þá sameinuðust Biskupstungnahreppur, Laugardalshreppur og Þingvallahreppur. Íbúar eru alls 980. Bláskógabyggð er mjög landstórt og víðfemt sveitarfélag. Öflugt félagslíf er í sveitarfélaginu. Hefð er fyrir miklu skólasamfélagi á Laugarvatni, en þar eru öll skólastig; leikskóli, grunnskóli, menntaskóli og háskóli. Ferðaþjónusta er mjög stór atvinnugrein í Bláskógabyggð og matvælaframleiðsla mikil. Menning er á háu stigi um allt sveitarfélagið og það skartar fjölförnustu ferðamannastöðum landsins; Þingvöllum, Laugarvatni, Geysi, Gullfossi og Skálholti. Sjá nánar á heimasíðunni: www.blaskogabyggd.is.

Bláskógabyggð

## Sviðsstjóri Framkvæmda- og veitusviðs

Sveitarfélagið Bláskógabyggð auglýsir starf sviðsstjóra Framkvæmda- og veitusviðs laust til umsóknar. Sviðsstjóri á samstarf við alla starfsmenn og stjórnendur sveitarfélagsins og einnig eru mikil samskipti við íbúana. Sviðsstjóri ber ábyrgð gagnvart sveitarstjóra í öllum störfum sínum og ákvörðunum. Bláskógabyggð leitar að öflugum og metnaðarfullum einstaklingi og við hvetjum jafnt konur sem karla að sækja um starfið.

**Meginverkefni:**

- Umsjón og ábyrgð á rekstri Framkvæmda- og veitusviðs sem m.a. er rekstur þjónustumiðstöðvarinnar í Reykholti, Eignarsjóðs, fráveitu og leiguíbúða. Einnig er umsjón með rekstri Bláskógaveitu í samstarfi við veitustjóra Bláskógaveitu
- Ábyrgð á stjórnsýslulegri úrvinnslu og gagnaskilum innan verksviðs Framkvæmda- og veitusviðs, sem samþykktir, reglugerðir og lög kveða á um
- Dagleg samskipti við starfsmenn og viðskiptavini Bláskógabyggðar
- Starfsmannahald
- Gerð fjárhagsáætlana fyrir Framkvæmda- og veitusvið í samstarfi við veitustjóra, sviðsstjóra stjórnsýslusviðs og sveitarstjóra
- Umsjón með viðhaldi mannvirkja og eigna sveitarfélagsins
- Ábyrgð og eftirlit með öryggismálum

**Hæfniskröfur:**

- Háskólamenntun sem nýtist í starfinu, t.d. viðskipta- og/eða rekstrarhagfræði. Tæknimenntun og reynsla af sambærilegu starfi er styrkur
- Skipulagshæfileikar og nákvæmni í störfum
- Afar góðir samskiptahæfileikar
- Góð tölvukunnátta og reynsla í vinnslu bókhalds og reikningskerfa
- Góð íslenskukunnátta í ræðu og riti
- Reynsla í stjórnun og mannaforráði
- Reynsla og þekking á stjórnsýslu sveitarfélaga er æskileg

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Næsti yfirmaður forstöðumanns Framkvæmda- og veitusviðs er sveitarstjóri.

Umsóknum skal skila inn til skrifstofu Bláskógabyggðar fyrir **26. febrúar 2016**, en hún er staðsett í Aratungu, Reykholti, 801 Selfoss. Upplýsingar veitir Valtýr Valtýsson, sveitarstjóri (897-0890), eða Helgi Kjartansson, oddviti sveitarstjórnar (898-1552).
Sími skrifstofu Bláskógabyggðar er 480-3000.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun hefur verið tekin um ráðningu í starfið.

ÁVEITAN
ALHLIÐA PÍPULAGNINGAÞJÓNUSTA

**Ertu gítarleikari?**

## Okkur vantar PÍPARA með reynslu

Mjög fjölbreytt verkefni og skemmtilegir vinnufélagar
Fjölskylduvænt og gott starfsumhverfi á Akureyri
Góð laun fyrir réttan aðila

Umsóknir sendist á aveitan@aveitan.is
Nánari upplýsingar veitir Haddi í síma 899 6336

## STÖRF HJÁ VINNUEFTIRLITINU

- Deildarstjóri tæknideildar
- Eftirlitsmaður í véla- og tækjaeftirliti

Nánari upplýsingar á vef Vinnueftirlitsins
www.vinnueftirlit.is

VINNUEFTIRLITIÐ
FRUMKVÆÐI • FORVARNIR • FAGMENNSKA

Bildshöfða 16 • 110 Reykjavík • Sími 550 4600 • vinnueftirlit@ver.is

Rio Tinto




## Vélvirkjar, vélfræðingar, rafvirkjar

**Rio Tinto Alcan á Íslandi óskar eftir að ráða vélvirkja, vélfræðinga og rafvirkja til að sinna fjölbreyttum störfum á verkstæðum fyrirtækisins.**

### Starfssvið

» Viðhald og viðgerðir á framleiðslu-, vél- og rafbúnaði
» Bilanagreining á framleiðslubúnaði
» Almenn viðgerðarvinna
» Samskipti við framleiðsludeildir

### Menntunar- og hæfniskröfur

» Sveinspróf
» Frumkvæði, sjálfstæð vinnubrögð og hæfileiki til að vinna í hópi
» Góðir samskiptahæfileikar
» Almenn tölvuþekking er kostur

Nánari upplýsingar veitir Ágúst H. Jóhannesson, verkstjóri aðalverkstæðis, í síma 560 7000.

Áhugasamir, vinsamlegast fyllið út atvinnuumsókn á vef fyrirtækisins, www.riotinto.is.

**Umsóknarfrestur er til og með 21. febrúar 2016.**

Rio Tinto Alcan á Íslandi hf. er þekkingarfyrirtæki sem rekur álver í Straumsvík. Við bjóðum upp á margbreytileg störf þar sem hugvit, þekking og kunnátta starfsmanna gegna lykilhlutverki. Við leggjum áherslu á markvisst fræðslustarf, frammistöðuhvetjandi starfsumhverfi og gott upplýsingaflæði ásamt tækifærum til starfsþróunar.

Við setjum umhverfis-, öryggis-, og heilbrigðismál í öndvegi og vinnum stöðugt að umbótum á verkferlum og vinnuaðferðum. Við leggjum áherslu á að starfa í góðri sátt við umhverfið og samfélagið sem við erum hluti af.

Rio Tinto
Straumsvík
Pósthólf 244
222 Hafnarfjörður

Sími 560 7000
www.riotinto.is

VOLVO
VOLVO PENTA

## NEMI Í VÉLVIRKJUN

ÓSKAST Á ATVINNUTKÆJAVERKSTÆÐI BRIMBORGAR Í REYKJAVÍK

Vegna aukinna umsvifa erum við að leita að öflugum liðsmanni í okkar góða hóp starfsmanna Volvo atvinnutækja. Spennandi og fjölbreytt starf fyrir duglegan og metnaðarfullan einstakling.

**Stutt lýsing á starfi:**

- Greina bilanir og þjónusta við vinnuvélar/ bátavélar og önnur tæki sem koma inn til þjónustu.

**Hæfniskröfur:**

- Nám í bifvélavirkjun, vélvirkjun, vélstjórn og/eða sambærileg reynsla.
- Rafmagnskunnátta kostur
- Gilt bílpróf, vinnuvélaréttindi kostur
- Góðir samskiptahæfileikar
- Hafa ríka þjónustulund
- Vera áhugasamur og áreiðanlegur
- Stundvísi
- Geta sýnt frumkvæði í starfi
- Grunnþekking á tölvur
- Góð íslensku- og enskukunnátta

Kynntu þér starfið nánar og sæktu um í dag á volvoce.is

Nánari upplýsingar gefur Jóhann Rúnar Ívarsson í síma 515 7072

**Umsóknarfrestur er til 22. febrúar 2016**

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

# Spennandi störf hjá Samgöngustofu




## SÉRFRÆÐINGUR Í SAMGÖNGUVIRKTARDEILD

**Samgöngustofa leitar að sérfræðingi í samgönguvirktardeild á samhæfingarsvið stofnunarinnar.** Viðkomandi mun koma að fjölbreyttum verkefnum sem eiga það sameiginlegt að stuðla að virkum og greiðum samgöngum. Starfið felst m.a. í þátttöku í svörun erinda, gagnasöfnun og skilum fyrir áætlanir og alþjóðleg verkefni sem og þátttöku í verkefnum á sviði umhverfismála. Hluti starfsins felst í þýðingum og textagerð sem og vinnu við þróun laga og reglugerða á starfssviði stofnunarinnar. Starfshlutfall er 100%.

Nánari upplýsingar veitir Halla S. Sigurðardóttir, framkvæmdastjóri samhæfingarsviðs, í síma 480 6000.

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi.
- Skilyrði er að umsækjandi hafi reynslu og þekkingu af opinberri stjórnsýslu.
- Mjög góð íslenskukunnátta ásamt mjög góðri enskukunnáttu er skilyrði.
- Mjög góð tölvufærni.
- Kostur ef umsækjandi hefur reynslu af úrvinnslu tölfræðilegra gagna.
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti ásamt mikilli færni í mannlegum samskiptum.
- Leitað er að einstaklingi sem getur unnið sjálfstætt og í hópi, er með gott viðmót og sýnir frumkvæði í starfi.
- Þarf að vera jákvæður og samviskusamur.

## SÉRFRÆÐINGUR Í UPPLÝSINGAVINNSLU

**Samgöngustofa leitar að sérfræðingi í upplýsingavinnslu sem er hluti af upplýsingatæknideild stofnunarinnar.** Í starfinu felst að annast upplýsingamiðlun úr ökutækjaskrá Samgöngustofu sem og umsjón og eftirlit með aðgangi ýmissa aðila að farartækjaskrám stofnunarinnar. Í starfinu felst einnig að tryggja að áreiðanlegar upplýsingar séu aðgengilegar og að farið sé að reglum við miðlun upplýsinga. Hluti starfsins felur í sér samskipti við viðskiptavini og sértæka aðstoð við upplýsingaleit úr ökutækjaskrá. Að auki felst í starfinu stefnumótun varðandi miðlun gagna úr öðrum skrám svo sem skipaskrá og loftfaraskrá og þróun vöruhússgagna. Starfshlutfall er 100%.

Nánari upplýsingar veitir Steinunn Skúladóttir, fagstjóri upplýsingavinnslu, í síma 480 6000.

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi.
- Kunnátta í SQL fyrirspurnarmálinu eða Business Objects er kostur.
- Þekking og reynsla af úrvinnslu tölfræðilegra gagna er kostur.
- Mjög góð tölvufærni.
- Lipurð í mannlegum samskiptum.
- Nákvæm og sjálfstæð vinnubrögð.

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA 16-0564

### Í boði eru fjölbreytt og spennandi störf í alþjóðlegu umhverfi þar sem frumkvæði fær notið sín

Samgöngustofa er stjórnsýslustofnun samgöngumála með um 140 starfsmenn. Stofnuninni er ætlað að stuðla að öruggum, sjálfbærum, greiðum og hagkvæmum samgöngum. Samgöngustofa annast eftirlit er varðar flug, siglingar, umferð og öryggiseftirlit með samgöngumannvirkjum og leiðsögu.

**Nánari upplýsingar** er að finna á heimasíðu Samgöngustofu, www.samgongustofa.is

### Umsóknarfrestur er til 29. febrúar 2016

Hægt er að sækja um störfin rafrænt á **www.samgongustofa.is/storf**

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Umsóknir gilda í a.m.k. sex mánuði ef staða losnar á ný. Starfskjör eru í samræmi við kjarasamning ríkisins og viðkomandi stéttarfélags. Samgöngustofa áskilur sér rétt til að hafna öllum umsóknum.

Samgöngustofa

Samgöngustofa | Ármúli 2 | 108 Reykjavík | Sími 480 6000

Sterk tengsl í íslensku atvinnulífi
www.hagvangur.is




## Ernst & Young óskar eftir vönum bókara

Um fjölbreytt verkefni er að ræða og þarf viðkomandi að hafa frumkvæði og getu til að starfa sjálfstætt og hafa ríka þjónustulund. Um 100% starf er að ræða.

**Hæfniskröfur**

- Mikil reynsla af bókhaldsstörfum
- Góð þekking á dk bókhaldskerfi kostur en ekki skilyrði
- Enskukunnátta og kunnátta í excel
- Nákvæm og öguð vinnubrögð
- Kostur ef umsækjandi er viðurkenndur bókari

Forsenda fyrir gæðum og faglegum vinnubrögðum er að starfsfólki líði vel bæði á vinnustað og utan hans. Við erum sveigjanleg og reynum að koma til móts við ólíkar þarfir starfsmanna vegna vinnu og frítíma.

Umsóknarfrestur er til og með 21. febrúar nk. Vinsamlegast sendið umsóknir ásamt ferilskrá á netfangið

hildur.palsdottir@is.ey.com

EY er alþjóðlegt endurskoðunar- og ráðgjafarfyrirtæki með um 212.000 starfsmenn í 150 löndum.

www.ey.is

© 2016 Ernst & Young ehf. All Rights Reserved.

SAMSKIP



## > Sumarstörf á athafnasvæði Samskipa

**Samskip óska eftir kraftmiklu sumarstarfsfólki í fjölbreytt störf á öflugum vinnustað, sem mun skila starfsmönnum lærdómsríkri reynslu sem nýtist til framtíðar.**

Störfin eru í vöruhúsum okkar, í frystivörugeymslu, á bílavelli, skipaafgreiðslu og störf bílstjóra í akstur flutningabíla.

Sumarstarfsmenn þurfa að geta unnið samfellt í a.m.k.tvo og hálfan mánuð.

Starfsmenn Samskipa þurfa að hafa metnað til að takast á við krefjandi verkefni og ná framúrskarandi árangri.

- Gerð er krafa um sterka öryggisvitund, góða ástundun og samviskusemi
- Starfsmenn skulu búa yfir lipurð í þjónustu og samskiptum
- Starfsmenn verða að hafa náð 18 ára aldri og hafa hreina sakaskrá

Áhugasamir, konur jafnt sem karlar, eru hvattir til að sækja um sem fyrst. Farið verður með umsóknir sem trúnaðarmál og öllum umsóknum verður svarað. **Athugið** að starf bílstjóra krefst meiraprófs og ADR réttindi eru kostur.

**Umsóknarfrestur er til og með 14. mars 2016**

Eingöngu er tekið á móti umsóknum í gegnum vefsíðu okkar **www.samskip.is** og óskað er eftir að ferilskrá fylgi umsókn.

Samskip eru flutningafyrirtæki með starfsstöðvar víða um heim. Starfsfólk Samskipa býður viðskiptavinum faglega ráðgjöf og heildarlausnir á sviði flutninga- og flutningatengdrar þjónustu. Við höfum á að skipa fjölbreyttum hópi starfsfólks sem vinnur ávallt með frumkvæði, samheldni og þekkingu að leiðarljósi. Öryggis- og heilbrigðismál starfsfólks eru í fyrirrúmi og bjóðum við upp á fyrirmyndar vinnuaðstöðu.

ENNEMM / SÍA / NM73510

## Lagerstarfsmaður óskast

Slippfélagið ehf auglýsir eftir lagerstarfsmanni í fullt starf sem þarf að geta hafið starf sem fyrst. Einnig vantar sumarstarfsmann á lager.

Umsóknir sendist á arnlaugur@slippfélagid.is

UTANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

## Sérfræðingur á sviði stefnumótunar og fjármála

Utanríkisráðuneytið óskar að ráða sérfræðing til starfa á rekstrar- og þjónustuskrifstofu. Meðal verkefna skrifstofunnar eru fjármál og rekstur utanríkisþjónustunnar, þ.m.t. fjárlagagerð, framkvæmd fjárlaga og áætlanagerð fyrir aðalskrifstofu ráðuneytisins og sendiskrifstofur. Hún hefur auk þess umsjón með bókhaldi, húsnæðismálum ráðuneytisins og sendiskrifstofa, öryggismálum utanríkisþjónustunnar, fjarskiptamálum og tölvukerfum. Borgaraþjónusta ráðuneytisins og þýðingamiðstöð heyra einnig undir skrifstofuna.
Framundan eru krefjandi verkefni í fjárhagsáætlanagerð og stefnumótun sem tengjast innleiðingu nýrra laga um opinber fjármál.

**Starfssvið**

- Stefnumótun og áætlanagerð í málaflokkum ráðuneytisins í samstarfi við skrifstofur þess.
- Fjárlagagerð og framkvæmd fjárlaga
- Ritun greinargerða um fjármál og rekstur ráðuneytisins og upplýsingagjöf
- Önnur tilfallandi verkefni á sviði skrifstofunnar.

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Háskólagráða í viðskiptafræði, hagfræði og/eða fjármálum og rekstri, meistaragráða er skilyrði
- Þekking á sviði áætlanagerðar, stefnumótunar og markmiðasetningar
- Þekking í gerð fjármálaáætlana og greiningarvinnu
- Þekking á opinberri stjórnsýslu
- Kunnátta til að greina og miðla tölulegum upplýsingum með greinargóðum og skýrum hætti.
- Góð almenn tölvufærni, einkum í Excel
- Gott vald á íslensku og ensku, önnur tungumálakunnátta er kostur
- Lipurð í mannlegum samskiptum og jákvætt viðmót
- Skipulagshæfni, frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum, auk hæfileika til að taka virkan þátt í teymisvinnu.

Um launakjör fer samkvæmt kjarasamningi Félags háskólamenntaðra starfsmanna Stjórnarráðsins og fjármála- og efnahagsráðherra. Starfið er háð flutningsskyldu í utanríkisþjónustunni skv. 10. gr. laga nr. 39/1971 um utanríkisþjónustu Íslands.

**Umsóknarfrestur er til og með 29. febrúar 2016.** Umsóknir skulu berast á netfangið umsokn@mfa.is, merkt „Sérfræðingur, stefnumótun og fjármál, 2016“. Ráðuneytið hvetur karla jafnt sem konur til að sækja um starfið. Litið verður svo á að umsóknir gildi í sex mánuði frá því að umsóknarfresti lýkur. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Nánari upplýsingar veita Helga Hauksdóttir (helga.hauksdottir@utn.stjr.is) og Anna Ósk Kolbeinsdóttir (anna.osk.kolbeinsdottir@utn.stjr.is).



lind@talent.is



bryndis@talent.is

## Ertu að leita að talent?

Við finnum starfsmanninn fyrir þig

TALENT
RÁÐNINGAR & RÁÐGJÖF

www.talent.is | talent@talent.is

# SHARE KRINGLUNNI

Óskum eftir heiðarlegum og duglegum starfskrafti til starfa í verslun okkar í kringlunni.

**Hæfniskröfur.**

- Reynsla af sölumennsku æskileg
- Jákvæðni og sjálfstæði í starfi
- Áhugi á tísku
- Þjónustulund og færni í mannlegum samskiptum.
- Sveigjanleiki og færni í starfi.

Umsóknir ásamt ferilskrá sendist á: **gbtro@internet.is**
Umsækjandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.



# Matreiðslumaður, matreiðslunemi og framreiðslunemi

Veitingahús Perlunnar leitar að hæfileikaríkum matreiðslumanni, og framreiðslu- og matreiðslunemum.

**Sendið umsóknir til perlan@perlan.is.**




365.is | Sími 1817
365


# VILT ÞÚ VERA Í LYKILHLUTVERKI?



Vegna aukinna verkefna og umsvifa leitar Avis Budget að framúrskarandi og kraftmiklum einstaklingum í okkar öfluga starfsmannahóp. Ef þú hefur áhuga á að vinna í skemmtilegu umhverfi, þá erum við að leita að þér.

## LAUNAFULLTRÚI – STARFSHLUTFALL 50%

Avis Budget óskar eftir að ráða metnaðarfullan og sjálfstæðan einstakling í starf launafulltrúa. Viðkomandi mun vinna náið með mannauðsstjóra fyrirtækisins.

**Helstu verkefni:**

- Umsjón með launabókhaldi og útreikningi launa
- Samskipti við starfsmenn, lífeyrissjóði, stéttarfélög og opinbera aðila
- Útreikningur á kjörum og réttindum starfsmanna skv. kjarasamningum
- Ýmis önnur verkefni tengd mannauðsmálum

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Menntun er nýtist í starfi
- 2 - 5 ára reynsla í sambærilegu starfi skilyrði
- Mjög góð þekking og reynsla af launakerfi Navision og Tímon
- Framúrskarandi samskiptahæfileikar og þjónustulund
- Frumkvæði, skapandi og öguð vinnubrögð

## STARFSMAÐUR Á VERKSTÆÐI FYRIRTÆKISINS Í KEFLAVÍK

Bílaleigur Avis og Budget leita að framtíðarstarfsmanni á verkstæði fyrirtækisins í Keflavík

**Helstu verkefni:**

- Öll almenn vinna á bifreiðaverkstæði
- Léttar viðgerðir bifreiða

**Almennar hæfniskröfur:**

- Reynsla af viðgerðum bifreiða er skilyrði
- Bílpróf er skilyrði, meirapróf kostur
- Lipurð í mannlegum samskiptum ásamt framúrskarandi þjónustulund
- Góð ensku- og tölvukunnátta
- Jákvæðni, frumkvæði og dugnaður

Unnið er á 2-2-3 vöktum. 25 ára lágmarksaldur. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

## SÖLU- OG ÞJÓNUSTUFULLTRÚI Í ÞJÓNUSTUVER FYRIRTÆKISINS

Bílaleigur Avis og Budget leita að sérlega glaðlegum og þjónustulunduðum sölu- og þjónustufulltrúa í þjónustuver fyrirtækisins.

**Helstu verkefni:**

- Að veita framúrskarandi þjónustu til viðskiptavina
- Sala og bókanir
- Símsvörun, svörun fyrirspurna og tilboðsgerð
- Önnur þjónustu- og söluverkefni

**Almennar hæfniskröfur:**

- Stúdentspróf eða sambærileg menntun
- Tungumálakunnátta er skilyrði (að lágmarki 2 tungumál)
- Reynsla af sölu- og þjónustustörfum ásamt mjög góðri tölvuþekkingu
- Lipurð í mannlegum samskiptum ásamt framúrskarandi þjónustulund
- Jákvæðni, frumkvæði og dugnaður
- Bílpróf og hreint sakavottorð

Unnið er á 2-2-3 vöktum. 25 ára lágmarksaldur. Þjónustuver félagsins er staðsett í Reykjavík.

**Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir um að sækja um störfin á www.avis.is fyrir 21. febrúar nk.**
**Nánari upplýsingar um störfin veitir Ingibjörg Þorsteinsdóttir, ingibjorg@avis.is.**

Bílaleigur AVIS og Budget eru meðal stærstu bílaleiga í heimi og starfa í 180 löndum með yfir 5.000 leigustöðvar. Á Íslandi er AVIS og Budget ört vaxandi fyrirtæki með leigustöðvar um allt land og geta viðskiptavinir AVIS og Budget leigt bíla við öll tækifæri. Hjá AVIS og Budget starfar öflugur og reyndur hópur fólks sem vinnur ávallt með þjónustu og áreiðanleika að leiðarljósi. Leitast er við að skapa starfsfólki gott starfsumhverfi og aðstöðu en ánægja starfsfólks og viðskiptavina er lykilatriði í velgengni AVIS og Budget.

AVIS® Budget®

# Fagmenntaður smiður

Félagsstofnun stúdenta auglýsir eftir fagmenntuðum smið í fullt starf hjá Umsjón fasteigna á Stúdentagörðum. Starfið felur í sér alla almenna viðhaldsvinnu á húsnæði Stúdentagarða.

Hæfni í mannlegum samskiptum og mikil þjónustulund skilyrði. Vinnutími kl. 8 - 16 virka daga.

Áhugasamir sendi umsókn á starf@fs.is fyrir 1. mars 2016.

**Félagsstofnun stúdenta** *er sjálfseignarstofnun með sjálfstæða fjárhagsábyrgð. Hlutverk hennar er að veita stúdentum við Háskóla Íslands ódýra og fjölbreytta þjónustu. FS á og rekur Stúdentagarða fyrir stúdenta og fjölskyldur þeirra. Íbúar eru um 1.800 talsins. FS rekur einnig Bóksölu stúdenta, þrjá leikskóla og fjölbreytta veitingasölu.*



**Háskólatorgi, 3. hæð**
**Sæmundargötu 4**
**Sími 570 0700**
**fs@fs.is www.fs.is**



# Starf í tjónaþjónustu TM

Tryggingamiðstöðin óskar eftir að ráða starfsmann í fullt starf í persónutjónadeild félagsins.

**Starfssvið**

- Almenn afgreiðsla í persónutjónum
- Samskipti og þjónusta við viðskiptavini, lögmannsstofur og samstarfsaðila
- Gagnaöflun, útreikningar og greiðsla kostnaðar

**Hæfniskröfur**

- Háskólamenntun eða önnur haldbær menntun sem nýtist í starfi
- Þekking á vátryggingarétti og skaðabótarétti er kostur en ekki skilyrði
- Góð tölvuþekking og tölvulæsi ásamt góðri íslensku- og enskukunnáttu
- Rík þjónustulund
- Viðkomandi þarf að geta starfað sjálfstætt og unnið vel í hópi og undir álagi
- Gerð er krafa um nákvæmni í starfi og markviss og fagleg vinnubrögð

Einstaklingar sem eru jákvæðir og hafa til að bera frumkvæði, kraft og útsjónarsemi ásamt framúrskarandi samskiptahæfileikum eru hvattir til að sækja um starfið.

Umsóknarfrestur um starfið er **til og með 23. febrúar** n.k. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um með því að senda ferilskrá og kynningarbréf á netfangið starf@tm.is. Farið er með allar umsóknir sem trúnaðarmál og öllum umsóknum verður svarað.

Nánari upplýsingar veitir Björk Viðarsdóttir, forstöðumaður persónutjóna (bjorkv@tm.is).

Hjá TM er viðskiptavinurinn og hagsmunir hans okkar megin viðfangsefni. Það er markmið okkar að viðskiptavinir upplifi í öllum sínum samskiptum við TM að ekkert tryggingafélag á Íslandi veiti betri vernd gegn áföllum. Í því felst að viðskiptavinurinn sé rétt tryggður á hverjum tíma og fái ávallt framúrskarandi þjónustu við úrlausn sinna mála hvort heldur við kaup á tryggingum, við tjón, í lánaviðskiptum eða greiðsluþjónustu.

TM hefur staðið efst tryggingafélaga í Íslensku ánægjuvoginni í fjórtán skipti af sautján og er það íslenska fyrirtæki sem oftast allra hefur hlotið viðurkenninguna.

**Tryggingamiðstöðin** Síðumúla 24 Sími 515 2000 tm@tm.is www.tm.is

## ÖRYGGISVÖRÐUR
## SECURITY GUARD

Sendiráð Bandaríkjanna auglýsir stöðu öryggisvarðar lausa til umsóknar. Umsóknarfrestur er til og með **26. febrúar 2016.** Frekari upplýsingar er að finna á heimasíðu sendiráðsins: **http://iceland.usembassy.gov/vacancies.html**

The U.S. Embassy in Reykjavik is seeking an individual for the position of Security Guard. The closing date for this postion is **February 26, 2016.** Application forms and further information can be found on the Embassy's home page: **http://iceland.usembassy.gov/vacancies.html**

Please send your application and resumé to : **reykjavikvacancy@state.gov**

# Laus störf

## Grunnskóli Seltjarnarness

- Starfsfólk vantar í Skólaskjól / frístund, lengda viðveru fyrir nemendur í 1.- 4.bekk, og stuðningsfulltrúa vantar í hlutastörf við skólann.

Upplýsingar veita Ólína Thoroddsen skólastjóri **olina@grunnskoli.is** og Rut Hellenar forstöðukona Skólaskjóls **ruth@grunnskoli.is**, sími 5959200.

**Öllum umsóknum ásamt fylgiskjölum skal skilað á *Ráðningarvef Seltjarnarnesbæjar* - undir http://www.seltjarnarnes.is – *Störf í boði.***

Umsóknarfrestur er til 28. febrúar næstkomandi.

*Í samræmi við jafnréttisáætlun Seltjarnarnesbæjar eru karlar jafnt sem konur hvött til að sækja um störf. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og hlutaðeigandi stéttarfélaga.*

seltjarnarnes.is SELTJARNARNESBÆR


Vissir þú að...

Barnaheill
Save the Children á Íslandi

Það er bannað að mismuna börnum eftir líkamlegri eða andlegri getu


**365 óskar eftir góðu fólki**

# UMBROTSMAÐUR/GRAFÍSKUR HÖNNUÐUR

**Umbrotsmann/grafískan hönnuð vantar til starfa á Fréttablaðinu.**

Helstu kröfur:
Viðkomandi þarf að hafa góða þekkingu á InDesign, Illustrator og Photoshop.

Umsækjendur þurfa að geta unnið sjálfstætt og undir álagi.

Um vaktavinnu er að ræða.

**Áhugasamir sæki um starfið ekki síðar en 1. mars nk.**

**Eingöngu er tekið við umsóknum á vef 365 www.365.is.**

**Frekari upplýsingar veitir Sæmundur Freyr Árnason, framleiðslustjóri Fréttablaðsins, sfa@frettabladid.is.**

365 er framsækið fjölmiðla- og fjarskiptafyrirtæki sem veitir lifandi og upplýsandi þjónustu við landsmenn, 365 daga ársins. 365 starfar á öllum sviðum fjölmiðlunar; sjónvarps- og útvarpsrekstri, blaðaútgáfu og vefmiðlun, auk þess að bjóða fjarskiptaþjónustu, bæði net og farsíma.

Félagið á auk þessa Midi.is sem annast miðasölu á mannfagnaði og viðburði, svo sem á leiksýningar, tónleika, kvikmyndasýningar, íþróttaleiki og fleira. Hjá 365 starfa um 410 manns.

365

Fagval

## Fagval óskar eftir starfsmönnum

Fagval óskar eftir að ráða laghentan starfsmann til starfa við smíði á álhurðum og gluggum. Reynsla við smíði úr álprófílakerfum er æskileg en vel kemur til greina að ráða laghentan mann og þjálfa upp frá grunni. Starfsumhverfið er þrifalegt og vel tækjum búið.
Við óskum einnig eftir að ráða starfsmann til vinnu við uppsetningar á álhurðum og gluggum sem og sjálfvirkum rennihurðum. Reynsla af uppsetningu er æskileg.

Áhugasamir vinsamlegast leggið inn umsókn á efirfarandi netfang; fagval@fagval.is

## STÖRF Í GAMLA FJÓSINU

**Nú erum við í Gamla fjósinu undir Eyjafjöllum að leita að fólki í starfsmannahópinn okkar.**

Starfsmenn okkar þurfa að vera samviskusamir, jákvæðir, liprir í mannlegum samskiptum og geta unnið undir álagi sem oft skapast á góðum dögum hjá okkur.
Um er að ræða sumarstörf og heilsársstarf við almenn veitingastörf og í gistihúsi, aðstoð í eldhúsi og þrifum.
Unnið er á 8-12 tíma vöktum viku og viku eða eftir nánara samkomulagi og í samvinnu við starfsmannahópinn.

Greitt er eftir kjarasamningi SA og SGS v/veitinga-, gisti-, þjónustu- og greiðasölustaða ofl.
Við leitum að starfsmanni sem getur byrjað um miðjan apríl og sumarstarfsmönnum.

Umsóknir, með ferilsskrá og meðmælendum sendist á gamlafjosid@gamlafjosid.is

**Umsóknarfrestur er til 29. febrúar.**

Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.

Gamla fjósið
Restaurant - Café - Bar
Hvassafelli / Steinum

arka heilsuvörur

## Starfsmaður óskast í heildsölu

Arka heilsuvörur er heildsala í Reykjavík með áherslu á hollar matar- og drykkjarvörur. Við erum fjölskyldufyrirtæki með stórt hjarta og leggjum okkur fram við að þjóna viðskiptavinum okkar sem best.

Við leitum að jákvæðum og dugmiklum einstaklingi í **fullt starf**. Starfið er fjölbreytt og býður upp á góð tækifæri fyrir réttu manneskjuna. Helstu verkefni eru lagerstörf, sölustörf, umsjón pantana og eftirfylgni í verslunum.

Hæfniskröfur

- Bílpróf
- Tölvukunnátta
- Skipulagshæfni
- Færni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð

Umsóknarfrestur er til 25.febrúar
(Óskum eftir ferilskrá með mynd)

Umsóknir berist á
arka@arka.is

arka heilsuvörur | Sundaborg 1 | 104 Reykjavík | www.arka.is

HEILSUGÆSLAN



# Fagstjóri sálfræðiþjónustu

## Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins

Laust er til umsóknar starf fagstjóra sálfræðiþjónustu hjá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins (HH). Fagstjóri sálfræðiþjónustu ber ábyrgð á skipulagningu þjónustunnar í samráði við framkvæmdastjóra lækninga og svæðisstjóra/yfirlækna starfsstöðva HH. Um er að ræða krefjandi starf sem reynir á frumkvæði, skipulagshæfileika og samskiptahæfni. Ráðið verður í starfið til 5 ára frá og með 1. apríl nk. eða eftir nánara samkomulagi. Starfshlutfall er 100%.

**Umsóknarfrestur er til og með 29. febrúar 2016.**

Heilsugæslan á að vera fyrsti viðkomustaður í heilbrigðisþjónustunni þar sem ólíkum þörfum notenda er mætt og þeim leiðbeint yfir í önnur kerfi heilbrigðisþjónustunnar eftir því sem þörf er á.

Flóknari vandamál, þörf fyrir fjölbreyttari úrræði og skortur á sérhæfðu starfsfólki kalla á nýja nálgun í starfsemi heilsugæslustöðva.

Hjá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins er hafin breyting á skipulagi og rekstri heilsugæslustöðva sem miðar að því að auka þjónustu við notendur, nýta betur fjármuni og bæta vinnuumhverfi starfsmanna.

Til að gera þjónustuna markvissari verður teymisvinna grunnstef í starfsemi stöðva, ásamt innleiðingu aðferða straumlínustjórnunar. Þverfagleg teymi heilbrigðisstarfsfólks munu auðvelda stöðvum að taka á flóknum vandamálum með fjölbreyttum úrræðum.

Í breyttu skipulagi mun starfsfólk fá aukið sjálfstæði til að móta starfsemina og útfæra þjónustu sem mætir þörfum íbúa og uppfyllir um leið kröfur um árangur samkvæmt mælingum og mati.

### *Helstu verkefni og ábyrgð*

- Annast skipulag og samhæfingu á fagsviði í samráði við framkvæmdastjóra lækninga, með stefnu og markmið HH að leiðarljósi
- Ber ábyrgð á gæðum og öryggi þjónustu og fylgir eftir árangursmælingum
- Hefur yfirumsjón með og skipuleggur HAM námskeið á vegum HH
- Tekur þátt í vísinda-, þróunar- og gæðastarfi
- Hefur umsjón með fræðslu til nema, nýliða og starfsmanna fagsviðs í samvinnu við aðra starfsmenn HH
- Tekur þátt í innleiðingu breytinga og nýjunga í starfsemi HH
- Tekur þátt í innleiðingu teymisvinnu
- Tekur þátt í gerð og innleiðingu klínískra leiðbeininga á fagsviði
- Stuðlar að góðri vinnustaðamenningu, jákvæðum starfsanda og vellíðan starfsmanna
- Sinnir klínísku starfi í a.m.k. 50 % starfshlutfalli í meðferðarvinnu

### *Hæfnikröfur*

- Réttindi og reynsla til að starfa sem klínískur sálfræðingur
- Framhaldsmenntun æskileg
- Reynsla og þekking á hugrænni atferlismeðferð og annarri gagnreyndri meðferðarvinnu
- Nám og/eða reynsla á sviði stjórnunar æskileg
- Reynsla og áhugi á teymisvinnu
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum
- Leiðtogahæfni og metnaður til að ná árangri í starfi
- Frumkvæði og geta til að starfa sjálfstætt

Laun samkvæmt gildandi kjarasamningi fjármálaráðherra og Sálfræðingafélags Íslands.

Umsókn skal fylgja ítarleg náms- og starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar.
Leggja skal fram staðfestar upplýsingar um menntun, fyrri störf og reynslu. Gögn sem ekki er hægt að senda rafrænt skulu berast Svövu Þorkelsdóttur, mannauðsstjóra Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, Álfabakka 16, 109 Reykjavík.

Viðtöl verða höfð við umsækjendur og byggist ákvörðun um ráðningu í starfið á þeim og innsendum gögnum.

Tekið er mið af jafnréttisstefnu Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins við ráðningu í starfið. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.

Sækja skal um starfið rafrænt á vef Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins (*www.heilsugaeslan.is*) undir laus störf eða á Starfatorgi (*www.starfatorg.is*).

**Nánari upplýsingar veita** Oddur Steinarsson, framkvæmdastjóri lækninga, oddur.steinarsson@heilsugaeslan.is – sími 585-1300 og Svava Kristín Þorkelsdóttir, mannauðsstjóri, svava.kristin.thorkelsdottir@heilsugaeslan.is – sími 585-1300.

**Ábyrgð – Fagmennska – Traust – Þjónusta – Framþróun**

PORT hönnun

# Sterk tengsl í íslensku atvinnulífi

**www.hagvangur.is**

Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

# Staða skólastjóra við Melaskóla

**Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar auglýsir stöðu skólastjóra við Melaskóla.**

Melaskóli er rótgróinn skóli í Vesturbæ Reykjavíkur. Skólinn hefur starfað í 70 ár, eða frá árinu 1946, og byggir starfið á sterkum hefðum. Í skólanum eru 640 nemendur í 1.-7. bekk og um 80 starfsmenn. Skólinn hefur á að skipa vel menntuðu starfsfólki og stöðugleiki er í starfsmannahaldi. Vellíðan, samvinna, metnaður og sköpunargleði eru grundvallargildi skólastarfsins.
Í Melaskóla er bekkjarkerfi og fjölbreyttir kennsluhættir og náið samstarf eru í fyrirrúmi. Lögð er áhersla á læsi í víðum skilningi, útikennslu, raungreinar, tæknimennt og list- og verkgreinar. Unnið er að markmiðum Grænna skrefa Reykjavíkurborgar og eftir Olweusaráætlun gegn einelti. Skólinn er í grónu hverfi og er samstarf við heimili, félagasamtök og stofnanir í nærumhverfinu með miklum ágætum.
**Leitað er eftir einstaklingi sem getur veitt skólasamfélaginu faglega forystu á lýðræðislegan hátt og leitt skólann inn í framtíðina með virðingu fyrir ríkri menningarlegri arfleifð.**

**Meginhlutverk skólastjóra er að:**
- Veita skólanum faglega forystu og móta framtíðarstefnu hans innan ramma laga og reglugerða og í samræmi við aðalnámskrá grunnskóla og stefnu Reykjavíkurborgar.
- Stýra og bera ábyrgð á rekstri og daglegri starfsemi skólans.
- Bera ábyrgð á starfsmannamálum, s.s. ráðningum, vinnutilhögun og starfsþróun.
- Bera ábyrgð á samstarfi aðila skólasamfélagsins.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Leyfi til að nota starfsheitið grunnskólakennari.
- Viðbótarmenntun í stjórnun eða kennslureynsla á grunnskólastigi.
- Reynsla af faglegri forystu á sviði kennslu og þróunar í skólastarfi.
- Stjórnunarhæfileikar.
- Færni í áætlanagerð og fjármálastjórnun.
- Færni til að leita nýrra leiða í skólastarfi og leiða framsækna skólaþróun.
- Lipurð og hæfni í samskiptum.

Umsókn fylgi greinargerð í stuttu máli um framtíðarsýn umsækjanda á skólastarfið, yfirlit yfir nám og fyrri störf, leyfisbréf til að nota starfsheitið grunnskólakennari, upplýsingar um framsækin verkefni sem umsækjandi hefur leitt og annað er málið varðar.
**Ráðið verður í stöðuna frá og með 1. apríl 2016, eða eftir samkomulagi. Umsóknarfrestur er til og með 7. mars 2016.**
Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og KÍ. Umsækjendur eru beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Reykjavíkurborgar, www.reykjavik.is/storf.
Nánari upplýsingar veita Guðlaug Sturlaugsdóttir, skrifstofustjóri grunnskólahluta fagskrifstofu, og Valgerður Janusdóttir, mannauðsstjóri, sími 411 1111. Netföng: gudlaug.sturlaugsdottir@reykjavik.is / valgerdur.janusdottir@reykjavik.is

**Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er.**

# Sérfræðingur í netdeild ICEWEAR

ICEWEAR er leiðandi fyrirtæki sem framleiðir útivistarfatnað, allt frá ullarpeysum til hátæknilegra dúnúlpna. Mikill vöxtur á sér stað í netdeild ICEWEAR, þar sem við seljum mörg hundruð vörur út um allan heim.

Við erum því að leita að öflugum einstaklingi til þess að taka þátt í frekari uppbyggingu.

**Sem sérfræðingur í netdeild fellur m.a. inn á þitt verksvið:**
- Sjá um viðhald á vef okkar og vera tengiliður í samskiptum við vefstofur og aðra verktaka
- Sjá um innanhús bakendakerfi fyrir vörur og birgðastöðu
- Vinna greiningar út frá söfnuðum sölu-, markaðs- og notkunargögnum (með Google Analytics og öðrum tólum)
- Taka virkan þátt í innleiðingu kerfa, greina tækifæri til sparnaðar og aukinnar sjálfvirkni

**Við leitum að einstakling sem er:**
- Fljótur að læra á fjölmörg samspilandi kerfi
- Eldklár á Excel, reynsla af formúlum, filterum o.fl
- Hefur grunnþekkingu á FTP, HTML & CSS
- Vandvirkur og hefur ögð vinnubrögð
- Með háskólapróf eða sambærilega reynslu sem nýtist í starfi

**Við bjóðum upp á í staðin:**
- Spennandi starf á hröðum vinnustað
- Mikil tækifæri til að vaxa í starfi
- Sanngjörn laun

Starfið er laust strax. Áhugasamir sendi ferilskrá ásamt mynd á atvinna@icewear.is
Umsóknarfrestur rennur út 20. febrúar.

ICEWEAR ICELAND

# Spennandi störf hjá Kópavogsbæ

**Leikskólar**
- Leikskólakennari í leikskólann Arnarsmára
- Deildarstjóri í leikskólann Álfatún
- Leikskólakennari í leikskólann Álfatún
- Leikskólakennari eða þroskaþjálfi í Efstahjalla
- Leikskólakennari í leikskólann Dal

**Grunnskólar**
- Forfallakennari í Álfhólsskóla

Eingöngu er hægt að sækja um störfin rafrænt á heimasíðu Kópavogsbæjar, www.kopavogur.is, þar sem jafnframt má finna fleiri störf og nánari upplýsingar.

Kópavogsbær
kopavogur.is

# Sölumaður véla

Aflvélar ehf. auglýsir eftir sölumanni. Fyrirtækið hefur í yfir 25 ár sérhæft sig í sölu og þjónustu á tækjum og vélum, m.a. fyrir viðhald flugvalla og vega. Aflvélar eru með sölu og þjónustu á vetrar- og sumarvörum, s.s. snjótönnum, sand/saltdreifurum, snjóblásurum, flugvallasópum, götusópum, sláttuvélum, holræsabílum og burstum ásamt hreinlætisvélum og tækjum frá fremstu framleiðendum á þessum sviðum í Evrópu.

**Starfslýsing**
- Söluráðgjöf til viðskiptavina
- Varahlutapantanir og sala
- Er í senn tæknilegur ráðgjafi, þjónustuaðili og söluráðgjafi
- Samskipti við birgja

**Hæfniskröfur**
- Reynsla í sölu er skilyrði
- Menntun á sviði véla og tækja er æskileg.
- Þarf að vera vel talandi og skrifandi á ensku. Önnur tungumál eru kostur en ekki skilyrði.
- Góð tölvukunnátta er skilyrði (notað er word, excel og Navision).
- Gilt bílpróf skilyrði, meirapróf og lyftarapróf æskilegt.
- Þarf að hafa ríka þjónustulund og góða samskiptahæfileika.
- Þarf að vera samviskusamur, áreiðanlegur og stundvís.

Við leitum að skemmtilegum og áhugasömum einstaklingi með frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum sem hefur áhuga á að vera þátttakandi í ört vaxandi fyrirtæki.

Áhugasamir vinsamlegast sendið umsókn, með ferilskrá og mynd á tölvupóstfang; bokhald@aflvelar.is fyrir 17. febrúar n.k.

Athugið að upplýsingar er ekki gefnar á staðnum eða í síma.




AFLVÉLAR
Vesturhrauni 3 · 210 Garðabæ.
Sími 480-0000 · www.aflvelar.is

ÞÚSUND FJALIR EHF

# SMIÐIR OG PÍPARAR ÓSKAST

**Fyrirtækið Þúsund Fjalir ehf óskar eftir SMIÐUM OG Pípurum til starfa.**

Starfið er fólgið í almennri kunnáttu á sviði Húsasmíði og Pípulagna, þar sem verkefni eru afar fjölbreytt og spennandi.

Fyrirtækið þjónustar tryggingarfélög, sveitarfélög, verkfræðistofur og fasteignafélög. Verkefnastaða er góð og verkefnin áleitin.

Hjá fyrirtækinu starfa auk Smiða og pípara, múrarar og málarar, sem hafa í gegnum störf sín aukið sérhæfni sína á viðeigandi sviðum.

Umsækjandi þarf að vera menntaður Smiður/Pípari, áhugasamur um að auka getu sína og færni á sviði endurbóta. Viðkomandi gengur inn í teymi samhentra iðnaðarmanna sem vinna verkefni sín af áhuga og metnaði. Hver og einn iðnaðarmaður hefur yfir að ráða bíl, sem búinn er verkfærum til flestra verka.

Starfsandi, umhverfi, og hlunnindi eru einkar góð. Viðskiptavild fyrirtækisins og orðspor, gera þar fyrir utan starfsumhverfið þægilegt og hvetjandi. Aðstaða fyrirtækisins er mjög góð og verkefnaferli byggir á rúmlega 16 ára reynslu á sviði framkvæmda.

Starfsmannafélag er afar virkt.

Ferilsskrá og meðmæli vel þegin, en hafa skal samband við Björgvin 8977983 eða retturmadur@gmail.com

**Vatnstjon.is**

# HÚSASMIÐJAN LEITAR AÐ ÖFLUGUM LIÐSMANNI

**Húsasmiðjan Grafarholti vill ráða söluráðgjafa í timbursölu/fagmannadeild verslunarinnar**

**Um er að ræða framtíðarstarf og þarf viðkomandi að hefja störf sem fyrst**

**Ábyrgðarsvið**

- Ráðgjöf, sala og þjónusta við viðskiptavini
- Ýmis tilfallandi störf

**Hæfniskröfur**

- Þekking á timbri og öðru byggingarefni
- Sjálfstæð og vönduð vinnubrögð
- Samskiptahæfni
- Reynsla af verslunarstörfum kostur




Húsasmiðjan leggur metnað sinn í að veita fyrsta flokks þjónustu og hafa gott aðgengi að vörum sínum og starfsfólki. Það sem einkennir starfsmenn Húsasmiðjunnar eru eftirfarandi gildi:

**Metnaður**
**Þjónustulund**
**Sérþekking**

**Umsóknir berist fyrir 25. feb. í netfangið atvinna@husa.is**
Frekari upplýsingar um starfið veitir Sigurður Svavarsson rekstrarstjóri verslunarinnar í netfanginu sigurds@husa.is

HÚSASMIÐJAN

SPENNANDI STÖRF Í BOÐI HJÁ WOW AIR

# WOW ÞÚ! VERTU MEMM!

Vegna aukinna verkefna leitum við að framúrskarandi fólki til að slást í WOW hópinn.

**VERKEFNASTJÓRI – FERÐASKRIFSTOFUSALA**

Óskum eftir kraftmiklum og jákvæðum einstaklingi til að sinna skemmtilegum verkefnum. Viðkomandi starfsmaður mun sjá um samningagerð, sölu, þjónustu og samskipti við bæði innlendar og erlendar ferðaskrifstofur ásamt því að viðhalda viðskiptasamböndum og afla nýrra.

**BÓKARI - VIÐSKIPTAMANNABÓKHALD**

Við leitum að reynslubolta í viðskiptamannabókhaldi. Þetta skemmtilega starf felur í sér bókun innborgana, afstemmingar, reikningagerð og innheimtu. Starfið krefst jafnframt framúrskarandi samskiptahæfni. Ef þetta stemmir allt saman þá erum við mögulega að leita að þér.

**BAKVINNSLA FARMIÐASÖLU**

Óskum eftir duglegum starfsmanni til að sinna fjölbreyttum verkefnum í bakvinnslu fyrirtækisins. Starfið felur meðal annars í sér eftirlit með og leiðréttingar á bókunum. Ef þú hefur áhuga á ferðaþjónustu og getur unnið nákvæmnisvinnu gæti þetta verið starfið fyrir þig. Starfið heyrir undir tekjustýringu WOW air.

**LAUNAFULLTRÚI**

Við leitum að ofurnákvæmum og samviskusömum reynslubolta í launavinnslu. Starfið felur meðal annars í sér vinnslu launabókhalds, útreikninga og skilum á opinberum gjöldum ásamt samskiptum við aðila innan- og utanhúss. Finnst þér gaman að vinna með tölur? Vertu þá í bandi!

**ÞJÓNUSTUFULLTRÚI Í ÞJÓNUSTUVERI**

Óskum eftir þjónustuglöðum snillingum sem brosa allan hringinn hvað sem á dynur. Ertu ótrúlega úrræðagóð/ur og fær í að skrifa vinalega tölvupósta? Elskar þú að mala í símann? Mjög góð íslensku- og enskukunnátta er lykilatriði en önnur tungumálakunnátta er stór plús. Um er að ræða bæði framtíðar- og sumarstörf. Æskilegt er að þeir sem hafa áhuga á sumarstarfi geti hafið hlutastarf fljótlega.

**SÉRFRÆÐINGUR Í TEKJUSTÝRINGU**

WOW air leitar að tölfræðilegum snillingi með brennandi áhuga á flugi og flugstarfsemi. Í starfinu felst gagnaöflun, greining og fleiri æsispennandi verkefni. Ertu með skilyrðislausa ást á Excel og gott keppnisskap? Þá erum við mjög líklega að leita að þér.

Tekið er á móti umsóknum í gegnum www.wowair.is/starf til 21. febrúar. Þar er jafnframt að finna frekari upplýsingar um störfin.

WOW air

# Markaðstjóri

**STARFSSVIÐ**
- Hafa umsjón með markaðsmálum og markaðssetningu vörumerkja fyrirtækisins.
- Ritsýra og hafa umsjón með auglýsingum, vefsíðu, vefverslun, útgáfu fréttabréfa og öðru markaðsefni.
- Viðburðastjórnun og önnur tilfallandi verkefni
- Samskipti við erlenda birgja
- Umsjón með sölu- og markaðsáætlunum

**MENNTUNAR- OG HÆFNISKRÖFUR**
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Þekking og reynsla af markaðsmálum
- Sjálfstæð vinnubrögð, frumkvæði og skipulagshæfni
- Góð íslensku- og enskukunnátta
- Þekking á starfrænni markaðssetningu
- Myndvinnslukunnátta er æskileg

Æskileg er að umsækjandi geti hafið störf sem fyrst. Fullum trúnaði er heitið.
Umsóknir ásamt ferilskrá skal senda til atvinna@rafkaup.is **fyrir 21.febrúar.**

Rafkaup
Ármúla 24 • 108 Reykjavík • www.rafkaup.is

Rafkaup hf - Ármúla 24 - 108 Reykjavík - www.rafkaup.is

# Aðstoðarmaður í bakarí óskast.

**Viðkomandi þurfa að geta hafið störf sem fyrst, vinnutími frá 5:00 til 13:00 og aðra hverja helgi.**

**Áhugasamir sæki um á netfangið bjornsbakari@bjornsbakari.is merkt ATVINNA.**

BJÖRNSBAKARÍ
Sími: 561 1433

# VIÐ ERUM AÐ LEITA AÐ ÞÉR!

## SPENNANDI TÆKIFÆRI Í BYKO BREIDD



### SÖLUMAÐUR Í LJÓSA- OG RAFMAGNSDEILD

**STARFSSVIÐ:**
Starfið felur í sér almenna sölu og ráðgjöf til viðskiptavina á ljósum, ljósaperum og raflagnaefnum.

**HÆFNISKRÖFUR:**
Við leitum að öflugum og drífandi einstaklingi með ríka þjónustulund og góða hæfni í mannlegum samskiptum. Nauðsynlegt er að hafa brennandi áhuga á hönnun og lýsingu. Góð þekking og skilningur á rafmagni og raflagnaefni er kostur. Viðkomandi verður að hafa metnað til að takast á við krefjandi verkefni ásamt því að búa yfir stundvísi, jákvæðni og heiðarleika.



### STARFSMAÐUR Í ÁRSTÍÐADEILD

**STARFSSVIÐ:**
Starfið felur í sér almenna sölu og ráðgjöf til viðskiptavina á árstíðatengdum vörum, s.s. grillum, sláttuvélum, garðverkfærum og plöntum.

**HÆFNISKRÖFUR:**
Þekking og reynsla af sölumennsku er góður kostur ásamt grænum fingrum og brennandi áhuga á garðvinnu. Skipulögð og sjálfstæð vinnubrögð ásamt jákvæðni og ríkri þjónustulund. Viðkomandi verður að hafa metnað til að takast á við krefjandi verkefni ásamt því að búa yfir stundvísi, jákvæðni og heiðarleika.



### STARFSMAÐUR Í TIMBURVERSLUN

**STARFSSVIÐ:**
Starfið felur í sér afgreiðslu og tiltekt pantana í timburverslun. Viðkomandi þarf að vera í samskiptum við iðnaðarmenn, verktaka og einstaklinga í framkvæmdum.

**HÆFNISKRÖFUR:**
Við leitum að öflugum einstaklingi með ríka þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum. Lyftarapróf er kostur. Viðkomandi þarf að vera stundvís, jákvæður og heiðarlegur.

**Umsóknarfrestur er til 26. febrúar n.k. og sótt er um starfið á www.byko.is.**

**Nánari upplýsingar veita Rúnar Gunnlaugsson, verslunarstjóri Breidd, runar@byko.is og Renzo Gústaf Passaro, verslunarstjóri Timburverslunar, renzo@byko.is**

byko.is
FAGMENNSKA - DUGNAÐUR
LIPURÐ - TRAUST
BYKO
GERUM ÞETTA SAMAN

# ATVINNA

**AÞ-Þrif leitar að einstaklingum í vinnu.**

Einungis íslensku- eða enskumælandi einstaklingar koma til greina.

Ákjósanlegur aldur er 20–40 ára. Gerðar eru kröfur um bílpróf og hreint sakavottorð.

**Umsóknir sendist á gerda@ath-thrif.is merkt „ATVINNA"**

AÞ-ÞRIF
WWW.ATH-THRIF.IS
Skeiðarási 12
210 Garðabæ

# Ertu að leita að talent?

Við finnum starfsmanninn fyrir þig



lind@talent.is



bryndis@talent.is

TALENT
RÁÐNINGAR & RÁÐGJÖF
www.talent.is | talent@talent.is

**Lögmenn Laugardal** óska eftir **löglærðum fulltrúa** til starfa. Gott starfsumhverfi og mikil reynsla. Umsækjandi þarf að hafa **lögmannsréttindi** og reynsla af málflutningi er æskileg. Óskað er eftir einstaklingi sem er **jákvæður** og **hugmyndaríkur** og með **framúrskarandi** samskiptahæfni.
Umsóknir sendist á johann@llaw.is, fyrir **15. febrúar nk.**

LÖGMENN LAUGARDAL

# Útkeyrsla, sala og áfylling

## Hlutastarf – afleysing í eitt ár

**Heildverslun með snyrtivörur óskar eftir starfsmanni til afleysingar í eitt ár.**

Starfið felst í útkeyrslu, sölu og áfyllingu í verslanir á höfuðborgarsvæðinu. Góð íslensku-, ensku- og tölvukunnátta nauðsynleg og þarf að sjálfsögðu að hafa bílpróf.

Við leitum að þjónustulunduðum og jákvæðum starfsmanni í afleysingu í eitt ár.

**Umsókn ásamt ferilskrá sendist til box@frett.is fyrir 20. febrúar 2016 merkt Útkeyrsla-0602**

# Ef þú ert með rétta starfið — erum við með réttu manneskjuna

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífinu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

capacent
www.capacent.is

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

# Hornleikari óskast

Sinfóníuhljómsveit Íslands auglýsir lausa til umsóknar stöðu almenns hljóðfæraleikara í horndeild frá og með ágúst 2016.

Hæfnispróf fer fram 10. maí 2016 í Hörpu.

Umsóknarfrestur er til **2. mars 2016**. Umsóknir, ásamt ferilskrá og fylgiskjölum, skulu berast til Unu Eyþórsdóttur mannauðsstjóra (una@sinfonia.is).

**Einleiksverk:**
1. R. Strauss hornkonsert nr. 1 (fyrsti kafli)
2. W.A. Mozart hornkonsert (1. kafli án kadensu) nr. 2 KV417, nr. 3 KV447 eða nr. 4 KV495

Hljómsveitarpartar verða aðgengilegir þátttakendum að minnsta kosti tveimur vikum fyrir hæfnispróf.

Nánari upplýsingar er að finna á vefsvæði Sinfóníuhljómsveitar Íslands, www.sinfonia.is og hjá mannauðsstjóra (una@sinfonia.is) í síma 898 5017.

www.sinfonia.is » 545 2500

MIÐBORG fasteignasala

**Miðborg óskar eftir fasteignasala.**

Óskað er eftir **duglegum** einstaklingi sem er **heiðarlegur**, **hugmyndaríkur** og á gott með mannleg **samskipti**. Gott starfsumhverfi og mikil reynsla. Umsóknir sendist á johann@midborg.is, fyrir **15. febrúar nk.**



JÁVERK

## VERKEFNASTJÓRI

Vegna aukins fjölda verkefna óskum við eftir að ráða byggingaverkfræðing eða tæknifræðing til framtíðarstarfa við að stýra byggingaverkefnum á vegum fyrirtækisins á Íslandi. Starfsstöð yrði í Reykjavík.

**Helstu verkefni:**
- Verkefnastjórnun
- Innkaup og samningar við verkkaupa, undirverktaka og birgja.
- Kostnaðareftirlit, reikningsgerð og uppgjör verka.
- Tilboðsgerð og verkefnaöflun

**Hæfniskröfur:**
- Byggingaverkfræðingur eða byggingatæknifræðingur.
- Reynsla er kostur.
- Sjálfstæði og skipulag í vinnubrögðum
- Frumkvæði, áræðni og metnaður til að ná árangri í starfi.
- Hæfni í mannlegum samskiptum

Umsóknir sendist á gylfi@javerk.is. Nánari upplýsingar veitir Gylfi í síma 860 1707. Farið verður með allar fyrirspurnir og umsóknir sem trúnaðarmál.

## KRANAMAÐUR

Óskum eftir að ráða kranamann til framtíðarstarfa á vökvabómukrana með um og yfir 100 tonna lyftigetu. Aðalstarfsstöð á Selfossi. Starfið felst í þjónustu við viðskiptavini fyrirtækisins og jafnframt þjónustu við eigin byggingarverkefni.

**Hæfniskröfur:**
- Full réttindi til að stjórna stærri vökvabómukrönum.
- Meirapróf og réttindi til að aka vörubílum með vögnum og geta til að vinna á vörubílum með krönum.
- Skilyrði að viðkomandi sé íslenskumælandi.
- Þjónustulund og sjálfstæð vinnubrögð.

Umsóknir sendist á kristjan@javerk.is Nánari upplýsingar veitir Kristján í síma 891 8888. Farið verður með allar fyrirspurnir og umsóknir sem trúnaðarmál.

PIPAR\TBWA SÍA 160960

JÁVERK er 24 ára öflugt og metnaðarfullt verktakafyrirtæki sem jafnframt rekur kranaleigu. Starfsmenn eru um 120 í dag og verkefnastaða fyrirtækisins er traust. JÁVERK leggur mikla áherslu á umhverfis, öryggis og gæðamál. JÁVERK leggur áherslu á að ráða kraftmikla og metnaðarfulla einstaklinga sem sýna frumkvæði og sjálfstæði í vinnu.

Starfsmannastefna fyrirtækisins gerir ráð fyrir að aðbúnaður og starfsumhverfi sé með því besta sem þekkist. Starfsandi er frábær og starfsmannafélagið er mjög virkt og stendur fyrir margskonar skemmtunum og ferðalögum. JÁVERK er með skrifstofur bæði á Selfossi og Reykjavík.

Gagnheiði 28
IS-800 Selfoss
Iceland
Sími +354 480 1700
Fax +354 480 1701
www.javerk.is


lind@talent.is


bryndis@talent.is

# Ertu að leita að talent?

Við finnum starfsmanninn fyrir þig

TALENT RÁÐNINGAR & RÁÐGJÖF

www.talent.is | talent@talent.is



# Ert þú framúrskarandi kokkur?

## Volcano Huts óskar eftir að ráða metnaðarfullan og hugmyndaríkan kokk ásamt starfsfólki í eldhús

### Starfslýsing

Kokkur er ábyrgur fyrir rekstri eldhúss og þjónustu við viðskiptavini á veitingastað LavaGrill Restaurant & Bar. Kokkur ber ábyrgð á framreiðslu máltíða, samskiptum við birgja auk verkstjórnar í eldhúsi.

**Ráðningartími er frá byrjun maí til loka september.**

Einnig óskum við eftir umsóknum um störf aðstoðarfólks í eldhúsi sem getur unnið með kokki og leyst hann af í vaktafríum.

**Ráðningartími er frá miðjum maí til byrjun september.**

Kokkur og aðstoðarfólk í eldhúsi vinnur samkvæmt vaktafyrirkomulagi með góðum fríum á milli vakta. Volcano Huts sér um húsnæði fyrir starfsfólk á vinnutíma.

Ef þú ert kokkur eða hefur áhuga á að starfa sem aðstoðarmaður kokks og langar að upplifa sumarstarf á einstökum stað þá langar okkur að sjá umsókn frá þér.

Umsóknir merktar „kokkur" eða „aðstoð í eldhúsi" ásamt ferilskrá og upplýsingum um umsagnaraðila **sendist á job@volcanohuts.com fyrir 22. febrúar 2016.** Öllum umsækjendum verður svarað.

Volcano Huts er þjónustufyrirtæki í Húsadal í Þórsmörk sem býður upp á gistingu og veitingar fyrir hópa og einstaklinga.

Þórsmörk er ævintýraheimur göngufólks og náttúruunnenda á öllum aldri. Landslagið er ægifagurt og mótast af samspili eldfjalla, jökla, skóga og jökuláa sem móta útsýnið til allra átta.

**Nánari upplýsingar: volcanohuts.com | volcanohuts@volcanohuts.com | sími: 552 8300**

VOLCANO HUTS ÞÓRSMÖRK

# BIFVÉLAVIRKI ÓSKAST

Tékkland bifreiðaskoðun óskar eftir bifvélavirkja til að annast almenna bifreiðaskoðun á höfuðborgarsvæðinu. Sumarstarf kemur til greina.

Hæfniskröfur:

- Faglærður bifvélavirki
- Rík þjónustulund
- Finnst gaman að vera í vinnunni

Ekki sækja um ef þú ert:

- Ekki faglærður bifvélavirki
- Fúll á móti
- Átt erfitt með að umgangast fólk

Nánari upplýsingar veitir Birgir Hákonarson í síma 665-9900

Umsókn með upplýsingum um menntun og reynslu skal skila á netfangið birgir@tekkland.is fyrir 19. febrúar 2016

TÉKKLAND Bifreiðaskoðun

Borgartúni / Holtagörðum / Reykjavíkurvegi / Akureyri / Sími 414 9900

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK REYKJAVIK UNIVERSITY



# Haftengd nýsköpun

## Umsjónarmaður námsbrautar í Vestmannaeyjum

Háskólinn í Reykjavík leitar að einstaklingi til að hafa umsjón með námsbraut fyrir diplómanám í haftengdri nýsköpun í Vestmannaeyjum. Starfið felur í sér umsjón með námsbrautinni, faglegri framkvæmd kennslu og verkefnavinnu nemenda.

### Starfssvið

- Umsjón með námsbrautinni í nánu samstarfi við forstöðumann BSc-náms í viðskiptafræði við Háskólann í Reykjavík
- Kennsla í a.m.k. einu námskeiði
- Samþætting námskeiða og verkefnavinnu
- Umsjón með lokaverkefnavinnu nemenda
- Tengiliður við fulltrúa atvinnulífs og þátttaka í kynningu á náminu í samvinnu við fyrirtæki, stofnanir, fagfélög og aðra hagsmunaaðila
- Aðstoð við nemendur

### Hæfniskröfur

- MSc-gráða í viðskiptafræði, sjávarútvegsfræði eða tengdum greinum
- Reynsla af kennslu á háskólastigi og leiðsögn nemenda er æskileg
- Reynsla af sambærilegu starfi er kostur
- Hæfni í mannlegum samskiptum, frumkvæði og sjálfstæði í starfi

**Umsóknarfrestur er til og með 1. mars 2016.**
Nánari upplýsingar veita Hrefna Sigríður Briem (**hrefnab@ru.is**), forstöðumaður BSc-náms í viðskiptafræði, og Sigríður Elín Guðlaugsdóttir (**ellasigga@ru.is**), mannauðsstjóri Háskólans í Reykjavík. Umsóknum skal skilað á vef Háskólans í Reykjavík, **radningar.hr.is**. Farið er með allar fyrirspurnir og umsóknir sem trúnaðarmál.

Hlutverk Háskólans í Reykjavík er að skapa og miðla þekkingu til að auka samkeppnishæfni og lífsgæði fyrir einstaklinga og samfélag með siðgæði, sjálfbærni og ábyrgð að leiðarljósi. Akademískar deildir háskólans eru fjórar: lagadeild, tölvunarfræðideild, tækni- og verkfræðideild og viðskiptadeild. Kennsla og rannsóknir við Háskólann í Reykjavík mótast af sterkum tengslum við atvinnulíf og samfélag. Lögð er áhersla á þverfagleika, alþjóðlegt umhverfi, nýsköpun og góða þjónustu. Nemendur Háskólans í Reykjavík eru um 3800 í fjórum deildum og starfa um 250 fastir starfsmenn við háskólann auk fjölda stundakennara.

**Háskólinn í Reykjavík | Menntavegi 1 | 101 Reykjavík | Sími 599 6200 | www.hr.is**

# Verslunarstjóri í Hríseyjarbúðinni

Hríseyjarbúðin auglýsir eftir áhugasömum og metnaðarfullum aðila í 100 % starf til að sjá um daglegan rekstur búðarinnar, póstafgreiðslu og póstútburð.

Hríseyjarbúðin er stofnuð í júní 2015 er í eigu 55 einkaaðila og fyrirtækja. Í Hrísey er leik- og grunnskóli, íþróttahús og sundlaug, fiskvinnsla og fleiri smá fyrirtæki. Samfélagið er lítið en þar er kyrrð og fegurð. Hríseyjarferjan Sævar gengur alla daga vikunnar, 9 ferðir á dag og tekur siglingin aðeins 15. mínútur.

Nánari upplýsingar um Hrísey má sjá á **www.hrisey.is**

Áhugasamir sendi póst á **hrisey@hrisey.net**
Umsókn ásamt ferilskrá og kynningarbréfi þar sem umsækjandi rökstyður hæfni sína til rekstrar berist á netfangið hrisey@hrisey.net
**Umsóknarfrestur er til 22. febrúar 2016.**

# Útkeyrsla, sala og áfylling

## Hlutastarf – afleysing í eitt ár

**Heildverslun með snyrtivörur óskar eftir starfsmanni til afleysingar í eitt ár.**

Starfið felst í útkeyrslu, sölu og áfyllingu í verslanir á höfuðborgarsvæðinu. Góð íslensku-, ensku- og tölvukunnátta nauðsynleg og þarf að sjálfsögðu að hafa bílpróf.

Við leitum að þjónustulunduðum og jákvæðum starfsmanni í afleysingu í eitt ár.

**Umsókn ásamt ferilskrá sendist til box@frett.is fyrir 20. febrúar 2016 merkt Útkeyrsla-0602**

# Ertu að leita að talent?



Við finnum starfsmanninn fyrir þig

lind@talent.is



bryndis@talent.is

TALENT
RÁÐNINGAR & RÁÐGJÖF

www.talent.is | talent@talent.is



LANDSBÓKASAFN ÍSLANDS
HÁSKÓLABÓKASAFN

# Mannauðsstjóri

Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn er þjóðbókasafn og bókasafn Háskóla Íslands. Safnið er í forystu um öflun, varðveislu og miðlun upplýsinga og eflir þannig menningu, rannsóknir og nýsköpun. Í safninu starfa 80 manns.

**Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn auglýsir laust starf mannauðsstjóra.**
Mannauðsstjóri heyrir undir sviðsstjóra rekstrar og upplýsingatækni, en sviðið er stoðsvið fagsviða safnsins. Mannauðsstjóri situr í framkvæmdaráði safnsins og tekur þátt í almennri stefnumótun. Hann ber ábyrgð á framkvæmd og eftirfylgni mannauðsmála, s.s. starfsþróun og fræðslu, ráðningum, kjaramálum og velferðarmálum, og veitir stjórnendum og starfsfólki ráðgjöf og stuðning.

## Helstu verkefni

- Náið samstarf við landsbókavörð og sviðsstjóra um mannauðstengd mál
- Ábyrgð á launavinnslu, kjaramálum og framkvæmd stofnanasamninga
- Umsjón með starfsþróun og fræðslu
- Umsjón með ráðningum, starfslýsingum, starfsmati og frammistöðumati
- Umsjón með innri vef og starfsmannahandbók
- Eftirlit með vinnuyfirlitum, fjarvistum og orlofstöku
- Önnur verkefni sem tengjast innra starfi safnsins

## Menntunar– og hæfniskröfur

- Háskólapróf á sviði mannauðsmála
- Reynsla af mannauðsstjórnun og helstu verkefnum æskileg
- Þekking á kjarasamningum og reynsla af túlkun þeirra er æskileg
- Reynsla af launavinnslu og Vinnustund er kostur
- Mjög mikil færni í mannlegum samskiptum
- Mikil tölvufærni
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri í starfi
- Góð skipulagshæfni, sjálfstæði og öguð vinnubrögð
- Mjög góð íslenskukunnátta og hæfni í miðlun upplýsinga

Um er að ræða 100% starf. Umsókn skal fylgja starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Umsóknarfrestur er til og með 28. febrúar 2016.
Nánari upplýsingar veitir Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir landsbókavörður (iss@landsbokasafn.is) og Edda G. Björgvinsdóttir, sviðsstjóri rekstrar og upplýsingatækni (edda@landsbokasafn.is)

Sótt er um starfið rafrænt á vef Landsbókasafns, www.landsbokasafn.is, undir Bókasafnið > Laus störf.
Við ráðningar er tekið mið af jafnréttisáætlun safnsins.
Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn | Þjóðarbókhlöðunni | s. 525-5600 | www.landsbokasafn.is



# Sumarstörf

## Við veitum þér gott sumarstarf

Við leitum að rösku, jákvæðu og þjónustulunduðu fólki í fjölbreytt sumarstörf. Umsækjendur þurfa að vera fæddir 1999 eða fyrr.

## Í boði eru eftirfarandi störf:

- Garðyrkja
- Flokksstjórn garðyrkju
- Vinnuflokkar raf- og vatnslagna
- Innmælingar
- Sérverkefni fyrir verk- eða tæknifræðinema

**Eingöngu er tekið á móti umsóknum** á ráðningavef Veitna, **starf.or.is/veitur/** þar sem nánari upplýsingar um störfin er að finna. Einnig er hægt að spyrjast fyrir um störfin í netfanginu **starf@veitur.is**.

**Umsóknarfrestur er til og með 7. mars 2016.**
Öllum umsóknum verður svarað fyrir 1. apríl 2016.

## Við hvetjum jafnt stelpur sem stráka til að sækja um

Jafnlaunaúttekt PwC 2015

JAFNRÉTTISRÁÐ

Veitur er fjölbreyttur og lifandi vinnustaður fólks með mikla þekkingu. Fyrirtækið leitast við að vera í fremstu röð hvað snertir öryggi, vinnuumhverfi og möguleika til að samræma vinnu og fjölskylduábyrgð.

Veitur ohf. • Bæjarhálsi 1 • 110 Reykjavík • 516 6000 • veitur.is

VEITUR

mmr
Markaðs- og miðlarannsóknir

# Sérfræðingar á sviði markaðsrannsókna

MMR býður upp á alhliða þjónustu á sviði markaðsrannsókna og starfar fyrir leiðandi markaðsfyrirtæki, innlend sem erlend. Við leitum nú að hæfileikaríkum sérfræðingum til að takast á við fjölbreytt rannsóknaverkefni með áherslu á þjónustukannanir og vinnustaðagreiningar.

**Verkefni sérfræðinga eru meðal annars:**
- Mótun og uppsetning rannsóknaverkefna
- Framsetning og kynning rannsóknarniðurstaðna
- Umsjón með gagnaöflun
- Samskipti við viðskiptamenn

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Viðkomandi þarf að hafa mjög góða ritfærni og íslenskukunnáttu
- Háskólamenntun með áherslu á rannsóknaraðferðir félagsvísinda (s.s. á félagsvísindasviði eða í viðskiptafræði)
- Sjálfstæði í vinnubrögðum
- Starfið krefst haldgóðrar þekkingar á SPSS og Excel

Öllum umsækjendum er heitið fullum trúnaði.
Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Umsóknarfrestur er til 19. febrúar.
Umsóknir sendist til Ólafs Þórs Gylfasonar, framkvæmdastjóra MMR, á olafur@mmr.is

MMR / Markaðs og miðlarannsóknir ehf / Ármúla 32 / 108 Reykjavík / www.mmr.is



# Við leitum að **rafvirkja eða rafeindavirkja**

**Advania óskar eftir að ráða rafvirkja eða rafeindavirkja við Fjarskiptastöðina í Grindavík. Starfið er tímabundið til sex mánaða en möguleiki er á föstu starfi að þeim tíma loknum.**

## Starfssvið

Í starfinu felst daglegur rekstur á vélbúnaði Fjarskiptastöðvarinnar ásamt bilanagreiningu og útskiptingu bilaðra íhluta. Einnig mun viðkomandi sinna fyrirbyggjandi viðhaldi á búnaði og sjá um almenna umhirðu búnaðar og mælitækja. Unnið er á tvískiptum vöktum og mun viðkomandi ýmist starfa á dag- eða næturvöktum.

## Menntunar- og hæfniskröfur

- Sveinspróf í rafvirkjun eða rafeindavirkjun
- Víðtæk starfsreynsla
- Rík þjónustulund og gott viðmót
- Góð enskukunnátta, í ræðu og riti
- Hreint sakavottorð

Tekið er á móti umsóknum á **www.advania.is/atvinna**. Það verður ráðið í þessa stöðu þegar réttur einstaklingur finnst. Það er því ekki um eiginlegan umsóknarfrest að ræða heldur eru umsækjendur kallaðir inn eftir því sem við á. Nánari upplýsingar veitir Sigrún Ósk Jakobsdóttir, **radningar@advania.is / 440 9000**.

Advania er alhliða þjónustufyrirtæki í upplýsingatækni og svara lausnir fyrirtækisins þörfum tugþúsunda viðskiptavina í atvinnulífinu. Advania er fjölskylduvænn vinnustaður. Fyrirtækið hefur öfluga jafnréttisstefnu og virka samgöngustefnu. Í Fjarskiptastöð Advania í Grindavík starfa um 15 manns.

advania
Welcome to IT

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

# Hornleikari óskast

Sinfóníuhljómsveit Íslands auglýsir lausa til umsóknar stöðu almenns hljóðfæraleikara í horndeild frá og með ágúst 2016.

Hæfnispróf fer fram 10. maí 2016 í Hörpu.

Umsóknarfrestur er til **2. mars 2016**. Umsóknir, ásamt ferilskrá og fylgiskjölum, skulu berast til Unu Eyþórsdóttur mannauðsstjóra (una@sinfonia.is).

**Einleiksverk:**
1. R. Strauss hornkonsert nr. 1 (fyrsti kafli)
2. W.A. Mozart hornkonsert (1. kafli án kadensu) nr. 2 KV417, nr. 3 KV447 eða nr. 4 KV495

Hljómsveitarpartar verða aðgengilegir þátttakendum að minnsta kosti tveimur vikum fyrir hæfnispróf.

Nánari upplýsingar er að finna á vefsvæði Sinfóníuhljómsveitar Íslands, www.sinfonia.is og hjá mannauðsstjóra (una@sinfonia.is) í síma 898 5017.

www.sinfonia.is » 545 2500

MIÐBORG fasteignasala

**Miðborg óskar eftir fasteignasala.**

Óskað er eftir **duglegum** einstaklingi sem er **heiðarlegur**, **hugmyndaríkur** og á gott með mannleg **samskipti**. Gott starfsumhverfi og mikil reynsla. Umsóknir sendist á johann@midborg.is, fyrir **15. febrúar nk.**

ráðum
ráðningarstofa

# Þarftu að ráða starfsmann?

Ráðum sérhæfir sig í ráðningum og mannauðsráðgjöf.
Við komum til móts við þarfir fyrirtækja og sérsníðum lausnir sem henta hverjum viðskiptavini.

**RÁÐUM EHF** • Sími 519 6770 • www.radum.is • radum@radum.is

# STÖRF HJÁ VINNUEFTIRLITINU

- Deildarstjóri tæknideildar
- Eftirlitsmaður í véla- og tækjaeftirliti

Nánari upplýsingar á vef Vinnueftirlitsins
www.vinnueftirlit.is

VINNUEFTIRLITIÐ
FRUMKVÆÐI • FORVARNIR • FAGMENNSKA
Bíldshöfða 16 • 110 Reykjavík • Sími 550 4600 • vinnueftirlit@ver.is



VOLVO PENTA

## NEMI Í VÉLVIRKJUN

ÓSKAST Á ATVINNUTÆKJAVERKSTÆÐI BRIMBORGAR Í REYKJAVÍK

Vegna aukinna umsvifa erum við að leita að öflugum liðsmanni í okkar góða hóp starfsmanna Volvo atvinnutækja. Spennandi og fjölbreytt starf fyrir duglegan og metnaðarfullan einstakling.

**Stutt lýsing á starfi:**
- Greina bilanir og þjónusta við vinnuvélar/bátavélar og önnur tæki sem koma inn til þjónustu.

**Hæfniskröfur:**
- Nám í bifvélavirkjun, vélvirkjun, vélstjórn og/eða sambærileg reynsla.
- Rafmagnskunnátta kostur
- Gilt bílpróf, vinnuvélaréttindi kostur
- Góðir samskiptahæfileikar
- Hafa ríka þjónustulund
- Vera áhugasamur og áreiðanlegur
- Stundvísi
- Geta sýnt frumkvæði í starfi
- Grunnþekking á tölvur
- Góð íslensku- og enskukunnátta

Kynntu þér starfið nánar og sæktu um í dag á volvoce.is

Nánari upplýsingar gefur Jóhann Rúnar Ívarsson í síma 515 7072

**Umsóknarfrestur er til 22. febrúar 2016**

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*



# Starfatorg.is

Laus störf hjá ríkinu og upplýsingar um málefni ríkisstarfsmanna

| Starf | Stofnun | Staður | Nr. á vef |
|---|---|---|---|
| Sjúkraflutningamaður, sumarafl. | Heilbrigðisstofnun Norðurlands | Siglufjörður | 201602/230 |
| Starfsm.í aðhlynningu, sumarafl. | Heilbrigðisstofnun Norðurlands | Siglufjörður | 201602/229 |
| Læknaritari, sumarafleysing | Heilbrigðisstofnun Norðurlands | Siglufjörður | 201602/228 |
| Starfsm. í þvottahús, sumarafl. | Heilbrigðisstofnun Norðurlands | Blönduós | 201602/227 |
| Vélvirki/bifvélavirki | Vegagerðin | Reyðarfjörður | 201602/226 |
| Sjúkraliðar | Heilbrigðisstofnun Suðurnesja | Grindavík | 201602/225 |
| Fisksjúkdómafræðingur | Tilraunastöð HÍ í meinafræði | Reykjavík | 201602/224 |
| Mannauðsstjóri | Landsbókasafn - Háskólabókasafn | Reykjavík | 201602/223 |
| Hjúkrunardeildarstjóri | Heilbrigðisstofnun Vesturlands | Hvammstangi | 201602/222 |
| Yfirlögfræðingur | Kærunefnd útlendingamála | Reykjavík | 201602/221 |
| Lögfræðingar | Kærunefnd útlendingamála | Reykjavík | 201602/220 |
| Deildarstjóri heilsugæslu | Heilbrigðisstofnun Austurlands | Djúpivogur | 201602/219 |
| Fagstjóri sálfræðiþjónustu | Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins | Reykjavík | 201602/218 |
| Sérfr. í samgönguvirktardeild | Samgöngustofa | Reykjavík | 201602/217 |
| Sérfræðingur í upplýsingavinnslu | Samgöngustofa | Reykjavík | 201602/216 |
| Fulltrúi í þjónustudeild | Sjúkratryggingar Íslands | Reykjavík | 201602/215 |
| Sjúkraliði | Landspítali, dagdeild öldrunar | Reykjavík | 201602/214 |
| Starfsmaður í safnbúðum | Þjóðminjasafn Íslands | Reykjavík | 201602/213 |
| Hjúkrunarfræðingur, sumarafl. | Heilbrigðisstofnun Suðurnesja | Reykjanesbær | 201602/212 |
| Sjúkraliði, heimahjúkrun | Heilbrigðisstofnun Suðurnesja | Reykjanesbær | 201602/211 |
| Hjúkrunarfræðingur | Heilsugæslan Mjódd | Reykjavík | 201602/210 |
| Sérfræðilæknir í heimilislækn. | Heilbrigðisstofnun Norðurlands | Sauðárkrókur | 201602/209 |
| Sjúkraliði, sumarafleysing | Heilbrigðisstofnun Norðurlands | Siglufjörður | 201602/208 |
| Hjúkrunarfræðingur, sumarafl. | Heilbrigðisstofnun Norðurlands | Siglufjörður | 201602/207 |
| Sjúkraliði, sumarafleysing | Heilbrigðisstofnun Norðurlands | Sauðárkrókur | 201602/206 |
| Hjúkrunarfræðingur, sumarafl. | Heilbrigðisstofnun Norðurlands | Sauðárkrókur | 201602/205 |
| Ræstingar, sumarafleysing | Heilbrigðisstofnun Norðurlands | Sauðárkrókur | 201602/204 |
| Ritari á rannsóknarst., sumarafl. | Heilbrigðisstofnun Norðurlands | Sauðárkrókur | 201602/203 |
| Móttökuritari, sumarafleysing | Heilbrigðisstofnun Norðurlands | Sauðárkrókur | 201602/202 |
| Hjúkrunarfræðingur, sumarafl. | Heilbrigðisstofnun Norðurlands | Sauðárkrókur | 201602/201 |
| Hjúkrunarnemar, sumarafleysing | Heilbrigðisstofnun Norðurlands | Sauðárkrókur | 201602/200 |
| Starfsmaður við aðhlynningu | Heilbrigðisstofnun Norðurlands | Sauðárkrókur | 201602/199 |
| Sjúkraliði, sumarafleysing | Heilbrigðisstofnun Norðurlands | Sauðárkrókur | 201602/198 |
| Ljósmóðir, sumarafleysing | Heilbrigðisstofnun Norðurlands | Sauðárkrókur | 201602/197 |
| Starfsmaður í eldhús, sumarafl. | Heilbrigðisstofnun Norðurlands | Sauðárkrókur | 201602/196 |
| Starfsm. í eldhús, tímabundið | Heilbrigðisstofnun Norðurlands | Sauðárkrókur | 201602/195 |
| Móttökuritari, sumarafleysing | Heilbrigðisstofnun Norðurlands | Dalvík | 201602/194 |
| Hjúkrunarfræðingur, sumarafl. | Heilbrigðisstofnun Norðurlands | Dalvík | 201602/193 |
| Hjúkrunarfræðingur, sumarafl. | Heilbrigðisstofnun Norðurlands | Blönduós | 201602/192 |
| Sjúkraliði, sumarafleysing | Heilbrigðisstofnun Norðurlands | Blönduós | 201602/191 |
| Hjúkrunarfræðingur, sumarafl. | Heilbrigðisstofnun Norðurlands | Blönduós | 201602/190 |
| Deildarlæknir | Landspítali, Barnaspítali Hringsins | Reykjavík | 201602/189 |
| Lífeindafræðingur | Landspítali, rannsóknakjarni | Reykjavík | 201602/188 |
| Sumarstörf - Aðst.læknar/nemar | Landspítali, geðsvið | Reykjavík | 201602/187 |
| Hjúkrunarfræðingur | Heilbrigðisstofnun Suðurlands | Selfoss | 201602/186 |
| Starfsfólk, sumarafleysingar | Heilbrigðisstofnun Norðurlands | Norðurland | 201602/185 |
| Læknaritari, sumarafleysing | Heilbrigðisstofnun Norðurlands | Akureyri | 201602/184 |
| Móttökuritari, sumarafleysing | Heilbrigðisstofnun Norðurlands | Akureyri | 201602/183 |
| Þjóðgarðsvörður | Vatnajökulsþjóðgarður | Ásbyrgi | 201602/182 |
| Hjúkrunarfr., heimahjúkrun | Heilbrigðisstofnun Norðurlands | Akureyri | 201602/181 |
| Sérhæfður starfsmaður | Landspítali, meinafræðideild | Reykjavík | 201602/180 |
| Hjúkrunarfræðingur | Landspítali, lungnadeild | Reykjavík | 201602/179 |
| Verkefnastjóri | Ríkislögreglustjóri | Reykjavík | 201602/178 |
| Hjúkrunarfræðingur, sumarafl. | Heilbrigðisstofnun Vesturlands | Stykkishólmur | 201602/177 |



## RÁÐGJÖF
- Að gera betur í dag en í gær er drifkraftur nýrra hugsana og betri árangurs

## RÁÐNINGAR
- Réttir starfsmenn í réttum hlutverkum ræður mestu um árangur fyrirtækja

## RANNSÓKNIR
- Rannsóknir auka þekkingu og gera ákvarðanir markvissari

intellecta
Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir

www.intellecta.is

HILTI Honeywell Snickers Workwear

## Sölumenn óskast til starfa



### Óskum eftir að ráða duglega og samviskusama starfsmenn til starfa sem fyrst í sölu á vörum okkar

Í starfinu felst að selja vörur okkar og þjónusta viðskiptavini fyrirtækisins á Reykjavíkursvæðinu ásamt sölumennsku um landið.

Reynsla af sölumennsku eða iðnmenntun æskileg en ekki nauðsynleg.

Hagi ehf sérhæfir sig í vel þekktum vörumerkjum fyrir iðnaðinn m.a. frá HILTI, Snickers Workwear (vinnuföt) og Honeywell (öryggisvörur).

Vinsamlegast sendið umsóknir á póstfangið atvinna@hagi.is

Nánari upplýsingar um störfin veitir Kristján eða Óskar í síma 414-3700.

**HAGI ehf Stórhöfði 37, 110 Reykjavík**

## ERUM VIÐ AÐ LEITA AÐ ÞÉR?

**VIÐ ÓSKUM EFTIR YFIRÞJÓNI Á VEITINGASTAÐ**

Viðkomandi þarf að hafa menntun og/eða reynslu sem þjónn, hafa áhuga og metnað fyrir því að fullkomna upplifun gesta Nauthóls. Vera jákvæður og skipulagur leiðtogi sem skarar framúr í mannlegum samskiptum. *Framtíðarstarf.*

**ÞJÓNAR Í SAL ÓSKAST**

Óskum eftir þjónum í sal. Um ræðir fullt starf og hlutastörf. Æskilegt er að viðkomandi hafi reynslu, sé jákvæður, brosmildur og 25 ára eða eldri. *Framtíðar– og sumarstörf.*

**VIÐ ÓSKUM EFTIR MATREIÐSLUKONU/MANNI**

Ef þú hefur reynslu af - a la carte - þá ert þú rétti aðilinn í eldhústeymið okkar! *Framtíðarstarf.*

**AÐSTOÐ Í ELDHÚSI**

Óskum einnig eftir aðstoðarfólki í eldhús. Viðkomandi þarf að hafa reynslu og áhuga á matargerð. *Framtíðarstarf.*

Áhugasamir vinsamlegast sendið inn umsókn ásamt ferilskrá á **saeunn@nautholl.is** fyrir 28.febrúar nk.

NAUTHÓLL



## Þjónustuver Kópavogsbæjar óskar eftir þjónustufulltrúa

**Helstu verkefni**

Starfsmaður í þjónustuveri sinnir móttöku og almennri þjónustu viðskiptavina, símsvörun og upplýsingamiðlun fyrir bæjarskrifstofur Kópavogs, í samræmi við skilgreint hlutverk þjónustuvers. Þjónustufulltrúi tekur virkan þátt í vinnu við skráningu, uppfærslu og miðlun upplýsinga til viðskiptavina.

**Menntunar og hæfniskröfur**

- Færni í mannlegum samskiptum og skipulagsfærni.
- Stúdentspróf eða sambærilegt nám.
- Þekking og reynsla af sambærilegu starfi æskileg.
- Góð tölvufærni.
- Góð íslenskukunnátta og enskukunnátta er nauðsynleg.
- Góð pólskukunnátta er kostur.
- Sjálfstæði, samviskusemi og góð þjónustulund.

**Umsóknarfrestur er til og með 27. febrúar 2016.**

Nánari upplýsingar veitir Sigurbjörg Hrönn Hauksdóttir, þjónustustjóri Þjónustuvers eða Ingimar Þór Friðriksson, forstöðumaður upplýsingatæknideildar í síma 441 1111.
Einnig má senda fyrirspurnir á netföngin sigurbjorg@kopavogur.is eða ingimar@kopavogur.is.

Karlar jafnt sem konur eru hvattir til að sækja um starfið.

**Eingöngu er hægt að sækja um starfið rafrænt á vef Kópavogsbæjar, www.kopavogur.is**

*Þjónustuver Kópavogsbæjar sinnir móttöku fyrir íbúa, símsvörun og margvíslegum verkefnum í samvinnu við starfsmenn bæjarins. Þjónustuverið kappkostar að veita stofnunum bæjarins og íbúum eins góða þjónustu og mögulegt er. Þjónustan er afar fjölbreytt, enda heyra stórir málaflokkar undir bæjarfélagið. Frekari upplýsingar um verkefni Kópavogsbæjar er að finna á www.kopavogur.is.*

Kópavogsbær

kopavogur.is

PIPAR\TBWA • SÍA • 160989

VOLVO VOLVO PENTA

## VÉLVIRKI

ÓSKAST Á ATVINNUTÆKJAVERKSTÆÐI BRIMBORGAR Í REYKJAVÍK

Vegna aukinna umsvifa erum við að leita að öflugum liðsmanni í okkar góða hóp starfsmanna Volvo atvinnutækja. Spennandi og fjölbreytt starf fyrir duglegan og metnaðarfullan einstakling.

**Stutt lýsing á starfi:**

- Greina bilanir og þjónusta við vinnuvélar/ bátavélar og önnur tæki sem koma inn til þjónustu.

**Hæfniskröfur:**

- Réttindi í bifvélavirkjun, vélvirkjun, vélstjórn og/eða sambærileg reynsla.
- Rafmagnskunnátta kostur
- Gilt bílpróf, vinnuvélaréttindi kostur
- Góðir samskiptahæfileikar
- Hafa ríka þjónustulund
- Vera áhugasamur og áreiðanlegur
- Stundvísi
- Geta sýnt frumkvæði í starfi
- Grunnþekking á tölvur
- Góð íslensku- og enskukunnátta

Kynntu þér starfið nánar og sæktu um í dag á volvoce.is

Nánari upplýsingar gefur Jóhann Rúnar Ívarsson í síma 515 7072

**Umsóknarfrestur er til 22. febrúar 2016**

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

## RÁÐGJÖF

- Að gera betur í dag en í gær er drifkraftur nýrra hugsana og betri árangurs

## RÁÐNINGAR

- Réttir starfsmenn í réttum hlutverkum ræður mestu um árangur fyrirtækja

## RANNSÓKNIR

- Rannsóknir auka þekkingu og gera ákvarðanir markvissari

intellecta
Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir

www.intellecta.is

UTANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

## Sérfræðingur á sviði stefnumótunar og fjármála

Utanríkisráðuneytið óskar að ráða sérfræðing til starfa á rekstrar- og þjónustuskrifstofu. Meðal verkefna skrifstofunnar eru fjármál og rekstur utanríkisþjónustunnar, þ.m.t. fjárlagagerð, framkvæmd fjárlaga og áætlanagerð fyrir aðalskrifstofu ráðuneytisins og sendiskrifstofur. Hún hefur auk þess umsjón með bókhaldi, húsnæðismálum ráðuneytisins og sendiskrifstofa, öryggismálum utanríkisþjónustunnar, fjarskiptamálum og tölvukerfum. Borgaraþjónusta ráðuneytisins og þýðingamiðstöð heyra einnig undir skrifstofuna.
Framundan eru krefjandi verkefni í fjárhagsáætlanagerð og stefnumótun sem tengjast innleiðingu nýrra laga um opinber fjármál.

**Starfssvið**
- Stefnumótun og áætlanagerð í málaflokkum ráðuneytisins í samstarfi við skrifstofur þess.
- Fjárlagagerð og framkvæmd fjárlaga
- Ritun greinargerða um fjármál og rekstur ráðuneytisins og upplýsingagjöf
- Önnur tilfallandi verkefni á sviði skrifstofunnar.

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Háskólagráða í viðskiptafræði, hagfræði og/eða fjármálum og rekstri, meistaragráða er skilyrði
- Þekking á sviði áætlanagerðar, stefnumótunar og markmiðasetningar
- Þekking í gerð fjármálaáætlana og greiningarvinnu
- Þekking á opinberri stjórnsýslu
- Kunnátta til að greina og miðla tölulegum upplýsingum með greinargóðum og skýrum hætti.
- Góð almenn tölvufærni, einkum í Excel
- Gott vald á íslensku og ensku, önnur tungumálakunnátta er kostur
- Lipurð í mannlegum samskiptum og jákvætt viðmót
- Skipulagshæfni, frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum, auk hæfileika til að taka virkan þátt í teymisvinnu.

Um launakjör fer samkvæmt kjarasamningi Félags háskólamenntaðra starfsmanna Stjórnarráðsins og fjármála- og efnahagsráðherra. Starfið er háð flutningsskyldu í utanríkisþjónustunni skv. 10. gr. laga nr. 39/1971 um utanríkisþjónustu Íslands.

**Umsóknarfrestur er til og með 29. febrúar 2016.** Umsóknir skulu berast á netfangið umsokn@mfa.is, merkt „Sérfræðingur, stefnumótun og fjármál, 2016". Ráðuneytið hvetur karla jafnt sem konur til að sækja um starfið. Litið verður svo á að umsóknir gildi í sex mánuði frá því að umsóknarfresti lýkur. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Nánari upplýsingar veita Helga Hauksdóttir (helga.hauksdottir@utn.stjr.is) og Anna Ósk Kolbeinsdóttir (anna.osk.kolbeinsdottir@utn.stjr.is).




## Við leitum að forstöðumanni rekstraráhættudeildar á áhættustýringarsviði

Rekstraráhættudeild aðstoðar stjórnendur bankans við að ná markmiðum sínum, t.d. varðandi gæði þjónustu, ánægju viðskiptavina, rekstur og fylgni við lög og reglur.

### Helstu verkefni rekstraráhættudeildar
- Greining, þróun og skráning viðskiptaferla
- Greining rekstrarfrávika og eftirfylgni með úrbótum
- Samræming í gæða- og öryggismálum
- Þróun og umsjón lykilmælikvarða fyrir rekstraráhættu í bankanum
- Reglulegt RCSA sjálfsáhættumat viðskiptaeininga bankans
- Að þróa og efla varnarlínurnar þrjár í innra eftirliti

### Starfssvið forstöðumanns
- Dagleg stjórnun rekstraráhættudeildar
- Vinna með framkvæmdastjóra að stefnumótun áhættustýringar
- Að fylgjast með löggjöf, stöðlum og bestu framkvæmd á sviði rekstraráhættustýringar
- Efling liðsheildar og stuðla að starfsþróun starfsfólks
- Samskipti við eftirlitsaðila

### Hæfni og eiginleikar
- Leiðtogahæfni, áræðni, drifkraftur og færni í stefnumótun
- Skipulögð vinnubrögð, sköpunarkraftur og lausnamiðuð hugsun
- Samskipta- og samstarfshæfileikar og hæfni til að byggja upp tengslanet
- Reynsla af eftirlitsstörfum og stjórnun æskileg
- Háskólanám á meistarastigi sem nýtist í starfi

Nánari upplýsingar um starfið veitir **Íris Guðrún Ragnarsdóttir**, mannauðsstjóri, netfang **iris.ragnarsdottir@arionbanki.is**, sími 444 6064.

**Umsóknarfrestur er til og með 22. febrúar 2016.** Fullum trúnaði er heitið og öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

**Arion banki er líflegur og spennandi vinnustaður.** Við vinnum með viðskiptavinum okkar að því að búa í haginn fyrir framtíðina. Við ræktum jákvæðan starfsanda og leggjum áherslu á að starfsfólk okkar þroskist og þróist í starfi með markvissri fræðslu og þjálfun. Straumlínustjórnun er hluti af daglegri menningu með stöðugum umbótum og samvinnu allra starfsmanna. Jafn réttur kvenna og karla til starfa er okkur hjartans mál og við hlutum nýverið Jafnlaunavottun VR. **Saman látum við góða hluti gerast.**

JAFNLAUNA-VOTTUN VR
VR-15-024

Arion banki
– fyrir framtíðina

Við gætum verið með næsta starfsmann mánaðarins á skrá

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífinu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

capacent

www.capacent.is

# VILTU VINNA MEÐ OKKUR?

## Okkur vantar **bifvélavirkja, vélvirkja** eða **einstakling** með reynslu af vörubílaviðgerðum

Starfið felst í viðhalds- og viðgerðaþjónustu á vörubíla- og vinnuvélaverkstæði Kletts. Verkstæðið er mjög vel tækjum búið og er eitt það fremsta á sínu sviði í heiminum í dag. Um er að ræða framtíðarstarf í traustu og öruggu umhverfi.

Hjá Kletti starfa um 75 manns við þjónustu og sölu á meðal annars Scania og Caterpillar tækjum og vélum, IR loftpressum og Goodyear hjólbörðum.

**Áhugasamir vinsamlegast hafi samband við Svein Símonarson í síma 825 5752 eða svsi@klettur.is.**




2015 Framúrskarandi fyrirtæki

KLETTUR • Klettagörðum 8-10 • 104 Reykjavík • Sími: 590 5100

KLETTUR
SALA OG ÞJÓNUSTA



greenqloud

OPERATIONS ENGINEER / DEVELOPER / QUALITY ASSURANCE

# We're **hiring!**

**We're a fast-growing, ambitious company in Iceland working to change the way the world thinks about infrastructure management. We work with multiple datacenters' worth of racks, public clouds, and HPC deployments, with partners such as HP, NetApp and WMware.**

- We value self-improvement, discipline, curiosity, and initiative
- Strong communication skills in English
- Please submit your application at *greenqloud.com/careers* in English by 21 February

## OPERATIONS ENGINEER

We're looking for a seasoned operations engineer with extensive experience in at least two of the following:

- **VMware datacenter administration**
- **Linux administration including virtualization with KVM or XenServer**
- **Network design and administration**
- **Workflow automation through scripting and infrastructure optimization**

## SOFTWARE DEVELOPER

We're looking for a software developer with full stack experience, focusing on Python or Java. You may also be experienced with:

- **REST architecture**
- **Linux, including diving into the shell and working the magic**
- **Working with GIT**
- **SQL**
- **Agile and Scrum methodologies**
- **Writing testable code**

## QUALITY ASSURANCE SPECIALIST

We're looking for someone who's passionate about testing and quality, with an attention to detail and an understanding of the bigger picture. This role includes:

- **Automation testing, integration tests and scripting**
- **Improving processes and policies**
- **Documentation**
- **Working across multiple teams**

**Experience with software development is a plus**

Greenqloud is a cloud software provider, focused on creating easy-to-use, comprehensive solutions for enterprises and other organizations that require high-quality software to manage their IT resources.

Embracing the belief that cloud shouldn't be complicated or difficult to deploy, manage, or use, Greenqloud focuses on developing software that incorporates integration, design, and usability. This vision of innovation is reflected in its premier infrastructure management offering, Qstack.

For more information on our product visit **www.qstack.com**.

qstack by greenqloud

greenqloud.com/careers | qstack.com

Farvi // 0216

# CCP IS HIRING

## Financial Global Controller

**CCP is looking for a Global controller in the Reykjavik office. The Global Controller is responsible for the company's accounting processes, policies and practices maintaining fiscal records, and the preparation of accounting reports. This position will oversee monthly closing, coordination of audits, establishment and maintenance of accounting policies as well as all daily activities and development of the global accounting team.**

### Duties and Responsibilities

- Maintain the Company's overall system of accounts, books and records on all company transactions and assets
- Establish global accounting policies in accordance with IFRS as well as other local regulatory accounting requirements. Ensure that accounting practices and procedures are maintained to support compliance with IFRS accounting policies and local requirements. Act as liaison to regulatory agencies and coordinate scheduling of annual regulatory examinations
- Establish and ensure compliance with a Global monthly close calendar. Ensure that processes and procedures are in place to support timely and accurate recording of revenues and expenses. Ensure that financial accounts are properly supported and reconciled
- Responsible for the preparation, review and timely completion of annual and interim consolidated financial statements in compliance with IFRS as well as local statutory accounts for parent company and its subsidiaries. Responsible for establishing and ensuring compliance with internal controls
- Oversee treasury functions and monitor the group's liquidity. Compile forecasted Balance Sheet and Cash flow based on forecasted operations. Support and provide input into Financial Planning & Analysis forecasting
- Manage the company's financial accounting and reporting systems. Manage relationships with external service providers
- Arrange for and act as a contact with the group's independent auditors on financial audits and reviews. Coordinate external audits and oversee preparation of requested items for all entities. Establish and maintain professional relationship with outside auditors for all entities
- Ensure global compliance with all corporate-, payroll- and other applicable tax laws and regulations.
- Manage credit facilities and other forms of financial debt and monitor debt covenants. Ensure accurate and timely compliance reporting to the Company's lender(s). Manage compliance audits by the Company's lender(s)
- Manage corporate banking relationships
- Administer recording, employee exercise and financial reporting on the company's stock option plan
- Review and ensure accurate and timely computation and payment of payroll
- Ensure compliance with the company's procurement process
- Support the CFO in communicating with the Audit Committee
- Oversee operations of the Global accounting departments, including the design of an organizational structure adequate for achieving the department's goals and objectives
- Oversee daily activities and career development of team members, including hiring, coaching, reviewing work, establishing goals and performance management of Global team members as required

### Skills and experience required

- Certified Public Accountant
- Five to seven years prior supervisory experience in the financial reporting area preferably public accounting
- Extensive knowledge of accounting principles and IFRS
- Experience of people management
- Strong Microsoft Excel and Word skills
- Experience with Navision or similar accounting system
- Strong interpersonal and supervisory skills
- Highly organized with the ability to prioritize
- Quick learner, analytical thinker, process driven
- Team player
- Excellent attention to detail
- Able to work independently as well as in groups, and is not afraid to show initiative
- Ability to multi-task, work under pressure and meet deadlines as required
- Fluent in English

Please apply though our website:
jobs.ccpgames.com/careers

Application deadline
February 23rd 2016






Borgun óskar eftir að ráða öflugan sérfræðing í umsóknardeild Alþjóðasviðs. Borgun er leiðandi fjármálafyrirtæki í þróun og hagnýtingu lausna á sviði rafrænnar greiðslumiðlunar. Við leggjum áherslu á lipra og persónulega þjónustu og vinnum eftir gildunum **vilji, virði og vissa.**

**Helstu verkefni**

- Áreiðanleikagreiningar viðskipta
- Skráning umsókna
- Samskipti og þjónusta við erlenda viðskiptavini
- Önnur tilfallandi verkefni

**Menntun og hæfniskröfur**

- Háskólapróf sem nýtist í starfi
- Framúrskarandi þjónustulund og samskiptahæfileikar
- Reynsla af greiðslumiðlun kostur
- Mjög góð enskukunnátta í töluðu og rituðu máli
- Skipulögð og nákvæm vinnubrögð
- Sjálfstæði í starfi og hæfni til að vinna undir álagi

Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir um að sækja um starfið á **www.borgun.is.**
Umsóknarfrestur er til og með **17. febrúar nk.**

Nánari upplýsingar um starfið veitir Erna Lind Rögnvaldsdóttir, deildarstjóri umsóknardeildar, í síma **560 1636.**

BORGUN



# Fiskeldisfræðingur eða starfsmaður með reynslu af fiskeldi

Eldisstöðin Ísþór í Þorlákshöfn óskar eftir fiskeldisfræðingi eða vönum fiskeldismanni til starfa. Starfsmaðurinn þarf að búa í nágrenni við Þorlákshöfn eða á Árborgarsvæðinu.

**Hæfniskröfur:** Reynsla af fiskeldi, sjálfstæð vinnubrögð, áreiðanleiki.

Áhugasamir vinsamlegast sendi umsókn ásamt ferilskrá á Kristínu Helgadóttur starfsmannastjóra á **umsoknir@fjardalax.is**

**Umsóknarfrestur er til 15. febrúar 2016.**

*Eldisstöðin Ísþór / Nesbraut 25, 815 Þorlákshöfn*

ÍSÞÓR



# Upplýsingatæknideild Kópavogsbæjar

## óskar eftir starfsmanni í notendaþjónustu

PIPAR\TBWA • SÍA • 160988

**Þjónustufulltrúi í notenda- og tölvuþjónustu**

Þjónustufulltrúi sinnir þjónustu beiðna, uppsetningu búnaðar, lagfæringu á útstöðvum og almennri notendaþjónustu í gegnum síma. Verkefnin eru fjölbreytt og stundum þarf að leysa verkefnin í samvinnu við utanaðkomandi sérfræðinga. Þjónustufulltrúi þarf að geta leiðbeint notendum og frætt þá um heppilegar leiðir við notkun upplýsingatækninnar. Framundan eru skemmtileg verkefni sem tengjast meðal annars aukinni notkun spjaldtölva og nýtingu skýjalausna eins og Office 365 í starfseminni.

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Færni í mannlegum samskiptum og góð þjónustulund
- Menntun sem nýtist í starfi
- Reynsla sem nýtist í starfi
- Góð þekking á almennum notendatölvum og notendahugbúnaði
- Frumkvæði, sjálfstæði og lausnamiðuð hæfni
- Jákvæðni, áreiðanleiki og traust vinnubrögð

**Umsóknarfrestur er til og með 27. febrúar 2016.**

Nánari upplýsingar um starfið veitir Kristín Ingimarsdóttir, þjónustustjóri notenda- og tölvuþjónustu eða Ingimar Þór Friðriksson, forstöðumaður upplýsingatæknideildar í síma 441 1111.
Einnig má senda fyrirspurnir á netföngin ingimar@kopavogur.is eða kristin@kopavogur.is.

Konur jafnt sem karlar eru hvattar til að sækja um starfið.

**Eingöngu er hægt að sækja um starfið rafrænt á vef Kópavogsbæjar, www.kopavogur.is**

*UT-deild Kópavogsbæjar sér um rekstur og þróun á upplýsingatækni allra sviða og stofnana Kópavogsbæjar. Helsti notendabúnaðurinn er Windows útstöðvar, iPad spjaldtölvur og Office-pakkinn en auk þess er í notkun fjöldi ólíkra lausna. Helstu hugbúnaðarlausnirnar eru MS NAV, SAP, OneSystems, Mentor, S5, Eplica og SharePoint.*

Kópavogsbær

kopavogur.is




# Sumarstörf við landvörslu

Umhverfisstofnun auglýsir eftir landvörðum sumarið 2016 á eftirtalin svæði: Þjóðgarðinn Snæfellsjökul, Mývatnssveit, Suðurland og Friðland að Fjallabaki, Vesturland og sunnanverða Vestfirði.

Um er að ræða tímabundin 100% störf en starfstími er breytilegur eftir svæðum. Þeir fyrstu hefja störf í byrjun maí og síðustu ljúka störfum í október.

Störf landvarða felast m.a. í að hvorki séu brotin ákvæði friðlýsingar svæðis né lög um náttúruvernd, að veita upplýsingar og fræða gesti og sinna smærra viðhaldi.

Ítarlegri upplýsingar um störfin, starfstímabil, svæðin og hæfniskröfur eru að finna á starfatorg.is og umhverfisstofnun.is/storf_i_bodi.

Sótt er um störfin með því að fylla út rafrænt eyðublað sem er að finna í auglýsingunni á vef Umhverfisstofnunar. Umsóknarfrestur er til og með 22. febrúar 2016. Í umsókn þarf að koma fram hvaða svæði verið er að sækja um eða forgangsröðun þar um.

FAGMENNSKA SAMVINNA FRAMSÝNI VIRÐING

# BIFVÉLAVIRKI ÓSKAST

Tékkland bifreiðaskoðun óskar eftir bifvélavirkja til að annast almenna bifreiðaskoðun á höfuðborgarsvæðinu. Sumarstarf kemur til greina.

Hæfniskröfur:

- ✓ Faglærður bifvélavirki
- ✓ Rík þjónustulund
- ✓ Finnst gaman að vera í vinnunni

Ekki sækja um ef þú ert:

- ✓ Ekki faglærður bifvélavirki
- ✓ Fúll á móti
- ✓ Átt erfitt með að umgangast fólk

Nánari upplýsingar veitir Birgir Hákonarson í síma 665-9900

Umsókn með upplýsingum um menntun og reynslu skal skila á netfangið birgir@tekkland.is fyrir 19. febrúar 2016

TÉKKLAND Bifreiðaskoðun

Borgartúni / Holtagörðum / Reykjavíkurvegi / Akureyri / Sími 414 9900

# Á **fljúgandi** ferð

*Við leitum að **kraftmiklum einstaklingum** með góða samskiptafærni til að bæta við sístækkandi starfsmannahóp okkar. Við bjóðum upp á **skemmtileg og krefjandi störf** hjá metnaðarfullu fyrirtæki sem starfar í alþjóðlegu umhverfi.*

## *Sérfræðingur í aðgerðagreiningu*

*Sérfræðingur aðgerðagreiningar hefur umsjón með öflun og vinnslu gagna til að bæta gæði og þjónustu við viðskiptavini Isavia, ásamt stuðningi við aðrar deildir á Keflavíkurflugvelli í umbótaverkefnum, rekstri og framkvæmdum. Sérfræðingur aðgerðagreiningar vinnur með hermunar- og bestunarkerfi Isavia ásamt tölulegri greiningu, tölfræði, líkindafræði og biðraðafræði til að veita nauðsynlegt framlag við ákvarðanatöku.*

**Hæfniskröfur:**
- Verkfræðipróf, framhaldsmenntun á sviði aðgerðagreiningar er kostur
- Reynsla af aðgerðagreiningu er kostur
- Þekking eða reynsla af straumlínu-stjórnun (e. *lean*)
- Góð tölvukunnátta
- Góð íslensku- og enskukunnátta í töluðu og rituðu máli

Umsóknum þarf að fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfi. Nánari upplýsingar veita Auður Bjarnadóttir, audur.bjarnadottir@capacent.is, og Þóra Pétursdóttir, thora.petursdottir@capacent.is, hjá Capacent.

## *Sérfræðingur á Flugvallasviði í Reykjavík*

*Sérfræðingur á Flugvallasviði hefur eftirlit með ástandi mannvirkja í samvinnu við sérfræðinga fyrirtækisins, stýrir framkvæmdaverkefnum og hefur umsjón með gerð útboðsgagna. Einnig felur starfið í sér fjárhagslegt utanumhald viðhalds- og nýframkvæmda flugmálahluta Samgönguáætlunar og skýrslugerð um framkvæmdirnar.*

**Hæfniskröfur:**
- Þekking og reynsla af mannvirkjagerð og rekstri og viðhaldi mannvirkja
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi er kostur
- Réttindi byggingastjóra er kostur
- Góðir samskipta- og skipulagshæfileikar, frumkvæði og metnaður í starfi

**Nánari upplýsingar um starfið**
veitir Guðný Unnur Jökulsdóttir, gudny.jokulsdottir@isavia.is

## *Flugvallarstarfsmaður á Keflavíkurflugvelli*

*Helstu verkefni eru snjóruðningur, hálkuvarnir og björgunar- og slökkviþjónusta, viðhald flugvallarins og umhverfis hans og viðhald bifreiða og tækja.*

**Hæfniskröfur:**
- Aukin ökuréttindi eru skilyrði
- Reynsla af slökkvistörfum, snjóruðningi og hálkuvörnum er kostur
- Iðnmenntun (bifvélavirki, vélvirki eða svipað) sem nýtist í starfi sem og vinnuvélapróf eru einnig kostir
- Umsækjendur þurfa að vera heilsuhraustir og krafa er gerð um að standast læknisskoðun áður en störf hefjast

Isavia mun sjá umsækjendum fyrir þeirri þjálfun sem nauðsynleg er vegna starfsins. Þeir sem ráðnir verða munu hefja störf í dagvinnu en fara síðar á vaktir eftir atvikum. Umsækjandi þarf að standast bakgrunnsskoðun Ríkislögreglustjóra vegna aðgangs að haftasvæði flugverndar.

**Nánari upplýsingar um starfið**
veitir Guðjón Arngrímsson, gudjon.arngrimsson@isavia.is

Umsóknarfrestur er til og með **21. febrúar.**

Umsóknum skal skilað inn á rafrænu formi á **www.isavia.is/atvinna**




Jafnlaunaúttekt
PwC
2015

**Gildi Isavia eru öryggi, þjónusta og samvinna**

Hjá Isavia og dótturfélögum starfa um 1.100 manns. Helstu verkefni fyrirtækisins eru umsjón með uppbyggingu og rekstri flugvalla og að veita flugleiðsöguþjónustu fyrir innanlandsflug, jafnt sem millilandaflug, auk yfirflugsþjónustu fyrir Norður-Atlantshafið. Isavia leggur áherslu á jafnan rétt karla og kvenna til starfa.

ISAVIA

16-0451 - HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

# BORG RESTAURANT

-AUGLÝSIR EFTIR FRAMÚRSKARANDI FÓLKI-

MATREIÐSLUMÖNNUM
-bæði í undirbúning og keyrslu.

ÞJÓNUM Í VEITINGASAL OG Í VEISLUR

ÞJÓNUM Í MORGUNVERÐ

STARFSFÓLKI Í UPPVASK

Ef þú hefur áhuga endilega sendu ferilskrá á **atvinna@borgrestaurant.is**.

Á Borg Restaurant eru fjölbreytt starfssvið í boði - allt frá a la carte, veislum, fundum, private dining og morgunverði. Borg Restaurant er staðsettur í einu sögufrægasta húsi landsins í hjarta borgarinnar.






**Til leigu 250 m2 á besta stað í bænum þar sem nú er rekinn veitingastaður.**

Fyrir framan húsið er stór verönd sem nýtur sín vel á sólríkum dögum

Laust til afhendingar 1. maí, rétt áður en traffíkin byrjar í eyjum. Á síðast ári komu 300.000 manns til eyja.

Upplýsingar gefur Sigurjón í s: 898 6338
eða á sp@teiknistofa.is



# Ertu að leita að talent?

Við finnum starfsmanninn fyrir þig


lind@talent.is


bryndis@talent.is

TALENT
RÁÐNINGAR & RÁÐGJÖF
www.talent.is | talent@talent.is





STRÁ



Starfsemi STRÁ ehf. býr að aldarfjórðungs reynslu og þekkingu á sviði starfsmanna- og ráðningarmála en stofan hefur unnið fyrir mörg helstu og leiðandi fyrirtæki landsins um árabil.

Rík áhersla er lögð á trúnað varðandi vörslu gagna og upplýsinga bæði gagnvart umsækjendum, sem og vinnuveitendum.

Ánægðir viðskiptavinir til margra ára hafa notið þjónustu STRÁ, en stofan hefur jafnframt umsjón með ráðningum í sérfræði- og stjórnunarstöður.

www.stra.is

## Til hvers að auglýsa ?

Ef þú auglýsir sjálf-/ur eftir starfsmanni eyðir þú verulegum tíma í úrvinnslu innsendra umsókna.

Okkar styrkur er öflugur gagnabanki og yfir tveggja áratuga reynsla við að þjónusta fyrirtæki við leit að starfsmanni.

Sparaðu þér tíma, kostnað og fyrirhöfn - leitaðu aðstoðar fagmanna með langvarandi reynslu af ráðningarmálum.

STRÁ Starfsráðningar ehf. - Suðurlandsbraut 30 - sími 588-3031
stra@stra.is - gudny@stra.is - www.stra.is.

## EINSTAKT TÆKIFÆRI!

TIL SÖLU FYRIRTÆKI Í FRAMLEIÐSLU OG PÖKKUN Á MATVÆLUM MEÐ 5 STÖÐUGILDI. ÖFLUGT FYRIRTÆKI MEÐ MIKLA MÖGULEIKA. SALA OG DREIFING TIL HELSTU VERSLANAKEÐJA OG MÖTUNEYTA. REKSTUR SEM GÆTI HENTAÐ TVEIMUR EÐA FLEIRI EINSTAKLINGUM.

Sendið fyrirspurn með upplýsingum um nafn heimilisfang, kennitölu og símanúmeri á: matvara777@gmail.com

Akkur
Styrktar-og menningarsjóður VM

**AUGLÝSIR EFTIR UMSÓKNUM UM STYRKI ÚR SJÓÐNUM**

### Sjóðurinn veitir tvennskonar styrki

- Til rannsóknarverkefna sem tengjast vinnu-umhverfi eða aðbúnaði félagsmanna VM og þróun námsefnis og kennsluaðferða til menntunar þeirra.
- Til ýmiss konar brautryðjenda- og þróunarstarfs sem hefur samfélagslegt gildi, menningarstarfsemi eða listsköpunar.
- Einstaklingar, fyrirtæki, rannsókna- og menntastofnanir geta sótt um styrk úr sjóðnum.

***Umsóknir berist Akki, Styrktar- og menningarsjóði VM, eigi síðar en 14. mars 2016.***

**Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu VM, www.vm.is, þar sem nálgast má umsóknareyðublöð og nánari upplýsingar.**

VM-FÉLAG VÉLSTJÓRA OG MÁLMTÆKNIMANNA
Stórhöfða 25 - 110 Reykjavík
575 9800 - www.vm.is

Landsfélag í vél- og málmtækni

Reykjavíkurborg
Velferðarsvið

## Forvarnarsjóður Reykjavíkur

Reykjavíkurborg auglýsir eftir umsóknum um styrki til forvarnarverkefna úr Forvarnarsjóði Reykjavíkur. Hægt er að sækja um styrki til verkefna í einstökum hverfum eða almennt í borginni. Hverfisráð veita styrki til verkefna í hverfum, en velferðarráð til almennra forvarnarverkefna í borginni.

Verkefnin gefa einstaklingum, félagasamtökum, fyrirtækjum og stofnunum tækifæri til að vinna að forvörnum í borginni.

Stofnanir Reykjavíkurborgar eða starfsmenn þeirra geta ekki sótt um styrki í sjóðinn en geta verið samstarfsaðilar í verkefnum sem aðrir sækja um styrk til.

**Sótt er um styrkinn á heimasíðu sjóðsins: www.reykjavik.is/forvarnarsjodur**

Þar er einnig hægt að nálgast úthutunarreglur forvarnarsjóðs.

**Opnað er fyrir umsóknir 15. febrúar kl. 12:00 og er umsóknarfrestur til miðnættis 15. mars 2016.**

**Alls eru 10 milljónir króna til úthlutunar úr Forvarnarsjóðnum árið 2016.**

Hlutverk sjóðsins er að stuðla að forvörnum og styrkja félagsauð í hverfum Reykjavíkur. Styrkir úr sjóðnum verða veittir til verkefna sem styðja:

- Forvarnir í þágu barna og unglinga
- Eflingu félagsauðs í hverfum borgarinnar
- Bætta lýðheilsu
- Markvisst samstarf íbúa, félagasamtaka, og fyrirtækja í þágu forvarna og félagsauðs
- Önnur verkefni sem mæta þeim markmiðum sem borgarstjórn setur hverju sinni

Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið

## Fyrirhuguð breyting á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030.

### Miðborgin. Landnotkun og sérstök ákvæði um starfsemi

Þann 11. febrúar 2016 samþykkti Borgarráð Reykjavíkur verkefnislýsingu vegna fyrirhugaðra breytinga á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030, er varða stefnumörkun um þróun miðborgarinnar. Megin tilgangur verkefnisins er að endurmeta heildrænt stefnuákvæði um miðborgina í ljósi þróunar undanfarinna ára, einkum varðandi uppbyggingu ferðaþjónustu. Einnig er markmiðið að endurskoða ákvæði sem gilda um starfsemi við einstakar götuhliðar og almennt að gera stefnumörkun um miðborgina skýrari og markvissari. Fyrirhugaðar breytingar varða einkum svæðið sem skilgreint er sem miðborg (Ma1, M1b, M1b) í aðalskipulaginu en geta einnig fjallað um aðliggjandi svæði. Með vísan til 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er verkefnislýsingin lögð fram til kynningar og umsagnar (***sjá reykjavik.is***). Óskað er eftir því að athugasemdum við verkefnislýsinguna verði komið á framfæri á netfangið ***skipulag@reykjavik.is*** fyrir 1. mars 2016. Þeir sem óska nánari upplýsinga geta snúið sér til umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar.

Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar

Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík, sími: 411 1111, www.reykjavik.is

# LÓÐ FYRIR VEITINGAHÚS VIÐ ARNARNESVOG

**Skilmálar umsóknar**

### ALMENNT

Garðabær auglýsir eftir umsóknum frá áhugasömum aðilum til að byggja og starfrækja veitingahús á lóð við Arnarnesvog. Lóðin er við Ránargrund og er 4.089 m² að stærð og er heimilt að byggja á henni veitingahús sem er allt að 500 m² að stærð.

Lóðin er á góðum útsýnisstað við Arnarnesvog og í góðum tengslum við útivistarsvæði Sjálandshverfis og Arnarneslækjar og við hjóla- og göngustígakerfi milli sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. Um nánari skipulagsskilmála lóðarinnar er vísað til meðfylgjandi skipulagsuppdrátta á **gardabaer.is**.

Verð fyrir byggingarrétt er kr. 19.194.568 (miðað við febrúar 2016). Gatnagerðagjöld eru innifalin.

### UMSÓKN

Umsóknum skal skilað til þjónustuvers Garðabæjar í Ráðhúsinu, Garðatorgi 7 í síðasta lagi kl. 14:00 föstudaginn 27. febrúar 2016.

**Með umsókn skal skila eftirtöldum gögnum:**

**Upplýsingar um umsækjanda**

- Fullt nafn umsækjanda og kennitala
- Ef um fyrirtæki er að ræða skal útskrift úr hluthafaskrá fylgja
- Upplýsingar um fjárhag umsækjanda (t.d. í formi útskriftar frá Creditinfo)

**Greinargerð um væntanlegan veitingarekstur**

- Lýsing á hugmyndum um starfsemi veitingastaðar
- Rekstrar- og fjármögnunaráætlun vegna veitingarekstrar
- Áætlun um framkvæmdir sem sýnir tímasetningar meginátanga í uppbyggingu veitingastaðar

**Hugmyndir um byggingu**

- Lýsing á hugmyndum um gerð og útlit byggingar, studd með skissum eða myndum sem gefa mynd af væntanlegu húsi, veitingaaðstöðu o.fl. og þeirri stemningu sem umsækjandi hyggst ná í aðstöðunni
- Fjárfestingaráætlun, þ.e. hugmyndir um stofnkostnað og fjármögnun byggingar

### GJÖLD AF LÓÐ

Gatnagerðargjöld af lóðinni eru kr. 9.597.284 (miðað við febrúar 2016) miðað við að byggt verði 500 m² hús.

### MAT UMSÓKNA

**Garðabær mun meta umsóknir með eftirfarandi hætti:**

1. Fjárhagslegur styrkur umsækjanda, þ.e. fjárhagslegt bolmagn til þess að standa undir fjárfestingu og rekstri
2. Mat á hugmyndum um fyrirkomulag byggingar
3. Raunhæfni hugmynda um uppbyggingu, fjárfestingu og rekstur veitingastaðar

### VIÐRÆÐUR

Umsækjendum, sem þess óska, verður boðið til viðræðna um nánari skýringar á umsókn sinni og hugmyndum um uppbyggingu. Umsækjendur, sem boðið verður til viðræðna, verða valdir þannig að fyrst verður fjárhagslegt bolmagn þeirra skv. lið 1 í mat umsókna metið og síðan verður umsóknum raðað í samræmi við matsliði 2-3.

Að loknum þessum viðræðum verður leitað samninga við einn úr hópi þessara umsækjanda.

GARÐABÆR 40

GARÐATORGI 7 • SÍMI 525 8500 • GARDABAER.IS

## Þarftu að ráða starfsmann?

**Ráðum sérhæfir sig í ráðningum og mannauðsráðgjöf. Við komum til móts við þarfir fyrirtækja og sérsníðum lausnir sem henta hverjum viðskiptavini.**

ráðum
ráðningarstofa

**RÁÐUM EHF** • Sími 519 6770 • www.radum.is • radum@radum.is

## FYRIRTÆKI TIL SÖLU

**Rekstur bill.is og hjól.is er til sölu**

- Öflug bílasala og hjólasala á besta stað.
- Blasir við fjölförnustu götu Íslands.
- 550 m2 sýningarsalur og 70-100 bíla plan.
- Langur leigusamningur.
- Mjög góð framlegð.
- Selst saman eða í sitt hvoru lagi.
- Verð 20 milljónir.

**Frekari uppl. birnir@bill.is**

bíll.is hjól.is

## HÚSNÆÐI MEÐ VISTARVERUM FYRIR ALLT AÐ 100 HÆLISLEITENDUR ÓSKAST TIL LEIGU FYRIR ÚTLENDINGASTOFNUN

**20262** – Ríkiskaup f.h. ríkissjóðs óska eftir að taka á leigu húsnæði fyrir Útlendingastofnun fyrir vistarverur hælisleitenda. Umsjónaraðili er Framkvæmdasýsla ríkisins. Miðað er við að húsnæðið verði tekið á leigu til 12 mánaða með möguleika á framlengingu til 12 mánaða.

Leitað er að húsnæði fyrir allt að 100 einstaklinga. Um er að ræða 40 - 60 herbergi fyrir 1 – 2 einstaklinga og 8 - 10 íbúðir fyrir 2 – 4 einstaklinga. Miða skal við að u.þ.b. 40 - 50 einstaklingar verði á sama stað. Til staðar skal vera lokað rými fyrir öryggisvörð og eftirlitskerfi.

Gerð er krafa um að húsnæði sé á höfuðborgarsvæðinu eða nálægum sveitarfélögum þó eigi fjær en um 50 km frá Reykjavík (miðbær). Húsnæði skal vera í göngufæri við matvöruverslanir/verslanir og grunnskóla og nálægt almenningssamgöngum þannig að íbúar geti auðveldlega nálgast ýmsa afþreyingu s.s. bókasöfn, sundstaði o.fl.

Frekari upplýsingar um þær kröfur sem húsnæðið verður að uppfylla er aðgengilegar á heimasíðu Ríkiskaupa www.rikiskaup.is.

Við mat á hagkvæmni tilboða verður m.a. tekið tillit til leiguverðs, stærð húss og skipulags þess út frá fyrirhugaðri starfsemi, afhendingatíma, staðsetningu og aðkomu.

Fyrirspurnir varðandi verkefni nr. 20262 skulu sendar á netfangið ¬ utbod@rikiskaup.is og verða svör birt á vef Ríkiskaupa. Fyrirspurnarfrestur rennur út fimmtudaginn **25. febrúar 2016**, en svarfrestur er til og með mánudagsins **29. febrúar.**

Leigutilboðum skal skila til Ríkiskaupa, Borgartúni 7, 105 Reykjavík, eigi síðar en **kl. 12:00 fimmtudaginn 3. mars 2016.**

Merkja skal tilboðin; nr. 20262 – Leiga á húsnæði fyrir vistarverur hælisleitenda.

Leiga á grundvelli þessarar auglýsingar er undanskilin lögum um opinber innkaup nr. 84/2007, sbr. a. lið 1. mgr. 6. gr.

**Tilboðsgögn skulu m.a. innihalda upplýsingar um:**

- Afhendingartíma húsnæðis
- Staðsetningu, stærð húsnæðis og tillöguteikningar
- Leiguverð per/m2 og heildarleiguverð
- Húsgjöld
- Tilvísun í gildandi aðalskipulag
- Upplýsingar um aðra starfsemi í byggingunni ef við á með tilliti til öryggissjónarmiða og um starfsemi í nálægum byggingum – einnig með tilliti til öryggissjónarmiða.

Borgartúni 7c, 105 Reykjavík
Sími 530 1400
www.rikiskaup.is

RÍKISKAUP

## Almennir félagsfundir MATVÍS

MATVÍS

**MATVÍS boðar til almennra félagsfunda:**

- Í Reykjavík á Stórhöfða 31 þriðjudaginn 16. febrúar kl. 15:30
- Á Akureyri, Icelandair Hótel Akureyri miðvikudaginn 17. febrúar kl. 15:30

**Málefni á fundina eru**

1. Kynning á nýgerðum kjarasamningi
2. Einn réttur ekkert svindl!
3. 20 ára afmæli MATVÍS
4. Önnur mál

Einni klukkustund fyrir almennu fundina er starfmönnum sveitarfélaga boðið á sérstakan fund til þess að ræða um starfsmat hjá sveitarfélögunum.

KJÓSARVEITUR

## Útboð

Kjósarveitur ehf. óska eftir tilboðum í vinnu við hitaveitulagnir sem leggja á frá borholum við Möðruvelli að bæjum og frístundahúsasvæðum í Kjós á árunum 2016 og 2017.

Úboðið nefnist:
**Kjósarveitur hitaveita 2016-2017**
**Vinnuútboð**

Útboðið skiptist í þrjá sjálfstæða verkhluta og er heimilt að skila inn tilboði í einn eða fleiri hluta þess.

**1. Lögn stofnlagna úr stáli frá borholum við Möðruvelli**

| | |
|---|---|
| Stálpípur DN 25 – DN 50 | 5,2 km |
| Stálpípur DN 65 – DN 80 | 12,4 km |
| Stálpípur DN 100 – DN 125 | 17,0 km |
| Stálpípur DN 150 – DN 200 | 7,7 km |
| Ídráttarrör gagnaveitu | 45 km |

**2. Lögn dreifikerfa á frístundahúsasvæðum**

| | |
|---|---|
| Stálpípur DN 40 – DN 65 | 2,1 km |
| PEX 20/77 – 32/77 | 21,7 km |
| PEX 40/90 | 2,0 km |
| PEX 50/110 | 3,6 km |
| PEX 63/125 | 2,7 km |
| Ídráttarrör gagnaveitu | 135 km |

**3. Lögn dreifikerfis utan frístundahúsasvæða**

| | |
|---|---|
| PEX 20/77 – 32/77 | 28,9 km |
| PEX 40/110 | 7,1 km |
| PEX 50/125 | 4,5 km |
| PEX 63/140 | 2,7 km |
| Ídráttarrör gagnaveitu | 88 km |

Öllum verkhlutum skal að fullu lokið fyrir 1. desember 2017.

Útboðsgögn verða seld á kr. 10.000 hjá Stoð ehf. verkfræðistofu Aðalgötu 21 Sauðárkróki frá og með **miðvikudeginum 17. febrúar2016.**
**Sími 453 5050, netfang thorvaldur@stodehf.is**

Tilboðin verða opnuð á skrifstofu Kjósarveitna ehf. Ásgarði í Kjós, kl. 11.00 þriðjudaginn 8. mars 2016.

*Kjósarveitur ehf.*

## Menningarsjóður Íslands og Finnlands

Tilgangur sjóðsins er að efla menningartengsl Íslands og Finnlands. Sjóðurinn veitir árlega styrki til einstaklinga, samtaka, félaga og stofnana vegna verkefna sem geta orðið til að efla samskipti Íslands og Finnlands á sviði menningar, lista, atvinnulífs og þjóðlífs almennt.

**Vakin er athygli á að árið 2017 verða 100 ár liðin frá því að Finnland öðlaðist sjálfstæði. Af því tilefni mun sjóðurinn sérstaklega líta til umsókna sem tengjast finnskum menningarverkefnum á Íslandi og sem tengjast 100 ára afmæli Finnlands.**

- Auglýst er eftir umsóknum um styrki úr sjóðnum vegna verkefna sem eru fyrirhuguð á síðari hluta ársins 2016 og fyrri hluta ársins 2017.
- Frestur til að leggja inn umsóknir um styrki úr sjóðnum vegna þessa tímabils rennur út 31. mars 2016.
- Æskilegt er að umsóknir séu ritaðar á sænsku, dönsku eða norsku.
- Einungis er hægt að sækja um rafrænt; á **www.hanaholmen.fi.**
- Fyrirspurnir vegna umsókna má senda á: **fonderna@hanaholmen.fi**

*Stjórn Menningarsjóðs Íslands og Finnlands.*

LANDSNET

## ÚTBOÐ KRA/THR/BAK-01 Tengivirki Landsnets - Krafla, Þeistareykir, Bakki Byggingavirki

Landsnet óskar eftir tilboðum í jarðvinnu, byggingu og fullnaðarfrágang fyrir þrjú ný tengivirki á Norðausturlandi. Staðsetning tengivirkja er við Kröflu , Þeistareykji og á Bakka.

Verkið felur í sér jarðvinnu og byggingu tengivirkja fyrir háspennurofabúnað, spenna, stjórnbúnað og hjálparkerfi. Hvert tengivirki er einnar hæðar sambyggt stálgrindarhús fyrir 220 kV rofabúnað og staðsteypt stjórnrými. Staðsteypt spennarými verða fyrir tengivirkin í Kröflu og á Bakka.

**Helstu verkliðir eru:**

- Grafa og fylla fyrir húsi, lögnum og plönum og aðkomuvegi.
- Leggja jarðskautskerfi í steypu og jörð.
- Steypa sökkla,veggi, undirstöður og olíuþrær spennarýma og steypa upp stjórnbúnaðarhús og spennarými.
- Reisa stálgrindarhús yfir 220 kV rofasal.
- Leggja lagna-, loftræsi-, og rafkerfi fyrir húsin.
- Fullnaðarfrágangur utan- og innahúss
- Fullnaðarfrágangur á lóð og plönum

**Helstu magntölur eru:**

| | KRA | THR | BAK | Alls |
|---|---|---|---|---|
| Gröftur [m3] | 2.300 | 4.500 | 3.800 | 10.600 |
| Burðarfyllingar [m3] | 1.500 | 3.000 | 2.200 | 6.700 |
| Steinsteypa [m3] | 560 | 400 | 760 | 1.720 |
| Járnbending [kg] | 48.000 | 32.000 | 63.000 | 143.000 |
| Mótafletir [m2] | 2700 | 1.800 | 3.400 | 7900 |
| Stálgrindur húsa[kg] | 55.000 | 232.000 | 122.000 | 409.000 |
| Gólffletir (nettó) [m2] | 580 | 1.550 | 1.050 | 3.180 |
| Holplötur | 380 | 145 | 425 | 950 |

**Útboðsgögn er hægt að nálgast rafrænt frá 15. febrúar. Tilboðum skal skila fyrir kl. 14.00, 18. .mars 2016.**

**Nánari upplýsingar er að finna á www.utbodsvefur.is og www.landsnet.is**

Barnaheill
Save the Children á Íslandi
Vissir þú að...
börn eiga rétt á vernd gegn ofbeldi.

# ÚTBOÐ

Ný útboð í auglýsingu hjá Reykjavíkurborg:

- **Grensásvegur - hjólastígur. Miklabraut - Bústaðavegur,** útboð nr. 13654.

Nánari upplýsingar er að finna á www.reykjavik.is/utbod

Reykjavíkurborg
Innkaupadeild
Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík
Sími 411 1042 / 411 1043, Bréfsími 411 1048
Netfang: utbod@reykjavik.is

# ÚTBOÐ

Ný útboð í auglýsingu hjá Reykjavíkurborg:

- **Dráttarvél** – Útboð nr. 13657.

Nánari upplýsingar er að finna á www.reykjavik.is/utbod

Reykjavíkurborg
Innkaupadeild
Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík
Sími 411 1042 / 411 1043, Bréfsími 411 1048
Netfang: utbod@reykjavik.is

# ÚTBOÐ

Ný útboð í auglýsingu hjá Reykjavíkurborg:

- **Grensásvegur - hjólastígur. Miklabraut - Bústaðavegur,** útboð nr. 13654.

Nánari upplýsingar er að finna á www.reykjavik.is/utbod

Reykjavíkurborg
Innkaupadeild
Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík
Sími 411 1042 / 411 1043, Bréfsími 411 1048
Netfang: utbod@reykjavik.is

# J.E.SKJANNI

VIÐ BYGGJUM TIL FRAMTÍÐAR BYGGINGAVERKTAKAR

## Útboð

**Utanhússklæðning**
**Vefarastræti 8 – 14 og Vefarastræti 16 - 22**



J.E. Skjanni byggingaverktakar ehf. óska eftir tilboðum í utanhússklæðningu, í verkið Vefarastræti 8 – 14 og Vefarastræti 16 – 22 í Mosfellsbæ.

**Verkið skal vinnast á tímabilinu júlí 2016 – júlí 2017.**
Útboðsgögn eru tilbúin til afhendingar frá og með mánudaginum 15. febrúar. Tengiliður Sævar Þorbjörnsson, sími 692 9867 og netfang saevar@skjanni.is

**Tilboð verða opnuð fimmtudaginn 25. febrúar, kl. 13:00 hjá J.E. Skjanna byggingaverktökum ehf. Stórhöfða 25, 110 Reykjavík.**

# ÚTBOÐ

**BYLTA, ÍÞRÓTTAHÚS Á BÍLDUDAL STÆKKUN**

Dagsetning opnunar: 3.mars 2016 kl. 14:00

**Vesturbyggð óskar eftir tilboðum í verkið „Bylta, íþróttahús á Bíldudal - stækkun“.**

Um er að ræða viðbyggingu við núverandi búningsaðstöðu íþróttahússins Byltu á Bíldudal. Húsið er lengt til sitthvorrar áttar, í öðrum endanum er salerni fyrir tjaldsvæði og líkamsræktaraðstaða, í hinum endanum er aðstaða fyrir lækni.
Rífa skal niður steyptan vegg, grafa fyrir og steypa sökkla, leggja frárennslislagnir og hitalagnir í gólfplötu, reisa burðarvirki úr stáli ásamt veggjum úr timbri.
Þak er úr timbri klætt með bárujárni.

Helstu stærðir eru:

| | |
|---|---|
| **Gröftur** | **400 m³** |
| **Steypumót** | **180 m²** |
| **Gólfhitalagnir** | **520 m** |
| **Útveggjagrind** | **140 m²** |
| **Þak** | **220 m²** |

Verkið skal vera að fullu lokið í 1.desember 2016

Útboðsgögn má nálgast á bæjarskrifstofu Vesturbyggðar Aðalstræti 63, 450 Patreksfirði og á skrifstofu Verkís, Hafnarstræti 1, 400 Ísafirði frá og með 13.febrúar 2016. Gögn má einnig nálgast með því að senda tölvupóst á elfar@vesturbyggd.is og á jbh@verkis.is

Tilboðin verða opnuð hjá Vesturbyggð Aðalstræti 63, Patreksfirði og á skrifstofu Verkís í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði, 3. hæð, 3.mars 2016 klukkan 14:00 að viðstöddum þeim bjóðendum s em þess óska.

VESTURBYGGÐ

# Hafið Bláa

útsýnis & veitingastaður
Restaurant

**Útsýnis og veitingastaðurinn Hafið Bláa er auglýstur til leigu.**

Veitingastaðurinn Hafið Bláa auglýsir eftir aðila sem vill leigja rekstur veitingastaðarins.

Upplýsingar í tölvupósti; hraun@islandia.is og í s. 8977467 Þórhildur & 8920367 Hannes

MOSFELLSBÆR

# Útboð

## Vatnsveitulögn í Mosfellsdal, við Helgafell

Mosfellsbær óskar eftir tilboðum í endurnýjun vatnslagnar frá Vesturlandsvegi að Hlaðgerðarkotsvegi, við Þingvallaveg. Um er að ræða jarðvinnu, söndun og lagningu 1.860m langrar vatnslagnar ásamt frágangi á skurðstæði og jarðvegsyfirborði.

**Helstu magntölur eru:**

| | |
|---|---|
| Uppúrtekt og endurfylling: | 3.000 m3 |
| Vatnslögn: | 1.860 lm |

**Samkvæmt áætlun skal lokaskiladagur verksins vera 20. maí 2016**

Útboðsgögn á geisladiski verða afhent í þjónustuveri á bæjarskrifstofum Mosfellsbæjar frá og með **þriðjudeginum 16. febrúar**. Tilboðum skal skila á sama stað eigi síðar en **fimmtudaginn 25. febrúar n.k kl: 14:00** og þau opnuð að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.

Þverholti 2 • 270 Mosfellsbær
Sími 525 6700 • mos@mos.is • www.mos.is

VIRÐING • JÁKVÆÐNI • FRAMSÆKNI • UMHYGGJA



BYGGÐ FYRIR UNGT FÓLK Í GARÐABÆ

# HUGMYNDASAMKEPPNI UM RAMMASKIPULAG LYNGÁSSVÆÐIS



Garðabær efnir til hugmyndasamkeppni um tillögu að rammaskipulagi fyrir Lyngássvæði og Hafnarfjarðarveg. Svæðið sem rammaskipulagið skal ná til er um 30 ha að stærð og að mestu byggt. Stefnt er að því að skilgreina svæðið sem þróunarsvæði og að skipulagi þess verði breytt verulega. Markmiðið er að vinna raunhæfa áætlun um uppbyggingu hverfis sem tekur mið af þörfum ungs fólks í miðju Garðabæjar.

Samkeppnin er opin hugmyndasamkeppni í samvinnu við Arkitektafélag Íslands.

**Skilafrestur er til 6. maí 2016.**

Sjá samkeppnislýsingu á vef Garðabæjar, **gardabaer.is**.

GARÐABÆR 40

GARÐATORGI 7 • SÍMI 525 8500 • GARDABAER.IS

# EIGNAMIÐLUN

Sala fasteigna frá **1957**
Elsta starfandi fasteignasala landsins

## Efstaleiti 12



Höfum fengið í sölu mjög fallega 158 fm íbúð á 3. hæð í lyftuhúsi við Efstaleiti. Auk þess fylgir íbúðinni stæði í bílageymslu. Íbúðin skiptist m.a. í tvær stofur, sólskála, tvö herbergi, eldhús, baðherbergi, snyrtingu, þvottahús og geymslu. Tvennar svalir. Um er að ræða íbúð fyrir eldri borgara. Glæsilegt útsýni er úr íbúðinni m.a. sjávar- og fjallsýn. Mikil sameign m.a. samkomusalur, setustofa, líkamsræktarsalur, sundlaug og fleira. Húsvörður er í húsinu.
Íbúðin er laus við kaupsamning.
Magnea S. Sverrisdóttir fasteignasali sýnir íbúðina s: 861 8511.

588 9090 · www.eignamidlun.is · Grensásvegi 11 · 108 Reykjavík

# Sunnubraut 41

Einbýlishús á sjávarlóð




## OPIÐ HÚS

**sunnudaginn 14.feb. kl.15:30-16:00**

Bókaðu skoðun
**Hilmar Jónasson**
aðstm. fasteignasala
sími: 695 9500
hilmar@miklaborg.is

Nánari upplýsingar veitir
**Jórunn Skúladóttir**
lögg. fasteignasali
sími: 569 7000
jason@miklaborg.is

Stærð 280,4 fm
Þar af bílskúr 40 fm
Stór suðurverönd
Bátaskýli
Einstök eign með mikla möguleika

Verð: **85,0 millj.**

FASTEIGNASALAN **MIKLABORG** **569 7000** Lágmúla 4 **www.miklaborg.is**
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
- með þér alla leið -

# EG FASTEIGNAMIÐLUN

Einar Guðmundsson
Lögg. fasteignasali
S. 896 8767

www.egfasteignamidlun.is einar@egfasteignamidlun.is

## EFSTALAND 12

**33,9 millj.**




**Mánudag kl. 17 - 18**

**BJÖRT OG FALLEG 3-4JA HERBERGJA ÍBÚÐ**
Á 2.HÆÐ (EFSTU) Í FJÖLBÝLISHÚSI Í FOSSVOGI.
STÓR OG GÓÐ STOFA OG 2-3 SVEFNHERBERGI.
GÓÐAR SUÐURSVALIR MEÐ GLÆSILEGU ÚTSÝNI OG ÚTENGI BÆÐI FRÁ STOFU OG SVEFNHERBERGI.
EIGNIN GETUR VERIÐ LAUS VIÐ KAUPSAMNING.

www.egfasteignamidlun.is einar@egfasteignamidlun.is

# Línakur 1C

íbúð 206



## OPIÐ HÚS

**þriðjudaginn 15.feb. kl.17:30-18:00**

Bókaðu skoðun
**Atli S. Sigvarðsson**
aðstm. fasteignasala
sími: 899 1178
atli@miklaborg.is

Nánari upplýsingar veitir
**Jórunn Skúladóttir**
löggiltur fasteignasali
sími: 845 8958
jorunn@miklaborg.is

Falleg 161 $m^2$ endaíbúð á annarri hæð
Einstakt útsýni, góð staðsetning
Rúmgóðar stofur með útgengi á svalir
Glæsilegt sérhannað eldhús
Fjögur góð svefnherbergi
Tvö baðherbergi

Verð: **59,9 millj.**

FASTEIGNASALAN **MIKLABORG** **569 7000** Lágmúla 4 **www.miklaborg.is**
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
- með þér alla leið -

# Leitum að góðri 3ja herbergja íbúð í 201 Kópavogi !

Eignin þarf að vera með góðu aðgengi

Ársalir, Núpalind
og fleiri götur koma til greina.



Í boði eru bein kaup eða skipti á stærri eign
Þá væri um að ræða 160 fm íbúð með bílskúr á besta stað í Lindarhverfinu Kópavogi.

Nánari upplýsingar veitir
**Atli S. Sigvarðsson**
aðstoðm. fast.
sími: 899 1178
atli@miklaborg.is

**Gunnar S. Jónsson**
löggiltur fasteignasali
sími: 899 5856
gunnar@miklaborg.is

FASTEIGNASALAN **MIKLABORG** **569 7000** Lágmúla 4 **www.miklaborg.is**
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
- með þér alla leið -




# Ný raðhús í Norðlingaholti

Þingvað 63 - 6 herbergja - 204,6fm Verð: 63.500.000,-
Þingvað 69 - 7 herbergja - 225,9fm Verð: 64.000.000,-

OPIÐ HÚS
LAU - 13. FEB KL 14:00-14:45
SUN - 14. FEB KL 15:00-16:00

· Fullbúnar 6 - 7 herbergja · Hannað af Rut Kára ·
· Leikvöllur · Stutt í náttúruperlur og útivistarsvæði ·

Allar nánari upplýsingar í síma 414-4466 og 820-0303

414-4466 · www. draumahus.is · draumahus@draumahus.is ·
Lárus Óskarsson, löggiltur fasteigna- fyrirtækja og skipasali




# FASTEIGNASALA REYKJAVÍKUR

FASTEIGNASALA REYKJAVÍKUR SKEIFAN 17

SKEIFUNNI 17

**OPIÐ HÚS** **SUNNUDAGINN 14. FEB.** KL. 14.00-14.30



**LUNDUR 1** **200 KÓPAVOGUR**

Fjölbýli
3 herb

Glæsilegt penthouse við Lund 1 í Kópavogi.
Stórar svalir og garðskáli með heitum potti.
Vandaðar innréttingar og gólfefni.

**160 fm**
**112.000.000 KR.**

**EIGN Í SÉR FLOKKI.**

HRINGDU NÚNA > **897 1533**

Davíð Ólafsson
**Löggiltur fasteignasali**

# LANDMARK
FASTEIGNASALA

**Sími 512 4900**
**landmark.is**



| Magnús Einarsson | Sigurður Samúelsson | Sveinn Eyland | Íris Hall | Þórarinn Thorarensen | Eggert Maríuson | Guðrún Diljá Lúðvíksdóttir | Benedikt Ólafsson | Nadia Katrín | Kristján Ólafsson | Helga Snorradóttir |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Löggiltur fasteignasali<br>Sími 897 8266 | Löggiltur fasteignasali<br>Sími 896 2312 | Löggiltur fasteignasali<br>Sími 690 0820 | Löggiltur fasteignasali | Sölustjóri<br>Sími 770 0309 | Aðstoðarmaður fasteignasala<br>Sími 690 1472 | skjalagerð | Aðstoðarmaður fasteignasala<br>Sími 661 7788 | Sölufulltrúi<br>Sími 692 5002 | Hrl og Lögg. Fast. | Skjalavinnsla |

# Landmark leiðir þig heim!




## BURKNAVELLIR 1C – 221 HFJ.
**OPIÐ HÚS SUNNUDAGINN 14. FEB. KL. 14:00 – 14:30**
- Virkilega fallega 2-3 herbergja 87,9 fm. endaíbúð á jarðhæð með sérinngang og afgirtri suðurverönd.
- Þvottahús innan íbúðar.
- Eignin er afar vel skipulögð og björt.
- Eign er öll klædd að utan.
- **V. 29,9 millj.**

Hafðu samband
**ÞÓRARINN THORARENSEN**
sölustjóri. Sími 770 0309






## BREIÐAVÍK 18 – 112 RVK.
**OPIÐ HÚS SUNNUDAGINN 14. FEB. KL. 15:00 – 15:30**
- Einstaklega glæsilega 101,2 fm. 3ja herbergja íbúð á 6. hæð (efstu) í afar snyrtilegu og vel viðhöldnu fjölbýli.
- Baðherbergi er nýlega standsett, sturta.
- Afar vandaðar innréttingar og gólfefni. Stórar suðursvalir með frábæru útsýni, rafdrifin markísa.
- Rúmgóð lyfta. Stutt í alla þjónustu og skóla.
- **V. 34,9 millj.**

Hafðu samband
**ÞÓRARINN THORARENSEN**
sölustjóri. Sími 770 0309






## VINDAKÓR 16- 203 KÓP
**OPIÐ HÚS 14. FEB KL. 14:00 – 14:30**
- Virkilega falleg 3ja herbergja 104,6 fm íbúð í lyftuhúsi.
- Mjög rúmgóð herbergi og stórt eldhús með nægu skápaplássi.
- Frábært fjölskylduhverfi – Hús innst í götunni.
- **V. 34,5 millj.**

Hafðu samband
**SIGURÐUR R. SAMÚELSSON**
Löggiltur fasteignasali. Sími 896 2312






## BAKKASTAÐIR – 112 RVK
**BÓKIÐ SKOÐUN**
- Frábærlega staðsett 231 fm einbýli, þrjú svefnherb., tvö baðherbergi, stofa / borðstofa
- Tvöfaldur rúmgóður bílskúr. Nánast viðhaldsfrítt hús og lóð
- Óhindrað útsýni í átt að Geldingarnesi / Esju
- Stutt er í skóla/leikskóla/þjónustu og útisvæði
- AFHENDING 3-4 mánuðir
- **V. 79,9 millj.**

Hafðu samband
**SIGURÐUR R. SAMÚELSSON**
Löggiltur fasteignasali. Sími 896 2312






## ÍRABAKKI – 109 RVK
**BÓKIÐ SKOÐUN**
- Rúmgóð 3-4ra herbergja endaíbúð. Endurnýjað eldhús
- Björt / gluggar á 3 vegu. Ca. 35 fm svlir á 3 vegu með íbúð
- Aukaherbergi í kjallara
- GETUR FENGIST AFHENT FLJÓTLEGA
- **V. 28,9 millj.**

Hafðu samband
**SVEINN EYLAND**
Löggiltur fasteignasali. Sími 690 0820






## ASPARFELL – 111 RVK
**BÓKIÐ SKOÐUN**
- Snyrtileg 70.8 fm 2ja herb. Íbúð verið endurnýjuð að hluta
- Stofa og eldhús opið og bjart rými
- Rúmgóðar suð/vestur svalir
- Hús í mjög góðu standi
- **V. 23,5 millj.**

Hafðu samband
**SVEINN EYLAND**
Löggiltur fasteignasali. Sími 690 0820






## PERLUKÓR 1C JARÐHÆÐ - 203 KÓPAVOGI.
**OPIÐ HÚS SUN. 14. FEB. FRÁ KL 16:00 TIL 16:30 - ÍBÚÐ MERKT 101.**
- Mjög falleg og vönduð 103,8 fm. 3ja herb. íbúð á jarð.með afgirtum palli í góðu fjölbýlishúsi.
- Mjög björt stofa / borðstofa, fallegt eldhús, vandaðar innréttingar. Góð sameign.
- Stæði í bílageymslu með sér upphituðu stæði. Eignin er gerð fyrir fatlaða / hjólastóla.
- Göngufæri er í alla helstu þjónustu.
- **V. 38,3 millj.**

Hafðu samband
**BENEDIKT ÓLAFSSON**
Aðstoðarmaður fasteignasala. Sími 661 7788






## PERLUKÓR 1C 2. HÆÐ - 203 KÓPAVOGI.
**OPIÐ HÚS SUN. 14. FEB. FRÁ KL 16:30 TIL 17:00 ÍBÚÐ MERKT 205.**
- Einstaklega glæsileg 255 fm. penthouse íbúð á 2 hæð með tveimur hæðum.
- Vönduð eign með sérsmíðuðum innréttingum. Hjónasvíta tvennar svalir
- Stórbrotið panorama útsýni til allra átta. Glæsilegar þaksvalir.
- Bílastæði 44,6 fm. stæði í lokaðri bílag.
- Göngufæri er í alla helstu þjónustu.
- **V. 99,3 millj.**

Hafðu samband
**BENEDIKT ÓLAFSSON**
Aðstoðarmaður fasteignasala. Sími 661 7788



ráðum
ráðningarstofa

# Þarftu að ráða starfsmann?

Ráðum sérhæfir sig í ráðningum og mannauðsráðgjöf.
Við komum til móts við þarfir fyrirtækja og sérsníðum lausnir sem henta hverjum viðskiptavini.

**RÁÐUM EHF** • Sími 519 6770 • www.radum.is • radum@radum.is

**FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.**

**ÓÐINSGÖTU 4**
SÍMI 570 4500,
OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.
Netfang: fastmark@fastmark.is
www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, lögg. fast.sali.
Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

## Kirkjulundur 6 – Garðabæ

**2ja herbergja íbúð**

**Eignin verður til sýnis í dag laugardag frá kl. 14.00 – 14.45**




2ja herbergja 78,7 fm. íbúð á 2. hæð í húsi fyrir eldri borgara. Útgangur er úr stofu á svalir til suðvesturs með náttúrugrjóti. Útsýnis nýtur úr stofu. Sér geymsla á jarðhæð fylgir íbúðinni og bílastæði í bílakjallara. Samkomusalur með eldhúsaðstöðu og snyrtingum og íbúar hússins hafa aðgang að. Stutt í þjónustu svo sem heilsugæslu, bókasafn, apótek, bæjarskrifstofur og matvöruverslun. **Verð 31,0 millj.**

**Íbúð 00203. Verið velkomin.**

## Tískuvöruverslunin SOHO MARKET er til sölu

**Um er að ræða verslun sem selur vinsælan tískuvarning.**

Góð ársvelta og góðir vaxtamöguleikar Verslunin er staðsett í leiguhúsnæði á Grensásvegi í Reykjavík og húsnæðið hefur gott auglýsingagildi.

Tilvalin kaup fyrir kraftmikla einstaklinga sem vilja skapa sér sína eigin vinnu.

Góður sölutími framundan og ágæt lagerstaða.

SOHO MARKET
Grensásvegur 16 • Sími: 553 7300

**Áhugasamir sendið fyrirspurn á:** Viðskiptahúsið
FASTEIGNIR • FYRIRTÆKI • SJÁVARÚTVEGUR

**Tengiliður olafur@vidskiptahusid.is gsm 8227988**

**www.vidskiptahusid.is - sími 566 8800**

**BORG** FASTEIGNASALA

Borg fasteignasala
Síðumúla 23
108 Reykjavík
www.fastborg.is

**519 5500**

## TIL LEIGU RAFSTÖÐVARVEGUR - ELLIÐAÁRDALUR

**LAUST STRAX**





**Brandur**
lögg. leigumiðlari
897 1401



**Úlfar Þór**
Fasteignasali
897 9030

Borg fasteignasala kynnir til leigu eða sölu atvinnuhúsnæði á einstökum stað við Rafstöðvarveg í Elliðaárdalnum. Um er að ræða 1359,3 fm í nýlegu húsi sem skiptast í um 1000 fm rými/sal á 1. hæð og um 360 fm rými á annari hæð. Í húsnæðinu var starfækt fullbúinn líkamsræktarstöð. Stórir gluggar með fallegu útsýni.

Einstök náttúrufegurð allt um kring.
Húsnæðið býður upp á mikla möguleika.



# BORG
FASTEIGNASALA

Borg fasteignasala
Síðumúla 23
108 Reykjavík
www.fastborg.is

# 519 5500



**Þóra Birgisdóttir**
Löggiltur fasteignasali
777 2882



**Brandur Gunnarsson**
Löggiltur fasteignasali
897 1401



**Gunnlaugur Þráinsson**
Aðstoðarmaður fasteignasala
844 6447



**Héðinn Birnir Ásbjörnsson**
Löggiltur fasteignasali
848 4806



**Sigurður Fannar Guðmundsson**
Aðstoðarmaður fasteignasala
897 5930



**Ingimar Ingimarsson**
Hrl.
519 5501



**Vilborg G. Hansen**
Löggiltur fasteignasali
853 7030



**Stefán Páll Jónsson**
Aðstoðarmaður fasteignasala
781 5151



**Úlfar Þór Davíðsson**
Löggiltur fasteignasali
897 9030



**Stefán Jóhann Ólafsson**
Löggiltur fasteignasali
864 8808



**Gísli Elí Guðnason**
Aðstoðarmaður fasteignasala
698 5222



**María Mjöll Guðmundsdóttir**
Ritari
519 5500




Opið hús mánudaginn 15 feb. kl. 17.00-17.30

## Erluás 2

Rúmgóð 2ja herbergja íbúð að Erluási 2 í Hafnarfirði. íbúðin skiptist í forstofu, geymslu, baðherbergi, svefnherbergi og alrými þar sem stofa og eldhús er. Sérgeymsla er í sameign. Ath. Íbúðin er laus til afhendingar við kaupsamning.

**Gunnlaugur**
Aðst.fasteignasala
844 6447
**Úlfar Þór**
Fasteignasali
897 9030

**Verð: 26.900.000**




Opið hús mánudaginn 15. feb. kl. 17.00-17.30

## Móabarð 6

Rúmgóða 4ja herbergja íbúð með sérinngang við Móabarð í Hafnarfirði. íbúðin skiptist í forstofuherbergi, baðherbergi, svefnherbergi, hjónaherbergi, stofa, eldhús og baðherbergi. Sérgeymsla er í sameign.

**Brandur**
Fasteignasali
897 1401

**Verð: 31.900.000**




IÐNAÐAR OG LAGERHÚSNÆÐI

## Suðurhraun 12b - Tilboð óskast

Iðnaðar og lagerhúsnæði byggt 2000 við Suðurhraun 12b í Garðabæ. Um er að ræða 3 einingar af 5 í húsinu, alls 1574 fm. Aðkoma er góð, góð tenging við stofnbrautir. Malbikað bílaplan og næg bílastæði. Húsnæðið skiptist í lager og skrifstofur.

**Gunnlaugur**
Aðst.fasteignasala
844 6447
**Úlfar Þór**
Fasteignasali
897 9030




Opið hús mánudaginn 15. feb. kl 17:30 – 18:00

## Skeiðarvogur 87 - raðhús

Sérlega fallegt raðhús á þremur hæðum teiknað af Sigvalda Thordarsyni arkitekt. Eignin skráð 163,6 fm og byggt 1956. Húsinu hefur verið vel viðhaldið. Fimm svefnherbergi. Fallegur garður.

**Úlfar Þór**
Fasteignasali
897 9030

**Verð: 56.500.000**




Opið hús mánudag 15. feb. kl. 18:00 - 18:30

## Brattakinn 7 – 220 Hafnarfirði

Skemmtilegt 72,6 fermetra parhús á grónum stað í Hafnarfirði. Húsið er á tveim hæðum sem nýtast vel. Björt stofa, tvö svefnherbergi og stæði fyrir utan

**Stefán Páll**
Aðst.fasteignasala
781 5151
**Héðinn Birnir**
Fasteignasali
848 4806

**Verð: 26.900.000**




## Pantið skoðun

Glæsileg penthouse íbúð með stórfenglegu útsýni. Um er að ræða 135,9 fm íbúð á efstu hæð við Kirkjulund í hjarta Garðabæjar. Vandaðar innréttingar eru í íbúðinni og allur frágangur er eins og best getur orðið.

**Stefán Páll**
Aðst.fasteignasala
781 5151
**Héðinn Birnir**
Fasteignasali
848 4806

**Verð: 79.800.000**




Opið hús mánudaginn 15. feb. kl. 17.30-18.00

## Grænlandsleið 18

Einstaklega björt og falleg íbúð í tvíbýlishúsi með sér inngangi og verönd. Íbúðin er innréttuð með rúmgóðu svefnherbergi, opinni stofu, borðstofu og eldhúsi, baðherbergi og geymsla/þvottahús ásamt aukaherbergi sem er skráð sem geymsla.

**Þóra**
Fasteignasali
777 2882

**Verð: 29.500.000**




Opið hús þriðjudaginn 16. feb. kl. 18-18.30

## Einivellir 7 - íbúð 103

Falleg og vel skipulögð íbúð á 1. hæð með sér inngangi og sér, afgirtum palli. Falleg og vel skipulögð íbúð með opnu alrými fyrir stofu, borðstofu og tengingu við eldhús. Hjónaherbergi er rúmgott – geymsla innan íbúðar.

**Þóra**
Fasteignasali
777 2882

**Verð: 25.900.000**



## Atvinnuhúsnæði

Erum með ákveðinn kaupanda að atvinnuhúsnæði 500 fermetrar eða stærra á höfuðborgarsvæðinu undir heildverslun. Kaupandinn býður sterkar greiðslur.

**NÁNARI UPPLÝSINGAR VEITTAR Á SKRIFSTOFU.**

Óskum eftir öllum tegundum atvinnhúsnæðis á höfuðborgarsvæðinu á skrá. Erum með kaupendur að eignum með leigusamningum og án.

**Upplýsingar veitir:**
Brandur Gunnarsson, Löggiltur fasteignasali
Sími: 897 1401
brandur@fastborg.is




Opið hús miðvikudag 17. feb. kl. 17.30-18.00

## Lækjasmári 2 – íbúð 0801

Borg Fasteignasala s. 519-5500 kynnir fallega 4ra herbergja íbúð á 8. og efstu hæð í góðu lyftu húsi við Kópavogsdalinn. Eignin er laus við kaupsamning. Íbúðin er björt með miklu útsýni til suðurs og austurs. Suður-svalir eru að hluta til yfirbyggðar.

**Þóra**
Fasteignasali
777 2882

**Verð: 39.900.000**




Verslunarhúsnæði

## Glæsibær – Álfheimar

Frábærlega vel staðsett verslunarhúsnæði með góðum útstyllingargluggum í þessu vinsæla verslunarkjarna. Góð aðkoma, bílastæði og bílastæðahús, mikill fjöldi viðskiptavina fer í gegnum húsið á hverjum degi.

**Þóra**
Fasteignasali
777 2882

**Verð: 18.200.000**



Íbúðir tilbúnar til afhendingar strax, ýmist með eða án gólfefna

3-4 herbergja íbúðir með glæsilegu útsýni

Tvennar svalir með mörgum íbúðanna

Frágangur íbúða í hæsta gæðaflokki

# SÖLUSÝNING

**sunnudaginn 14.feb. kl.14:00-15:00**

ÞG-VERK

# Garðatorg

**Einstaklega glæsilegar nýjar íbúðir í miðbæ Garðabæjar**



Íbúðir **á frábærum útsýnisstað**

## Bókið skoðun



Bókaðu skoðun:
**Hilmar Jónasson,** aðstm. fasteignasala
hilmar@miklaborg.is **sími:** 695 9500





Nánari upplýsingar veitir:
**Jórunn Skúladóttir,** lögg. fasteignasali
jorunn@miklaborg.is **sími:** 845 8958



Bókaðu skoðun:
**Jason Ólafsson,** aðstm. fasteignasala
jassi@miklaborg.is **sími:** 775 1515

# Austurkór 91-99





## NÝTT Í SÖLU



**Miklaborg kynnir**

í einkasölu fimm mjög vel skipulögð 166 fm raðhús með innbyggðum bílskúr.



Bókaðu skoðun:
**Atli S. Sigvarðsson** aðstm. fasteignasala
atli@miklaborg.is **sími:** 899 1178



**Óskar R. Harðarson** lögg. fasteignasali
oskar@miklaborg.is **sími:** 569 7000

Frábært innra skipulag :

- Opið stofu og eldhúsrými með góðri lofthæð
- Fjögur svefnherbergi, fataherbergi innaf hjónaherbergi
- Gott baðherbergi með sturtu og kari, útgengt er á baklóð
- Gestasnyrting og sér þvottahús.

Húsið skilast fokhelt eða tilbúið til innréttinga

**Afhending sumar 2016**

Verð frá: **42,9 millj.**

**Frestur til**
**að senda tilnefningar**
**er til miðnættis**
**1. mars**

# HEFUR ÞÚ ORÐIÐ VITNI AÐ GÓÐVERKI?

## ÓSKAÐ ER EFTIR TILNEFNINGUM TIL SAMFÉLAGSVERÐLAUNA FRÉTTABLAÐSINS 2016

Til greina koma allir sem hafa lagt umtalsvert af mörkum til að bæta íslenskt samfélag.

Skorað er á lesendur Fréttablaðsins að senda inn tilnefningar um fólk og félagasamtök sem eiga skilið virðingarvott fyrir verk sín. Allir koma til greina, jafnt óþekktir einstaklingar sem vinna störf sín í hljóði, félagasamtök og þjóðþekktir karlar og konur sem hafa með gjörðum sínum og framgöngu verið öðrum fyrirmynd.

## SAMFÉLAGSVERÐLAUN FRÉTTABLAÐSINS ERU VEITT Í FIMM FLOKKUM.

### 1 Hvunndagshetjan

Einstaklingur sem sýnt hefur sérstaka óeigingirni eða hugrekki, hvort sem er í tengslum við einn atburð eða með vinnu að ákveðnum málaflokki í lengri tíma.

### 2 Frá kynslóð til kynslóðar

Hér koma til greina kennarar, leiðbeinendur, þjálfarar eða aðrir uppfræðarar sem skarað hafa fram úr á einhvern hátt. Einnig koma til greina félagasamtök sem sinna börnum af sérstökum metnaði og alúð.

### 3 Til atlögu gegn fordómum.

Eintaklingur eða félagasamtök sem hafa unnið ötullega að því að eyða fordómum í samfélaginu.

### 4 Heiðursverðlaun

Einstaklingur sem með ævistarfi sínu hefur stuðlað að betra samfélagi.

### 5 Samfélagsverðlaunin

Félagasamtök sem hafa unnið framúrskarandi mannúðar- eða náttúruverndarstarf og lagt sitt af mörkum til að gera íslenskt samfélag betra fyrir okkur öll. Verðlaunafé 1,2 milljónir.

Sendið tilnefningar á hlekknum Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins á visir.is/samfelagsverdlaun, með tölvupósti á netfangið samfelagsverdlaun@frettabladid.is, eða bréfleiðis merkt:
**Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins, Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík.**

Dómnefnd tekur allar innsendar tillögur til skoðunar. Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins verða veitt í mars.

365

SAMFÉLAGSVERÐLAUN
FRÉTTABLAÐIÐ




O·P·I
#1 Á SNYRTISTOFUM Á HEIMSVÍSU

SPARE ME A FRENCH QUARTER?
TAKE A RIDE ON BOURBON

TVEIR AF 12 FÁANLEGUM LITUM Í NAGLALÖKKUM OG GELLITUM
OPI.COM #OPINEWORLEANS



Hér er hún nokkuð settleg í frekar fyrirferðarmiklum kjól.

Ekkert feimin við að láta skína í bert hold.

Svona spásseraði Lady Gaga um stræti New York-borgar.

Lady Gaga er algjörlega óhrædd við að klæðast gegnsæjum fötum.

Í bleikum feldi og grænum skóm. Gott kombó sem Lady Gaga ber vel.

Ætli flestum finnist þetta ekki sérstök múndering til að vera í við verðlaunaathöfn?


# HEILSUFÆÐA Í HYLKI

**Arctic Star kynnir** Sæbjúgu eru þekkt heilsufæða í Kína. Nú má fá þau góðu áhrif sem þeim fylgja á einfaldari máta en þau fást nú í hylkjum.

Arctic Star sæbjúgnahylkin innihalda yfir fimmtíu tegundir af næringarefnum sem geta haft jákvæð áhrif á lífeðlisfræðilega starfsemi mannslíkamans, til dæmis er mikið kollagen í því en það er eitt helsta uppbyggingarprótein líkamans. Sæbjúgu hafa verið þekkt sem heilsufæði í gegnum aldirnar í Kína, heimalandi Söndru Yunhong She, eiganda Arctic Star, framleiðanda sæbjúgnahylkjanna. Þar eru þau notuð til bóta við hinum ýmsu meinum. Kínverjar kalla sæbjúgu gjarnan „ginseng hafsins“ og til eru sagnir um notkun sæbjúgna þar fyrir meira en þúsund árum.



Sandra finnur mun á sér eftir að hafa tekið inn sæbjúgnahylkin. Henni finnst ónæmiskerfi sitt vera sterkara en áður. MYND/GVA

### Jákvæð áhrif

„Heima hjá mömmu voru sæbjúgun elduð. Það tekur hins vegar mjög langan tíma að gera það og menn eru ekki að elda sæbjúgu daglega. Við fengum því þá hugmynd að búa til sæbjúgnahylki svo fólk geti fengið heilsubótarefnin úr sæbjúgunum daglega, á auðveldan máta,“ útskýrir Sandra. Áður en Sandra og fjölskylda fóru að framleiða hylkin og markaðssetja þau gerðu þau nokkurs konar tilraunir á sjálfum sér og sínum nánustu. „Við tókum sæbjúgnahylkin í um tvö ár áður en við fórum að framleiða þau. Fyrir mig virkaði þetta afskaplega vel og meðal annars varð ónæmiskerfið í mér sterkara. Þegar ég var yngri fékk ég alltaf flensu nokkrum sinnum á ári. Á síðustu árum hef ég varla orðið veik. Þegar flensan er úti um allt í þjóðfélaginu fæ ég í mesta lagi smá hausverk í einn dag en ekki meir. Þannig að ég finn mikinn mun á mér.“ Sæbjúgnahylkin fóru í framleiðslu fyrir um tveimur árum. Þeir sem fengu að prófa sæbjúgnahylkin höfðu yfirleitt góða sögu að segja af þeim. „Flestir sem hafa prófað þetta hjá okkur komast að sömu niðurstöðu, að þetta sé gott fyrir liðamótin, minnki liðverki, lækki kólesteról og auki blóðflæði. Virknin er þó misjöfn hjá fólki en eins og áður segir þá vorum við lengi með vöruna í rannsókn og prófuðum hvernig hún virkaði á fólk og mismunandi kvilla sem það hafði. Við settum svo sæbjúgnahylkin á markað í fyrrasumar og viðtökurnar hafa verið góðar,“ segir Sandra og bætir við að þau hafi fengið fjölda símtala frá ánægðum neytendum. „Þeir voru að láta okkur vita hvernig sæbjúgnahylkin hafa virkað fyrir þá og erum við mjög ánægð að heyra frá þeim.“

### ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA




Arctic Star sæbjúgnahylki

» Framleiðandi sæbjúgnahylkjanna er Arctic Star ehf. Allar nánari upplýsingar fást á arcticstar.is. Arctic Star sæbjúgnahylki fást í flestum apótekum og heilsubúðum og í Hagkaupum.

### SÆBJÚGU ERU ÞEKKT FYRIR:

- Hátt próteininnihald og lágt fituinnihald.
- Að minnka verki í liðum og liðamótum.
- Að byggja upp brjósk og draga úr tíðni liðskemmda.
- Að bæta ónæmiskerfið.
- Að auka blóðflæði.
- Að koma í veg fyrir æðakölkun.
- Að auka orku líkamans, stuðla að myndun húðpróteins og insúlíns.


# LADY GAGA SETUR SJÁLF REGLURNAR

Lady Gaga hefur löngum verið þekkt fyrir að fara eigin leiðir í fatavali og bíða margir spenntir eftir að sjá í hverju hún mætir við hin ýmsu tilefni og á hvers kyns viðburði.

Söngkonan Lady Gaga var áberandi í fjölmiðlum í vikunni eftir flutning sinn á bandaríska þjóðsöngnum á úrslitaleik ameríska fótboltans á sunnudag. Þar þótti hún taka sig vel út í þjóðlegu dressi frá toppi til táar, glitrandi rauðri Gucci-dragt og skóm í fánalitunum. Klæðaburður Lady Gaga hefur oft vakið vægast sagt mikla athygli en hún þykir fara ótroðnar slóðir í þeim efnum. Hún setur reglurnar sjálf í sínum tískuheimi og þar virðist nánast allt vera leyfilegt. Hún er ögrandi, óhófleg og örlítið geggjuð í ákvörðunum þegar kemur að fatavali hvort sem hún á leið um rauða dregilinn eða á veitingastað með vinum. Hér má sjá nokkur áhugaverð dress.




Henni þykir ekkert tiltökumál að vera bara í brjóstahaldara að ofan.



Þjóðleg á Super Bowl. NORDIC PHOTO/GETTY

SJÁLFSALINN.IS



RENAULT KANGOO Verð: 280.000 Ekinn: 175.000 Raðnúmer: 25541 http://www.sjalfsalinn.is/



ISUZU TROOPER Verð: 790.000 Ekinn: 285.000 Raðnúmer: 25553 http://www.sjalfsalinn.is/



AUDI A3 Verð: 690.000 Ekinn: 76.000 Raðnúmer: 25555 http://www.sjalfsalinn.is/

**Sjálfsalinn**
**sjalfsalinn.is**

567 2277 NÝJA WWW.NYJA.IS
BÍLAHÖLLIN
BÍLAKJARNINN VIÐ BREIÐHÖFÐA 110 REYKJAVÍK



RENAULT Clio expression sport tourer. Árgerð 2015, ekinn 31 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur 6 gírar. Verð 2.690.000. Rnr.211236.



MMC Outlander luxury metan. Árgerð 2006, ekinn 185 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur 4 gírar. Tilboð 790.000 Ásett verð 980.000 Rnr.211232.

**Nýja bílahöllin**
**Eirhöfða 11, 110 Rvk.**
**Sími: 567 2277**
**www.nyja.is**

TOPPBÍLAR



TOYOTA Land cruiser 150 gx. Árgerð 2014, ekinn 69 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur 5 gírar. Verð 8.790.000.- TILBOÐ 7.990.000. Rnr.390800.



TOYOTA Land cruiser 120 vx. Árgerð 2007, ekinn 218 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 3.790.000.- TILBOÐ 3.190.000. Rnr.410649.



TOYOTA Land cruiser 120 gx. Árgerð 2006, ekinn 207 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur 5 gírar. Verð 3.290.000.- TILBOÐ 2.790.000. Rnr.411070.



SKODA Superb ambition 140 hö. Árgerð 2011, ekinn 133 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 3.290.000.- TILBOÐ 2.890.000. Rnr.390560.



SKODA Octavia ambiente 1.9 dísel. Árgerð 2007, ekinn 145 Þ.KM, dísel, 5 gírar. Verð 1.590.000.- TILBOÐ 1.390.000. Rnr.390247.



MAZDA 3 s/d t plus. Árgerð 2007, ekinn 162 Þ.KM, bensín, sjálfskipt. Verð 1.270.000.- TILBOÐ 990.000. Rnr.390513.

TOPPBÍLAR



MAZDA 2 takara. Árgerð 2012, ekinn 39 Þ.KM, bensín, 5 gírar. Verð 1.850.000.- TILBOÐ 1.590.000. Rnr.410579.



KIA Sportage crdi 4wd. Árgerð 2005, ekinn 170 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 1.490.000.- TILBOÐ 1.190.000. Rnr.410587.



BMW 525 station disel. Árgerð 2004, ekinn 204 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 2.150.000.- TILBOÐ 1.690.000. Rnr.410882.

**Toppbílar**
**Klettháls 2, 110 Rvk.**
**Sími: 587 2000**
**www.toppbilar.is**

ASKJA
NOTAÐIR BÍLAR



TOYOTA Yaris terra. Árgerð 2013, ekinn 87 Þ.KM, bensín, 5 gírar. Verð 1.690.000. Rnr.240757.



HONDA Accord sedan executive 2.0. Árgerð 2008, ekinn 130 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 1.650.000. Rnr.289999.



MERCEDES-BENZ C 200 cdi. Árgerð 2013, ekinn 18 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 5.590.000. Rnr.240348. Tilboð kr: 4.890.000,-



Kia Sorento EX luxury . Árgerð 2014, ekinn 43 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 6.290.000. Rnr.141713. 5 ár eftir af verksmiðjuábyrgð.

**ASKJA notaðir bílar**
**Klettháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 590 2160**
**www.notadir.is**

MB bílar



VW Touareg v8. Árgerð 2007, ekinn 142 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 2.950.000. Einn eigandi, flottur bíll Rnr.100206.



BMW X5 xdrive30d 3.0d e70 30d. Árgerð 2013, ekinn 55 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 8.900.000. Rnr.120334.



MERCEDES-BENZ Ml 250 bluetec 4matic blue tec. Árgerð 2013, ekinn 51 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 8.290.000. Rnr.120250.



PEUGEOT 5008. Árgerð 2011, ekinn 66 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 2.890.000. Rnr.110555.

**MB Bílar**
**Kletthálsi 1a, 110 Reykjavík**
**Sími: 415 1150**
**Opið 10-18, lau 12-16**
**http://www.mbbilar.is**

BILO.IS
HÖFÐAHÖLLIN



HONDA JAZZ 1,4I LS nýskr. 10/2005, ekinn 138 Þ.km, bensín, sjálfskiptur. Verð 990.000 TILBOÐ 799.000 100% kortalán Raðnr.254768 á www.BILO.is



AUDI A3 SPORTBACK TFSI 10/2013, ekinn 27 Þ.km, bensín, sjálfskiptur (7gíra). TILBOÐSVERÐ 3.890.000. Raðnr.254355 á www.BILO.is



BMW I3 RANGE EXTENDER 03/2015, ekinn 4 Þ.km, rafmagn/bensín, sjálfskiptur. Verð 5.990.000. Raðnr.254629 á www.BILO.is

**Höfðahöllin**
**Funahöfða 1, 110 Rvk.**
**Sími: 567 4840**
**www.bilo.is**

## Bílar til sölu



Toyota Avensis 1999 í topplagi sjálfskiptur 2L ek. 219 þús. Verð 220 þús ekki lægra. Uppl. í s. 8989929 frá 13.2 til 15.2



Land Rover Discovery 3, G4. Árg. 2007, dísel. Ek. 170 þús. Nýleg loftdæla og tímareim. Verð 3,7 m.kr. Valdimar, s. 618-2473



Land Rover Discovery SE, árg. 2012, ek. 65 þús, upphækkaður, leiðsögukerfi, 7 manna, filmur ofl. s: 898 8686



Þessi eðalvagn Chevrolet Captiva er til sölu hann er ekinn 61þús. km. og er árg. 2013 Uppl. í s: 8972038



Skoda Octavia árg.'12. ek. 111 þ.km. Dísel, beinsk. TILBOÐSVERÐ 2.150 þús. Listaverð 2.590 þús. Uppl. í s. 847 9988.



Til sölu VW Caddy, árg 2007, ek 181. þús. Nýskoðaður. V. 930 þús. Uppl í s. 8994263



**FRÁBÆRT EINTAK Á 590Þ**

MMc Pajero Sport v6 '02 Ekinn aðeins 161þkm ssk Leður, lúga, dráttarbeysli Nýskoðaður '17 Verð 590þ 100% visa/euro lán í boði Uppl. s. 777 3077

## 250-499 þús.



**TILBOÐ 390 ÞÚS**

Mitsubishi (pajero) Montero Limited árg'00 ek.108 Þús m. Sjálfskiptur 4x4 hátt og lágt drif, með leðri lúgu ofl. dráttarkrókur, ásett verð 750 Þús, Parfnast smá lagfæringa (aðalega á útliti og smá dútl) Tilboð 390 Þús s,841 8955

## 500-999 þús.



**LÍTIÐ KEYRÐUR - TOPPEINTAK!**

VW PASSAT 2001 ek.133 Þús,ný tímareim, beinskiptur, góð nagladekk,lýtur mjög vel út, 2 eigendur frá upphafi, verð 590 Þús möguleiki á 100% vísaláni í 36 mán s.841 8955

## Bílar óskast

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**
Má þarfnast lagfæringa.
**Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.**

## Jeppar



**TILBOÐ GULLMOLI**

Til sölu er einstakt eintak af Honda CRV Lifestyle, nýskráður 08.09.2011. Númer NH-S10. Keyrður aðeins 34.997. Litur: Brúnn. Aukahlutur: Vindskeið að aftan. Einn eigandi, reyklaus. Bíllinn er á harðkorna vetrardekkjum, sumardekk fylgja með. Sjálfskiptur. Bíllinn hefur fengið reglulegt viðhald hjá umboði, síðast nú s.l. haust þar sem hann fór í 30.000 km skoðun, skipt var um alla bremsuklossa ásamt hefðbundinni yfirferð. TILBOÐ 3.999.000. Uppl 693-0053

## Sendibílar

568 5000 NS NÝJA - SENDIBÍLASTÖÐIN

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

## Húsbílar




## Vinnuvélar



SAMASZ snjóplógar og tennur. Mikið úrval. Búvís sími: 465 1332 www.buvis.is

## til sölu



# KEYPT & SELT

## Til sölu



**Kubota KX36-3**
Árgerð: 2008
3.056 vinnustundir
Verð: **1.780.000,-** án vsk



**Hitachi ZX17-U2**
Árgerð: 2011
2.355 vinnustundir
Verð: **2.990.000,-** án vsk



**Komatsu PC45MR-3**
Árgerð: 2012
1.955 vinnustundir
Verð: **4.550.000,-** án vsk



**Komatsu PC210LC-8**
Árgerð: 2011
5.927 vinnustundir
Verð: **9.950.000,-** án vsk



**Man 35.390**
Árgerð: 2005
207.352 km
Verð: **5.950.000,-** án vsk



**Scania R560**
Árgerð: 2010
579.000 km
Verð: **11.500.000,-** án vsk

Ef tækið er ekki til hjá okkur þá getum við útvegað það.

Vinnuvélar
Kistumel 2 • 116 Reykjavík
Sími 480 0444
vinnuvelar@vinnuvelar.is
www.vinnuvelar.is

## Óskast keypt

**STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!**
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!
www.kaupumgull.is
**Opið mán - lau 11-17, Kringlan - 3. hæð (Hagkaupsmegin)**
**Upplýsingar í síma 661 7000**

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
**Jón og Óskar - jonogoskar.is**

**s. 552-4910.**

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/ örykja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

## Vélar og verkfæri



Stór radial súluborvél (R40) frá Knuth til sölu, nánast ónotuð. Nánari uppl. í s. 861-4401

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Námskeið



Silfursmíði - námskeið
Kennari Ingibjörg Sigurbjörnsdóttir gullsmíðameistari
Innritun í síma 511-5457 og 846-4438

## Flug



**LÆRÐU FLUGVIRKJUN!**
Nýr flugvirkjabekkur í haust. Innritun er hafin. Námið kennt hér á landi. Nánari upplýsingar á Flugskóli.is

## Ökukennsla

Kenni allan daginn Toyota 2014, hjálpa við endurtökupróf og akstursmat. Ævar Friðriksson s. 863 7493.

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

Barnaheill
Save the Children á Íslandi
börn eiga rétt á vernd og umönnun

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**LEIGJENDUR, TAKIÐ EFTIR!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

## Húsnæði óskast

**S.O.S BRÁÐVANTAR 3-4 HERB, ÍBÚÐ**
Helst í Hafnarfirði eða nágrenni, ekki skilyrði, frá 1. mars. Við erum á götunni þá. Erum hjón á sextugsaldri með 19 ára son og gamlan tjúa sem er rólegur og geltir ekki. Við erum skilvís, róleg og reglusöm. Góð meðmæli fylgja.
**Ef einhver er með íbúð endilega hafið samband í s. 892 6912 eða gillagh@simnet.is**

50 ára karlmaður óskar eftir 2-3herb. íbúði í Reykjavík eða nágrenni frá 01. mars. Meðmæli ef óskað er. Uppl. í S. 771 1610 eða karl@s4s.is.

Óska eftir 2-3ja herb. íbúð í Laugarneshverfi (e. 3 mán) f. einst. móðir með 1 barn. Reglusöm, 100% greiðslur og tryggingar. Uppl. í s. 897 1995

## Sumarbústaðir



Til sölu sumarhús - ferðaþjónustuhús - gesthús - hóteleiningar, gerum tilboð í aðrar teikningar. Upplýsingar á halliparket@gmail.com & 894 0048 Gagnheiði 5, Selfossi.

## Atvinnuhúsnæði

**HAFNARFJÖRÐUR - SKRIFSTOFUR -VINNUSTOFUR**
Nokkrar einingar til leigu í snyrtilegu húsnæði í Hafnarfirði, frá 22 til 65 m2. Laust strax. S. 898 7820 www.leiga.webs.com

## Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.COM**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**MÓTTAKA OG MARKAÐSMÁL**
Óskum að ráða starfmann í bakvinnslu móttöku og markaðsmál.
Um er að ræða 50-70% starf, 3 daga í viku.
Æskileg mennun og á sviði viðskipta og markaðsmála.
Reynsla og þekking á bókhaldi og heimasíðugerð nauðsynleg.
**Vinsamlega sendið ferilskrá og upplýsingar á hotelairport@hotelairport.is**
**Airport Hotel Smári við Leifsstöð.**

## Atvinna óskast

**VANTAR ÞIG SMIÐI, MÚRARA, MÁLARA EÐA JÁRNABINDINGAMENN?**
Höfum á skrá menn sem óska eftir mikilli vinnu og geta hafið störf nú þegar.
**Proventus starfsmannaþjónusta - Proventus.is S. 782-8800**

Faglærður járniðnaðarmaður vanur smíði og suðu óskar eftir atvinnu. Áhugasamir sendi póst á: vesturb@internet.is

# TILKYNNINGAR

## Fundir

**AÐALFUNDUR FÉLAGS SUMARHÚSAEIGENDA VIÐ HESTVÍK ÁRIÐ 2016**
Verður haldinn þriðjudaginn 1.mars n.k. kl. 20.00 í Háskólanum í Reykjavik við Öskjuhlíð. Dagskrá fundarins samkvæmt samþykktum félagsins.

Stjórnin

## til sölu

### Söluturn og matsala í Kópavogi

Til sölu rekstur matsölu í Kóp. Grill og Asían. Sæti fyrir 33 í sal. Miklir möguleikar fyrir rétta aðila. Langur leigusamningur. Verð aðeins 7 millj.

Uppl. gefur Óskar Mikaelsson löggiltur fasteignasali S: 773-4700 oskar@atv.is Fyrirtækjasölu Íslands.

### Til sölu lítil en ört vaxandi bílaleiga

Tvær heimasíður – tvöfaldur sýnileiki. Léttur og þægilegur rekstur. Tilvalinn stökkpallur inn á vaxandi markað. Gott tækifæri, auðveld kaup.

Upplýsingar í S: 776-6001

### Verktakar í malbikun og málun

**Til sölu rekstur 16 ára fyrirtækis í malbikunar-viðgerðum og málun. Mjög góð verkefnastaða framundan.**

**Uppl. gefur Óskar Mikaelsson, löggiltur fasteignasali í síma 773-4700 eða oskar@atv.is Fyrirtækjasölu Íslands.**

### Vinsæl ísbúð í verslunarmiðstöð

**Til sölu rekstur vinsællar ísbúðar sem staðsett er í einni stærstu verslunarmiðstöð landsins. Í eigu sama aðila í 14 ár. Góð afkoma.**

**Uppl. gefur Óskar Mikaelsson lögg. fast.sali í s. 773-4700 - Fyrirtækjasala Íslands.**

## skemmtanir




Cafe Catalina
Hamraborg 11 • 200 Kópavogur • Sími 554 2166 • www.catalina.is
*"Best geymda leyndarmál Kópavogs"*

**Leikir helgarinnar**

**Laugardaginn 13. feb**
12:35 Sunderland - Man. United
14:50 Everton - West Brom
17:20 Chelsea - Newc.United

**Sunnudaginn 14. feb**
11:50 Arsenal - Leicester City
13:55 Aston Villa - Liverpool
16:05 Man.City - Tottenham

http://www.facebook.com/cafecatalina




**Þórður Braga, Siggi Grétars, Bjarki Hall og Árni Hjalta spila um helgina.**

Allir velkomnir

Heimilismatur í hádeginu virka daga • Eldhúsið opið alladaga til kl. 21:00 • Boltatilboð • Snyrtilegur klæðnaður áskilinn

# Úrvals þjónusta og tryggur tækjakostur

Hægt er að fá vinnulyftur, lyftara og gröfur leigðar hjá Gísla Jónssyni ehf. sem henta í hvers kyns verkefni. Algengt er að tækin séu leigð mannlaus en starfsmenn fyrirtækisins geta einnig komið á staðinn. Starfsfólk Gísla Jónssonar ehf. veitir fljóta og góða þjónustu.

Hjá Gísla Jónssyni ehf. er hægt að fá leigðar vinnuvélar til lengri eða skemmri tíma. Starfsfólk fyrirtækisins kappkostar að veita úrvals þjónustu með tryggum tækjakosti. Eigandi og framkvæmdastjóri fyrirtækisins er Gísli Jónsson og hefur hann rekið fyrirtækið frá árinu 1995. Fyrirtækið er staðsett á Akranesi, nánar tiltekið að Ægisbraut 11 og 13. Stöðugildi eru að jafnaði fimm og hefur fyrirtækið yfir að ráða fjölda tækja til ýmissa nota.

„Fyrirtækið býður upp á vélar sem eru einfaldar og öruggar í notkun og sjáum við um flutninga á vélunum til og frá leigustað. Algengt er að tækin séu leigð mannlaus en við komum einnig á staðinn og vinnum verkið sjálfir fyrir fólk sé þess óskað,“ segir Gísli og bætir við að á meðal tækjakosts fyrirtækisins séu vinnulyftur, spjótlyftur og skæralyftur, inni- og útilyftur, lyftarar og skotbómulyftarar svo fátt eitt sé nefnt. „Við erum með vinnulyftur sem fara allt upp í fjörutíu metra hæð. Við erum með spjótlyftur sem eru gríðarlega öflugar og hraðvirkar og henta mjög vel í nær öll verk utandyra. Minnstu vélarnar henta til dæmis vel til viðgerða á íbúðarhúsum. Einnig erum við með gott úrval af skæralyftum, bæði inni- og útilyftum. Við erum líka með skotbómulyftara sem nýtast vel á stórum byggingasvæðum – sama hvert umfangið er, þá eigum við tæki sem nýtast í hvaða verk sem er.“

Starfsmenn Gísla Jónssonar ehf. taka einnig að sér að sjá um snjóruðning og hreinsun fyrir einkaaðila, fyrirtæki, húsfélög, stofnanir og bæjarfélög, og sjá líka um hálkuvörn í formi salts eða sands. Á sumrin taka þeir að sér slátt og sjá þeir meðal annars um allan slátt fyrir Akraneskaupstað. Gísli segir að þeir séu einnig með gröfur og taki að sér smærri verkefni. „Auk alls þessa erum við með dráttarbíla sem henta í hvers kyns verkefni, þar á meðal bílaflutninga innan- og utanbæjar og erum við með vakt allan sólarhringinn.“ Gísli ítrekar að fyrirtækið kappkosti að veita viðskiptavinum snögga, góða og örugga þjónustu



MYND/SKESSUHORN

> **Fyrirtækið býður upp á vélar sem eru einfaldar og öruggar í notkun og sjáum við um flutniga á vélunum til og frá leigustað. Algengt er að tækin séu leigð mannlaus en við komum einnig á staðinn og vinnum verkið sjálfir fyrir fólk sé þess óskað,“**
> *Gísli Jónsson*







Starfsmenn Gísla Jónssonar ehf. leysa hin ýmsu verkefni fljótt og vel af hendi. Meðal annars sjá þeir um snjóruðning og hreinsun og hvers konar flutninga. Hjá fyrirtækinu má einnig fá leigð hin ýmsu tæki, svo sem skæralyftur.

# Ofurhugar fyrstu skýjakljúfanna

Vinnuaðstæður þeirra sem byggðu fyrstu skýjakljúfana í Bandaríkjunum á seinni hluta nítjándu aldar og fyrri hluta þeirrar tuttugustu voru oft ævintýralegar. Margar magnaðar myndir sýna verkamennina hanga utan á háhýsunum sem risu í bæði New York og Chicago á þessum árum, hundruð metra fyrir ofan jörð. Notkun öryggislína var sjaldgæf sjón og oft mikil pressa á að ljúka byggingu á undan öðrum.

Árið 1902 höfðu 65 skýjakljúfar risið í New York. Galdurinn á bak við hæðina voru framfarir í byggingatækni og burðarþol eldþolinna járnbita sem húsin voru byggð á. Járngrindurnar gátu teygt sig tugi og hundruð metra upp í loft. Áður þurfti neðsta hæðin að bera uppi allan þungann og ef veggirnir áttu ekki að vera þeim mun þykkari og voldugri gat húsið ekki orðið margar hæðir.

Fyrstu háhýsin risu í borgunum Chicago og New York eftir árið 1880 og 1888 var farið að kalla þau skýjakljúfa.

Þeir smiðir og verkamenn sem unnu að byggingu skýjakljúfanna unnu við ævintýralegar aðstæður, hundruð metra yfir jörðu og án alls öryggisbúnaðar. Það þurfti aðeins eitt skref á skjön og menn létu lífið við byggingu háhýsanna. Þess utan var oft gífurleg pressa sett á verkið þegar keppni varð milli eigenda húsanna um hver yrði fyrstur að opna fyrir gestum, eða hver gæti reist hæsta turninn.

Margar magnaðar ljósmyndir eru til af störfum þessara manna með oft ansi einfaldan búnað, stálvír, króka og talíu til að lyfta þungum járnbitum. Á sumum þeirra má þó sjá verkamennina bregða á leik í háloftunum. Lofthræðsla hefur ekki hrjáð þá alla en þó er ekki erfitt að ímynda sér að hræðsla hafi sagt til sín, til dæmis ef hvasst var í veðri.

Þá voru indíánar látnir vinna við byggingu skýjakljúfa þar sem talið var að þeir gætu ekki orðið lofthræddir. Staðreyndin var hins vegar sú að þeir urðu jafn hræddir og aðrir en það samræmdist ekki menningu þeirra að sýna það.

Áður en skýjakljúfar komu til sögunnar þýddu efri hæðir þramm upp margar tröppur. Jarðhæðin og neðstu hæðirnar voru því dýrastar í leigu en ódýrara varð eftir því sem ofar dró. Eftir að Otis-lyftan varð að veruleika árið 1852 snerist þetta við. Efsta hæðin (e. penthouse) varð dýrust.

**heimild: wikipedia.org og history.co.uk.**



Lofthræðslan hefur ekki hrjáð alla, þarna er brugðið á leik á stálbita sem hangir í stálvírum. Myndin er tekin í kringum 1930. NORDICPHOTOS/GETTY



**Stálbita komið á sinn stað, nánast með handafli. Aðstæður verkamannanna sem unnu að byggingu fyrstu skýjakljúfanna voru oft ævintýralegar. Myndin er tekin í New York 1922.**



Byggingarverkamenn að störfum hátt yfir húsþökum New York-borgar árið 1925. Singer-byggingin sést í bakgrunni. NORDICPHOTOS/GETTY

# SÁ LEIKINN ÚR KÖRFUBÍL

Vinnuvélar geta verið til margra hluta nytsamlegar. Tyrkneskur fótboltaþjálfari komst að því þegar hann leigði sér körfubíl til að horfa á leik hjá liði sínu eftir að honum hafði verið bannaður aðgangur að vellinum.

Hamit Isik, þjálfari þriðjudeildarliðsins Corum Belediyespor, fékk níu og hálfs mánaðar langt bann eftir að hafa ráðist að dómara í leik liðsins stuttu áður. Eftir leikinn brutust út óeirðir hjá áhorfendum og var liðið því í þokkabót dæmt til þess að leika næstu leiki fyrir luktum dyrum.

Hamit fékk því ekki að stjórna liði sínu í mikilvægum umspilsleik um að komast upp um deild. Hann tók því til sinna ráða og stóð í nokkurra metra hæð í körfu og gat því séð yfir veggi leikvangsins. Með þessu uppátæki hefur hann eflaust gert yfirvöldum knattspyrnumála gramt í geði sem voru ekki hin hressustu fyrir þar sem áhangendur liðsins söfnuðust saman fyrir utan leikvanginn til að horfa á leikinn á risaskjá.

Eftir alla þessa tilburði náði liðið hins vegar bara markalausu jafntefli við Darica Genclerbirligi. Þjálfarinn tekur körfubílinn að öllum líkindum á langtímaleigu.





## Vísitala byggð á fjölda krana

Byggingafyrirtækið Rider Levett Bucknall gefur út RLB kranavísitöluna annað hvert ár en hún byggir á fjölda byggingakrana í stærstu borgum Norður-Ameríku og gefur góða mynd af stöðu byggingariðnaðarins hverju sinni. Borgirnar sem um ræðir eru Boston, Chicago, Denver, Honolulu, Los Angeles, New York, Phoenix, San Francisco og Seattle.

Nýjasta vísitalan gefur til kynna mikinn vöxt byggingariðnaðarins sem á sinn þátt í viðreisn efnahagslífsins í Bandaríkjunum. Mestur vöxtur er í byggingu blokka og íbúðarhúsnæðis. Þá er mikil uppbygging í fjölmiðla-, heilbrigðis- og skólageiranum.

Ólíkt hefðbundnum fjármálavísitölum er efniviðurinn í kranavísitöluna mjög sýnilegur enda gnæfa kranarnir yfir borg og bý. Vísitalan byggir á talningu byggingarkrana í hverri borg og er talið tvisvar á ári. Vísitalan var fyrst birt árið 2012 og nýtur vaxandi vinsælda.



## Volvo er klassík

Á árunum 1974 til 1993 framleiddu Volvo-verksmiðjurnar í Svíþjóð 2,8 milljónir af Volvo 240. Flestir fóru þessir bílar til útlanda en Svíar virtust sjálfir ekkert sérstaklega hrifnir af þessu módeli. Þessir gömlu Volvo-bílar eru hins vegar eftirsóttir í dag í heimalandinu, enda þykja þeir sérlega sterkir og endingargóðir. Nú þykja þeir vera klassískir og margir sækjast eftir þeim sem fornbílum.

Vélin í Volvo 240 þótti einstaklega vel heppnuð. Þá þykir bíllinn lipur í akstri, jafnvel þótt oft hafi áður fyrr verið talað um að hann væri þungur og líktist helst dráttarvél. Hin seinni ár virðist ekkert vandamál að fá varahluti í bílana. Framboðið þykir óvenjugott miðað við hvað bílarnir eru gamlir en innréttingar og aukabúnaður kosta mikið.

Bílarnir eru misdýrir eftir ástandi. Turbo-bílarnir eru dýrastir. Þá er árgerð 1980 mjög eftirsótt, enda var þá komið vökvastýri í bílana og fleiri fylgihlutir en áður þekktust.





Körfulyftur með vinnusviði frá 1 – 100 m.

Palfinger hleðslukranar frá 0,9 – 200 tonn metrar.

Atlas
Hvaleyrarbraut 2
220 Hafnafjörður
Sími 511 4400

# POTTA
## OG PÖNNUBÚÐIN ÞÍN





YFIR **100** TEGUNDIR

# 20-50% afsláttur
## af ÖLLUM pottum og pönnum

## NÝTTU TÆKIFÆRIÐ
Tilboðin gilda í takmarkaðan tíma!

- POTTASETT
- GRILLPÖNNUR
- GUFUSUÐUPOTTAR
- DJÚPAR PÖNNUR
- HRAÐSUÐUPOTTAR
- WOK-PÖNNUR
- POTTJÁRN
- LEIRPOTTAR
- KOPARPOTTAR- OG PÖNNUR

**Sjáðu allt úrvalið á www.byggtogbuid.is**

Eitt mesta úrval landsins af hágæða pottum og pönnum frá:

LE CREUSET® · ibili · KitchenAid · Fissler (Fissler. Perfect every time.) · GRUNWERG SHEFFIELD·ENGLAND · Jamie Oliver · evatrio · Tefal

# byggtogbúið

KRINGLUNNI • SÍMI 568 9400 • BYGGTOGBUID.IS

Líkaðu við okkur á Facebook: www.facebook.com/byggtogbuid



Katrín Olga hefur setið í stjórn Viðskiptaráðs í sex ár og hyggst halda áfram sem formaður með þá línu sem hún hefur tekið þátt í að móta þar. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Fyrirtækin í landinu mega ekki kafna

**Katrín Olga** er nýkjörin formaður Viðskiptaráðs Íslands, fyrst kvenna. Hún segir McKinsey-skýrsluna um Ísland vera grunn að því hvert Ísland ætti að stefna. Hún vill beita sér fyrir blómlegra atvinnulífi í landinu, það geti dregið Íslendinga aftur heim.

Sæunn Gísladóttir
saeunn@frettabladid.is



Katrín Olga Jóhannesdóttir var í vikunni kosin formaður Viðskiptaráðs Íslands. Hún er fyrst kvenna til að gegna þessu embætti sem hún segir í sjálfu sér koma á óvart í ljósi hundrað ára sögu félagsins. Hún leggur áherslu á fjölbreytileika í víðum skilningi, fjölbreytileika við stjórnarborð og stjórnendaborð, fjölbreytileika í atvinnugeirum, fjölbreytileika í rekstrarformum og fjölbreytileika í mannlífi, slíkt auki hagsæld og víðsýni.

Katrín Olga hefur lengi verið áberandi í íslensku athafnalífi. Katrín Olga er stjórnarformaður Já hf. þar sem hún er einn eigenda. Hún situr einnig í stjórnum Ölgerðarinnar, Icelandair Group, og situr í fjárfestingaráði Akur Invest.

Katrín Olga er viðskiptafræðingur frá Háskóla Íslands og lauk Cand. Merc. prófi frá Odense Universitet, og bætti við námi í Corporate Finance í London Business School. Hún starfaði áður sem framkvæmdastjóri hjá Símanum og Skiptum, móðurfélagi Símans. Þá fór hún fyrst að sitja í stjórnum. „Þetta hófst þegar ég var framkvæmdastjóri hjá Símanum og Brynjólfur Bjarnason, forstjóri Símans, var spurður hvort hann gæfi leyfi til þess að ég settist í stjórn utan fyrirtækisins. Brynjólfi fannst það sjálfsagt mál og þá fór boltinn að rúlla. Ég sat síðan í nokkrum stjórnum fyrir Símann og Skipti og öðlaðist þannig góða reynslu af stjórnarstörfum.

Ég hef áhuga á því að vinna að breytingum og efla íslenskt atvinnulíf, það er drifkraftur minn. Að vera þátttakandi, ekki bara horfa á og bíða eftir að aðrir taki til hendinni. Taka þátt í því að gera íslenskt samfélag betra," segir Katrín Olga aðspurð um af hverju hún hafi boðið sig fram til formanns Viðskiptaráðs.

„Ég er búin að starfa í stjórn Viðskiptaráðs í sex ár og hef kynnst starfinu þar. Ég stýri auk þess samráðsvettvangi um aukna hagsæld á Íslandi ásamt Rögnu Árnadóttur. Þar sem ég hef bæði áhuga á og reynslu af atvinnupólitík vildi ég bjóða fram krafta mína. Fyrir mér var skýrsla McKinsey, Charting a Growth Path For Iceland, grunnurinn að Samráðsvettvanginum, í raun handrit að því hvert Ísland ætti að stefna," segir Katrín Olga.

**AUÐVITAÐ ERU ÞAÐ VONBRIGÐI AÐ EIGENDUR FYRIRTÆKJA SJÁI SÉR EKKI HAG Í ÞVÍ AÐ VERA MEÐ FJÖLBREYTILEIKA VIÐ STJÓRN. ÞAU FYRIRTÆKI MISSA AF TÆKIFÆRUM.**

### Hissa á að vera fyrst

Katrín Olga er fyrsta konan til að sinna embættinu. „Viðskiptaráð nálgast hundrað ára afmæli sitt og ég er í raun undrandi á að kona hafi ekki orðið formaður fyrr. Það liðu ekki nema 36 ár frá stofnun lýðveldisins þar til kona varð forseti.

Viðskiptaráðið er vettvangur forsvarsmanna fyrirtækja, konur eru einfaldlega síður en karlar í æðstu stjórnunarstöðum fyrirtækja. Það er kannski ástæðan fyrir því að ráðið hefur verið karllægara. Auðvitað er verkefnið að fjölga konum í stjórnunarstöðum, ég vil sjá okkur taka stór skref fram á við þar. Það var stigið þarft skref með kynjakvóta í stjórnir og vegna þess njóta mörg fyrirtæki aukinnar fjölbreytni í stjórnum," segir Katrín Olga.

### Blandaðar stjórnir auka hagsæld

Kynjakvótinn hefur haft áhrif á stærri fyrirtæki sem lagaramminn nær til. Enn vantar þó nokkuð upp á að minni fyrirtæki nái jöfnu hlutfalli í stjórnum sínum. *Þurfum við ekki að taka á þessu?* ➡

## McKinsey-skýrslan: Ísland þarf að rjúfa vítahringinn

Árið 2012 gerði alþjóðlega ráðgjafarfyrirtækið McKinsey & Company viðamikla úttekt á hagvaxtarmöguleikum Íslands, undir nafninu Charting a Growth Path for Iceland. Í skýrslunni var fjallað um leiðir til að auka hagkvæmni í innlenda geiranum, fá meiri arð úr auðlindageiranum og byggja upp alþjóðlega geirann.

**Ísland féll niður**

Þegar skýrslan kom út hafði Ísland fallið niður lista efnuðustu landa heims, mælt í framleiðslu á mann, og helsta áskorunin var að endurheimta vaxtarmöguleika í krefjandi umhverfi.

**Framleiðnivandamál**

Á vef Viðskiptaráðs kemur fram að í skýrslunni segi að fjölmargir þröskuldar séu á þeirri vegferð, Ísland þurfi að brjótast út úr vítahring hás fjármagnskostnaðar, lítillar fjárfestingar og ónógs viðskiptaafgangs, og komast yfir á spor uppbyggingar með opnun fyrir samkeppni og fjárfestingu, lækkun vaxta, væntingum um jákvæðan viðskiptajöfnuð og þar með innstreymi gjaldeyris.

Framleiðnivandamál Íslands var tekið fyrir í skýrslunni og einnig var bent á nauðsynlegar aðgerðir til að efla skilvirkni, útflutningsgreinar og fleira, til þess að samkeppnishæft viðskiptaumhverfi yrði hér á landi.

# GRAFÍK OG MARGMIÐLUN

**VILTU LÆRA AÐ SETJA UPP EIGIN VEFSÍÐU, VINNA EIGIÐ MYNDBAND EÐA ÚTBÚA KYNNINGAREFNI? VILTU KUNNA Á HELSTU HUGBÚNAÐARLAUSNIR Í GRAFÍK, MARGMIÐLUN, HÖNNUN EÐA LJÓSMYNDUN? REYNDIR LEIÐBEINENDUR OG RAUNVERKEFNI.**



**NÆSTU NÁMSKEIÐ:**

**PREMIERE PRO**
hefst 13. febrúar

**GRAFÍSK HÖNNUN**
hefst 16. febrúar

**ALVÖRU VEFSÍÐUGERÐ**
hefst 29. mars

**INDESIGN**
hefst 6. apríl

**PHOTOSHOP EXPERT**
hefst 20. apríl

NTV skólinn sérhæfir sig í hagnýtu og starfsmiðuðu námi í samvinnu við mörg af leiðandi fyrirtækjum landsins. Kennsla í NTV er verkefnamiðuð og fer fram í litlum hópum í nánu samstarfi við kennara. NTV er viðurkenndur fræðsluaðili af Mennta- og menningarmálaráðuneytinu og er alþjóðleg prófamiðstöð.

**www.ntv.is**

ntv

Nýi tölvu-og
viðskiptaskólinn



Katrín Olga telur að miklu meiri samstaða sé í íslensku þjóðfélagi en megi virðast. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

„Auðvitað eru það vonbrigði að eigendur fyrirtækja sjái sér ekki hag í því að vera með fjölbreytileika við stjórn. Þau fyrirtæki missa af tækifærum. Rannsóknir McKinsey sýna að fjölbreytileiki eykur hagsæld fyrirtækja.

Þrátt fyrir augljós jákvæð áhrif hefur kynjakvótinn því miður ekki skilað nægum áhrifum á stjórnun innan fyrirtækja. Maður veltir því fyrir sér hvað þarf til. Kannski vantar fleiri fyrirmyndir eða aukið víðsýni þeirra sem ráða stjórnendur,“ segir hún.

Jafnréttismál hafa verið Katrínu Olgu hugleikin í gegnum árin og hefur hún lagt sitt af mörkum til þess að auka hag kvenna. „Það er verk að vinna, þó mikið hafi áunnist. Við erum ennþá að glíma við launamisrétti kynjanna þó árið sé 2016, einungis ein kona, Sigrún Ragna, forstjóri VÍS, stýrir skráðu fyrirtæki í Kauphöll og við höfum tekið bakslag með sjálfstæðan fæðingarorlofsrétt karla, sem orsakar það að þeir taka síður fæðingarorlof.

### Vill vera fyrirmynd

Ég vona að formennska mín í Viðskiptaráði verði hvatning og hafi jákvæð áhrif. Konur standa körlum jafnfætis þegar kemur að námi og eru meira að segja meirihluti þeirra sem útskrifast úr háskóla, en á sama tíma eru konur ekki jafnir þátttakendur á við karla þegar kemur að því að stýra landinu, hvorki í pólitík né atvinnulífinu. Við eigum að koma að þessu borði eins og öðrum.“

Katrín Olga segir að sér finnist skipta afskaplega miklu máli við stjórnun að hafa sýn og stefnu. „Þú þarft að vinna með stefnu og hafa sýn, víðsýni og þekkja rekstur. Mér finnst skipta máli að vera hreinskilin og opin. Rökræður og að geta skipt um skoðun skiptir mjög miklu máli.“

Hún hefur setið í Viðskiptaráði í sex ár og segist ætla að fylgja þeirri línu sem hún hefur tekið þátt í að móta á tíma sínum í stjórn ráðsins. „Eftir að McKinsey-skýrslan birtist ákváðum við stefnu til fjögurra ára út frá þeim geirum sem voru settir fram þar. Starfið einkennist af því. Við höfum tekið alþjóðageirann fyrir, opinbera geirann og nú erum við að taka innlenda þjónustugeirann. Svo er auðlindageirinn eftir.

### Aðhyllist samrekstur stofnana

Við erum á góðri leið, höfum myndað okkur skoðanir á ýmsum hlutum, meðal annars hvernig hægt sé að einfalda regluverk og stofnanaumhverfið og við munum vinna áfram á þeim nótum. Á Íslandi eru yfir 180 stofnanir, en við erum rétt rúmlega 300 þúsund manna þjóð. Ein af tillögum verkefnastjórnar á vegum Samráðsvettvangs er aukinn samrekstur stofnana. Við erum með margar örstofnanir sem eyða meira af fjármagni sínu í stoðþjónustu en faglega þjónustu. Samrekstur um stoðþjónustu tryggir aukið fé til faglegra verkefna,“ segir Katrín Olga.

Hún telur að það sé hljómgrunnur fyrir þessum hugmyndum. „Það er alveg ljóst að það eru einhverjir ósammála okkar hugmyndum. Við hjá Viðskiptaráði lítum ekki svo á að skoðunin um fækkun ríkisstofnana hafi fengið slæma útreið. Auðvitað ver kerfið sjálft sig, embættismannakerfið á Íslandi er sterkt og það er bara mannlegt að sporna gegn breytingum. Aðalmálið er að við sem þjóðfélag séum sammála um hvaða hlutverki ríkið á að sinna, en svo þurfum við að hafa kjarkinn til þess að taka ákvarðanir um breytingar ef þær auðvelda ríkinu að sinna hlutverki sínu betur.“

**VIÐ HRÖKKVUM ÖLL Í BAKLÁS ÞEGAR RÆTT ER UM EINKAREKSTUR ÞJÓNUSTU SEM RÍKIÐ SINNIR EÐA SAMREKSTUR MILLI EINKAAÐILA OG RÍKISINS. EN ÉG HELD AÐ Á MÖRGUM SVIÐUM FELIST TÆKIFÆRI Í AÐ FARA ÞÁ LEIÐ.**

### Mikil samstaða í þjóðfélaginu

Katrín Olga segist mundu vilja byrja á umræðu um hver við viljum að séu umsvif hins opinbera. „Þarna kem ég aftur að Samráðsvettvanginum. Ég tel að það sé miklu meiri samstaða í íslensku þjóðfélagi en má virðast. Við viljum öll góða heilbrigðisþjónustu, menntakerfi og samgöngur. En svo þegar kemur að útfærslunni þá er blæbrigðamunur. Mér finnst það sorglegt þegar því sem við erum ósammála um er gert miklu hærra undir höfði en því sem við erum sammála um.

Á Íslandi er gróska í tæknifyrirtækjum og auðvitað viljum við sjá fleiri fyrirtæki eins og Össur og Marel. Ég er viss um að það eru í dag íslensk sprotafyrirtæki sem eiga eftir að feta í þau fótspor og það þarf auðvitað að styðja við þau. Ég vil sjá fjölbreytta flóru íslenskra tæknifyrirtækja.

Í dag erum við með þrjá stólpa þegar kemur að útflutningi: sjávarútveginn, stóriðjuna og ferðaþjónustuna. En við þurfum að huga að fleiri möguleikum. Okkur hefur til dæmis tekist vel að draga að erlend fyrirtæki sem taka upp kvikmyndir og þáttaraðir hér á landi, gegn ívilnun. Við þurfum að halda áfram á þeirri braut. Í dag erum við til dæmis í beinni samkeppni um slík verkefni við Noreg sem ákvað að feta sömu braut. Við þurfum að svara þeirri samkeppni. Við verðum að hafa í huga ruðningsáhrifin af því þegar vel gengur,“ segir Katrín Olga.

### Tækifæri í samrekstri

Katrín Olga aðhyllist einnig fjölbreytileika í rekstrarformi, sem hún segir að megi skoða sérstaklega hvað varðar opinbera geirann. „Við hrökkvum öll í baklás þegar rætt er um einkarekstur þjónustu sem ríkið sinnir eða samrekstur milli einkaaðila og ríkisins. En ég held að á mörgum sviðum felist tækifæri í að fara þá leið,“ segir hún.

### Fjölbreytileiki lykilatriði

„Fjórði fjölbreytileikinn er mannlífið. Við erum ekki nema rúmlega 300 þúsund manns. Það er jákvætt að auka fjölbreytileikann þegar kemur að þjóðernum. Við sjáum til dæmis hvað Íslensk erfðagreining hefur dregið til landsins marga erlendra sérfræðinga af ólíkum þjóðernum. Það er skortur á starfsfólki í ákveðnum stéttum, meðal annars í ferðaþjónustu. Við eigum óhrædd að fagna fjölbreytileika í mannlífinu og taka vel á móti starfsfólki af erlendum uppruna. Allur þessi fjölbreytileiki skilar sér í víðsýni og hagsæld að mínu mati.“

Katrín Olga segir að sér finnist jafnframt skipta máli fyrir íslenskt atvinnulíf að leikreglurnar séu skýrar. „Við höfum verið að breyta mikið leikreglunum. Árin eftir hrun voru gerðar hundrað skattbreytingar á íslensku skattkerfi. Allar sveiflur og það að breyta reglum eftir á er mjög vont fyrir íslenskt viðskiptalíf. Ég veit að þeir erlendu aðilar sem hafa komið að stjórnun á Íslandi hafa bent á að það sé mjög erfitt að vera með viðskipti á Íslandi, þar sem er alltaf verið að breyta leikreglunum. Ég held að stöðugleiki í því umhverfi sem við búum í skipti miklu máli. Það er líka mikilvægt að þegar við innleiðum reglur frá ESB þá bætum við ekki í regluna og þyngjum hana eins og því miður hefur verið raunin hér á landi.

### Vaxandi erlend samkeppni

Við erum örþjóð. Við þurfum að laga stofnana- og eftirlitsumhverfið okkar að því. Við getum ekki verið að hegða okkur eins og stórþjóð þannig að fyrirtæki í landinu kafni,“ segir Katrín Olga.

Hún bendir á að íslensk fyrirtæki verði fyrir mikilli erlendri samkeppni. „Já.is er að keppa við Google, Icelandair við easyJet og 365 við Netflix og Hulu. Skattspor fyrirtækja á Íslandi eins og Icelandair Group eru 20 milljarðar. EasyJet skilar því ekki. Það þarf að varast að líta á fyrirtækin of þröngt. Viljum við hafa blómlegt atvinnulíf á Íslandi? Mér finnst málið snúast um þetta, en ekki hvort viðkomandi sé stór á Íslandi.“

Katrín Olga telur að blómlegt atvinnulíf komi líka til með að draga hæfileikaríkt íslenskt vinnuafl heim. „Ég man þegar Íslensk erfðagreining var sett á stofn, þá komu margir íslenskir sérfræðingar aftur heim. Það er alveg ljóst að fjölbreytt viðskiptalíf sem hefur dafnar og hefur frelsi til að dafna mun draga Íslendingana heim.“

## Hlutfall kvenkyns stjórnarmanna

| Stærð fyrirtækis | 2010 | 2011 | 2012 | 2013 | 2014 |
|---|---|---|---|---|---|
| 2-9 manns | 25,5 | 26,0 | 25,8 | 25,6 | 25,4 |
| 10-19 manns | 20,1 | 21,0 | 21,0 | 20,5 | 22,2 |
| 20-49 manns | 16,8 | 17,7 | 19,3 | 20,6 | 20,4 |
| 50-99 manns | 20,1 | 19,2 | 21,3 | 26,1* | 29,6 |
| 100-249 manns | 17,5 | 21,9 | 23,8 | 31,8* | 35,0 |
| 250+ | 21,0 | 25,7 | 26,0 | 36,0* | 38,5 |
| Meðaltal | 24,0 | 24,5 | 24,9 | 25,1 | 25,5 |

*Í september 2013 tóku gildi lög um kynjakvóta sem segja að í stjórnum opinberra hlutafélaga og hlutafélaga sem hafa fleiri en 50 starfsmenn að jafnaði á ársgrundvelli skuli vera að minnsta kosti 40 prósent hlutfall af öðru kyninu.

ERTU LÖNGU HÆTTUR AÐ TAKA Í NEFIÐ EN SITUR UPPI MEÐ SKEMMDIRNAR!



PANTAÐU FRÍAN TÍMA Í SKOÐUN STRAX Í SÍMA 893-0098
FLOTT TILBOÐ SEM GILDA ÚT FEBRÚAR
Snyrtistofan Hafblik
Ármúla 21, 2. hæð • S. 893 0098 • snyrtistofanhafblik@gmail.com

# 30%

# AFSLÁTTUR AF ALLRI MÁLNINGU

**MÁLNINGARDAGAR**
**11. - 15. FEBRÚAR**




VERÐVERND BYKO
**LÆGRA VERÐ**

Ef þú kaupir vöru hjá okkur og sérð sömu eða sambærilega vöru auglýsta ódýrari annars staðar, innan 20 daga, endurgreiðum við þér mismuninn og 10% af honum að auki! Sjá nánar á www.byko.is

**AUÐVELT AÐ VERSLA Á BYKO.IS**
**SENDUM ÚT UM ALLT LAND**

**BYKO**
GERUM ÞETTA SAMAN

# Bláir tónar



## Saga til næsta bæjar

Stefán Pálsson skrifar um skeggjaða manninn með hattinn.

Það er mannbætandi að eignast börn og ala þau upp. Barnauppeldi er þó ekki alltaf dans á rósum. Því fylgir til dæmis síbylja af barnalögum, sem virðast hafa þann eiginleika að falla börnum þeim mun betur í geð eftir því sem þau ergja hina fullorðnu meira. Verst eru þó lögin sem sungin eru í falsettu af skrípafígúrum.

Ross Bagdasarian, bandarískur tónlistarmaður af armenskum uppruna, ber einna mestu ábyrgðina á tilurð þessa menningarfyrirbæris. Árið 1958 „stofnaði“ hann hljómsveitina Alla og íkornana (e: Alvin & the Chipmunks), sem var söngflokkur þriggja teiknimyndajarðíkorna sem Bagdasarian söng fyrir og bjagaði svo við hljóðblöndun.

Til þessa dags hafa Alli og íkornarnir, með stuttum hléum, sent frá sér ógrynni dægurlaga – jafnt frumsaminna sem útgáfna af verkum annarra. Hljómplöturnar eru orðnar meira en fimmtíu talsins og snerta flestar tónlistarstefnur. Þannig hefur þríeykið spreytt sig á Bítlunum, diskótónlist og pönki. Í réttlátum heimi ætti ekkert foreldri að þurfa að hlusta á íkornaútgáfuna af My Sharona.

Ótalmargir hafa freistað þess að fiska í sama grugguga vatninu og Ross Bagdasarian. Afkastamesti iðnaðurinn tengist þó Strumpunum, en sífellt virðast nýjar hljómplötur líta dagsins ljós þar sem klæmst er á dægurlögum með hvellum röddum þessara vinsælu belgísku myndasöguvera.

### Djarfur riddari

Strumparnir litu raunar dagsins ljós sama ár og Alli og íkornarnir hófu fyrst upp raust sína. Skapari þeirra var Pierre Cuilliford eða Peyo, ungur belgískur myndasagnahöfundur. Árið 1947 hóf Peyo ritun sagnaflokks um Johan – eða Hinrik eins og hann nefndist síðar í íslenskri þýðingu. Hinrik var í fyrstu skjaldsveinn við hirð evrópsks miðaldariddara – hjartahrein og „björt hetja“ svo gripið sé niður í íslensk bókmenntafræðihugtök.

Hinrik kemst fljótt til metorða og verður sjálfstætt starfandi hetja í ævintýraheimi sínum, sem er fullur af risum, álfum, galdranornum, draugum og fljúgandi eldspúandi drekum. Í þriðju heilu sögunni um hetjuna, kynnist hún hinum dvergvaxna og vínhneigða skutulsveini Pirlouit eða Hagbarði, sem ríður á geit og glamrar á lútu – fáum til ánægju. Í raun er Hagbarður nokkurs konar myndasöguútgáfa af hinum heimska en trygglynda Sancho Panza í sögunum um Don Kíkóta.

Sögurnar um Hinrik og Hagbarð slógu í gegn hjá belgískum og frönskum lesendum og útgefandinn kallaði sífellt eftir nýjum bókum, jafnvel tveimur á ári. Árið 1958 byrjaði Peyo að rita nýja sögu um félagana, þar sem fléttan skyldi snúast um töfraflautu sem hefði þá náttúru að allir sem hlýddu á leik hennar hófu umsvifalaust trylltan dans. Þurfti höfundurinn að búa til aukapersónu eða persónur sem skýrt gætu töfra flautunnar. Í stað þess að grípa til galdrakarls eða -kerlingar, datt Peyo í hug að skapa litla skógarálfa. Þeir fengu blátt litaraft og bullnafn sem listamaðurinn hafði látið sér detta í hug nokkrum áður fyrr: Les Schtroumpfs.

Ef frá var talinn hinn hvítskeggjaði og rauðklæddi leiðtogi skógarálfanna, litu bláu verurnar allar eins út. Klæðnaðurinn var einfaldur: hvítar sokkabuxur og hvít topphúfa. Tungumál þeirra var skringilegt, þar sem nafnorðum og sagnorðum var tilviljanakennt skipt út fyrir orðið „Schtroumpf“. Átti þessi talsmáti síðar eftir að fara mjög fyrir brjóstið á frönskukennurum í bæði Belgíu og Frakklandi, sem kvörtuðu yfir að börn gerðu sér að leik að tala þetta hrognamál og myndi það vafalítið koma niður á málþroska þeirra.

### Betri en Bee Gees

Peyo notaðist ekki við skógarálfana smávöxnu í næstu sögu sinni um Hinrik og Hagbarð (en hann leit alla tíð á þann sagnaflokk sem sitt meistaraverk). Lesendur vildu hins vegar sjá meira af þeim bláu og listamaðurinn áttaði sig á tekjumöguleikunum, þar sem sífellt var óskað eftir að fá að nota fígúrurnar í auglýsingar, gera eftir þeim leikföng eða prenta myndir á hvers kyns söluvarning. Það leið því ekki á löngu uns persónurnar fengu sinn eigin bókaflokk, teiknimyndir fyrir sjónvarp ... og að sjálfsögðu hljómplötu.

Sumarið 1979 sendi plötuútgáfan Steinar frá sér „Harald í Skrýplalandi“, þar sem Haraldur Sigurðsson – annar helmingur gamantvíeykisins Halla & Ladda – söng nokkur lög ásamt hvellum Skrýplaröddum. Þegar tónlistarblaðamenn Vísis tóku saman vinsældalista blaðsins frá árinu 1979, tróndi Skrýplaplatan á toppnum og skaut aftur fyrir sig hetjum diskótímans á borð við ELO, Bee Gees og dúettinn Þú og ég.



Faðir Abraham

Plötuútgefandinn vissi ekki að meðan á tökum stóð kepptist bókaforlagið Iðunn við að koma út fyrstu myndasögubókinni um bláu verurnar. Þar fengu þær nafnið Strumpar, sem vann sér samstundis þegnrétt í málinu. Mörgum árum síðar þegar ákveðið var að gefa plötuna út á geisladisk var því ákveðið að samræmingar væri þörf, Haraldur var aftur dreginn í hljóðver og útkoman varð „Haraldur í Strumpalandi“.

Vinsældir plötunnar voru fyrirsjáanlegar, því um var að ræða endurgerð erlendrar plötu. Hollenski tónlistarmaðurinn Pierre Kartner, sem kallaði sig Föður Abraham, hafði á árinu 1977 hnoðað saman lagi til að kynna væntanlega Strumpateiknimynd. Það varð vinsælt og í kjölfarið snaraði hann út breiðskífu. Upphafslag hennar komst á toppinn í sextán löndum. Í Bretlandi tókst laginu ekki að velta Grease-slagara með Ólivíu Newton-John og John Travolta úr toppsætinu, en setti met sem þaulsætnasta annars sætis lag, sem stóð um árabil.

### Bjór á bannlista

Platan um Föður Abraham í Strumpalandi kom út um gjörvalla Vestur-Evrópu og yfirleitt á tungumáli viðkomandi lands. Í stærri löndunum krafðist listamaðurinn þess að syngja sjálfur og stautaði sig þá oft í gegnum sönginn á tungumálum sem hann kunni engin skil á. Ísland hefur hins vegar þótt of lítið málsvæði til að slíkt kæmi til greina og því fékk Haraldur að spreyta sig. Til að breyta ekki vinningsuppskriftinni var þess gætt að Halli yrði sem líkastur fyrirmyndinni, með svartan kúluhatt, gleraugu og sítt skegg, sem var einkennismerki Föður Abrahams.

Lögin á plötunum eru þau sömu, ef frá er talið að einu jólalagi var sleppt – enda kom Haraldur í Skrýplalandi út um hásumar.

> ÞAR SEM FLÉTTAN SKYLDI SNÚAST UM TÖFRAFLAUTU SEM HEFÐI ÞÁ NÁTTÚRU AÐ ALLIR SEM HLÝDDU Á LEIK HENNAR HÓFU UMSVIFALAUST TRYLLTAN DANS.

Önnur lítil en þó mikilsverð breyting var sú að titli og texta lagsins „Strumpabjór“ var breytt í „Strumpagos“. Á þeim dögum þegar bjórinn var forboðinn drykkur á Íslandi þótti ekki sæma að syngja um hann – í það minnsta ekki á barnaplötu.

Faðir Abraham hafði skapað skrímsli. Á fyrstu plötunni og raunar tveimur næstu Strumpaplötum hans voru lögin yfirleitt frumsamin, en þess gat þó ekki verið langt að bíða að kaupahéðnum hugkvæmdist að láta ærandi Strumparaddirnar klæmast á kunnum dægurlögum. Afleiðingin varð stríður straumur af Strumpaútfærslum á slögurum eftir allt frá Sólstrandargæjunum yfir í Stuðmenn.

### Ótrúleg afköst

En hver er þessi Pierre Kartner sem ber svo mikla ábyrgð? Hann fæddist árið 1935 í borginni Elst. Ungur hóf hann að spila, syngja og semja dægurlög. Snemma á ferlinum datt hann niður á sáraeinfalt en afar grípandi lag, um Föður Abraham og syni hans (sem átu kjöt, drukku öl – og skemmtu sér mjög vel ...) Til að nýta þessa gullgæs til hins ýtrasta ákvað Kartner að skapa persónuna Föður Abraham, sem eins og fyrr sagði var ætíð með hatt, gleraugu og mikið skegg, sem var í fyrstu gerviskegg uns Kartner fór almennilega að spretta grön.

Nú er þess að vænta að ófáir lesendur Fréttablaðsins sitji dolfallnir yfir þeim fregnum að sami maðurinn hafi samið lagið um Föður Abraham og „Geta Skrýplar skælt?“ En sagan á enn eftir að verða safaríkari, því Kartner er einnig höfundur kynningar- og lokalagsins í japönsku teiknimyndunum um Múmínálfana sem talsettir voru á íslensku af Sigrúnu Eddu Björnsdóttur og Kristjáni Franklín Magnús á þeim árum þegar algjör óþarfi þótti að splæsa í meira en 1-2 leikara í slík viðvik.

Söngvakeppnisnirðir kannast mögulega líka við Kartner sem höfund tveggja Júróvisjónlaga Hollendinga, þess síðara árið 2010. Höfðu Niðurlendingarnir þá þann háttinn á að fela Kartner að semja lag og undankeppnin fólst í því að velja söngkonuna sem treyst yrði fyrir flutningnum. Af nógu er svo sem að taka á ferilskrá listamannsins sem skráður er fyrir heilum 1.600 dægurlögum! En væntanlega kemur nú obbinn af stefgjöldunum vegna Strumpanna.




Kápumynd af fyrstu strumpasögunni.




# HTH Leikum saman



- Eldhúsinnréttingar
- Baðinnréttingar
- Þvottahúsinnréttingar
- Fataskápar

**HTH** er leiðandi framleiðandi eldhússinnréttinga. Samspil fágaðrar hönnunar og einstakra gæða einkenna **HTH** innréttingarnar enda er dönsk hönnun mikils metin og danskt handverk eftirsótt um heim allan.

Hönnuðir okkar vinna með þínar hugmyndir og óskir, teikna tillögur að draumaeldhúsinu og gera þér frábært tilboð.
**Þannig leikum við saman.**



**20% afsláttur af hágæða AEG eldhústækjum með kaupum á HTH innréttingum.**

**Opið mánudaga - föstudaga kl. 10-18
og á laugardögum kl. 11-15.
Alltaf opið á Ormsson.is**

ORMSSON

Lágmúla 8 • Reykjavík • 2. hæð
símar 530 2818 / 530 2819 / 530 2820 / 530 2821

FRÉTTABLAÐIÐ

# TÍMAMÓT

13. FEBRÚAR 2016 LAUGARDAGUR



✝

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför okkar ástkæru unnustu, móður, dóttur, systur, tengdadóttur og frænku,

**Vilfríðar Hrefnu Hrafnsdóttur (Ebbu)**

sem lést þann 17. janúar síðastliðinn.
Sérstakar þakkir til Íslenskrar erfðagreiningar, ljósmæðra Landspítalans og allra þeirra sem komu að útförinni og undirbúningi hennar.

**Hjalti Þór Sveinsson**
**Þórdís Ósk Magnúsdóttir** **Haukur Óli Hjaltason**
**Baldur Freyr Hjaltason**
**Ingibjörg Ólafsdóttir**
**Hrafn Þórðarson** **Kolbrún K. Ólafsdóttir**
**Svava B. Hrafnsdóttir** **Davíð Ólafsson**
**Ólafur Veigar Hrafnsson** **Hilda H. Cortez**
**Guðrún Th. Hrafnsdóttir** **Benedikt Freyr Jónsson**
**Hrafnar Jafet Hrafnsson**
**Sveinn Ingi Lýðsson** **Þórdís Anna Grímsdóttir**
**og frændsystkini.**



✝

Hjartans þakkir fyrir auðsýnda samúð vegna andláts okkar ástkæra föður, fósturföður, tengdaföður, afa og langafa,

**Sveins Elíassonar**

frá Ísafirði.

Sérstakar þakkir til starfsfólks á Hjúkrunarheimilinu Sóltúni fyrir yndislega umhyggju og umönnun.

**Lára Helga Sveinsdóttir** **Karl Baldvinsson**
**Elías Jón Sveinsson**
**Ingibjörg Soffía Sveinsdóttir** **Baldur J. Baldursson**
**Baldur Sveinn Baldursson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi, langafi og langalangafi,

**Pétur Ingvi Ólafsson**

Helgubraut 2 í Kópavogi,

lést á hjartadeild Landspítalans 8. febrúar. Útförin fer fram frá Kópavogskirkju fimmtudaginn 18. febrúar kl. 13.00.

**Ingibjörg Pétursdóttir**
**Guðrún Pétursdóttir** **Garðar Rafnsson**
**Ólafur Pétursson** **Guðrún Lára Sigurðardóttir**
**Lilja Pétursdóttir**
**Eiríkur Pétursson** **Cecilia Zamoria**
**barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.**




*Lögfræðiþjónusta*

Veist þú hvert eignir þínar renna eftir þinn dag? Kynntu þér málið á heimasíðu okkar, www.útför.is.
Þar getur þú m.a. sett inn þínar forsendur í reiknivél. Við aðstoðum þig við gerð erfðaskrár, kaupmála og við dánarbússkipti.

*Með kærleik og virðingu*

**Útfararstofa Kirkjugarðanna**

Vesturhlíð 2 Fossvogi | Sími 551 1266 | **útför.is**



**Ásrún er lengst til hægri, hinar eru Sibylle Köll söngstjóri og Hrönn Þráinsdóttir píanóleikari sem munu kynna nemendaóperuna í dag.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Alltaf gaman að taka lagið

**Dagur tónlistarskólanna er í dag og í Söngskólanum í Reykjavík verður heilmikið fjör milli klukkan tvö og fimm. Meðal annars ætlar Garðar Cortes að stjórna fjöldasöng.**

„Það verður opið hús hjá okkur milli tvö og fimm og margt á dagskránni, allt frítt,“ segir Ásrún Davíðsdóttir, aðstoðarskólastjóri Söngskólans í Reykjavík, og lýsir nánar því sem framundan er. „Við verðum með sex stutta einsöngstónleika, þar verða ljóð, aríur, söngleikjamúsík og dagskrá helguð Mozart, svo nokkuð sé nefnt. Einnig verða sýnishorn úr nemendaóperunni Töfraheimur prakkarans eftir Ravel, sem var sýnd tvívegis í Hörpu um síðustu helgi við góðar undirtektir og unglingadeildin treður upp með atriði úr Kalla og sælgætisgerðinni eftir Hjálmar H. Ragnarsson. Svo ætlar Garðar Cortes sjálfur að stjórna fjöldasöng sem allir geta tekið þátt í. Þar verða lög tengd árstímanum í hávegum höfð og fólki verður kennt að syngja Tyrkjamessu sem nemendur úr unglingadeild skólans verða forsöngvarar í. Það er alltaf gaman að taka lagið.“

> **Þar verða lög tengd árstímanum í hávegum höfð og fólki verður kennt að syngja Tyrkjamessu.**

Á milli tónleikanna geta gestir dreypt á súkkulaði, kaffi og gosdrykkjum, að sögn Ásrúnar sem segir alla velkomna meðan húsrúm leyfi, bæði til þátttöku og áheyrnar. **gun@frettabladid.is**

# Vil að verkin geti staðið ein og sér

Baldvin Ringsted opnar sýningu í Listasafninu á Akureyri í dag klukkan 15 undir heitinu Snarstefjun, annar hluti: Bárujárnsárin. Hann útskýrir titilinn svo:

„Mér finnst Snarstefjun gott orð af því það er íslenskun á imprövisering en er aldrei notað. Ég veit að það vita ekki allir hvað orðið þýðir en það er bara skemmtilegt eitt og sér. Þannig eru verkin mín líka; það er alltaf eitthvað á bak við þau, saga eða meining, en ég vil líka að þau geti staðið ein og sér, bara fagurfræðilega. Annar hluti titilsins, Bárujárnsárin er vísun í költmynd frá 1988 eftir Penelope Spheeris þar sem annar hlutinn nefnist The Metal Years. Titillinn er bara íslenskaður því áður fyrr var Heavy Metal kallað bárujárnsrokk.“

Baldvin er með tvö málverk á sýningunni. En aðalverkið er vídeóverk þar sem hann spilar á gítar meðan þrjár konur öskra á hann. „Gítarinn spilar fullkomlega jafnhliða röddunum, í sömu tóntegundum og sama takti. Raddirnar túlka það sem maður hugsar oft um sjálfan sig; þú ert aumingi; þú átt aldrei eftir að geta þetta og annað í þeim dúr. En svo má eflaust skilja verkið á ýmsa vegu. Það er alveg velkomið.“

Sýningin stendur til 25. febrúar og er opin þriðjudaga til sunnudaga klukkan 12 til 17. Aðgangur er ókeypis.
**gun@frettabladid.is**





✝

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**Emil Brynjar Karlsson**

Tröllateigi 20, Mosfellsbæ,

lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi laugardaginn 6. febrúar. Útför hans fer fram frá Grafarvogskirkju miðvikudaginn 17. febrúar kl. 13.00.

**Sigrún Sigtryggsdóttir**
**Karl Emilsson** **Berglind Helgadóttir**
**Rósa Emilsdóttir**
**Kári Emilsson** **Ásdís Jóna Marteinsdóttir**
**og barnabörn.**



✝

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Hjalti Karlsson**

fyrrum verktaki,

lést á Landakoti, miðvikudaginn 10. febrúar. Útförin fer fram frá Kópavogskirkju, föstudaginn 19. febrúar kl. 15.00.

**Ásgeir Þór Hjaltason** **Stefanía Kristjánsdóttir**
**Einar Hjaltason** **Magnea Hilmarsdóttir**
**Steinþór Hjaltason** **Þóra Gísladóttir**
**Karl Gauti Hjaltason** **Sigurlaug Stefánsdóttir**
**Ingibjörg Hjaltadóttir** **Jóhann Ólafur Ólason**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Edda í óðaönn að koma myndum sínum fyrir í Geysi Bistro. MYND/ÚR EINKASAFNI

# Pínulítið sumarleg sýning

**Edda Guðmundsdóttir opnaði nýlega sýningu á eigin myndum í Geysi Bistro í Aðalstræti. Þær eru frá ýmsum tímabilum, sumar nýjar og aðrar eldri og eru sérvaldar í plássið.**

Sýningin er á frekar léttum nótum og er pínulítið sumarleg þó langt sé enn til vors. Ef ég á að velja henni yfirskrift mundi hún vera Náttúra,“ segir Edda Guðmundsdóttir um sýningu sína á veitingastaðnum Geysi Bistró í miðborg Reykjavíkur. Hún segir ekki um stóra fleti að ræða inni á staðnum og myndirnar taki mið af því. Skyldi hún hafa málað þær með þennan sal í huga? „Nei, myndirnar eru frá ýmsum tímabilum, sumar nýjar og aðrar eldri, ég valdi þær eftir því hvernig þær pössuðu saman og í plássið.“

Edda kveðst hafa mjög frjálslegan stíl í myndlistinni. „Ég er mest að skemmta sjálfri mér með því að mála. Nota mest olíuliti en ein mynd á sýningunni er máluð með vatnslitum á striga, ég var aðeins að prófa og ákvað að hengja hana upp.“

Edda hélt sína fyrstu sýningu 2007 í tilefni sjötugsafmælis síns en kveðst lengi hafa fengist við að mála. „Ég á til myndir frá sjöunda áratugnum þannig að ég hef lengi fiktað við litina. Hef svo verið í skólum og reynt að bæta við mig færni í 25 ár. Er núna í Myndlistarskólanum í Reykjavík í tímum sem kallast Vinnustofa. Þar fáum við kennara í heimsókn að leiðbeina okkur og gagnrýna.“

> Ég er alltaf með hugmynd í kollinum þegar ég byrja á mynd, svo getur hún breyst og útkoman orðið allt önnur í lokin en samt verið í lagi.

Spurð hvaðan hún fái sínar hugmyndir að listaverkum svarar Edda: „Ég veit það ekki, ég verð að segja að mig skortir bara aldrei hugmyndir. Ef eitthvað er þá eru þær of margar. Sumum hefur mér ekki tekist að koma frá mér þannig að ég sé sátt, þær eru niðri í geymslu og bíða betri tíma. Ég er alltaf með hugmynd í kollinum þegar ég byrja á mynd, svo getur hún breyst og útkoman orðið allt önnur í lokin en samt verið í lagi.“

Hvort hún hafi listfengi í genunum veit Edda ekki en segir þó föður sinn, Guðmund Gíslason, kennara og skólastjóra, hafa haft gaman af að teikna og mála. „Þegar pabbi byrjaði að kenna sem ungur maður á Laugarvatni kenndi hann meðal annars teikningu.“

Edda fór beint úr því að hengja upp sýninguna í að pakka niður fyrir sólarlandaferð og er í þann veginn að hoppa upp í flugvél á leið til Tenerife þegar viðtalið fer fram. Skyldi hún fara með litina með sér út? „Nei, mér finnst sólarströnd ekki rétti staðurinn til að mála á. En ég hef skroppið til Tenerife undanfarin nokkur ár á þessum árstíma. Það er freistandi að drífa sig burt úr hálkunni.“

**gun@frettabladid.is**

---



✝

Móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

**Unnur Guðmundsdóttir**
Bólstaðarhlíð 41, Reykjavík,

lést á Landakotsspítala þann 21. janúar. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Við þökkum auðsýnda samúð og vinsemd.

**Rut Þorsteinsdóttir** **Olgeir Kristjónsson**
**Hörður Þorsteinsson** **Kristín Gunnarsdóttir**
**Hafdís Þorsteinsdóttir**
**ömmubörn, langömmubörn og langalangömmubörn.**

---



✝

Innilegar þakkir fyrir samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar okkar elskuðu dóttur, systur, mágkonu og föðursystur,

**Rósu Kristjánsdóttur**
Stóradal.

**Margrét Rósa Jónsdóttir** **Kristján Jónsson**
**Bjarki Kristjánsson** **Erla Gunnarsdóttir**
**Jón Ölver Kristjánsson** **Sunna Björk Björnsdóttir**
**Jakob Víðir Kristjánsson** **Ragnhildur Haraldsdóttir**
**og bræðrabörn.**

---



✝

Innilegar þakkir færum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför

**Bents Bjarna Jörgensen**
Háaleitisbraut 10,

og heiðruðu minningu hans.

**Guðrún Jörgensen**
**Aðalheiður Jörgensen** **Friðgeir Sveinn Kristinsson**
**Árni Ómar Bentsson** **Bryndís Hilmarsdóttir**
**Bjarni, Hilmar, María, Sigrún,**
**Ester Inga og Agnar Bjarni**

---



✝

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**Jóhann Long Ingibergsson**

lést á Hrafnistu í Reykjavík 7. febrúar. Útförin fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju þriðjudaginn 16. febrúar kl. 13.00.

**Sóley Jóhannsdóttir**
**Haraldur Jóhannsson** **Nína Dóra Pétursdóttir**
**Einar Jóhannsson** **Evelyn Hipertor Jóhannsson**
**Jóhann Long Jóhannsson**
**og afabörn.**

---



✝

Hjartans þakkir fyrir falleg orð, kveðjur og auðsýnda samúð vegna fráfalls okkar yndislegu ástkæru eiginkonu, móður, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**Þuríðar Sölvadóttur**
Erluhólum 9, Reykjavík.

Sérstakar þakkir til starfsfólks blóðlækningadeildar 11G á Landspítalanum við Hringbraut fyrir einstaka hlýju og umönnun.

**Bergsveinn Alfonsson**
**Sölvi Þór Bergsveinsson** **Ingibjörg Grettisdóttir**
**Linda Björk Bergsveinsdóttir** **Guðfinnur Guðnason**
**Sigríður Gunnarsdóttir** **Rúnar V. Þormundsson**
**og ömmubörnin.**

---



✝

Ástkær faðir okkar, sonur, bróðir, mágur og frændi,

**Hilmar Örn Bragason**
Brúnastöðum 54,

varð bráðkvaddur að heimili sínu fimmtudaginn 4. febrúar. Útförin fer fram frá Grafarvogskirkju mánudaginn 15. febrúar kl. 13.00.

**Hildur Hilmarsdóttir** **Birgir Hilmarsson**
**Jóhanna Steinunn Guðmundsdóttir**
**Bragi Hansson** **Rose Marie Christiansen**
**Petra Bragadóttir** **Eggert Árni Gíslason**
**Ólöf Björk Bragadóttir** **Sigurður Ingólfsson**
**og fjölskyldur.**

---



✝

Innilegar þakkir fyrir auðsýndan hlýhug og samúð vegna andláts og útfarar eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður og afa,

**Ólafs Ágústs Ólafssonar**
Vatnsstíg 21, Reykjavík.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki Droplaugarstaða fyrir hlýju og alúðlega umönnun.

**Sigurveig Kristjánsdóttir**
**Kristín Hagalín Ólafsdóttir** **Björn Vignir Sigurpálsson**
**Kristján Ólafsson** **Ragna Eyjólfsdóttir**
**Ólafur Ágúst Ólafsson** **Jacqueline Santos Silva**
**Sigrún Sandra Ólafsdóttir** **Albert Björn Lúðvígsson**
**og barnabörn.**

---



✝

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför móður okkar, tengdamóður og ömmu,

**Láru Guðnadóttur**
(Syðstu-Görðum)
Brákarhlíð, Borgarnesi.

Sérstakar þakkir til starfsfólks dvalarheimilisins Brákarhlíðar í Borgarnesi fyrir góða umönnun.

**Börn, tengdabörn, barnabörn og fjölskyldur þeirra.**

---



✝

Innilegar þakkir færum við öllum sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför eiginmanns míns,

**Guðmundar Magnúsar Jasonarsonar**
rafvirkjameistara.

Starfsfólki Hrafnistu eru færðar alúðarþakkir fyrir góða umönnun.

**Bjarney Guðrún Ólafsdóttir,**
**börn, tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

Innilegar þakkir færum við öllum sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför föður okkar,

**Árna Stefánssonar**
hæstaréttarlögmanns,

Goðheimum 21, 104 Reykjavík,

sem andaðist 24. janúar sl. og var jarðsettur í kyrrþey að eigin ósk. Sérstakar þakkir færum við starfsfólkinu á Hrafnistu í Reykjavík, deild 4 A.

**Stefán Árnason** **Stefanía Eiríka Einarsdóttir**
**Guðný Árnadóttir**
**og fjölskyldur.**

# KROSSGÁTA

**LÁRÉTT**

**1** Allsnakin í öðrum heimi vita hvað í vændum er (10)
**9** Slæðu beðju skal fjarlægja fyrir koss, að fengnu jáyrði (10)
**10** Sækir að miðju þessarar ákveðnu rannsóknar (11)
**12** Venjuleg drottning sækir fé í miðhólf (10)
**13** Í frásögn af frerans grundu segir af landi og lýð (11)
**14** Ætli hann rói henni yfir, svona ringlaðri og kámugri í framan? (8)
**15** Leita að blöðunum og hlöðunum (11)
**19** Kaninn segir þetta tré tæmt (8)
**25** Konfekt til að klára með, það klárast seint (12)
**28** Þessi er hreinn og heill í gegn, ennþá (9)
**29** Hlaupakona elskaði mann í útlegðinni (10)
**30** Í bitru báli má búast við nístingsgaddi (11)
**31** Hæg leitar horfins sem erfitt er að komast yfir (10)
**32** Leita uppi bíl sem er eins og skipið (7)
**33** Rek karl í rangala til að læra grunnreglur (8)
**37** Best að rifta svona bulli svo það tefji ekki allt (5)
**38** Búa þessir vaðfuglar kannski í Alaska og Hawaii? (10)
**41** Hefurðu heyrt um heitt og kísilríkt landhaf? (7)
**42** Tregðu truntunnar til allra verka er við brugðið (14)
**45** Sveifluðust milli metals og pönks (7)
**46** Krafturinn í skilaboðunum var uppistaða helstu fyrirlestranna (14)

**LÓÐRÉTT**

**1** Hreinsum okkar búk með sætindum! (7)
**2** Hestavísa um hestamennsku (7)
**3** Upp fyrir fyrirburð, svo ég sjái stóru myndina (7)
**4** Hafnfirðingur fer með aur í bankann ef vindur er af hafi (7)
**5** Hvorki skemmdur beljusafi né fýldur, heldur unninn (8)
**6** Ari á Hnjóti og nafni hans í Þjóðarbókhlöðunni (8)
**7** Er með einn einangraðan, hann er skilyrtur (8)
**8** Tel arm laganna sáttan við dreitil (7)
**9** Taldi sókn jafn seðjandi og skonsu (8)
**11** Senna við endimörk Íslands (5)
**16** Staða misseris fyrir skrýtna (9)
**17** Ætli þau gefi girnilegum grísum sínum nóg, þessi? (9)
**18** Mig langar að ræða lengjur og landhlaupara (10)
**20** Tvö í einu sæti, ókei, og aftakaveður (9)
**21** Nei, ekki tekinn upp, en samt í skýjunum (9)
**22** Vond vænta hins versta (9)
**23** Áður óþekkt aldarháttaraðferðin slær gamlar græjur út (13)
**24** Gróðrarstía yljar ólyfjan (11)
**26** Sé örverurnar glöggt í landnorðri (7)
**27** Heldur betri ólokuð en hin sem bersöglari eru (10)
**33** Tel hvorki sjó né mar vígvöll þessa foringja (6)
**34** Sú roskna og ringlaða frá Rogalandi (6)
**35** Er góðmennska til í fleirtölu, félagi? (6)
**36** Hugum að heimulum á niðdimmum dægrum (6)
**39** Getur skips á síðum blaðs (5)
**40** Læt rykkorn og austrænt fé fyrir Robben (5)
**43** Bind nes við nótu 5 með finni taug (3)
**44** Aðalframkvæmdastjóri heimsins (3)





Lausnarorð síðustu viku var
**STRENGJAKVARTETT**

FORLAGIÐ

**VEGLEG VERÐLAUN**

Vikulega er dregið úr innsendum lausnarorðum og fær vinningshafi eintak af **Lóaboratoríum** frá Forlaginu. Vinningshafi síðustu viku var **Birna Steingrímsdóttir, Reykjavík.**




**LAUSNARORÐ**

Ef bókstöfunum í skyggðu reitunum er raðað rétt saman birtist svæsin hitabeltisiðrapest (14) . Sendið lausnarorðið í síðasta lagi 18. febrúar næstkomandi á krossgata@frettabladid.is merkt „13. febrúar".

Á Facebook-síðunni **Krossgátan** er að finna ábendingar, tilkynningar og leiðréttingar ef þörf krefur.









# Þrautir

## Bridge Ísak Örn Sigurðsson

### Eyðileggjandi útspil

Árleg Bridgehátíð Bridgesambands Íslands fór fram á Hótel Natura dagana 28.-31. janúar. Þátttaka sló öll met og í tvímenningnum voru 145 pör. Eins og oft áður, féll fyrsta sætið í hlut útlendinga sem voru fjölmennir á mótinu. Parið Nevena Senior og Rumen Trendafilov endaði með 58,4% skor og var lengst af í fyrsta sæti í mótinu. Borgnesingarnir Sveinbjörn Eyjólfsson og Lárus Pétursson blönduðu sér fljótlega í toppbaráttuna og héldu henni, enduðu í öðru sæti með 57,9% skor. Í þessu spili, í viðureign efstu paranna, höfðu Borgnesingarnir betur eftir eyðileggjandi útspil Lárusar. Vestur var gjafari og NS á hættu:

**Norður**
♠ 85
♥ 32
♦ KD106
♣ K10653

**Vestur**
♠ Á932
♥ 104
♦ G9743
♣ Á9

**Austur**
♠ KD107
♥ 97
♦ Á52
♣ DG82

**Suður**
♠ G64
♥ ÁKDG865
♦ 8
♣ 74

Eftr tvö möss opnaði Sveinbjörn á einu eðlilegu laufi í austur. Suður ákvað að stökkva í 3 hjörtu með góðan lit á hættunni. Lárus gaf neikvætt dobl á vesturhöndina og Sveinbjörn ákvað, eftir umhugsun, að freista gæfunnar í þeim samningi. Það borgaði sig vel þegar Lárus spilaði út laufás og meira laufi. Útspilið eyðilagði innkomuna á tígul og spaðaniðurkast. Sagnhafi fór einn niður og Borgnesingarnir þáðu 133,7 stig af 144 mögulegum fyrir spilið.

## Skák Gunnar Björnsson

Rubinstein átti leik gegn Hirschbein í Lodz árið 1927

**1. Hxd7! Bxd7 2. Rf6+ Kf8 3. Rd5!!** Svartur gaf þar sem mát er óumflýjanlegt án þess að gefa drottninguna.
**www.skak.is:** Lokastaða Nóa Síríus-mótsins.

**Hvítur á leik**



## Sudoku

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 6 | | | 3 | | | 8 | 2 |
| | 8 | | 9 | | | | | 7 |
| | | | 5 | | | | | |
| 4 | | 6 | | | 7 | 8 | | 9 |
| | 5 | | 1 | 9 | 3 | | | 4 |
| | 2 | | | | | | | |
| 2 | 3 | | | 4 | 5 | | 1 | |
| | | | | 6 | | | | |
| | 9 | | 8 | | | 3 | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | | | | 1 | | 9 | | |
| 8 | 9 | 5 | | | | 4 | | |
| | | | 9 | | | 6 | | 8 |
| 3 | | 9 | 6 | 7 | | 5 | 8 | 1 |
| | | | 3 | 4 | | | | |
| | | | | | | | | |
| 5 | 2 | 8 | | | | 7 | | 4 |
| | | | 4 | 5 | 9 | | 3 | |
| | | | | | | | 5 | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | 9 | 3 | | | 6 | |
| 3 | | 7 | | | | | | 5 |
| | 5 | | 7 | 8 | | | 2 | |
| 6 | 1 | | | | | | | |
| | | | 1 | 4 | | | | |
| 2 | | 9 | | | | 7 | | |
| | | 3 | | 2 | | | | 4 |
| | | | 3 | | 9 | 5 | | |
| | | 1 | | 7 | 6 | | | 3 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

**LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 5 | | 3 | | | | | 1 |
| | | 3 | 6 | 1 | | 2 | 9 | |
| 7 | | | 8 | | | | | |
| 4 | | 7 | | | | 6 | | |
| 3 | | | | 4 | | | 1 | |
| | 1 | | 2 | 3 | | 4 | | 5 |
| 5 | 7 | | | | | | 2 | 8 |
| | 8 | 2 | 1 | 7 | | 5 | | |
| | | 4 | | | | | | |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | | | 8 | 4 | | | | |
| 3 | | | | 5 | | | 9 | |
| | 7 | 8 | 9 | | | | | 5 |
| | | 9 | 2 | | | 6 | 1 | |
| | | 3 | | | | | 2 | 7 |
| | 1 | | | 7 | 9 | 4 | | |
| | | 7 | 1 | | | 3 | 8 | |
| | | | 3 | 9 | | | 6 | |
| | | | | | 8 | 1 | | |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 5 | | | 6 | 7 | | |
| 1 | 2 | 9 | | 7 | | | 8 | |
| | | | | | | | | 9 |
| | 3 | | | | | | 4 | |
| | | 6 | | | | 9 | 5 | |
| 8 | | 7 | | 1 | | 3 | | |
| | | 4 | | 2 | 9 | | 6 | |
| 9 | | 1 | 5 | | | | | 4 |
| | | | | | | | | 8 |


NÝJAR VÖRUR
TOLLALÆKKUN
Á FJÖLDA VARA
Verðdæmi:
NIKE FREE 5.0
VERÐ NÚ: 19.990 KR.
VERÐ ÁÐUR: 24.990 KR.
ÚTILÍF
síðan 1974
GLÆSIBÆ
KRINGLUNNI
SMÁRALIND
utilif.is

## Konráð og félagar á ferð og flugi 166

Bragi Halldórsson

„Þetta er nú eitthvað skrítin þraut,“ sagði Kata. „Alger ruglingur af litum og formum, það er bara ekkert hægt að sjá út úr þessu.“ Bætti hún við. „Hvað segir þú Lísaloppa, hvað segja leiðbeiningarnar, hvað eigum við að gera við þetta rugl, eigum við að geta séð eitthvað út úr þessu eða hvað?“ Lísaloppa las leiðbeiningarnar. „Við eigum að finna fimm arma stjörnu og litirnir skipta engu máli,“ sagði hún. „Fimm arma stjörnu segir þú, út úr þessu rugli?“ sagði Kata hneyksluð. „Jæja, fyrst leiðbeiningarnar segja það þá hlýtur það að vera hægt.

Getur þú fundið fimm arma stjörnuna?





## Brandarar

**Drengurinn:** „Mamma, þú verður að vekja hann afa.“
**Mamman:** „Af hverju, góði minn?“
**Drengurinn:** „Hann gleymdi að taka svefntöflurnar sínar.“

„Eru ekki allar tærnar á mér jafngamlar, mamma?“ **spurði Símon litli.**
„Jú, að sjálfsögðu, væni minn,“ **svaraði mamma.**
„Hvernig stendur þá á því að þær eru ekki allar jafnstórar?“

**Kennarinn:** „Í hvaða orðflokki er kjúklingur?“
**Sigrún:** „Kjúklingur er nafnorð.“
**Kennarinn:** „Í hvaða kyni?“
**Sigrún:** „Ja, ef hann fer að gala þegar hann stækkar þá er hann karlkyn.“








Guðmundur hefur munnhörpuna á sérstakri grind sem heldur henni upp við munninn meðan hann spilar á píanóið.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Spilar á píanó og munnhörpu samtímis

Hinn ellefu ára gamli **Guðmundur Daníel Erlendsson** leikur sér að því að spila á píanó og munnhörpu samtímis og syngja inn á milli. Hann iðkar líka skíðabrun á veturna og golf á sumrin.

**Ertu alltaf kallaður báðum nöfnunum, Guðmundur Daníel?**
Nei, yfirleitt bara Guðmundur og stundum Gummi af vinum mínum í skólanum. Þegar ég er í útlöndum er ég kallaður Daníel því útlendingum finnst erfitt að segja Guðmundur.

**Hvað finnst þér skemmtilegast að læra í skólanum?**
Smíði, stærðfræði og íþróttir.

**Hver eru helstu áhugamálin utan skólans?**
Golf, skíði og að spila á píanó. Ég spila golf á sumrin hjá Golfklúbbnum Oddi með pabba og Helga Hrafni, bróður mínum.

**Hversu gamall byrjaðir þú að spila á hljóðfæri?**
Ég byrjaði fimm ára að spila á píanó í Landakotsskóla. Núna læri ég hjá Jónasi Sen í Tónmenntaskóla Reykjavíkur.

**Hvernig datt þér í hug að spila á píanó og munnhörpu í einu?**
Það var þegar ég sá Billy Joel spila Pianoman á Youtube. Mig langaði að prófa hvort ég gæti gert það sama, spila á píanó, munnhörpu og syngja lagið á sama tíma.

**Byrjaðir þú ungur að æfa á skíðum?**
Ég var sjö ára þegar ég fór að æfa skíði hjá Ármanni en bara fjögurra ára þegar ég byrjaði fyrst að fara á skíði. Nú er ég nýkominn úr níu daga skíðaferð til Keystone í Colorado með fjölskyldu minni. Það var mjög gaman. Við skíðuðum allar erfiðustu brekkurnar og líka fyrir utan brekkur og inn á milli trjánna. Það reyndi á. Ég hef líka skíðað í Sochi í Rússlandi, í Kanada, á Ítalíu og í Breckenridge.

**Keppir þú stundum á skíðum?**
Já, til dæmis keppti ég á Reykjavíkurmótinu í stórsvigi síðasta þriðjudag og lenti í 4. sæti.

**Hvað langar þig að verða þegar þú verður stór?**
Atvinnumaður í golfi því það er íþróttin sem mér finnst skemmtilegust.

## Nálurefill eftir mörg þúsund börn á Íslandi

Sýningin Nála er nú í bókasafninu á Akranesi. Hún er búin að fara hringinn um landið á einu ári. Nokkur þúsund gestir hafa sótt hana og jafnframt tekið þátt í að móta hana. Nála er nokkurs konar afkvæmi bókarinnar Nálu – Riddarasögu eftir Evu Þengilsdóttur. Kveikjan að sögunni er Riddarateppi frá 1700 sem er til sýnis á Þjóðminjasafninu og því var sýningin opnuð þar.

Á Nálusýningunni hafa krakkar kubbað, æft sig í krosssaum og hlustað á upplestur á Nálu – Riddarasögu.

Einn hluti sýningarinnar er 90 metra langur pappírsrefill. Á hann hafa mörg þúsund börn teiknað myndir í öllum regnbogans litum. Refillinn er rúðustrikaður og myndirnar með krosssaumsmynstri, líkar þeim sem eru í bókinni.

Á Akranesi lýkur sýningunni 24. febrúar. Eftir það fer refillinn langt austur á Hvolsvöll og verður sýndur á Njálusetrinu – þar er einmitt verið að sauma Njálurefil. **– gun**



# TILBOÐ PIZZUVEISLA!

*Kauptu 5 pizzur að eigin vali en borgaðu fyrir 4*




## BEN & JERRY´S TIL AÐ FULLKOMNA HELGINA




| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Ben & Jerry´s Cookie Dough 500 ml | Ben & Jerry´s Caramel Chew 500 ml | Ben & Jerry´s Chocolate Fudge Brown 500 ml | Ben & Jerry´s Caramel Sutra 500 ml | Ben & Jerry´s Minter Wonderland 500 ml | Ben & Jerry´s Half Baked 500 ml |

Úrval er breytilegt eftir verslunum. Allar vörurnar fást í Iceland, Engihjalla.

OPIÐ 24 TÍMA

OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN
ICELAND, ENGIHJALLA,
VESTURBERGI OG ARNARBAKKA

Iceland

# VEÐUR & MYNDASÖGUR

## Veðurspá Laugardagur




Norðaustan 5-13 í dag en 13-18 allra syðst. Él á austanverðu landinu en bjartviðri á Vesturlandi. Frostlaust með suðurströndinni en annars allt að 12 stiga frost, kaldast inn til landsins.

## Heimurinn

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannah. 1° | Oslo -2° | Stokkhólmur 0° | Gautaborg 3° | Helsinki 1° | Þórshöfn 3° | Nuuk -13° |
| London 6° | Amsterdam 4° | Paris 7° | Berlin 3° | Madrid 13° | Brussel 5° | Róm 14° |
| Boston -13° | New York -5° | Orlando 12° | Moskva 1° | Singapúr 28° | Tókýó 14° | Sydney 22° |









## Flóð & fjara

| | Flóð | Fjara |
|---|---|---|
| **Reykjavík** | | |
| | **09.45** | **03.31** |
| | 4,13m | 0,38m |
| | **22.10** | **15.58** |
| | 3,92m | 0,45m |
| **Akureyri** | | |
| | **01.52** | **07.51** |
| | 1,51m | 0,29m |
| | **14.04** | **20.12** |
| | 1,47m | 0,22m |
| **Ísafjörður** | | |
| | **11.43** | **05.38** |
| | 2,19m | 0,21m |
| | **00.09** | **18.12** |
| | 2,00m | 0,20m |

## Tunglstaða

Vaxandi

23%

Sólarupprás:

09.31

Sólarlag:

17.52

### Reykjavík

| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| -3° ←10 | 3° ↖20 | 3° ↗22 | -0° ←10 | -1° ↖8 |

### Ísafjörður

| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| -3° ↗11 | 1° ↖20 | 1° ↑18 | -4° ↑4 | -2° ↑10 |

### Akureyri

| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| -5° ↗6 | 0° ↑20 | 2° ↑26 | -7° ↑4 | -5° ↗7 |

### Egilsstaðir

| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| -9° ↗5 | -1° ↑10 | 3° ↑24 | 0° ↖9 | -6° ↗5 |

### Kirkjubæjarklaustur

| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| -3° ↓5 | 2° ↖7 | 2° ↗18 | 1° ↙8 | -1° ↘4 |

## Myndasögur

**PONDUS** — Eftir Frode Øverli




**GELGJAN** — Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**BARNALÁN** — Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



netto

VALENTÍNUSAR
Dagurinn

TILBOÐ BEINT FRÁ HJARTANU



LAMBA PRIME
3.598
ÁÐUR 3.998 KR/KG



LAMBALUNDIR FROSNAR
4.238
ÁÐUR 5.298 KR/KG




RANA PASTA
VERÐ FRÁ : 299
KR/PK



50%
AFSLÁTTUR

JARÐARBER
299
ÁÐUR 598 KR/PK




LINDT KONFEKTASKJA
HJARTALAGA TIN ASKJA – 212 G
1.998



GULRÓTARTERTA
989
ÁÐUR 1.498 KR/STK




LINDT KONFEKTASKJA
HJARTALAGA – 160 G
1.298

# Verkalýðshetja í slökkviliðsbúningi

**TÓNLIST**

**Sinfóníutónleikar**

★★★★★

**Sinfóníuhljómsveit Íslands flutti Leningrad-sinfóníuna eftir Shostakovitsj og fyrsta píanókonsertinn eftir Tsjajkovskí. Einleikari: Kirill Gerstein. Stjórnandi: James Gaffigan.**

**Eldborg í Hörpu**
**Fimmtudaginn 11. febrúar**

Þegar þýski herinn umkringdi Leningrad (St. Pétursborg) árið 1941 var Dmitri Shostakovitsj staddur þar og var í óða önn að semja sjöundu sinfóníu sína. Er hún var frumflutt skömmu síðar auglýsti Stalín hana óspart í áróðursskyni, e.t.v. til að vekja samúð umheimsins. Það bar árangur því fjallað var um sinfóníuna víða um heim. Time birti ítarlega grein um verkið. Á forsíðunni var mynd af tónskáldinu sem verkalýðshetju – í slökkviliðsbúningi! Fyrirsögnin var: „Mitt í sprengjuárásunum á Leningrad heyrði slökkviliðsmaðurinn Shostakovitsj hljóma sigursins.“ Sagt var að Shostakovitsj hefði samið sinfóníuna þegar hann var ekki að horfa á eyðilegginguna frá þakinu á tónlistarskólanum, og þegar hann var ekki að grafa skurði fyrir rússneska hermenn.

Fyrsti kafli sinfóníunnar er mjög sérstæður. Hann minnir sterklega á Bóleró eftir Ravel. Þar er sama stefið endurtekið aftur og aftur með sívaxandi þunga. Andrúmsloftið er erótískt, en hér er stemningin allt öðruvísi. Hún er miklu hrikalegri. Það er auðvelt að sjá fyrir sér marserandi hermenn og skriðdreka. Hápunkturinn er ógnvænlegur og öflin sem takast á, bæði í fyrsta þættinum og hinum líka, eru mögnuð.

Þetta skilaði sér í vönduðum flutningi Sinfóníuhljómsveitar Íslands undir stjórn James Gaffigan á tónleikum á fimmtudagskvöldið. Hljóðfæraleikurinn var nákvæmur og maður dáðist að því hve strengjaleikararnir voru samtaka. Bæði í veikustu tónunum og einnig þegar allt ætlaði um koll að keyra. Heilt gengi af slagverksleikurum með Steef van Oosterhout í broddi fylkingar var með sitt á hreinu. Sama má yfirleitt segja um málmblásarana. Almennt talað var túlkun Gaffigans á verkinu sérlega sannfærandi. Styrkleikabrigði voru meistaralega útfærð og uppbyggingin var markviss. Stígandin var úthugsuð og hápunktarnir voru gæddir sprengikrafti.

Hitt verkið á efnisskránni var hinn sívinsæli fyrsti píanókonsert eftir Tsjajkovskíj í meðförum Kirill Gerstein. Konsertinn var hér í eldri mynd sinni. Seinni útgáfan sem venjulega er spiluð kom ekki út fyrr en ári eftir að Tsjajkovskíj dó. Það er ósennilegt að hann hafi sjálfur átt hugmyndina að breytingunum sem þá höfðu verið gerðar. Konsertinn sem hér hljómaði, eldri útgáfan, var því sú sem Tsjajkovskíj stjórnaði margoft og hafði lagt blessun sína yfir.

Það var forvitnilegt að heyra konsertinn svona. Hann var ekki sérlega frábrugðinn venjulegu gerðinni og margt í honum var flott, þó hin gerðin sé vissulega straumlínulagaðri og glæsilegri.

Hvað um það, einleikarinn var frábær. Hann hristi erfiðustu tónahlaup fram úr erminni eins og ekkert væri. Túlkun hans var skemmtilega ögrafull, hápunktarnir voru svo geggjaðir að dásamlegt var á að hlýða. Sumt var e.t.v. ívið hratt, eins og miðhluti annars kafla, sem var nánast eins og grínatriði. En í það heila var flutningurinn rafmagnaður og fullur af dirfsku. Vonandi fær maður að heyra í þessum snilldar píanista aftur sem fyrst. **Jónas Sen**

**NIÐURSTAÐA:** Stórbrotinn flutningur á Leningrad-sinfóníunni eftir Shostakovitsj og fyrsti píanókonsert Tsjajkovskíjs var mergjaður.



**Kirill Gerstein píanóleikari og James Gaffigan stjórnandi voru klappaðir fram af sneisafullum Eldborgarsal Hörpunnar í lokin og hljómsveitin átti örugglega sinn skerf af aðdáun gestanna.** MYND/GREIPUR





Valentínusardagur
14. febrúar

Blóm gera kraftaverk

íslensk blóm




**Ragnheiður Steindórsdóttir, Edda Þórarinsdóttir, Rósa Guðný Þórsdóttir, Guðlaug María Bjarnadóttir, Lilja Þórisdóttir, Vilborg Halldórsdóttir, Þórunn Magnea Magnúsdóttir og Helga Björnsson standa að dagskránni í Iðnó að þessu sinni.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Tangóarnir tvinnast við ljóðin

Leikhúslistakonur 50+ standa fyrir ljóðadagskrá í Iðnó tvo næstu daga klukkan 20. Þar verða ljóð Nínu Bjarkar Árnadóttur flutt með tónum tangósveitarinnar Mandólín. Dagskráin nefnist „svo grætur garðurinn laufi“.

**TÓNLISTIN ER EINS OG ÁHERSLUPENNI SEM LYFTIR UNDIR LJÓÐIN OG MAGNAR TILFINNINGUNA.**

Þórunn Magnea Magnúsdóttir leikkona er leikstjóri dagskrárinnar. Hún segir hana þriðju stóru ljóðadagskrána sem þær stöllur flytji í Iðnó. „Í þetta sinn erum við með hljómsveit með okkur,“ segir Þórunn. „Tangóhljómsveitin Mandólín spilar tangóa sem tvinnast saman við ljóðin, án þess að við syngjum þau. Tónlistin er eins og áherslupenni sem lyftir undir ljóðin og magnar tilfinninguna.“

Helga Björns hannar búningana. „Í upphafi eru leikkonurnar í svörtum kjólum og svo bæta þær á sig litum þegar líður á. Það er svolítið í anda ljóðanna. Við byrjum í æskunni en svo koma nýir tónar inn í lífið, ástin fer að trufla og eitt og annað.“

Þórunn kveðst hafa kynnst ljóðskáldinu Nínu Björk þegar þær voru fimmtán ára og fylgst með henni eftir það. „Við vorum alltaf í vinfengi,“ undirstrikar hún. Leikhúslistakonurnar sem komnar eru yfir fimmtugt hittast reglulega í Iðnó, hvort sem þær eru að undirbúa viðburð eða ekki. „Það er alltaf hittingur einu sinni í viku og þær mæta sem geta,“ segir Þórunn. „Í hópnum eru leikkonur, sminkur, búningahönnuðir, leikstjórar, leikmyndahönnuðir, sýningarstjórar, leikhúsfræðingar, alls yfir 100 konur. Iðnó er okkar heimili og þar eigum við alltaf skemmtilegar stundir.“

**gun@frettabladid.is**

# MORÐINGI OG GULL AF MANNI

★★★★

STEINÞÓR GUÐBJARTSSON / MORGUNBLAÐIÐ




1.
Metsölulisti Eymundsson
Heildarlisti - vika 5

★★★★★

„Æsileg blanda af kímni og alvöru, mýkt og hryllingi, leik og dauða."
BERLINGSKE

*www.forlagid.is* | *Bókabúð Forlagsins* | *Fiskislóð 39*










Góða skemmtun í bíó











# Hvað? Hvenær? Hvar?

## Laugardagur Sunnudagur

### 13. FEBRÚAR

#### Tónlist

Hvað? Bjössi Thor og Laufið
Hvenær? 20.00
Hvar? Bæjarbíó, Hafnarfirði
Gítarleikarinn Björn Thoroddsen efnir til tónleika á heimavelli með sinni allra fyrstu hljómsveit, hafnfirsku hljómsveitinni Laufinu. Miðaverð er 3.900 krónur.

Hvað? Nýdanskir dagar á Græna hattinum
Hvenær? 22.00
Hvar? Græni hatturinn
Hljómsveitin Nýdönsk heldur tónleika á Nýdönskum dögum á Græna hattinum, Akureyri. Miðaverð er 4.900 krónur.

Hvað? Milkywhale og GKR með tónleika
Hvenær? 21.00
Hvar? Húrra
Milkywhale og GKR ætla að spila fyrir dansi í kvöld. Það kostar 2.000 krónur inn.

Hvað? Bestu lög Vilhjálms Vilhjálmssonar
Hvenær? 20.00
Hvar? Eldborgarsal Hörpu
Söngvararnir Friðrik Ómar, Guðrún Gunnarsdóttir, Jóhann Vilhjálmsson, Jógvan Hansen, Margrét Eir og Erna Hrönn koma fram ásamt einvalaliði 15 hljóðfæraleikara undir stjórn Karls Olgeirssonar og flytja bestu lög Vilhjálms.



Friðrik Ómar Hjörleifsson ásamt fleirum verður í Eldborgarsal Hörpu í kvöld.

#### Uppistand

Hvað? Mið-Ísland
Hvenær? 20.00 og 22.30
Hvar? Þjóðleikhúskjallarinn
Mið-Ísland heilsar árinu 2016 með glænýrri uppistandssýningu í Þjóðleikhúskjallaranum. Miðaverð er 3.500 krónur.

#### Listamannaspjall

Hvað? Listamannaspjall
Hvenær? 15.00
Hvar? Listasafn ASÍ
Bryndís Snæbjörnsdóttir og Mark Wilson velta fyrir sér tengslunum milli mannlegra og ómannlegra vera við tiltekið umhverfi.

#### Listasýningar

Hvað Tracing the Land
Hvenær? 14.00
Hvar? Mjólkurbúðin, listagili, Akureyri
Ellis O'Connor sýnir teikningar sem hún hefur unnið hér á landi. Sýningin Tracing the Land stendur yfir aðeins þessa einu helgi og er opið laugardag og sunnudag.

#### Námskeið

Hvað? Shai Faran – námskeið
Hvenær? 10.00
Hvar? Tjarnarbíó
Ísraelski dansarinn Shai Faran heldur námskeið fyrir dansara, þar sem hún kennir tækni sem gengur út á samsetningu og niðurbrot á ólíkum hreyfingum. Námskeið fer fram á laugardag og sunnudag klukkan 10-16.

### 14. FEBRÚAR

#### Listamannaspjall

Hvað? Listamannaspjall
Hvenær? 14.00
Hvar? Listasafn Íslands
Halldór Björn Runólfsson, safnstjóri Listasafns Íslands og sýningarstjóri sýningarinnar Kvartett, ræðir við listamanninn Gauthier Hubert um feril hans.

Hvað? Sunnudagsleiðsögn
Hvenær? 15.30
Hvar? Listasafn Íslands
Björg Erlingsdóttir, deildarstjóri fræðsludeildar Listasafns Íslands, leiðir gesti um sýninguna Uppstilling af íslenskri list.

#### Tónlist

Hvað? Tónleikar með Stórsveit Reykjavíkur
Hvenær? 20.00
Hvar? Silfurbergi í Hörpu



Stórsveit Reykjavíkur flytur verkið Far East Suite eftir Duke Ellington, níu laga svítu sem Ellington samdi í samvinnu við Billy Strayhorn.

#### Leiksýningar

Hvað? Hafdís og Klemmi og leyndarmál háaloftsins
Hvenær? 11.00
Hvar? Árbæjarkirkja
Aðgangur er ókeypis. Hafdís og Klemmi er skemmtileg leiksýning fyrir börn á öllum aldri.

Hvað? Old Bessastaðir
Hvenær? 20.30
Hvar? Tjarnarbíó
Old Bessastaðir er nýtt leikverk eftir Sölku Guðmundsdóttur í uppfærslu Sokkabandsins.




BIO ★ PARADIS HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19

Joy ........ 17:30
A Blast ........ 18:00
Virgin mountain / Fúsi ensk. ........ 18:00
Youth ........ 20:00
Njósnir, lygar og fjölskyldubönd ensk. ........ 20:00
Rams / Hrútar ensk. ........ 20:00
A Perfect day ........ 22:30
Marguerite ........ 22:00
Sparrows / Þrestir ensk. ........ 22:00




NÝJAR
VÖRUR
BY MALENE BIRGER
'S MAX MARA
SAMSØE SAMSØE
KRISTENSEN DU NORD
BRUUNS BAZAAR
CONDITION APPLY
BLANK
DKNY
DIESEL
ROSEMUNDE
STELLA NOVA
COMME DES GARÇONS
VENTCOUVERT
HARTFORD
PLEASE
WIGGYS
RAINS
HUNTER
R.M. WILLIAMS
FREE LANCE
STRATEGIA
BILLI BI
FRUIT
eva
Laugavegi 26
... 50% útsöluslár eru aftast í verslun
fylgdu okkur á facebook - www.facebook.com/verslunin.eva


70% afsl.
af öllum
vörum
FATÓ
MARKAÐUR - OUTLET
OPNUNARTÍMAR
mán-fim: 11-18
fös: 11-18:30
lau: 11-18
sun: 13-17
ENN MEIRI AFSLÁTTUR
Í OKKAR VINSÆLA FATÓ MARKAÐI
... búið að vera brjálað að gera!
FATÓ - ÚTSÖLUMARKAÐUR í kjallara evu laugavegi 26 - FATÓ

## Hælisleitandi börn, fylgdarlaus börn á flótta

Hefur þú áhuga á að taka inn á heimili þitt barn sem gæti verið á aldrinum 13 – 17 ára og kemur án fylgdar fullorðinna til Íslands?

Óskað er eftir áhugasömu fólki sem er tilbúið að vista eða fóstra barn á heimili sínu til lengri eða skemmri tíma. Æskilegt er að þeir sem taka að sér börn í slíkum aðstæðum hafi reynslu eða þekkingu á málefnum flóttabarna, mismunandi menningu þeirra, trú og hefðum og eða tali tungumál þeirra. Nauðsynlegt er að umsækjendur hafi áhuga og möguleika á að sinna margvíslegum þörfum barnanna í nýju umhverfi og veita þeim öruggt skjól á heimili sínu.

Áhugasamir vinsamlega hafi samband við Barnaverndarstofu í síma 530 2600 eða sendi tölvupóst á bvs@bvs.is.

Mikilvægt er að umsækjendur geti alfarið verið heimavinnandi sé talin þörf á eða hafi sveigjanlegan vinnutíma ef þeir vinna utan heimilis. Þeir umsækjendur sem taka að sér barn munu fá viðeigandi undirbúning og fræðslu.







# DAGSKRÁ

# Laugardagur

## STÖÐ 2

07.01 Strumparnir
07.25 Víkingurinn Vic
07.40 Dora the Explorer
08.30 Mamma Mu
08.40 Tommi og Jenni
09.00 Með afa
09.10 Óskastund með Skoppu og Skítlu
09.25 Elías
09.35 Latibær
09.45 Mæja býfluga
09.55 Stóri og litli
10.05 Kalli kanína og félagar
10.30 Gulla og grænjaxlarnir
10.40 Teen Titans Go!
11.05 Beware the Batman
11.30 Bold and the Beautiful
12.50 Bold and the Beautiful
13.15 Bomban
14.05 Ísland Got Talent
15.10 Lögreglan
15.40 Landnemarnir
16.15 Heimsókn
16.45 Matargleði Evu
17.15 Sjáðu
17.45 ET Weekend
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.55 Sportpakkinn
19.10 Lottó
19.15 Simpson-fjölskyldan
19.35 Two and a Half Men
20.00 Trip to Italy
21.50 Taken 3 Frábær spennumynd frá árinu 2014 þar sem Liam Neeson fer á kostum sem fyrrverandi leynilögreglumaðurinn Bryan Mills, en hann er grunaður um að hafa myrt eiginkonu sína.
23.40 Annabelle
01.20 Collateral
03.15 Nine
05.10 ET Weekend
05.50 Fréttir
05.50 Taken 3

## SPORT

10.40 NFL Gameday
11.05 World Strongest Man
11.35 Bundesliga Weekly
12.05 West Ham - Liverpool
14.25 La Liga Report
14.55 Real Mad. - Athletic Bilb. BEINT
17.05 Dallas Mavericks - San Antonio Spurs
18.55 Sounds of the Finals
19.40 Juventus - Napoli BEINT
21.50 Strength in Numbers - GS Warriors Champoions Movie
23.10 UFC Now
00.00 UFC Fight Night: Hendricks vs Thompson

## SPORT 2

08.10 Liverpool - Sunderland
09.55 Chelsea - Man. Utd.
11.35 PL Match Pack
12.05 Premier League Preview
12.35 Sunderland - Man. Utd. BEINT
14.50 Swansea - Southampt. BEINT
17.00 Markasyrpa
17.20 Chelsea - Newcastle BEINT
19.30 Swansea - Southampton
21.10 Everton - WBA
22.50 Crystal Palace - Watford
00.30 Norwich - West Ham
02.10 Bournemouth - Stoke

## GOLFSTÖÐIN

09.05 AT&T Pebble Beach
12.05 Hyundai Tournament of Champions
14.05 AT&T Pebble Beach
17.05 Champions Tour Highlights
18.00 AT&T Pebble Beach
23.00 Golfing World
23.50 Inside The PGA Tour

## STÖÐ 3

16.35 Ravenswood
17.40 Last Man Standing
18.05 Masterchef USA
18.50 American Idol
19.35 American Idol
21.00 Supernatural
21.45 Sons of Anarchy
22.50 Bob's Burgers
23.15 American Dad
23.35 The Cleveland Show
00.00 South Park
00.20 Supernatural
01.05 Sons of Anarchy
02.05 Bob's Burgers
02.30 American Dad
02.50 Tónlistarmyndbönd frá Bravó

## KRAKKASTÖÐIN

07.00 Brunabílarnir
07.25 Ljóti andarunginn og ég
07.47 Ævintýraferðin
08.00 Dóra könnuður
08.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar
08.45 Gulla og grænjaxlarnir
08.55 Tommi og Jenni
09.00 Áfram Diego, áfram!
09.24 Svampur Sveinsson
09.49 Rasmus Klumpur og félagar
09.55 UKI
10.00 Ævintýri Tinna
10.23 Kalli á þakinu
10.48 Hvellur keppnisbíll
11.00 Brunabílarnir
11.24 Ljóti andarunginn og ég
11.46 Ævintýraferðin
11.59 Dóra könnuður
12.23 Mörgæsirnar frá Madagaskar
12.44 Gulla og grænjaxlarnir
12.54 Tommi og Jenni
13.00 Áfram Diego, áfram!
13.24 Svampur Sveinsson
13.49 Rasmus Klumpur og félagar
13.55 UKI
14.00 Ævintýri Tinna
14.23 Kalli á þakinu
14.48 Hvellur keppnisbíll
15.00 Brunabílarnir
15.24 Ljóti andarunginn og ég
15.46 Ævintýraferðin
16.00 Dóra könnuður
16.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar
16.45 Gulla og grænjaxlarnir
16.55 Tommi og Jenni
17.00 Áfram Diego, áfram!
17.24 Svampur Sveinsson
17.49 Rasmus Klumpur og félagar
17.55 UKI
18.00 Ævintýri Tinna
18.23 Kalli á þakinu
18.48 Hvellur keppnisbíll
19.00 Robots

## GULLSTÖÐIN

18.15 Two and a Half Men
18.40 Friends
19.00 How I Met Your Mother
19.25 Modern Family
19.50 Heilsugengið
20.20 Stelpurnar
20.45 The Mentalist
21.30 Mr Selfridge
22.20 Rita
23.05 The Night Shift
23.45 Heilsugengið
00.15 Stelpurnar
00.35 The Mentalist
01.20 Mr Selfridge
02.05 Tónlistarmyndbönd frá Bravó

## BÍÓSTÖÐIN

08.10 Dodgeball. A True Underdog Story
09.45 Jersey Boys
11.55 Journey to the End of the Night
13.25 Fed up
15.00 Dodgeball. A True Underdog Story
16.35 Jersey Boys
18.50 Journey to the Center of the Earth
20.25 Fed up
22.00 Unbroken
00.15 Seal Team Eight. Behind Enemy Lines
01.50 The Mule
03.25 Unbroken
06.35 The Truth About Cats and Dogs

## RÚV

07.00 KrakkaRÚV
07.01 Háværa ljónið Urri
07.11 Nellý og Nóra
07.17 Einar Áskell
07.33 Ólivía
07.44 Veistu hvað ég elska þig mikið?
07.55 Póló
08.07 Snillingarnir
08.30 Úmísúmí
08.53 Kata og Mummi
09.04 Litli prinsinn
09.28 Hrói Höttur
09.39 Einmitt svona sögur
09.44 Skógargengið
09.55 Uss-Uss!
10.06 Undraveröld Gúnda
10.15 Krakkafréttir vikunnar
10.40 Menningin
11.00 Vikan með Gísla Marteini
11.40 Gettu betur
12.45 Íslenskur matur
13.15 Íþróttaafrek sögunnar
13.45 Snæfell - Grindavík
16.15 KR - Þór Þ.
18.20 Táknmálsfréttir
18.30 KrakkaRÚV
18.31 Unnar og vinur
18.54 Lottó
19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir
19.35 Veður
19.45 Hraðfréttir
20.00 Söngvakeppnin 2016
21.40 Johnny English Reborn
23.20 12 Years a Slave
01.30 Rocky
03.05 Útvarpsfréttir í dagskrárlok
03.10 Næturvarp
03.55 Næturvarp
04.30 Næturvarp
05.20 Næturvarp

## SKJÁREINN

06.00 Pepsi MAX tónlist
13.20 Dr. Phil
14.00 Dr. Phil
14.40 The Tonight Show
15.20 The Tonight Show
16.00 The Tonight Show
16.40 Top Gear USA
17.25 The Muppets
17.50 Rules of Engagement
18.15 The McCarthys
18.40 Black-ish
19.05 Life Unexpected
19.50 How I Met Your Mother
20.15 Four Weddings and a Funeral
22.15 One For the Money
23.50 Identity Thief
01.45 Fargo
02.30 CSI
03.15 Unforgettable
04.00 The Late Late Show
04.40 The Late Late Show
05.20 Pepsi MAX tónlist

## ÚTVARP

FM 88,5 XA-Radíó
FM 89,5 Retro
FM 90,1 Rás 2
FM 90,9 Gullbylgjan
FM 93,5 Rás 1
FM 95,7 FM957
FM 96,3 FM Suðurland
FM 96,7 Létt Bylgjan
FM 97,7 X-ið
FM 98,9 Bylgjan
FM 99,4 Útvarp Saga
FM 100,5 K100
FM 102,9 Lindin



# Kokkur ársins 2016

**Úrslit í keppninni Kokkur ársins fara fram í salnum Flóa á jarðhæð Hörpu í dag.**

## Komið og fylgist með!

**Frá kl. 15-18 er salurinn opinn gestum og gangandi sem geta fylgst með kokkunum að störfum. Aðgangur er ókeypis.**

**Hátíðarkvöldverður kl. 18**
Kokkalandsliðið matreiðir fjögurra rétta máltíð sem borin verður fram með sérvöldu víni.

Gunnar Hansson leikari sér um veislustjórn og heldur uppi stemningu ásamt tónlistarmanninum Matta Matt.

Verðlaunaafhending
Ragnheiður Elín Árnadóttir, iðnaðar - og viðskiptaráðherra, krýnir Kokk ársins 2016.

Miðapantanir á chef@chef.is

Keppnin Kokkur ársins 2016 er í samstarfi við IKEA og Stöð 2




**2 | 19:10**

**ÍSLAND GOT TALENT**

Glæsilegir íslenskir skemmtiþættir þar sem leitað er að hæfileikaríkustu einstaklingum landsins. Rapparinn góðkunni Emmsjé Gauti er kynnir keppninnar og dómnefndina skipa þau Jakob Frímann Magnússon, Ágústa Eva Erlendsdóttir, Dr. Gunni og Marta María Jónasdóttir.

SKEMMTILEGUR SUNNUDAGUR

Fáðu þér áskrift á **365.is**

365



**2 | 20:05**

**LÖGREGLAN**

Einstaklega vandaðir þættir þar sem Ásgeir Erlendsson skyggnist á bak við tjöldin hjá nokkrum deildum lögreglunnar og fylgir laganna vörðum eftir um nokkurra vikna skeið. Við kynnumst íslenskum raunveruleika eins og hann blasir við lögreglumönnum landsins.

**2 | 20:30**

**RIZZOLI AND ISLES**

Sjötta serían af þessum vinsælu og stórgóðu þáttum um lögreglukonuna Jane Rizzoli og réttarmeinafræðinginn Maura Isles.




**2 | 21:15**

**THE X-FILES**

Alríkislögregluparið Mulder og Scully rannsakar dularfull og yfirnáttúruleg mál sem koma inn á borð bandarísku alríkislögreglunnar.



**| 08:15-04:25**

**VALENTÍNUSARDAGURINN Á BÍÓSTÖÐINNI**

Rómantíkin ræður ríkjum á Bíóstöðinni og vel valdar rómantískar og skemmtilegar kvikmyndir verða sýndar allan Valentínusardaginn.



Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 333 kr. á dag. 365.is

# DAGSKRÁ

# Sunnudagur

## STÖÐ 2

**07.00** Barnatími Stöðvar 2
**07.01** Strumparnir
**07.25** UKI
**07.30** Doddi litli og Eyrnastór
**07.40** Elías
**07.50** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**08.10** Víkingurinn Vic
**08.25** Tommi og Jenni
**08.45** Zigby
**09.00** Með afa
**09.05** Óskastund með Skoppu og Skítlu
**09.20** Gulla og grænjaxlarnir
**09.30** Rasmus Klumpur og félagar
**09.40** Stóri og litli
**09.50** Ævintýraferðin
**10.00** Ljóti andarunginn og ég
**10.25** Loonatics Unleashed
**11.10** Ninja-skjaldbökurnar
**11.35** iCarly
**12.00** Nágrannar
**12.20** Nágrannar
**12.40** Nágrannar
**13.00** Nágrannar
**13.20** Nágrannar
**13.45** American Idol
**14.30** American Idol
**15.55** Jamie's Super Food
**16.50** 60 mínútur
**17.40** Eyjan
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.55** Sportpakkinn
**19.10** Ísland Got Talent
**20.05** Lögreglan
**20.30** Rizzoli & Isles
**21.15** The X-Files
**22.00** Shameless Sjötta þáttaröðin af þessum bráðskemmtilegu þáttum um skrautlega fjölskyldu. Fjölskyldufaðirinn er forfallinn alkóhólisti, mamman löngu flúin að heiman og uppátækjasamir krakkarnir sjá um sig sjálfir.
**22.55** 60 mínútur
**23.40** Vice 4
**00.10** Suits
**01.00** Vinyl
**02.55** Blood Ties
**05.00** The Art of More
**05.45** Boardwalk Empire

## SPORT

**09.15** Juventus og Napoli
**10.55** NFL Gameday
**11.25** AC Milan og Genoa BEINT
**13.25** Real Mad. og Athletic Bilbao
**15.05** Rhein-Neckar Löwen og Vardar í Meistaradeild Evrópu í handbolta.
**16.25** Augsburg og Bayern Munchen BEINT
**18.25** Flensburg og Kiel í Meistaradeild Evrópu í handbolta.
**20.00** Meistaradeildin í hestaíþróttum
**23.20** Barcelona og Celta
**01.00** NBA - All Star Game BEINT

## SPORT 2

**08.00** Premier League World
**08.30** Sunderland og Manch. Unit.
**10.10** Chelsea og Newcastle
**11.50** Arsenal og Leicester BEINT
**13.55** Aston Villa og Liverpool BEINT
**16.05** Manch. City og Tottenham BEINT
**18.15** Arsenal og Leicester City
**19.55** Aston Villa og Liverpool
**21.35** Manchester City og Tottenham Hotpsur
**23.15** Swansea City og South.

## GOLFSTÖÐIN

**08.00** Commercialbank Qatar Masters
**12.35** T&T Pebble Beach
**17.35** Inside The PGA Tour
**18.00** AT&T Pebble Beach
**23.30** PGA Tour 2016 - Highlights

## STÖÐ 3

**16.30** Comedians
**16.55** Suburgatory
**17.15** First Dates
**18.05** Hell's Kitchen USA
**18.50** My Dream Home
**19.35** The Amazing Race. All Stars
**20.20** Bob's Burgers
**20.45** American Dad
**21.10** The Cleveland Show
**21.35** Brickleberry
**22.00** South Park
**22.25** The Mysteries of Laura
**23.10** Vampire Diaries
**23.50** Bob's Burgers
**00.15** American Dad
**00.35** The Cleveland Show
**01.00** Brickleberry
**01.20** South Park
**01.45** Tónlistarmyndbönd frá Bravó

## KRAKKASTÖÐIN

**07.00** Brunabílarnir
**07.25** Ljóti andarunginn og ég
**07.47** Ævintýraferðin
**08.00** Dóra könnuður
**08.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**08.45** Gulla og grænjaxlarnir
**08.55** Tommi og Jenni
**09.00** Áfram Diego, áfram!
**09.24** Svampur Sveinsson
**09.49** Rasmus Klumpur og félagar
**09.55** UKI
**10.00** Ævintýri Tinna
**10.23** Kalli á þakinu
**10.48** Hvellur keppnisbíll
**11.00** Brunabílarnir
**11.24** Ljóti andarunginn og ég
**11.46** Ævintýraferðin
**11.59** Dóra könnuður
**12.23** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**12.44** Gulla og grænjaxlarnir
**12.54** Tommi og Jenni
**13.00** Áfram Diego, áfram!
**13.24** Svampur Sveinsson
**13.49** Rasmus Klumpur og félagar
**13.55** UKI
**14.00** Ævintýri Tinna
**14.23** Kalli á þakinu
**14.48** Hvellur keppnisbíll
**15.00** Brunabílarnir
**15.24** Ljóti andarunginn og ég
**15.46** Ævintýraferðin
**16.00** Dóra könnuður
**16.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**16.45** Gulla og grænjaxlarnir
**16.55** Tommi og Jenni
**17.00** Áfram Diego, áfram!
**17.24** Svampur Sveinsson
**17.49** Rasmus Klumpur og félagar
**17.55** UKI
**18.00** Ævintýri Tinna
**18.23** Kalli á þakinu
**18.48** Hvellur keppnisbíll
**19.00** Robots

## GULLSTÖÐIN

**18.15** Two and a Half Men
**18.40** Friends
**19.00** How I Met Your Mother
**19.25** Modern Family
**19.50** Viltu vinna milljón?
**20.30** Rita
**21.10** Twenty Four
**21.55** The Night Shift
**22.40** Sisters
**23.30** The 100
**00.10** Viltu vinna milljón?
**00.50** Rita
**01.30** Twenty Four
**02.15** The Night Shift
**02.55** Tónlistarmyndbönd frá Bravó

## BÍÓSTÖÐIN

**08.15** The Jane Austen Book Club
**10.00** Great Expectations
**11.50** Eat Pray Love
**14.10** The Truth About Cats and Dogs
**15.50** The Jane Austen Book Club
**17.40** Great Expectations
**19.35** Eat Pray Love Rómantísk mynd frá 2010 með Juliu Roberts sem byggð er á metsölubók Elizabeth Gilbert.
**22.00** Sex and the City
**00.30** Romeo and Juliet
**02.30** Safe Haven
**04.25** Sex and the City

## RÚV

**07.00** Barnaefni
**09.00** Disneystundin
**09.01** Finnbogi og Felix
**09.23** Sígildar teiknimyndir
**09.30** Gló magnaða
**09.52** Millý spyr
**09.59** Klaufabárðarnir
**10.06** Chaplin
**10.15** Ævar vísindamaður
**10.45** Hraðfréttir
**10.55** Söngvakeppnin 2016
**12.35** Sjöundi áratugurinn - Sjónvarpið kemur til sögunnar
**13.20** Augnablik - úr 50 ára sögu sjónvarps
**13.35** Í saumana á Shakespeare
**14.30** Kiljan
**15.05** Íslenskur matur
**15.30** Rusl á matseðlinum Just Eat It
**16.30** Ahmed og Team Physix
**16.45** Á flótta
**17.25** Táknmálsfréttir
**17.35** KrakkaRÚV
**17.36** Dóta læknir
**18.00** Stundin okkar
**18.25** Íþróttaafrek sögunnar
**19.00** Fréttir
**19.25** Íþróttir
**19.35** Veður
**19.45** Landinn
**20.15** Háski í Vöðlavík
**21.05** Ófærð
**22.00** Kynlífsfræðingarnir
**23.00** Ofurhetja deyr Death of a Superhero
**00.35** Útvarpsfréttir í dagskrárlok
**00.40** Næturvarp Peggy Ahwesh
**01.40** Næturvarp Camille Henrot
**02.40** Næturvarp Keren Cytter
**03.20** Næturvarp Peggy Ahwesh
**04.20** Næturvarp Camille Henrot
**05.20** Næturvarp Keren Cytter
**06.00** Næturvarp Peggy Ahwesh

## SKJÁREINN

**06.00** Pepsi MAX tónlist
**13.00** Dr. Phil
**13.40** Dr. Phil
**14.20** Dr. Phil
**15.00** The Tonight Show
**15.40** The Tonight Show
**16.20** Bachelor Pad
**17.50** The Millers
**18.15** Difficult People
**18.40** Baskets
**19.05** The Biggest Loser - Ísland
**20.15** Scorpion
**21.00** Law & Order. Special Victims Unit
**21.45** The People v. O.J. Simpson. American Crime Story
**22.30** The Affair
**23.15** The Walking Dead
**00.00** Hawaii Five-0
**00.45** Rookie Blue
**01.30** Law & Order. Special Victims Unit
**02.15** The People v. O.J. Simpson. American Crime Story
**03.00** The Affair
**03.45** The Walking Dead
**04.30** The Late Late Show
**05.10** Pepsi MAX tónlist

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin

ego dekor

# ÚTSÖLULOK

## 20-50% AFSLÁTTUR




**- 20%**

MAXWELL HORNTUNGUSÓFI
Stærð: 308X190/155cm
Verð: 265.000,-
ÚTSÖLUVERÐ: 212.000,-

**- 25%**

NAPOLI TUNGUSÓFI
Stærð: 292X168cm
Verð: 239.000,-
ÚTSÖLUVERÐ: 179.250,-



**- 30%**



ATLAS TUNGUSÓFI
Stærð: 292X173cm
Verð: 253.000,-
ÚTSÖLUVERÐ: 177.100,-

**- 40%**

MOBI SKENKUR
Breidd: 205cm
Verð: 129.000,-
ÚTSÖLUVERÐ: 77.400,-



**- 40%**



MOBI TV SKENKUR
Breidd: 195cm
Verð: 109.000,-
ÚTSÖLUVERÐ: 65.400,-

Opið mán - fös: 10.00 - 18.00
Opið um helgina: Lau 10.00 - 16.00 Sun 13.00 - 16.00

Ego Dekor - Bæjarlind 12
www.egodekor.is

# Innblásturinn kemur alls staðar að

Barþjónninn **Ali Reynolds** var á dögunum hér á landi og hélt námskeið fyrir kokteilakeppnina World Class Bartending. Ali er á lista yfir sex bestu barþjóna heims og segir að í heimahúsi sé best að halda kokteilagerðinni einfaldri.

Gyða Lóa Ólafsdóttir
gydaloa@frettabladid.is



**Þegar ég var** í háskóla í Nottingham byrjaði ég að vinna á bar og fór svo að reka bari aðeins síðar og hélt því áfram. Þú ert alltaf að hitta nýtt fólk, færð að vera skapandi og engir tveir dagar í vinnunni eru eins. Þetta er búin að vera skemmtileg ferð og núna ferðast ég um heiminn og bý til drykki sem ég er viss um að er draumur margra," segir barþjónninn Ali Reynolds sem staddur var hér á landi á dögunum að kenna námskeið í tengslum við World Class Bartending keppnina sem er ein stærsta og virtasta barþjónakeppni í heimi. Ísland tekur þátt í keppninni í fyrsta sinn í ár en hún fer fram næsta haust. Í fyrra var Ali í fjórða sæti í keppninni og atti kappi við þrjú þúsund aðra áhugasama barþjóna um að fá að fara sem fulltrúi Bretlands en hann starfar á veitinga- og kokteilastaðnum Hawksmoor í London.

Þegar hann er spurður að því hvort hann hafi búist við að barþjónavinnan sem hann fékk í háskóla yrði til þess að hann ferðaðist um heiminn er hann fljótur að neita því.

Á Hawksmoor er kokteilalistanum breytt mánaðarlega og segir Ali sífelldar tilraunir vera eitt af því skemmtilegasta við starfið.

„Maður er alltaf að læra eitthvað nýtt. Mér finnst það vera það góða við þennan bransa. Innblásturinn kemur alls staðar að," segir hann og heldur áfram: „Að ferðast og fá tækifæri til þess að sjá nýja hluti hjálpar auðvitað til og ég mun tvímælalaust taka einhvern innblástur með mér héðan frá Íslandi og heim."


**Ali Reynolds segir sífelldar tilraunir vera það sem geri starfið skemmtilegt.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Seinna undankvöldið í Söngvakeppninni verður í kvöld

Sex lög etja kappi um að komast áfram. Keppendur kvöldsins svöruðu nokkrum skemmtilegum spurningum.

## HLJÓMSKÁLAGARÐURINN EINSTAKLEGA HENTUGUR





**Magnús Thorlacius** flytur lagið Ótöluð orð ásamt **Ernu Mist.** Þau sömdu bæði lag og texta saman.

*Hvert er uppáhaldsdýrið þitt?* **Magnús:** Uppáhaldsdýrið mitt er kisi. **Erna:** Mitt uppáhaldsdýr er kisi.

*Hvar á að halda keppnina hér á landi ef við vinnum?* **Magnús:** Við ættum að halda hana í Hljómskálagarðinum. **Erna:** Við ættum að halda hana í Hvalfirðinum.

*Uppáhalds Eurovisionlag allra tíma?* **Magnús:** Monster Like Me, Noregur í fyrra. **Erna:** Andvaka sem lenti í öðru sæti þegar Silvía Nótt var í fyrsta sæti.

*Hver viltu að verði næsti forseti Íslands?* **Magnús:** Bara einhver skemmtilegur. **Erna:** Páll Óskar.

*Hver er þín helsta fyrirmynd í lífinu?* **Magnús:** Erna. **Erna:** Tim Burton.

## SELMA BJÖRNS OG CELINE DION VORU FLOTTASTAR



**Alda Dís Arnardóttir** flytur lagið Augnablik. **Alma Guðmundsdóttir** og **James Wong** sömdu lagið. Þau sömdu einnig textann ásamt **Öldu Dís.**

*Uppáhaldsdýrið þitt?* Hundar.

*Hvar á að halda keppnina hér á landi ef við vinnum?* Í tómu vatnsverksmiðjunni í Rifi í Snæfellsbæ, ekki spurning!

*Uppáhalds Eurovisionlag allra tíma?* All Out of Luck með Selmu Björns og Ne partez pas sans moi með Celine Dion.

*Hver viltu að verði næsti forseti Íslands?* Ég þarf að kynna mér þessar forsetakosningar betur en ef ég þyrfti að svara þá var ég orðin soldið spennt fyrir Halldóru Geirharðs.

*Hver er þín helsta fyrirmynd í lífinu?* Mamma en líka allar konur með gott sjálfstraust, það er svo aðdáunarvert og alls ekki sjálfgefið!

## SUÐURAFRÍSK GRAMEÐLA OG KISA Í UPPÁHALDI





**Guðmundur Snorri Sigurðarson** flytur lagið Spring yfir heiminn ásamt **Þórdísi Birnu Borgarsdóttur. Júlí Heiðar Halldórsson** samdi lagið og einnig textann ásamt **Guðmundi Snorra.**

*Uppáhaldsdýrið þitt?* **G:** Uppáhaldsdýrið mitt er suðurafrísk grameðla, helst gráblá, en sætti mig alveg við annan lit. **Þ:** Kisa

*Hvar á að halda keppnina hér á landi ef við vinnum?* **G:** Það þarf að halda hana í túninu heima. **Þ:** Í Herjólfsdal.

*Uppáhalds Eurovisionlag allra tíma?* **G:** Lagið sem Malta tók árið 2001. **Þ:** Euphoria.

*Hver viltu að verði næsti forseti Íslands?* **G:** Jón Gnarr þarf að koma sér á Bessastaði. **Þ:** Er bara frekar hlutlaus eins og er.

*Hver er þín helsta fyrirmynd í lífinu?* **G:** Fyrirmyndir mínar eru faðir minn, Donald Glover & Aaron Paul. **Þ:** Foreldrar mínir.

## VILL FÁ VIGDÍSI FINNBOGA AFTUR



**Elísabet Ormslev** flytur lagið Á ný. **Greta Salóme Stefánsdóttir** á lag og texta.

*Uppáhaldsdýr?* Kettir, pöndur og hundar.

*Hvar á að halda keppnina hér á landi ef við vinnum?* Í Kórnum í Kópavogi.

*Uppáhalds Eurovisionlag allra tíma?* Molitva – Marija Serifovic og Love Injected – Aminata.

*Hver viltu að verði næsti forseti Íslands?* Ég vil fá Vigdísi Finnboga aftur.

*Hver er þín helsta fyrirmynd í lífinu?* Mamma mín, afi minn og Adele.

## HÖLDUM KEPPNINA Á VOPNAFIRÐI



**Pálmi Gunnarsson** flytur lagið Ég leiði þig heim. Lag og texti er eftir **Þóri Úlfarsson.**

*Hvert er uppáhaldsdýrið þitt?* Hrafninn.

*Hvar á að halda keppnina hér á landi ef við vinnum?* Á Vopnafirði.

*Uppáhalds Eurovisionlag allra tíma?* Waterloo.

*Hver viltu að verði næsti forseti Íslands?* Snorri Ásmundsson.

*Hver er þín helsta fyrirmynd í lífinu?* Móðir mín.

## PALLA Á BESSASTAÐI



**Helgi Valur Ásgeirsson** flytur lagið Óvær. Lag og texti er eftir **Karl Olgeirsson.**

*Hvert er uppáhaldsdýrið þitt?* Svarti pardusinn.

*Hvar á að halda keppnina hér á landi ef við vinnum?* Á Selfossi.

*Uppáhalds Eurovisionlag allra tíma?* Euphoria.

*Hver viltu að verði næsti forseti Íslands?* Páll Óskar.

*Hver er þín helsta fyrirmynd í lífinu?* Mamma.

**MAÐUR ER ALLTAF AÐ LÆRA EITTHVAÐ NÝTT. MÉR FINNST ÞAÐ VERA ÞAÐ GÓÐA VIÐ ÞENNAN BRANSA. INNBLÁSTURINN KEMUR ALLS STAÐAR AÐ.**

Ali er hrifinn af íslenskri kokteilamenningu sem hefur óumdeilanlega vaxið á síðustu árum. „Ég fór á nokkra bari í Reykjavík og ég veit ekki hversu mikið ég get raunverulega kennt þeim svo ég held ég verði bara gefa þeim ráð um hvernig á að vinna World Class keppnina,“ segir hann hlæjandi en hann kenndi námskeið fyrir íslenska barþjóna sem skráðir eru í keppnina. Áherslan á námskeiðinu var lögð á ávexti og plöntur en í því samhengi skipa árstíðirnar auðvitað stóran sess og hér á landi er hægt að vinna með ýmsar staðbundnar tegundir á borð við bláber og krækiber, blóðberg, birkilauf, hvönn og furu.

Ali deildi tveimur uppskriftum með lesendum og þegar hann er inntur eftir ráðum fyrir þá sem hafa áhuga á kokteilagerð í heimahúsi er hann fljótur til svars: „Halda því einföldu. Ég var með námskeið í London um daginn um kokteilagerð í heimahúsum og ég held að fólk haldi að það þurfi að kaupa dýrar græjur og eiga alls konar líkjöra og brennda drykki en það er ekkert endilega málið,“ segir hann og bætir við að svo sé ýmislegt til heima við sem hægt sé að nýta í kokteilagerðina þó það liggi ekki endilega augum uppi í fyrstu.

„Til dæmis ef þú hellir upp á te og tekur tepokann frá og hellir upp á annan umgang. Blandar svo te-inu í jöfnum hlutföllum við sykur þá ertu komin með prýðisgott tesíróp. Þú getur bætt því út í vodka eða gin, fyllt á með sódavatni og kreist sítrónu út í. Auðvelt!“

## GINGER BREW

3,5cl Tanqueray Ten
5 cl engifersíróp
5 cl sítrónusafi
Fylla með pale ale (bjór)
Engifersíróp: 2 hlutar sykur og einn hluti ferskur engifersafi. Hitað svo að sykur leysist upp og verður að sírópi.





## GRAPEFRUIT PICADOR

4cl Don Julio Blanco
1,5 cl pink grapefruit sherbet
2,5 cl límónusafi
Falernum og saffron

Hrærið greiphýðið í 600 g af sykri til að olían úr berkinum blandist við sykurinn og látið standa í 20 mín. Kreistið safann úr greipinu eða um 30 cl af greipi og hrærið saman við sykurblönduna.


Takmarkað magn!
Ótrúlegt verð!
SJÓÐHEITUR SÓLARHRINGS sprettur Plúsferða
Hefst á morgun þriðjudaginn 16. feb. kl. 12:00 og stendur í sólarhring!
Skoðaðu öll verðdæmin á Plusferdir.is – núna!
plús FERÐIR
www.plusferdir.is
info@plusferdir.is

www.ils.is 569 6900 08:00–16:00
Hafðu okkur með í ráðum
Íbúðalánasjóður
Okkar hlutverk hefur frá upphafi verið að stuðla að jafnvægi og að allir hafi jafna möguleika á að eignast húsnæði, hvar sem er á landinu.
Hjá okkur færðu óháða og trausta ráðgjöf, hvort sem þú ætlar að kaupa eða leigja, þannig að þú vitir örugglega hvað þú ert að fara út í.


# Lífið í vikunni
06.02.16-12.02.16



## PÍRATI VERÐUR STÖÐUMÆLAVÖRÐUR

„Ég er alltaf svo vel klæddur en það er spurning hvort lappirnar þoli þetta. Andinn er sterkur en holdið gæti verið veikt,“ sagði píratinn og fyrrverandi þingmaðurinn Jón Þór Ólafsson sem hóf störf sem stöðumælavörður í vikunni. Athygli vakti þegar Jón Þór hætti á þingi í haust til að starfa við malbikun en stöðumælavarslan er tímabundin þar sem malbikunarvinnan er árstíðabundin og byrjar hann aftur í henni í vor.



## LEIÐA SAMAN HESTA SÍNA

„Við Þorvaldur höfðum unnið náið saman áður og þekkjumst því vel sem er sérlega gott fyrir þessa vinnu og persónurnar í verkinu,“ segir leikkonan Hera Hilmarsdóttir en hún og Þorvaldur Davíð Kristjánsson leiða saman hesta sína við gerð leikverksins Andaðu, eða Lungs.

## PJ HARVEY Á AIRVAWES



Breska tónlistarkonan PJ Harvey er meðal þeirra listamanna sem koma munu fram á tónlistarhátíðinni Iceland Airvawes sem fram fer í átjánda sinn í Reykjavík næstkomandi nóvember. Auk hennar mun fjöldi annarra innlendra og erlendra tónlistarmanna koma fram.

## GENGUR MEÐ ÞÉR



Söngkonan Hildur Kristín Stefánsdóttir sem þekktust er fyrir söng sinn með hljómsveitinni Rökkurró frumsýndi sólóverkefni sitt Hildur á fimmtudaginn þegar hún gaf út lagið I'll Walk With You auk myndbands en Hildur kemur í fyrsta sinn fram á tónlistarhátíðinni Sónar sem fram fer næstu helgi.


Charlotte & Julien
HEILSURÚM

STILLANLEGT OG ÞÆGILEGT



DÝPRI OG BETRI SVEFN

Með því einu að snerta takka getur þú stillt rúmið í hvaða stöðu sem er og með öðrum færð þú nudd. Saman hjálpa rúmið og dýnan þér að ná hámarksslökun og dýpri og betri svefni. Svo vaknar þú endurnærð/ur og tilbúin/n í átök dagsins.

STILLANLEGT RÚM
Tvær Serta Therapist heilsudýnur.
90 x200 cm. Verð frá:

499.900 kr.



*Aukahlutur á mynd: höfuðgafl.



STILLANLEGU HEILSURÚMIN FRÁ C&J:

- Inndraganlegur botn
- Lyftigeta yfir 2 x 450 kg per botn
- Mótor þarfnast ekki viðhalds
- Tvíhert stálgrind undir botni
- Tveir nuddmótorar með tímarofa
- Þráðlaus fjarstýring með klukku, vekjara og vasaljósi
- LED lýsing undir rúmi
- Hliðar og endastopparar svo dýnur færist ekki í sundur

FAXAFENI 5 Reykjavík 588 8477
DALSBRAUT 1 Akureyri 588 1100
SKEIÐI 1 Ísafirði 456 4566
Betra BAK




Leikarahópurinn var léttur í lund í gær þegar ljósmyndari Fréttablaðsins leit inn á æfingu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Önnur eins miðasala hefur ekki sést

**Uppselt er á 47 sýningar af söngleiknum Mamma Mia! sem sýndur verður í Borgarleikhúsinu, þó að um mánuður sé í frumsýningu.**

Uppselt er á 47 sýningar á ABBA-söngleiknum heimsfræga Mamma Mia! sem frumsýndur verður í Borgarleikhúsinu þann 11. mars. „Þetta er rosalegt, við höfum aldrei séð annað eins, þetta er algjörlega klikkað,“ segir Alexía Björg Jóhannesdóttir, kynningarfulltrúi Borgarleikhússins, alsæl með viðtökurnar. Þegar forsalan hófst þann 27. janúar var biðröð út á bílastæði og sló rafmagnið meira segja út í hverfinu.

Þessa dagana er verið að hamast við að bæta aukasýningum við til að anna eftirspurninni. „Það er alveg greinilegt að Íslendingar eru mjög spenntir fyrir sólargleði- og glimmerbombu eins og Mamma Mia! er. Við höfum verið að bæta við aukasýningum og verðum með sýningar alla daga nema mánudaga, þetta er bara eins og West End í London. Fólk þarf að flýta sér ef það ætlar að tryggja sér miða,“ segir Alexía Björg létt í lund.

Þó að mánuður sé í frumsýningu er eins og fyrr segir uppselt á 45 sýningar og enn verið að bæta við sýningum. „Til viðmiðunar, þegar Billy Elliot var frumsýndur þá var uppselt á 22 sýningar og hann endaði í 106 sýningum,“ bætir Alexía Björg við.

Leikhúsið fer í sumarfrí um miðjan júní og hefjast sýningar aftur upp úr miðjum ágúst eftir frí. Sem stendur eru áætlaðar um 70 sýningar en þær gætu þó orðið fleiri. „Við munum sýna eins og lengi við getum.“

Alexía Björg segir að stemningin í leikhúsinu sé sérlega góð þessa dagana. „Það er frábær filingur hjá okkur og nú er verið að æfa á fullu og undirbúa allt.“ Þá er búið að koma fyrir „spray tan“ klefa í leikhúsinu svo leikararnir nái sér í sólbrúnku fyrir frumsýningu. „Leikararnir eru byrjaðir að fara í „spray tan“, það er komin sumarstemning hérna,“ segir Alexía Björg og hlær.

gunnarleo@frettabladid.is

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson *svanur@365.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@365.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@365.is*, Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir *svansi@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.*bergmann@365.is*, Bryndís Hauksdóttir *bryndis@365.is*, Jóhann Waage *johannwaage@365.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@365.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir *solveig@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*


66°
NORÐUR
Við leitum að fólki sem sækist eftir áskorunum
66°Norður leitar að framúrskarandi starfsfólki í ýmsar stöður.
Nánari upplýsingar um störfin á 66north.rada.is.
Umsóknarfrestur er til og með 28. febrúar.
66north.is



Kährs®
QUALITY IN WOOD SINCE 1857

# VÖNDUÐ & VISTVÆN VIÐARGÓLF

KÄHRS PARKET BORÐLEGGJANDI GÆÐI


I never read.
I just look
at pictures.
Andy Warhol
KATE MOSS
Birgisson
Ármúli 8 I 108 Reykjavík I Sími 516 0600 I www.birgisson.is

FRÉTTABLAÐIÐ
Við segjum fréttir Smáauglýsingasíminn og skiptiborð 512 5000 Vísir
Ritstjórn 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is Auglýsingadeild auglysingar@frettabladid.is Prentun Ísafoldarprentsmiðja
Póstdreifing
Dreifing dreifing@postdreifing.is
Ef blaðið berst ekki 800 1177

Bakþankar

Óttars Guðmundssonar



# Barnfjandsamleg æska

Með árunum hefur mér skilist hversu barnfjandsamleg æska mín var. Í Laugarnesskólanum var raðað í bekki eftir getu svo að hópur nemenda fór í tossabekk. Mikið var um ærsl og stríðni (einelti) á skólalóðinni í frímínútunum. Frægasti kennari skólans, stjórnandi barnatímans, var síðar úthrópaður sem barnaperri. Hjá Knattspyrnufélaginu Fram var skipað í lið eftir hæfileikum sem þýddi að margir lentu í C-liðinu. Börnum var aldrei skutlað heldur urðu að ganga í skólann. Strákarnir voru í smíði en stelpurnar í handavinnu. Foreldrar reyktu heima svo að börn fengu ómældan skerf af óbeinum reykingum. Margir fóru að vinna sem sendlar eða við blaðaútburð fyrir fullnaðarpróf (12 ára). Í heimanámi lærðu börn kvæði utanbókar.

**Nú er öldin önnur. Börnum er skipað af handahófi í bekkina svo að afburðanemandinn og tossinn ganga samstíga eftir menntaveginum. Ef einelti kemur upp er kallað á eineltisráðgjafa. Foreldrar sjá til þess að allir fái sæti í A-liðinu í fótbolta. Börnum er skutlað á glæsikerrum hvert sem þau þurfa að fara. Ekkert foreldri reykir innanhúss. Foreldrar sem leyfa barni sínu að vinna eru umsvifalaust kærðir til barnaverndarnefndar. Handmenntin er sameiginleg svo að enginn fái þá grillu í höfuðið að kynin séu ólík. Búið er að útrýma öllu kvæðastagli.**

**Mér féll allur ketill í eld þegar ég heyrði á dögunum að íslenskum börnum hefði aldrei liðið jafn illa. Fjöldi barna kemst ekki í skólann vegna kvíða. Þau verða að eyða deginum í þroskandi tölvuleik í símanum sínum. Getur verið að þessi átakalausa, ofverndaða tilvera sé svona leiðinleg að blessuð börnin nenni ekki í skólann? Er nema von að maður klóri sér í skallanum.**







Nýtt VÅRVIND blómavasar 685,-/2 í setti

Nýtt VIGDIS púðaver 1.390,-/stk.

2.490,-
Nýtt TULKÖRT teppi

Nýtt FULLGOD ilmkubbakerti 895,-/stk.

Ferskir tímar framundan

Það er gott að vera heima. Þar eigum við okkar bestu stundir með fjölskyldu og vinum, bæði í daglegu amstri og á tyllidögum. Flestum þykir mikilvægast að heimilið sé hlýlegt og notalegt, og það er gaman að breyta aðeins til þó ekki sé nema að litlu leyti. Hver árstími býður upp á nýjar áherslur og nú eru nýjar vörur í hverju horni í IKEA enda ferskir tímar framundan.

Nýtt DAGGVITE púðaver 1.390,-/stk.

2.890,-/3 í setti
Nýtt PJÄTTERYD myndir

Nýtt PJÄTTERYD myndir 2.890,-/2 í setti

Nýtt LENDA gardínur 3.650,-/ 2 í pk.

950,-/3 í setti
Nýtt NYKÄR kubbakerti

Nýtt GLASIG lukt fyrir kubbakerti 1.690,-

Nýtt FISKBO rammi B10×H15cm
195,-

Nýtt VILDAPEL blómapottur 1.990,-

Nýtt GULLKLOCKA púðaver 1.250,-/stk.

Nýtt MARIETORP myndahilla 1.490,-

Nýtt FISKBO rammi B13×H18cm 295,-

© Inter IKEA Systems B.V. 2016

VEITINGASTAÐURINN
Aðeins í febrúar
Grillaður lambaskanki með rauðkáli, grænum baunum, brúnuðum kartöflum og piparsósu
995,-

JAFNLAUNAVOTTUN VR

Nýtt VÅRVIND blómavasi 1.890,-

Verslun opin 11-21 alla daga - Veitingastaður opinn 9:30-20:30 - www.IKEA.is

IKEA®